

Gerðir kirkjuþings 2014

51. kirkjuþing,

haldið í Grensáskirkju 10.-15. nóvember 2014,

í Neskirkju 17. mars 2015

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	5
Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.....	9
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	15
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2014	19
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs ásamt fylgiskjölum	21
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	127
3. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009.....	139
4. mál. Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga	140
5. mál. Tillaga til þingsályktunar um skipan prestsþjónustunnar	141
6. mál. Skýrslur nefnda og starfshópa. Framkvæmdaáætlun Jafnréttisnefndar	142
7. mál. Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.....	145
8. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kirkjutónlistarmál þjóðkirkjunnar nr. 768/2002	154
9. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005	155
10. mál. Þingsályktun um mótun samkirkjustefnu þjóðkirkjunnar	156
11. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009	157
12. mál. Þingsályktun um endurskoðun starfsreglna nr. 301/2013 um kjör til kirkjuþings.....	160
13. mál. Þingsályktun um endurskoðun samskiptastefnu þjóðkirkjunnar	161
14. mál. Tillaga til þingsályktunar um mat á starfi og skipulagi prófastsdæma þjóðkirkjunnar	162
15. mál. Þingsályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni.....	163
16. mál. Þingsályktun um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti	164
17. mál. Þingsályktun um stjórn Skálholtsstaðar	165
18. mál. Þingsályktun um skipun starfshóps til að vinna að stefnumótun um stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar	166
19. mál. Þingsályktun um barna- og æskulýðsmál	167
20. mál. Tillaga að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.....	168
21. mál. Tillaga (A) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.....	175
22. mál. Tillaga (B) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa	181

23. mál. Starfsreglur um breyting á ýmsum starfsreglum	191
24. mál. Tillaga til þingsályktunar um úttalari á Esjubergi.....	192
25 mál. Þingsályktun um frágang Gerða kirkjuþings	194
26. mál. Þingsályktun um endurgreiðslu á virðisaukaskatti	195
27. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	196
28. mál. Þingsályktun um frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum	197
29. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007	198
30. mál. Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar	199
31. mál. Þingsályktun um breyting á tilskipun um vald biskups til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum 1827	201
32. mál. Tillaga til þingsályktunar um breytingu á 125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940	202
Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2014	203

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2014 er sett, 51. kirkjuþing hinnar íslensku þjóðkirkju.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessarar setningarathafnar kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúa og góða gesti. Það er gaman að hitta aftur samstarfsfólk frá fyrri þingum og ánægjulegt að kynnast nýjum fulltrúum sem nú setjast á kirkjuþing í fyrsta sinn. Nú hefst nýtt kjörtímabil með nýjum verkefnum, væntingum og vonum.

Við biðjum að vel takist til og að við stöndum undir þeirri ábyrgð sem okkur er falin sem fulltrúum í æðstu stofnun hinnar íslensku þjóðkirkju.

Ég býð sérstaklega velkomna frú Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra og vil nota þetta tækifæri og þakka henni fyrir þann fallega vitnisburð sem kom fram í ávarpi hennar hér á þessum stað fyrir ári síðan. Þau orð voru góð. Það er ekki oft sem maður heyrir fólk af vettvangi stjórn mála tjá sig með svo jákvæðum og einlægum hætti um kirkju og kristni.

Mér þótti gott að heyra það sem ráðherra sagði. En að sama skapi þá þótti mér afar leitt þegar lítill en hávær hópur fólks spratt fram og fann því allt til foráttu að ráðherra talaði af einlægni og velvilja um trú og kirkju.

Eftir á að hyggja er það gagnrýnivert hve þessum háværa hópur var leyft að eiga sviðið í þessu tilfelli sem og sumum öðrum. Það er því miður orðið þannig að fólk í opinberum hlutverkum tekur vissa áhættu ef það lýsir yfir stuðningi við kirkju og kristni. Er það ásættanlegt ástand?

Getur það verið eðlilegt að fólk fái yfir sig gusur ef það telur starf kirkjunnar til góðs. Stofnunar sem um 3/4 þjóðarinnar tilheyrar? Er það ásættanlegt að sá siður sem hér hefur mótað samfélag í meira en þúsund ár sé jaðarsettur af örfáum háværum einstaklingum á nokkrum árum?

Nei, góðir kirkjuþingsfulltrúar það er engan veginn ásættanlegt.

En hver á þá að gera eitthvað í því og hvað á að gera? Það er auðvitað erfiðara að svara þeirri spurningu en hinni fyrri. Þó má minna á orð sem höfð hafa verið eftir móður Teresu: Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað. Þessu ástandi verður ekki breytt með ályktunum á kirkjuþingi eða hvatningu til biskups. Leiðsögn um lausn á þessu er ekki að finna í sögunni um Litlu gulu hænuna. Lausnin hlýtur að vera sú að fólki sem þykir vænt um kirkju og kristni finnist ástæða til að standa upp og segja hingað og ekki lengra. Við viljum ekki að Jesús sé rekinn út úr stofnunum samfélagsins, við viljum ekki að umræða um kristni sé þöggud niður, við viljum ekki að hinn kristni siður sé jaðarsettur.

Fyrrum kirkjumálaráðherra áminnti okkur fyrir 18 mánuðum um að huga að baklandi kirkjunnar. Það á við í þessu sem öðru.

Ef fólk í ábyrgðarstöðum setur sig aðeins í hættu með því að gefa sig upp sem kristinn og vera því fylgjandi að kristinn siður sé hluti af daglegu lífi þá verða þeir fáir sem gera svo. Þá hafa þessir nokkru en háværu náð sínu fram. Eigum við ekki að vona að í hópi þeirra 75% þjóðarinnar séu enn konur og menn sem séu tilbúin að standa með sannfæringu sinni.

Enginn getur gert allt en allir geta gert eitthvað.

Það hlýtur hins vegar að vera á ábyrgð okkar sem eru fulltrúar á kirkjuþingi, æðstu stofnunar þjóðkirkjunnar að gera eitthvað til að koma á nauðsynlegri viðhorfsbreytingu.

Þegar lengi hefur verið spiluð vörn er oft erfitt að skipta yfir í sóknarleik. En ef ekki er sótt fram þá er nokkuð ljóst að sigrarnir verða ekki margir. Jónas Hallgrímsson minnti okkur á að:

Það er svo bággt að standa í stað, og mönnunum munar annaðhvort aftur á bak ellegar nokkuð á leið.

Marshall Goldsmith heitir bandarískur rithöfundur og ráðgjafi. Ein af bókum hans er, „Það sem kom þér hingað mun ekki koma þér þangað“. Þetta er góð bók og skilaboðin þörf áminning fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Því það er staðreynd að það sem dugði til að koma okkur á þann stað sem við erum á er ekki endilega það sem mun gagnast til að komast á þann stað sem við viljum komast á.

Allt er breytingum háð og allir þurfa að vera tilbúnir að takast á við breytingar. Breytingar eru aldrei auðveldar þó nauðsynlegar séu og án efa erfiðari innan stofnunar sem á sér langa sögu og miklar hefðir.

Þjóðkirkja þarf eins og allir aðrir að takast á við breytt samfélag.

Við sem erum hérna inni höfum upplifað miklar breytingar. Það er stutt síðan fréttir í sjónvarpi voru bara kl. 20 sex daga vikunnar. Það var bara ein útvarpsstöð, eitt símafélag og fáir voru þeir sem ekki voru í þjóðkirkjunni. Í viðtalsþáttum voru ráðherrar og biskup Íslands þéradir og fengu jafnvel spurningar sendar fyrirfram til samþykktar. Já það var ekkert internet, ekkert blogg og ekki Facebook. Allt var í fastari skorðum, leikreglur voru skýrari, það lá ekki eins mikið á og fólkið mætti spariklætt í messu kl. 11 eða 14 á sunnudögum.

En nú nokkrum áratugum síðar er svo margt breytt.

Ég var að hugsa það um daginn að það eru innan við 20 ár síðan ég fékk fyrsta gsm símann minn, tölvupóstinn og internet samband. Já fyrir 20 árum fannst manni faxtækið vera tæknilegt afrek.

Núna geta allir rekið sinn fjölmiðil. Verið með beinar útsendingar og sagt frá atburðum um leið og þeir gerast. Nú horfir fólk á fréttir eða annað efni þegar því hentar, þar sem því hentar og ef því hentar. Fólk er ekki eins bundið því að vera á ákveðnum stað á ákveðnum tíma og áður. Samfélagið setur fólki ekki fyrir hvað hegðun varðar eins og áður var.

Predikunarstóllinn var öflugt samskiptatæki í margar aldir. Í raun mikilvægur fjölmiðill í sóknarkirkjunni. Hér er því ekki haldið fram að predikunarstóllinn sé ónýtur en kurteislega á það bent að það er meiri samkeppni um athygli fólksins en áður var og boðleiðirnar sem bjóðast fleiri en nokkru sinni fyrr.

Skipulag kirkjunnar er í stórum dráttum eins á öllu landinu. Sóknin er grunneining þar sem á því er þörf landfræðilega og eins í þéttbýlinu þar sem ekki eru í sjálfum sér eins mikil landfræðileg rök fyrir því skipulagi. Fólk sem býr þar horfir á það sem það vill horfa á þegar það vill. Verslar í búðum sem eru opnar 24 tíma á sólarhring. Lætur senda sér það sem það vill borða þegar það er svangt. Sendir og sækir börnin sín á allskonar æfingar á öllum tímum dags virka daga sem um helgar. Vinnur langan vinnudag og á sjaldan alveg frí þar sem tölvupósturinn er í símanum sem lætur það ekki í friði.

Líf fólks hefur breyst mikið, bæði hegðunarmynstur og neysla, ekki síst neysla eða móttaka upplýsinga, fróðleiks, fræðslu og afþreyingar. Þurfum við ekki að velta því fyrir okkur hvort kirkjan hafi nægja þekkingu á þeim tækifærum sem þessar breytingar opna á?

Hér er aðeins verið að hvetja til þess að við skoðum með opnum huga hvernig við getum þjónað fólki sem býr við mismunandi aðstæður sem best. Hvetja til þess að við hlustum, skoðum og reynum að skilja betur fólk, þarfir þess og umhverfi. Það er nefnilega svo fátt sem er sjálfgefið í dag og beinlínis hættulegt að taka einhverju sem gefnum hlut.

Það er samkeppni um tíma fólks og það er mikil samkeppni um athygli. Kirkjan er í þeim skilningi í samkeppni um tíma og pláss í lífi fólks.

Á undanförunum kirkjuþingum hafa verið lögð fram mál sem á einn eða annan hátt snúast um skoðun á áherslum kirkjunnar, athugun á stefnu og skilgreiningu á þjónustu. Eða með öðrum orðum, hvar erum við og hvert eigum við að fara? Öll slík mál hafa verið lögð fram af góðum hug af fólki sem vill kirkjunni vel og hefur á því áhuga á starfsemi hennar sé árangursrík.

Stundum hefur mér þótt að margar af þessum tillögum snúist um of lítinn hluta af starfsemi þjóðkirkjunnar og að ekki sé líklegt að nægur árangur verði af því sem þar er lagt til. Ekki af því að það skorti áhuga eða góðan vilja heldur af því að það skorti grundvallar hugmyndafræði til að byggja stefnumótunina á.

Á þessu þingi eru til umræðu mál sem varða stefnu þjóðkirkjunnar. Mikilvægt er þau verði skoðuð í samhengi og niðurstaða þeirra verði grundvölluð á skýrri sýn á það hvernig kirkjan rækir hlutverk sitt sem best. Það er mikilvægt að allt það sem varðar hverskonar stefnumótun sé vel samræmt.

Umræða um stefnumál þjóðkirkjunnar verður ekki verri þó staldrað sé við og það skoðað hvort þær aðferðir sem hafa komið okkur hingað muni duga til að koma okkur þangað.

Mjög mörg fyrirtæki gera á því kannanir hvernig viðskiptavinum þeirra líkar þjónustan. Er ekki nauðsynlegt fyrir þjóðkirkjuna að vita hvernig fólki finnst hún uppfylla þær

væntingar sem það gerir til hennar. Skilgreina hverjar þær væntingar eru og meta hvernig til takist með að mæta þeim.

Það skiptir jú máli að skilgreina hvernig árangur skal metinn.

Það þykir eðlilegt að setja skýrt fram hver markmið eru með starfsemi stofnana og hvaða árangri starfsmenn þar hyggjast ná. Ég tel það tímabært að slíkt sé skoðað á vettvangi kirkjunnar.

Kjörtímabil síðasta kirkjuþings einkenndist mjög af erfiðum samskiptum við ríkisvaldið um fjármál. Bæði á það við um greiðslur sem byggja á kirkjujarðarsamkomulaginu og sóknargjöld. Það þekkja allir hér inni hve erfiður tími þetta hefur verið og hve sorgleg niðurstaða hefur orðið af viðræðum við ríkisvaldið hvert einasta ár. Stundum hafa jafnvel verið gefin fyrirheit um að þessi mál verði löguð en jafnan hefur verið minna um að þau fyrirheit rættust. Með nýrri ríkisstjórn vonuðum við að málstað kirkjunnar væri sýndur meiri skilningur.

En jafnvel þegar ráðherra kirkjumála hefur tekið vel í að þessi mál verði sett í sanngjarnan farveg þá fréttist af tæknimönnum í fjármálaráðuneytinu sem nota furðulegar æfingar með vísitölu til að draga úr þeirri leiðréttingu sem ráðherra hefur gefið vilyrði um. Þessar aðferðir eru ekki geðfeldar og samskipti eru ekki hrein og bein þegar svona trix eru brúkuð. Mér persónulega finnst það ekki ríkisvaldinu sæmandi að fara fram með þessum hætti.

Þá er það með algjörum ólíkindum að ár eftir ár lendi fulltrúar þjóðkirkjunnar sem eru í þessum samskiptum í rökræðum um það hvort sóknargjöld trúfélaga séu félagsgjöld eða ekki. Sóknargjöldin eru elstu félagsgjöld á Íslandi. Þótt innheimta þeirra færi í þann farveg sem nú er var það ekki hugmynd löggjafans að leggja sóknargjöld niður eða að hætta að tengja þau við aðild félagsmanna að trúfélögum.

Við getum ekki og viljum ekki trúa því að ekki verði ærlega staðið að fjárhagslegum samskiptum þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins og þau mál verði a.m.k. höfð í þeim farvegi sem ágæt samstarfsnefnd hefur lagt til.

Góðir kirkjuþingsfulltrúar.

Á dagskrá 51. kirkjuþings eru 29 mál.

Þar eru hefðbundin mál svo sem skýrsla kirkjuráðs og fjárhagur þjóðkirkjunnar. Svo eru misstór mál sum ný en önnur hafa verið á vettvangi kirkjuþings í nokkur ár. Í því sambandi má nefna tillögu að nýjum þjóðkirkjulögum.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka starfsfólki biskupsstofu fyrir undirbúning þingsins. Við undirbúning þessa þings var haft að leiðarljósi að tíminn væri nýttur sem best, svo dagskráin er nokkuð þétt.

Það er von mín að niðurstaða starfa okkar hér verði góð og þjóðkirkjunni til heilla.

Ávarp innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur

Heiðruðu fulltrúar á kirkjuþingi –

Biskup Íslands og aðrir góðir gestir.

Það er mér venju samkvæmt, nú tala ég um venju þó að þetta sé nú einungis í annað sinn sem ég er hér með ykkur, en það er mér engu að síður mikill heiður og mikil ánægja að fá tækifæri til þess að ávarpa ykkur hér á þessum fallega vetrarmorgni. Ég nefndi það stuttlega þegar ég talaði við ykkur fyrir ári síðan að ég hefði frá því að ég þá tók við sem innanríkisráðherra, átt góð og afar uppbyggileg samskipti við fulltrúa þjóðkirkjunnar, og ég vonaðist þá til þess að framhald yrði á þeim góðu samskiptum. Það er ekki hægt að segja annað en að það hafi orðið raunin, samskiptin hafa verið góð, samskiptin hafa verið mikil og samtalið með ágætum. Og ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka fyrir það. Sérstaklega vil ég þakka biskupi gott samstarf, lausnamiðuð samskipti og mikil heilindi. Þjóðkirkjan er lánsöm að eiga slíkan leiðtoga.

Ég trúði því fyrir ári síðan og ég trúi því enn, að með farsælu samstarfi sem flestra, þar með talið ríkis og kirkju og hverra þeirra er koma að mótun okkar góða samfélags, gætum við öll sem eitt unnið að mikilvægustu verkefnum í okkar góða samfélagi. Byggt upp aukið traust, byggt upp meiri velvilja og aukna von hjá þjóðinni. Í því gegnum við öll sem erum hér, og öll þau sem eru þarna úti, mikilvægu og stóru hlutverki. Og ég veit og vona að við áttum okkur öll á því hlutverki. Og ég ítreka líkt og ég hef áður gert á þessum vettvangi hvatningu mína til okkar allra að halda því mikilvæga verki áfram.

Ég hjó eftir því í ræðu hér áðan, þar sem forseti kirkjuþings fór yfir ákveðin viðfangsefni þjóðar, kirkju og stjórnvalda og allra sem að opinberri umræðu koma, að oft spyrjum við okkur að því einlæglega, og kannski stundum oft á dag hvernig best sé að halda á málum þjóðinni til heilla til þess að okkur takist að halda áfram, stíga næstu skref og vera samferða í þeirri mikilvægu leið sem framundan er. Mér fannst ræða forsetans endurspegla það vel, að við þurfum kannski að gera eins og Gandhi og hugsa eins og Gandhi; að vera breytingin sem við boðum, og fara í gegnum þá tíma sem að nú eru líkt og tímána sem áður voru, meðvituð um það og í trausti þess að við séum að gera vel fyrir íslenska þjóð og í trausti þess að okkar störf gagnist. Ég kem að því í lok ræðu minnar hvernig ég sé þá hluti fyrir mér.

En góðir gestir, mig langar að byrja á því að víkja beint að málefnum þjóðkirkjunnar og þeim samskiptum sem við höfum átt vegna margra verkefna sem við eigum sameiginleg. Ég geri mér að sjálfsögðu fulla grein fyrir mikilvægi kirkjuþings sem fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar. Vægi kirkjuþings hefur, eins og þið þekkið betur en ég, verið að aukast á undanförunum árum og kirkjuþingi verið faldar ýmsar heimildir til að setja starfsreglur um flest málefni kirkjunnar. Fram að þessum lagabreytingum var það Alþingi sem með setningu laga hafði bein áhrif á innri mál kirkjunnar og ráðuneytið síðan með setningu reglugerða. Þetta hefur breyst, sú breyting hefur verið til góðs, og að mínu mati

eigum við að hafa hugrekki og vilja til að bæta þar enn frekar og og breyta. Ég fjallaði stuttlega um það á kirkjuþinginu í fyrra að ég teldi rétt að breyta fyrirkomulaginu er varðaði gjaldskrá fyrir aukaverk presta, svo dæmi sé tekið, enda tel ég að ráðherra eigi ekki að ákveða slíka gjaldskrá heldur kirkjan sjálf. Nú er unnið að þessu innan ráðuneytisins í samstarfi við stjórn Prestafélag Íslands og ég vonast til að geta nú í vetur lagt fram frumvarp þar sem nógildandi lög eru komin til ára sinna, en þau eru frá árinu 1931, verði afnumin og verkefnið falið kirkjuþingi. Ég mun einnig nú í vetur flytja frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar; þetta kemur til að beiðni kirkjuráðs og með vísan til samþykktu síðasta kirkjuþings líkt og þið þekkið. En eins og forsetinn ykkar kom inn á áðan þá hefur endurskoðun þeirra laga staðið yfir í nokkurn tíma á ykkar vettvangi en ekki hlotið endanlega afgreiðslu, enda heildarendurskoðun þessa máls umfangsmikil og stefnumarkandi. Ég geri fastlega ráð fyrir að sú vinna haldi áfram en með frumvarpi þessu og því sem þar kemur fram, eru hins vegar lagðar til ákveðnar breytingar á lögnum sem miða að því að veita kirkjuþingi auknar heimildir til að setja starfsreglur um ýmis atriði í stjórnskipan kirkjunnar sem áður hafa verið bundin í lög svo og að auka fjárstjórnunarvald þess en það er eitthvað sem talið hefur verið afar mikilvægt. Ég vona að af framlagningu þess geti orðið innan fárra vikna og um það takist ágæt sátt á hinu háa Alþingi.

En ágætu þingfulltrúar. Á síðustu misserum hafa átt sér stað ýmis samskipti milli ráðuneytisins sem ég fer fyrir, milli ríkisvaldsins almennt og þjóðkirkjunnar varðandi greiningu á fjárhagslegri stöðu kirkjunnar. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp í þennan hóp og það þekkjum við öll að mikil hagræðing hefur átt sér stað á umliðnum árum í öllum opinberum rekstri og þar hefur kirkjan síst verið undanskilin. Kirkjunnar menn og konur hafa komið sjónarmiðum áleiðis hvað þetta varðar og líkt og nefnt var hér á undan hefur sú umræða auðvitað verið lifandi meðal ríkisvaldsins og á hinu háa Alþingi í mörg misseri. Þess ber þó að geta að þrátt fyrir að, því miður, sé ekki kominn sá tími að við í íslensku samfélagi getum farið að halla okkur aftur og sagt: Nú er skipið á góðri siglingu og við þurfum ekki að huga að því viðstöðulaust hvernig við vinnum betur úr því takmarkaða fjármagni sem við höfum. Það er enn þá þannig og verður þannig áfram um eitthvert skeið, í nokkuð þrengri mynd en við sáum kannski á árunum fyrir bankahrunið, en engu að síður er það eilífðarverkefni að taka á slíku verkefni með sanngirni. Og það er það sem við höfum viljað reyna að gera. Við erum þess vegna, ríkisvaldið, og ég efast ekki um að það á við alla sem á hinu háa Alþingi sitja að við erum þakklát þjóðkirkjunni fyrir að taka vel í þá útréttu hönd að fara saman í gegnum þetta verkefni og vinna að því sameiginlega hvernig á því hefur verið haldið. Það er hins vegar alveg ljóst að þær ríku og umfram aðhaldskröfur sem gerðar voru, sérstaklega varðandi sóknargjöldin; um það hefur ekki verið fullkomin sátt. Og þess vegna hefur ríkisvaldið verið sammála um að það sé tími kominn til að leiðrétta það og vinna þannig að því að sanngirni og réttlæti sé höfð að leiðarljósi. Þess vegna höfum við verið að vinna að því undanfarið að fara yfir þau mál. Það á ekki einungis við um sóknargjöldin heldur einnig kirkjujarðasamkomulagið, sem hefur lækkað með viðaukasamkomulagi undanfarin ár á hverju einasta ári, þannig að það

verður ekki hjá því komist fyrir ríkisvaldið og þjóðkirkjuna að hefja viðræður um þau mál til lengri tíma og tryggja það að við séum sammála um megin þættina þar. Sú vinna verður sett í gang á næstu vikum með aðkomu innanríkisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þjóðkirkjunnar og við munum fara yfir það og ég hef þegar átt góð samtöl við biskup um þau mál. Ég sé fyrir mér að út úr þeirri vinnu komi sameiginleg áætlun hvernig við snúum þeirri þróun við sem við þekkjum öll að hafi verið hamlandi.

Við erum hins vegar, sem betur fer, lengra komin hvað sóknargjöldin varðar; og nú ætla ég ekki að fara í umræðuna sem hér var um einstaka þætti er varða fjárlagafrumvarpið eða um það hvernig haldið er á einstaka liðum þess, fjárlagafumvarpið er eins og menn þekkja í meðförum Alþingis þessa stundina, í meðförum þingmanna, og við sjáum hvernig þeir vinna úr þeim málum enda er þeirra rödd endanleg í því máli. En mín afstaða hefur verið skýr í því, ég tilkynnti ykkur hér á kirkjuþingi fyrir ári síðan að ég myndi óska eftir því að Sigríður Anna Þórðardóttir fv. ráðherra myndi leiða starfshóp til að fjalla um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju, sá starfshópur skilaði til mín greinargerð í sumarbyrjun sem við höfum verið að vinna með síðan, og viljum standa við og vinna með. Ég hef þegar kynnt þá niðurstöðu í ríkisstjórn og um hana er góð sátt. Ég vil stikla á stórum þáttum í þeim niðurstöðum því að öllum sem þekkja að einhverju leyti til starfsemi þjóðkirkjunnar er kunnugt um þær afleiðingar sem niðurskurðurinn hefur haft á safnaðarstarf og almenna starfsemi kirkjunnar um allt land en megin verkefni umrædds starfshóps var jú að gera grein fyrir þeim skerðingum, finna út nákvæmlega hvernig þær hefðu verið og koma með lausnir til þess að leysa þann ágreining. Fram kom í þeirri vinnu að uppsöfnuð skerðing fjárframlaga sem byggja á innheimtu sóknargjalda til þjóðkirkjunnar og til annarra trúfélaga árin 2009-2014; skerðingin þá umfram breytingu fjárveitinga til stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneytið nemur 4,1 milljarði á þessum tíma, og það er umframskerðing frá því sem aðrar stofnanir fengu. Það er því ljóst að undanfarin ár var gengið hart fram gagnvart almennri starfsemi sókna í landinu og það er töluvert átak að koma því á þann stað sem allir geta verið nokkuð sáttir við. En starfshópurinn lagði sig fram um það og lagði til að þjóðkirkjan og ráðuneytið myndu semja um hækkun sóknargjalda í áföngum næstu árin. Nefndin lagði einnig til að eigi síðar en árið 2016 yrði samið um að draga að fullu til baka á tilteknum tíma þá skerðingu á sóknargjöldum til að ákvæði laga um sóknargjöld komi að fullu til framkvæmda á ný. Og með þessar tillögur hefur innanríkisráðuneytið og ríkisvaldið unnið frá því í haust, fjárlagafrumvarpið endurspeglar þá ákvörðun að ganga til þess verks í áföngum og miðar okkar áætlun við að þessum árangri verði náð á fjórum árum. Drög að samkomulagi þess efnis liggja fyrir og ég vonast til að okkur takist að undirrita það samkomulag áður en langt um líður, en eins og ég sagði áður, hefur málið þegar verið kynnt í ríkisstjórn og fengið góðar undirtektir. Síðan er það önnur hlið á sama peningi hvernig Alþingi vinnur nákvæmlega úr því með umræddar verðbætur á sóknargjöldin almennt.

Kæru þingfulltrúar, líkt og ég nefndi í upphafi og líkt og nefnt var hér af forseta þingsins þá hafa undanfarin ár, og engin hefur farið varhluta af því, hvorki kirkjan, aðrar stofnanir, né almenningur í okkar góða samfélagi, síðustu ár hafa verið stormasöm. Þau hafa verið

stormasöm í ýmsum skilningi og það má á vissan hátt segja að stormurinn vari enn. Og kannski er það lengri tími en mörg okkar héldu og lengri tími en við höfum áttað okkur á, þegar yfir Ísland dundi það sem í daglegu tali er kallað bankahrúnið en hafði að mínu mati mjög almenn og víðtæk áhrif á íslenska þjóðarsál. Sá stormur varir að mörgu leyti enn og ókyrrð og uppþot, ekki síst í almennri umræðu hafa tekið miklum breytingum. Þessir tíma eru að mörgu leyti mjög snúnir fyrir allar stofnanir og almenning í landinu. En stormar og breytingar eru líka oft tilefni til að staldra við og velta fyrir sér hvernig við komumst á betri stað, og það tel ég að sé mikilvægt fyrir okkur að gera. Að velta því fyrir okkur í góðu samtali og samstarfi við þjóðina okkar hvernig viljum taka næstu skref; hvernig við kjósum að halda áfram. Hvort við kjósum að halda þannig áfram að við tökum hönd í hönd og kjósum það sem ég held að skipti mestu máli í þessu samfélagi: Að treysta hvert öðru. Það er kannski það sem hefur verið áhrifamest í öllu þessu, það er að okkur skortir traust hvert á öðru. Ég held að sé stærsta viðfangsefni okkar góða samfélags að endurnýja og endurvekja það traust sem lifað hefur með þessari þjóð frá upphafi, en virðist nú tímabundið hafa glatað því gildi sem það áður hafði. Og við öll sem komum að verkefnum á opinberum vettvangi skynjum þessa stöðu, finnum hana, reynum að nálgast hana en erum líkt og margir aðrir í því á einhverjum þeim tímamótum að það er ástæða til að taka samtalið við fleiri en einungis sjálfa sig. Þess vegna er það svo að opinber umræða eins og hún blasir við okkur flestum er oft afar hörð, afar óvægin og þungbær fyrir margna. Svo þungbær að á köflum hljótum við að velta því fyrir okkur hvort sumt af hinni opinberu daglegu umræðu er jafnvel ekki við hæfi viðkvæmra. Jafnvel ekki við hæfi barnanna okkar, jafnvel ekki boðleg börnunum okkar og jafnvel á þeim stað að við viljum eftir fréttatíma í útvarpi og sjónvarpi eða lestur á vefsíðum setjast niður með börnunum okkar og reyna að telja þeim trú um það að það sé fleira sem sameinar okkur en sundrar. Þegar fjölskyldurnar í landinu telja sig þurfa að eiga það samtal reglulega við börnin sín; að minna þau á það sem mestu skiptir, og minna þau á það að við erum hér saman vegna einhvers, vegna þess að við treystum hvert öðru, trúum hvert á annað og ætlum sameiginlega á góðan stað - meðan við sem foreldrar í þessu landi teljum okkur þurfa að eiga þetta samtal reglulega við börnin okkar þá þurfum við öll að staldra við. Mín von er sú að við gerum það vel, við gerum það vandað og við gerum það af meiri virðingu, meira umburðarlyndi og meiri skilningi fyrir sjónarmiðum annarra en við höfum gert að undanfögnu. Við þurfum nefnilega að vanda okkur við það hvernig við tölum um og tölum við náungann. Við þurfum að vanda okkur sem þjóð við að fara á annan og betri stað. Og það sem ég nefndi áðan og skiptir mestu við verðum að læra að treysta á ný. Það getur verið erfitt, það getur verið snúið, en það verður að gerast! Það er forsenda þess að við náum þeim árangri sem býr í þessu samfélagi og er alls staðar í þessu samfélagi. Fyrir utan þessar kirkjudyr hér og fyrir utan hverja einustu dyr í þessu dásamlega samfélagi er stútfullt af tækifærum sem bíða eftir að verða gripin af börnunum okkar og komandi kynslóðum en þau verða ekki gripin ef engin treystir sér til þess að grípa þau. Þetta þurfum við öll sem eigum í samtali við þjóðina að minna okkur á. Svo verðum við, þegar á móti blæs, eins og nefnt var hér af forseta kirkjubings, þegar á móti blæs í opinberri umræðu og í almennri umræðu og einhverjum þykir að sér vegið og eitthvað ósanngjarnt, þá bindur

maður bara fastar á sig húfuna og hettuna og fer í gegnum storminn vitandi að það skiptir máli. Og ef við vitum að við erum að gera góða hluti og eitthvað sem skiptir máli verður sú ferð auðveldari en ella.

En af hverju er ég að nefna þetta hér á kirkjubingum? Jú, það er vegna þess að kirkjan og forsvarsmenn hennar hafa á síðustu árum eins menn hafa rætt hér á þessum vettvangi fengið sinn skerf af slíkri umræðu. Ég tek undir það sem sagt var hér í upphafi að við verðum að lifa í þannig samfélagi að hvort sem fólk velur sér að vera innan þjóðkirkjunnar eða velur sér að ástunda önnur trúarbrögð – eða engin trúarbrögð þá hafi samfélagið skilning á og beri virðingu fyrir því. Að það sé aldrei skilgreint sem jaðarskilningur á því hvernig þessir hlutir virka. En eðlilegast væri þá að spyrja að því, eins og ég gerði hér í upphafi; hvað er til ráða og hvernig vinnum við með þetta verkefni? Ég tel svarið við því sé að stórum hluta að finna í sálum okkar sjálfra og í sálum okkar allra hvar sem við stöndum í raun og veru hvað varðar viðfangsefni trúarinnar. Það er að finna í umburðarlyndi og það er að finna í kærleika. Ef við horfum til umburðarlyndisins og kærleikans þá verður okkur ekkert að vanbúnaði og við verðum að sýna þá þætti sem eru svo ríkir í þessari þjóð. Það er stundum sagt að til að hið illa geti sigrað verði góðir menn að sitja hjá eða gera ekki neitt. Ég vil þó brýna fyrir okkur öllum sem erum hér í dag að það er ekki í boði að sitja hjá þegar við upplifum órétt, þegar við tölum um að illa sé talað um náungann, þegar talað er um vonleysi yfir þjóðinni eða þegar vegið er að grunnstoðum hennar og þeirra gilda sem þetta samfélag byggir á. Eða þegar byggt er á neikvæðni og jafnvel rógburði. Það er einungis í boði að standa upp, segja skoðun sína og hafa hugrekki til að taka slaginn fyrir það sem meira skiptir. Og aftur er það umhugsunarefni fyrir íslenska þjóð, líkt og það er umhugsunarefni að það þurfi að setjast niður með börnunum til að útskýra að það sé fleira sem sameinar en sundrar, þá er það líka umhugsunarefni fyrir íslenska þjóð þegar við getum ekki horft í augun á komandi kynslóð og sagt: „Stattu upp, taktu þátt, það skiptir máli!“ Ef að við erum farin að veigra okkur við því vegna þess að við teljum að hin opinbera umræða sé orðin svo harðger og erfið fyrir ýmsa sem í henni standa, þá þurfum við líka að velta því fyrir okkur á hvaða stað við erum stödd sem þjóð. Það er nefnilega hlutverk okkar allra, allra sem ákveðum að vera þátttakendur í þessu samfélagi að tala trú, von og líf inn í samfélagið. Sama hvernig viðrar og jafnvel þó við stöndum sjálf í miðjum storminum. Við megum aldrei gefast upp fyrir því sem er gott og við eigum alltaf að geta hafið okkur yfir umræðu dagsins og gripið til okkar sterkustu vopna; kærleika og umburðarlyndis. Þannig vinnum við sigra og það sem meira máli skiptir; þannig gerum við samfélagið okkar betra.

En kæru gestir, um leið og við stöndum vörð um góð gildi þá verðum við, og ég ítreka það, ég held að það sé líka eitt af þessum brýnu verkefnum sem við stöndum frammi fyrir, og í miðjum storminum í umræðu dagsins um ýmis þungbær mál verðum við, og ég ítreka það fyrir kirkjunni og öllum þeim sem að hennar verkefnum koma, að sýna lífsviðhorfum og skoðunum annarra umburðarlyndi. Látum það aldrei gerast í íslensku samfélagi að okkur verði sundrað vegna trúarbragða eða litarháttar eða vegna þess að fólk kemur annars staðar frá en við sjálf. Látum það aldrei gerast. Og í þessu samhengi

vil ég sérstaklega nefna fjölmeninguna, kannski vegna þess að hún er mér nærtæk og hluti af brýnum verkefnum míns ráðuneytis. Það eru, og við verðum að horfa á það sem aðalatriði, fjölmörg, óendanleg tækifæri fólgin í því að þjóðin okkar verði fjölbreytt. Það er hluti af því að takast á við ný verkefni, að taka fagnandi á móti fólki sem hér vill búa, lifa, og eiga sér líf. Það er hluti af tækifærum íslensks samfélags og það er hluti af því að við getum horft í augun á börnunum okkar og sagt: „Hér er gott að vera! Hér viltu vera!“ Vegna þess að ný kynslóð Íslendinga vill búa í þannig samfélagi. Hún vill búa í samfélagi þar sem er fjölbreytt flóra fólks, þar sem fólk kemur héðan og þaðan, þar sem fólk á ólíka reynslu, ólíkt líf en nýtur sömu mannréttinda og samfélagið tekur á móti því með sama hætti og það væri úr okkar eigin samfélagi. Ég áréttu það, vegna þess að margar þjóðir hafa staðið frammi fyrir mörgum brýnum verkefnum vegna þessara breytinga sem þessar breytingar hafa kallað yfir okkur. Ég hvet okkur til þess að taka þeim fagnandi og líta á það sem tækifæri að það sé fólk sem hefur fæðst annars staðar sem sér Ísland sem land tækifæra. Það mun gefa okkur tækifæri og fjölbreytileika sem skiptir okkar góða samfélag miklu. En ég veit, líkt og við öll sem hér erum að kirkjan stendur frammi fyrir þeirri áskorun að aðlaga sig að breyttu samfélagi. Og það hefur kirkjan gert í gegnum aldirnar, því um leið og kirkjan stendur vörð um grunngildi kristinnar trúar hefur hún sýnt umburðarlyndi og kærleika á erfiðum tímum og þess vegna er kristin trú enn á meðal okkar og eins ríkur þáttur í samfélagi okkar og í samfélögum sem við þekkjum. Þannig mun hún lifa áfram í góðri sátt við þjóðina og verða áfram mikilvægur hluti hennar. En það er líka mikilvægt að það ríki traust á milli okkar allra sem að verkefnum kirkjunnar koma á vettvangi ríkisvaldsins. Það traust erum við að byggja upp, það tekur tíma, og það munum við gera og tryggja að almenningur njóti góðs af.

Kæru gestir, nú er hafið nýtt kjörtímabil kirkjuþings og þið kæru þingfulltrúar þið takist á hendur mikilvæg störf fyrir þjóðkirkjuna og um leið fyrir þjóðina alla. Frá mér eru aðeins ein skilaboð; að biðja ykkur um að hafa það ávallt í huga að við erum að starfa fyrir fólkið í landinu við erum að starfa, alveg sama á hvaða opinbera vettvangi við erum, við erum að starfa að því að gera lífið í þessu litla og góða landi betra en það hefur verið og við erum að tryggja það að samfélagið okkar byggi á trausti, við erum að ýta undir það að fólk treysti hvert öðru og við erum að tryggja það að landið okkar verði sá góði staður sem það hefur verið í langan tíma – og jafnvel enn betra.

Innilegar þakkir fyrir mig og gangi ykkur vel.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Innanríkisráðherra, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslubiskupar, góðir gestir.

Nýtt kjörtímabil kirkjuþings er að ganga í garð. Við setningu þessa þings taka sæti fulltrúar sem ekki hafa verið áður á kirkjuþingi. Nýir fulltrúar eru um 40% fulltrúanna, 10% hafa áður setið en þó ekki á síðasta kjörtímabili og um helmingur fulltrúanna sat þingin á síðasta kjörtímabili. Kirkjuþingið í ár hlýtur því að mótast að nokkru af því að vera það fyrsta á fjögurra ára kjörtímabilinu sem í hönd fer. Ég vænti góðs samstarfs við kirkjuþingið hér eftir sem hingað til.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim er undirbúið hafa kirkjuþingið, starfsfólki Biskupsstofu, forsætisnefnd og þingfulltrúum. Einnig þeim er flytja okkur ljúfa tóna hér í dag. Einnig þakka ég sóknarpresti og sóknarnefnd Grensáskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili.

Hlutverk kirkjuþings hefur ekki breyst. Eftir sem áður hefur kirkjuþing æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmætra marka, eins og segir í lögnum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Samkvæmt þeim sömu lögum fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögnum. Þessi tvískipting valds getur valdið spennu ef ekki er vel á málum haldið og er þetta ekki eina dæmið innan kirkjunnar þar sem svo háttar til. Annað dæmi er verkaskipti og valdsvið sóknarnefndar annars vegar og sóknarprests og prests hins vegar. Fleiri dæmi mætti nefna. Það er ekki alltaf ljóst hver á að ráða innan kirkjunnar eins og stundum er tekist á um. Það er ekki spurning um það hvort söfnuður eigi að lúta presti eða prestur söfnuði, heldur ber báðum að lúta Kristi og þjóna náunganum í ljósi fagnaðarerindisins. Þess vegna ber hinum kristnu einstaklingum að skilgreina vel og virða verksvið hvers annars, með öðrum orðum starfsreglur þurfa að vera skýrar og verkferlar einnig.

Ennfremur fer ekki alltaf vel saman guðfræði kirkjunnar og stjórnsýsla hennar. Kirkjuþing setur starfsreglur sem eiga sér stoð í lögum og þær reglur virka misjafnlega til notkunar. Má þar nefna starfsreglur um val og veitingu prestsembætta sem oft hafa verið til umfjöllunar á þingum kirkjunnar, meðal annars á þessu þingi. Það virðist vera erfitt að slá hinn rétta tón í þessum efnum.

Aðskilnaður ríkis og kirkju hefur að mestu farið fram eins og kunnugt er. Samningur var gerður og lög voru sett. Kirkjan er sjálfráð um öll sín innri mál. Það breytir því þó ekki að kirkjan hefur samstarf við stofnanir ríkisins og vil ég þakka innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur fyrir hennar framlag og velvilja í garð kirkjunnar. Einnig ber þess að geta að til er samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar en tilvist hennar er bundin í lög. Af hálfu kirkjunnar sitja í nefndinni kirkjuráð og af hálfu Alþingis einn fulltrúi frá hverjum flokki auk forseta þingsins. Nefndin hefur hist árlega og á fundum hennar gefst tækifæri til að koma upplýsingum á framfæri og viðra skoðanir. Kirkjuráð hefur fundið

mikinn velvilja í garð kirkjunnar hjá alþingsmönnum í nefndinni sem og vilja þeirra til að standa við gerða samninga og lög er varða kirkjuna. Því miður hefur það ekki verið svo hin síðustu ár enda er fjárhagsstaða hinna 270 sókna landsins komin niður fyrir þolmörk og Þjóðkirkjan á í vanda við að standa við þjónustuskyldur sínar við þjóðina.

Þrátt fyrir ýmislegt sem haldið er fram um áhugaleysi fólks gagnvart kirkjunni er ljóst að almenningur í þessu landi er því fylgjandi að erindi kirkjunnar haldi áfram að heyast og boðskapurinn haldi áfram að lifa. Nýjasta dæmið er þegar fréttir bárust af því að fella ætti úr dagskrá ríkisútvarpsins daglegar bænir. Morgunbænir hafa verið í útvarpi allra landsmanna nánast frá byrjun sem og guðsþjónustur á sunnudögum. Kvöldbæin hafa hljómað frá gosinu í Vestmannaeyjum árið 1973 og var það dyggur hlustandi útvarpsins sem fór fram á það í fyrstu að farið væri að ákalla Guð í bæn þegar allar þjargir voru bannaðar og höfnin að lokast. Með hjálp góðra manna var orðið við þessari bön og var sá háttur hafður á næstu 40 árin. Þá var tilefnið gleymt og þörfin farin að mati ráðamanna. Við þetta vildu margir ekki una og var þessu mótmælt harðlega eins og kunnugt er. Af þessu tilefni sendi ég út tilkynningar tvær og hljóðar hin síðari svona: „Eitt af hlutverkum þjóðkirkjunnar er að standa vörð um kristinn boðskap og gildi í þjóðfélaginu. Það er ekki hlutverk hennar að setja saman dagskrá Ríkisútvarpsins þótt útvarpið og kirkjan eigi gott samstarf um skipulag og framkvæmd nokkurra dagskrárliða, s.s. útvarpsguðsþjónustu, Morgunbænar, Morgunandaktar og Orðs kvöldsins.

Í umræðum um breytingar á dagskrá Rásar 1 áttum við Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóra samskipti um hvernig breytingarnar snertu áður nefnda dagskrárliði. Í samtölum okkar kom ég því á framfæri að mér þætti það miður að ekki væri rými í nýrri dagskrá fyrir bæði Orð kvöldsins og morgunbæn á þeim tímum sem þessir liðir hafa verið.

Samkvæmt mínum skilningi er það í takt við hrynjandi dagsins, árstíðanna og lífsins, að hafa bæn í upphafi og lok dags. Það er mikilvægt að bænarorðin hljómi í almannarýminu og þar gegnir Ríkisútvarpið leiðandi hlutverki.

Ég vil með þessum orðum hvetja útvarpsstjóra til að leita allra leiða til að skapa rými í dagskrá Rásar 1 fyrir kvöldbæn.

Þetta hitamál í kringum bænamálið í ríkisútvarpinu sýnir að fólki er ekki sama og e.t.v. er sumum ofboðið hvernig reynt er að koma í veg fyrir að trúarboðskapur og bænamál heyrist í þjóðfélagi okkar.

Fyrir nokkrum dögum voru kynntar tölur frá þjóðskrá, m.a. um útsagnir úr Þjóðkirkjunni fyrri helming þessa árs. Nokkrum dögum síðar voru kynntar tölur um flutning fólks til landsins og frá landinu. Í ljós kom að fleiri fluttu frá landinu en til þess á ákveðnu tímabili. Á bak við tölur eru staðreyndir sem ekki eru tilteknar þegar tölur eru birtar. Gæti það verið að hluti af skýringunni á því að fólk segir sig úr kirkjunni sé sú að fólk flytur úr landi. Þar með fer það sjálfkrafa úr þjóðkirkjunni. Þjóðkirkjan hefur ekki staðið sig vel í því að halda til haga ýmsum tölulegum staðreyndum. Það er eitt að því sem þarf að gera til að geta greint stöðuna og metið aðstæðurnar. Tölulegar staðreyndir hjálpa okkur líka til að bæta

okkur og hvetja okkur til að sofna ekki á verðinum varðandi boðunina og þjónustuna. Við höfum átt erfitt með að verjast þegar fréttir með tölulegum upplýsingum hafa verið fram bornar. Það hefur t.d. hvergi komið fram að yfir 90% allra útfara á landinu eru kirkjulegar athafnir og um 90% ungmenna fermast þrátt fyrir það að meðlimir Þjóðkirkjunnar eru rúmlega 70% þjóðarinnar.

Í gærkveldi setti ég landsmót æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar sem fram fer á Hvammstanga. Yfir 600 unglingar víðsvegar af landinu koma saman þessa helgi, fræðast, láta gott af sér leiða, skemmta sér og uppbyggjast. Það er því ekki rétt sem stundum heyrst að framtíð þessa lands, unglिंगarnir vilji ekki vera með í kirkjulegu starfi. Landsmótið hefur verið árviss atburður í fjölda ára og eru margir leiðtoganna búnir að útskrifast úr farskóla leiðtogaefna en þann skóla hefur kirkjan starfrækt um árabíl. Það er því margt sem bendir til þess að þjóðkirkjan muni lifi góðu lífi í framtíðinni.

Mörgum landanum er hlýtt til kirkjunnar og í vísitasíum mínum finn ég það glögg. Kirkjuhúsunum er sinnt af natni og starfið blómstrar víða. Hinir helgu staðir þjóðarinnar eiga sér velunnara sem taka því illa ef stungið er upp á breytingum á þeim. Það hefur ekki farið fram hjá kirkjuráði sem ber ábyrgð á Skálholti að hugmyndir um uppbyggingu ferðaðþjónustu þar á stað hafa ekki hlotið hljómgrunn hjá öllum. Kirkjuþingsfulltrúum gefst kostur á því hér á þinginu að ræða samferð kirkju og fleiri aðila varðandi slíka uppbyggingu í Skálholti. Fjöldi fólks leggur leið sína í Skálholt og er staðurinn vanbúinn til að taka á móti fjöldanum. Það verður að finna ásættanlegar leiðir til að bregðast við þeirri staðreynd.

Trúarleg málefni eru meðal grunnstoða hvers samfélags. Kirkja og íslensk þjóð hafa átt langa og farsæla samleið og íslensk menning og samfélagssýn eru sterklega mótuð af kristnum sið.

Þjóðkirkjunni ber að standa vörð um kristinn sið og gildi. Köllun hennar er að boða kristna trú og hún vill leiða, eins og hún hefur gert, samstarf við önnur trúfélög og lífsskoðunarhópa, með það að marki að styrkja heilnæmt mannlíf og stuðla að réttlátu samfélagi.

Kirkjustjórnin ber ábyrgð á því að kirkjan geti rækt þetta hlutverk sitt og ber henni að setja reglur sem tryggja velferð kirkjunnar og þess hlutverks sem henni er falið að sinna. Kirkjuþingi ber að tryggja það að kirkjan sem stofnun geti sinnt boðunarhlutverki sínu og kærleiksþjónustu.

Nútímasamfélag er fjölþætt og margslungið. Þjóðkirkjunni hefur ekki tekist nógu vel að aðlaga sig að breyttum þjóðfélagsháttum. Þegar fólkið flyktist í þéttbýlið hélt hún áfram að vera sveitakirkja og munurinn á sveitakirkjunni og borgarkirkjunni gerir það að verkum að ein tegund starfsreglna á ekki alltaf við í báðum þessum kirkjum. Þetta hefur skapað spennu milli þéttbýlis- og dreifbýliskirkjunnar og spurning er hvort við verðum ekki að fara að viðurkenna kirkjuskipan sem tekur mið af þessu.

Hlutverk kirkjunnar er að koma inntaki fagnaðarerindisins um Krist skýrt á framfæri í orði og verki. Kirkjan verður að þora að eiga samræðu við samtímann um það. Hún þarf að koma fram af öryggi og vera í sókn.

Vörn er ekki í boði. Við þurfum ekki að fyrirverða okkur fyrir fagnaðarerindið. „Treystum Drottni og reiðum okkur ekki á eigið hyggjuvit“.

Ég bið þess að Drottinn vaki yfir okkur og leiðbeini á kirkjuþinginu sem í hönd fer.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2014

Kosning þingforseta

Magnús E. Kristjánsson

Kosning 1. varaforseta

Egill H. Gíslason

Kosning 2. varaforseta

Drífa Hjartardóttir

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

Löggjafarnefnd

Björn Jónsson

Geir Waage

Jónína Bjartmarz

Leifur Ragnar Jónsson

Sigurður Árni Þórðarson

Steindór R. Haraldsson

Þórunn Júlíusdóttir

Þorgrímur Daníelsson

Ægir Örn Sveinsson

Fjárhagsnefnd

Birgir Rafn Styrmisson

Drífa Hjartardóttir

Egill H. Gíslason

Einar Karl Haraldsson

Gísli Gunnarsson

Gísli Jónasson

Hreinn Hákonarson

Ólafur Björgvin Valgeirsson

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Elínborg Gísladóttir

Guðbjörg Arnardóttir

Guðlaugur Óskarsson

Guðrún Karls Helgudóttir

Halla Halldórsdóttir

Marinó Bjarnason

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Stefán Magnússon

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning formanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Steindór R. Haraldsson

Fjárhagsnefnd

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Jónína Bjartmarz

Fjárhagsnefnd

Gísli Jónasson

Allsherjarnefnd

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning kjörbréfanefndar

Gísli Jónasson

Steindór Haraldsson, formaður

Halla Halldórsdóttir

Drífa Hjartardóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þingskrifarar

Birgir Rafn Styrmisson

Egill Heiðar Gíslason

1. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Inngangur Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir guðfræðingar. Kjörnir fulltrúar í kirkjuráði eru Ásbjörn Jónsson hrl., sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, sr. Gunnlaugur Stefánsson, sóknarprestur í Heydalaprestakalli, Austurlandsprófastsdæmi og Katrín Ásgrímsdóttir, framkvæmdastjóri Sólskóga ehf. Varamenn þeirra eru Birna G. Konráðsdóttir, háskólanemi, Svana Helen Björnsdóttir, verkfræðingur og dr. Sigurður Árni Þórðarson, prestur í Nesprestakalli. Sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkuprestakalli var kosinn varamaður í kirkjuráð á kirkjuþingi 2012 í stað sr. Solveigar Láru Guðmundsdóttur, en hún var þá kosin vígslubiskup í Hólaumdæmi árið 2012 og sagði því af sér sem varamaður í kirkjuráði. Kjörtímabili þess kirkjuráðs sem nú situr lýkur í lok kirkjuþings 2014 en það var kosið á kirkjuþingi 2010. Í máli sl. var kosið til kirkjuþings og verður því nýtt kirkjuráð kjörið á næsta reglulega kirkjuþingi.

Starfsemi kirkjuráðs

Almennt

Störf kirkjuráðs byggjast á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs og úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana stofnana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á Biskupsstofu og á þessu starfsári hefur ráðið haldið 12 fundi. Auk kirkjuráðsmanna og framkvæmdastjóra sitja að jafnaði fundi ráðsins skrifstofustjóri Biskupsstofu, fjármálastjóri Biskupsstofu og biskupsritari sem ritar fundargerðir. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings

eru til umfjöllunar. Vígslubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Starfshópar kirkjuráðs

Starfshópar kirkjuráðs, lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfshópur, eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands.

Starfsfólk kirkjuráðs

Starfsmenn kirkjuráðs eru: Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, Arnór Skúlason, arkitekt, verkefnastjóri viðhaldsmála á fasteignasviði. Á sviði upplýsingatæknimála starfa Örvar Kárasón, verkefnisstjóri. Með samþykkt nýs skipurits Biskupsstofu árið 2013 heyrir fjármáladeild Biskupsstofu einnig til kirkjuráðs en þar starfa sex starfsmenn; Hildur Gunnarsdóttir, aðalféhirðir, Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnastjóri á sviði fjármála sókna, Ólína Hulda Guðmundsdóttir, bókarí, Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókarí, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri og Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, bókarí.

Kirkjuráð samþykkti að veita framkvæmdastjóra kirkjuráðs leyfi frá störfum sínum í allt að eitt ár og var Ragnhildi Benediktsdóttur, fv. skrifstofustjóra Biskupsstofu, falið að leysa hann af. Lögfræðingur á fasteignasviði, Kristín Björg Albertsdóttir, sagði starfi sínu lausu sl. haust og var ákveðið að ráða ekki í starfið að svo stöddu. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson veitir fasteignasviðinu forstöðu í leyfi sínu.

Fundir Samstarfsnefndar Alþingis og Þjóðkirkjunnar

Haldnir hafa verið tveir fundir Samstarfsnefndar Alþingis og Þjóðkirkjunnar. Sá fyrri var haldinn þriðjudaginn 10. desember 2013 í Alþingishúsinu en hann sátu fulltrúar frá hverjum þingflokki ásamt kirkjuráði. Á dagskrá voru þrjú mál: (1) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög), sem kirkjuþing samþykkti að leggja til við innanríkisráðherra að yrði flutt á Alþingi, (2) sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða og var lagt fram minnisblað sem biskup gerði grein fyrir, (3) kirkjujarðasamkomulagið, einnig lagt fram minnisblað.

Annar fundur var haldinn 7. október sl. á Biskupsstofu. Þar voru á dagskrá eftirfarandi fjögur atriði (1) Kirkjujarðasamkomulagið. Sr. Gísli Gunnarsson fór yfir meginatriði samkomulagsins og aðdraganda þess. (2) Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða. Biskup lagði fram minnisblað um niðurstöðu nefnda innanríkisráðuneytisins um skerðingu sóknargjalda og þróun síðustu ára. Biskup gerði grein fyrir helstu efnisatriðum þess. (3) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Ráðherra flutti málið á liðnu þingi en það var ekki afgreitt. Nú hefur kirkjuráð óskað eftir því við innanríkisráðherra að það verði flutt á ný. (4) Kirkjur í eigu ríkisins, ábyrgð á rekstri og viðhaldi. Fundargerðir og minnisblöðin fylgja skýrslu þessari (fskj. A).

Fundur biskups Íslands og fulltrúa þjóðkirkjunnar með fjármála- og efnahagsráðherra
Síðastliðið haust fóru biskups Íslands og aðrir fulltrúar þjóðkirkjunnar á fund fjármála-

og efnahagsráðherra. Fundurinn var haldinn til að kynna og ræða við fjármála- og efnahagsráðherra um helstu meginatriði samkomulags ríkis og kirkju um kirkjujarðir og launagreiðslur presta frá 1997 og þær skerðingar á umsömdu endurgjaldi sem kirkjan hefur samþykkt að taka á sig árlega frá og með árinu 2010. Einnig til að kynna og ræða helstu meginatriði um sóknargjöld og eðli þeirra svo og þær skerðingar sem orðið hafa á þeim árlega frá árinu 2009. Minnisblað frá fundinum fylgir skýrslu þessari (fskj. B).

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 50. kirkjuþing 2013, hófst í Grensáskirkju þann 10. nóvember 2013 og stóð til 15. nóvember 2013 en var þá frestað og framhaldið í Seljakirkju 1. og 2. mars 2014. Á þinginu voru lögð fram 34 mál, kirkjuráð lagði fram níu mál, biskup Íslands flutti fimm mál og innanríkisráðherra eitt mál. Þingmannamál voru 19 þar af eitt flutt af fulltrúa kirkjuþings unga fólksins. Alls voru 28 mál afgreidd á þinginu. Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum. Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykta kirkjuþings.

Ályktanir og samþykktir 50. kirkjuþings 2013 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim

1. mál. Skýrsla kirkjuráðs.

Kirkjuþing 2013 mælist til þess að skipuð verði sérstök stjórn yfir Skálholti sem starfar í umboði kirkjuráðs og horft sé til þess að ábyrgð og ákvarðanataka færist í auknum mæli heim í hérað. Kirkjuþing hvetur til þess að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.

Við er til umfjöllunar um málefni Skálholts síðar í skýrslunni.

Kirkjuþing 2013 telur mikilvægt að í samninganefnd kirkjunnar um kirkjujarðasamkomulagið veljist einstaklingar með reynslu af samningagerð og þekkingu á kirkjujarðasamkomulaginu. (Sjá síðar í skýrslunni).

Kirkjuþing 2013 er sammála kirkjuþingi unga fólksins um að mikilvægt sé að aftur verði komið á eðlilegu sambandi kirkju og skóla og að mótuð verði framkvæmdaráætlun um það hvernig því verði komið á.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því að biskup Íslands semji og kynni drög að framkvæmdaáætlun samkvæmt framanskráðri ályktun kirkjuþings og kynni kirkjuráði á nýju ári. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur samþykkt tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum. Tillögurnar fylgja skýrslu þessari (fskj. C).

Kirkjuþing 2013 tekur undir sjónarmið kirkjuþings unga fólksins um að mörkuð verði stefna gegn einelti gagnvart bæði börnum og fullorðnum.

Kirkjuráð vísaði málinu til biskups og er málið í vinnslu. Kirkjuþing 2013 bendir á mikilvægi þess að prestsembætti sem losna, ekki síst í fjölmönnum prestaköllum, séu auglýst. Kirkjuráð vísaði málinu til biskups.

2. mál. Fjármál þjóðkirkjunnar.

Ályktun kirkjuþings 2013:

Kirkjuþing 2013 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2012 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirliggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2012 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Uppsöfnuð skerðing frá árinu 2010 vegna kirkjujarðasamkomulagsins er um 1,6 milljarður króna.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna um land allt. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987. Uppsöfnuð skerðing vegna sóknargjaldanna á árunum 2008 – 2013 er um 2,6 milljarðar króna.

Þjóðkirkjan og söfnuðir hennar hafa því orðið fyrir tekjuskerðingu er nemur í heild um 4,2 milljörðum króna á síðastliðnum fimm árum og getur það ekki haldið áfram óbreytt.

Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Kirkjuþing 2013 treystir því að úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda sem eru félagsgjöld. Einnig að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið.

Í nefndaráliti fjárhagsnefndar kirkjuþings, við 2. mál segir m.a:

Fjárhagsnefnd beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

1. Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd um sóknargjöld. Fjárhagsnefnd kirkjuþings 2013 treystir því að út úr því starfi komi ásættanlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda, sem eru félagsgjöld.
2. Að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið.
3. Að haldið verði áfram að einfalda sjóðakerfi kirkjunnar og gera það gegnsærra. Eigi að

síður verður að gæta þess að sögulegum grundvelli og hlutverki sjóðanna samkvæmt lögum sé haldið til haga.

4. Að framsetning fjárlaga verði þannig að skýrt sé að greiðslur til þjóðkirkjunnar séu annars vegar á grundvelli kirkjujarðasamkomulags og hins vegar samkvæmt lögum um sóknargjöld.
 5. Að áfram verði miðlað ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar á vegum Biskupsstofu og að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit með þeim. Sóknir og prófastsdæmi eru hvött til að sameinast um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum.
 6. Að mörkuð verði sú stefna að sérþjónustuprestar verði kostaðir af tekjum Kirkjumálasjóðs. Nú liggur fyrir þriggja ára fjárhagsáætlun og miðað við núverandi aðstæður og skipulag næst jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar árið 2017. Nefndin vekur athygli á því að 90% af útgjöldum vegna kirkjujarðasamkomulagsins er launakostnaður, því er svigrúm til sparnaðar þröngt nema gripið verði til uppsagna.
 7. Að áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts meðal annars með útleigu á gisti- og veitingarekstri, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð til kirkjustarfs.
- Öll þessi málefni hafa verið á borði biskups og kirkjuráðs á starfstímanum. Sjá umfjöllun um útleigu á gisti- og veitingarekstri síðar í skýrslunni.

7. mál. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Kirkjuþing samþykkti að Hríseyjarprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi skyldi lagt niður og öðlaðist sú sameining gildi 1. júlí 2014. Gert hefur verið samkomulag við sóknarpresturinn um flutning í embætti héraðsprests II í Kjalarnesprófastdæmi.

8 mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að vísa málinu til kirkjuráðs.

Starfsreglubreytingin fjallaði um það að á prestssetursjörðinni á Möðruvöllum yrði afmörkuð hæfileg lóð undir prestssetrið. Kirkjuráð féllst ekki á að afmarka sérstaka lóð undir prestssetrið.

10. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

Tillagan fjallar um niðurlagningu prestssetra. Kirkjuþing 2013 samþykkti að vísa málinu til kirkjuráðs. Málið er í vinnslu.

11. mál. Þingsályktun um tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að vísa málinu til kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að skipa þriggja manna vinnuhóp til að safna saman upplýsingum um stöðu prestssetursjarða og kynna þær upplýsingar á fundi kirkjuráðs, eigi síðar en í september nk. Kirkjuráð samþykkti að skipa þá Bjarna Kr. Grímsson, kirkjuþingsmann,

Guðmund Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóra kirkjuráðs og sr. Gunnlaug Stefánsson, sóknarprest í Heydalaprestakalli í vinnuhópinn. Nefndin hefur skilað skýrslu til kirkjuráðs. Í skýrslu þessari hefur verið safnað saman staðreyndum um prestssetursjarðir og stöðu þeirra sem er góður grundvöllur til að byggja á umræður um framtíðarskipan þeirra. Þar komu m.a. til álita spurningar um hvort prestssetur eigi almennt að vera á jörðum og hvort það samræmist köllun og hlutverki prestsins í samfélaginu. Sömuleiðis að hugað verði að hlutverki prestsins og kirkjunnar gagnvart sögu og menningu og hvernig jarðirnar tengjast þeirri ásýnd. Skýrslan er fylgiskjal með skýrslu þessari (fskj.D).

12. mál. Þingsályktun um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Ályktun kirkjuþings 2013:

Kirkjuþing 2013 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra að hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breyting á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 2. mgr. 23. gr. laganna.

Málið var sent til ráðherra sem varð við beiðni kirkjuþings og flutti málið á Alþingi. Málið hefur ekki enn hlotið afgreiðslu þingsins. Kirkjuráð hefur nú óskað eftir því að það verði flutt á ný.

13. mál. Þingsályktun um frumvarp til Þjóðkirkjulaga.

Ályktun kirkjuþings 2013:

Kirkjuþing 2013 samþykkti að fela kirkjuráði að kynna drög kirkjulaganefndar frá 1. október 2013 að frumvarpi til nýrra Þjóðkirkjulaga, með breytingum á þingskjali 80. Frumvarpið verði lagt fyrir 51. kirkjuþing 2014 til afgreiðslu.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við biskup að málinu verði vísað til prófasta til kynningar í héraði. Biskup óskaði eftir því við prófasta að þeir héldu kynningarfundum þar sem frumvarpið yrði kynnt. Ekki hefur tekist að ljúka þeim fundum í öllum prófastsdæmum og er málið enn í vinnslu. Frumvarpið er á ný til umfjöllunar á þessu þingi.

15. mál. Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti endurskoðaða fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar.

Í fræðslustefnunni eru tvö mál sett á oddinn næstu fjögur árin, þau eru fermingarfræðslan og fræðsla um viðbrögð við kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi.

Biskup kynnti nýtt fræðsluefni vegna fermingarstarfanna á Prestastefnu 2014. Námskeið hafa verið haldin fyrir fermingarfræðara og nýju námsefni komið á framfæri á Efnisveitunni. Varðandi fræðsla um viðbrögð við kynferðisofbeldi og öðru ofbeldi er fyrirhugað að semja aðgerðaráætlun um hvernig tryggja má að fræðsla um þessi mál skili sér til sem flestra.

Kirkjuráði barst í ágúst sl. erindi frá Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar þar sem fram kom að nefndin hafi unnið að stefnumótun kirkjunnar í starfi fyrir eldri borgara. Einnig að nefndin hafi unnið fræðslustefnu fyrir eldri borgara og sett fram markmiðslýsingu. Nefndin leggur til að stefnumótunin og fræðslustefnan verði lagðar fram á kirkjuþingi 2014 sem fylgja með skýrslu þessari (sjá fskj. E).

16. mál. Þingsályktun við tillögu að starfsreglum um samkirkjunefnd.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að skipa þriggja manna starfshóp til að fara yfir núgildandi starfsreglur um Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005. Starfshópurinn skili skýrslu og tillögum sínum til kirkjuráðs í september nk. sem leggur þær fyrir kirkjuþing 2014. Í starfshópnum eru Magnea Sverrisdóttir, djákni, formaður, sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, fræðslufulltrúi á Biskupsstofu og sr. Sveinn Valgeirsson, prestur í Dómkirkjuprestakalli. Kirkjuráð leggur fram á þessu þingi tillögur starfshópsins að breytingum á starfsreglunum.

18. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna.

Kirkjuþing 2013 heimilaði sölu tiltekinna fasteigna og er vísað til Gerða kirkjuþings 2013 þar að lútandi.

21. og 22. mál. Starfsreglur um breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings.

Kirkjuþing 2013 samþykkti breytingar á starfsreglunum þar sem m.a er heimilað að fresta þingfundum í allt að sex mánuði, styttri fresti til að leggja fram þingmál og um afnám skyldu til að kynna þingmál á þingmálafundi svo og um varamenn.

23. mál. Starfreglur um breyting á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.

Kirkjuþing 2013 samþykkti starfsreglur sem einkum fela í sér breytingu á málsmeðferð þingmála.

24. mál. Þingsályktun um breyting á siðareglum vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar.

Biskup Íslands annast kynningu á málinu og framkvæmd þess.

25. mál. Þingsályktun um prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

Kirkjuþing 2013 samþykkir að stofnuð verði þriggja manna nefnd til að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og í Svíþjóð. Nefndin verði skipuð af kirkjuráði og skili tillögum til kirkjuráðs í janúar svo hægt verði að leggja þær fyrir vorfund kirkjuþings 2014.

Kirkjuráð samþykkti að skipa í nefndina séra Gísla Gunnarsson, kirkjuráðsmann, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, sr. Birgi Ásgeirsson, prófast í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra og Sigurjónu Sigurðardóttur, fv. formann safnaðarstjórnar í Kaupmannahöfn. Hlutverk nefndarinnar var að afla tengsla og upplýsinga um hvernig megi efla kirkjustarf og auka prestsþjónustu fyrir Íslendinga í Danmörku og Svíþjóð.

Kirkjuráð samþykkti fjárveitingu að upphæð 500 þ.kr. vegna ársins 2014 til að tryggja prestsþjónustu við íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku. Íslenski söfnuðurinn í Noregi hefur fjármagnað hálf trestsembætti við söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku í fimm mánuði á árinu 2014. Biskup Íslands fól séra Ágústi Einarssyni þjónustu við íslensku söfnuðina í Svíþjóð og Danmörku í hálfu starfi frá og með 1. júní sl.

30. mál. Þingsályktun, um skipan nefndar til að vinna tillögur um fjármál og rekstur.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

Kirkjuráð og starfsfólk Biskupsstofu hafa sinnt vel hlutverki sínu að mæta fordæmislausum aðstæðum í rekstri þjóðkirkjunnar á tímum mikils samdráttar í tekjum.

Fjárhagsnefnd telur rétt að kirkjuþing skipi þriggja manna vinnuhóp er meti árangur og leiti nýrra leiða til þess að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar. Niðurstöður hópsins verða lagðar fyrir kirkjuráð sem leggur á það endanlegt mat hvort þeim verði fylgt að fengnu samþykki kirkjuþings á vorþingi 2014.

Kirkjuráð veitir nefndinni alla þjónustu og fjármuni til þess að sinna starfi sínu.

Nefndina skipuðu: Birna Guðrún Konráðsdóttir, kirkjuþingsmaður, formaður, Guðmundur Einarsson, sóknarnefndarformaður Seltjarnarnessóknar og Þráinn Þorvaldsson, safnaðarfulltrúi Bústaðasóknar.

Nefndin hefur skilað kirkjuráði skýrslu sem fylgir skýrslu þessari (fskj. F).

31. mál. Þingsályktun um mótun gæðastefnu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

Kirkjuþing 2013 samþykkir að fela kirkjuráði að sjá til þess að mótuð verði gæðastefna þjóðkirkjunnar og að unnið verði samkvæmt henni.

Málinu var vísað til biskups og hefur verið unnið að því á þjónustusviði Biskupsstofu.

32. mál. Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997.

Kirkjuþing 2013 samþykkti svofellda ályktun:

„Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 1. janúar 2014 við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Jafnframt samþykkir kirkjuþing 2013 nauðsynlegar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 til að viðaukasamningurinn nái fram að ganga. Þær breytingar gildi sama tíma og viðaukasamningurinn.“

Vegna áframhaldandi niðurskurðarkröfu ríkisins á hendur þjóðkirkjunni árið 2013 var fimmta árið í röð gerður nýr tímabundinn viðaukasamningur við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Samningsviðaukinn felur í sér, eins og áður, tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt framangreindu kirkjujarðasamkomulagi vegna kröfu ríkisins á hendur kirkjunni um hagræðingu í fjármálum.

Starfsreglur sem samþykktar voru hafa verið birtar í Stjórnartíðindum.

Mál lögð fram af kirkjuráði á kirkjuþingi 2014

- Skýrsla kirkjuráðs
- Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar
- Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga
- Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002
- Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009

- Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að fjölga sóknarbörnum í þjóðkirkjunni
- Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti
- Tillaga að starfsreglum um breyting á ýmsum starfsreglum.
- Tillaga til þingsályktunar um kaup og sölu fasteigna
- Tillaga til þingsályktunar um breyting á þjóðkirkjulögnum (setning í prestsembætti)

Kirkjuþing unga fólksins 2014

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK með málfrelsi, tillögurétti og atkvæðisrétti. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar. Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu laugardaginn 17. maí sl. Þóra Björg Sigurðardóttir var kjörin forseti kirkjuþings unga fólksins. Samkvæmt starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins nr. 952/2009 skal kirkjuþingið kjósa einn fulltrúa á kirkjuþing með málfrelsi og tillögurétti. Á þessu kirkjuþingi situr fyrrnefndur forseti kirkjuþings unga fólksins.

Ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2014

Þingsályktun um undirbúning á málum fyrir kirkjuþing unga fólksins

Kirkjuþing unga fólksins hefur nú verið haldið þrisvar sinnum samkvæmt starfsreglum sem hið almenna kirkjuþing samþykkti 2010. Árið 2013 kom tillaga að nýjum starfsreglum og eru þær í gildi í fyrsta skipti á þessu þingi 17. maí 2014.

Í 1. gr. starfsreglnanna kemur fram eftirfarandi: „Þingmál skulu hafa borist þingfulltrúum a.m.k. fimm virkum dögum fyrir þingdag“. Illa hefur gengið að undirbúa þingmál með þeim fyrirvara sem er tilgreindur í starfsreglum og viljum við með einhverjum hætti reyna að bæta úr því til að stuðla að því að kirkjuþingsmál endurspegli sem best vilja, hugmyndir og skoðanir ungs fólks í kirkjunni sem Kirkjuþing unga fólksins á að vera fulltrúi fyrir.

Við leggjum til að haldin séu leiðarþing í hverju prófastdæmi þar sem ungt fólk í kirkjunni kemur saman, undirbýr mál og velur þau mál sem helst á þeim hvíla með góðum fyrirvara. Við leggjum þetta til svo þingið geti betur starfað eftir þeim starfsreglum sem því er gert að gera. Við leggjum til að búinn verði til rafrænn umræðuvettvangur fyrir ungt fólk til að ræða um kirkjuna og samfélagið í heild. Þannig geti fleiri haft áhrif á málin sem tekin eru fyrir á kirkjuþingi.

Þingsályktun um umhverfismál

Kirkjuþing unga fólksins skorar á kirkjuna að beita sér og vera sýnileg í umhverfismálum. Við skorum á kirkjuna að láta rödd sína heyrast og vera samkvæm umhverfisstefnu sinni í stórum málum sem hafa áhrif á stöðu ímynd þjóðarinnar og taki systurkirkjur sínar á Norðurlöndum sér til fyrirmyndar. Kirkjur í Noregi eru t.d. með græn kirkjunet. Umhverfismál eru heita málið í nútímanum og við viljum sjá þjóðkirkjuna sem leiðandi afl í stefnumótun um umhverfismál.

Dingsályktun um barna- og æskulýðsmál

Kirkjuþing unga fólksins harmar niðurskurð í barna- og æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins vill undirstrika mikilvægi þess að kirkjan og stjórnvöld standi vörð um barna- og æskulýðsmál og stuðli að uppbyggingu á þeim vettvangi frekar en niðurskurði. Einnig minnum við á ábyrgð þessara aðila gagnvart börnum og unglingum. Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja þá sem stýra í þessum málaflokki að skapa starfsumhverfi sem hlúir að sameignlegum vettvangi barna- og æskulýðsmála.

Dingsályktun um réttindi og ábyrgð leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi

Kirkjuþing unga fólksins 2013 ályktaði um réttindi leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi, þar sem niðurstaðan var að launaðir leiðtogar ættu að vera á launþegar hjá sóknum en ekki starfa sem verktakar, einnig að það væri skýrt í upphafi starfs hvort að leiðtogi sé í launaðri stöðu eða sjálfboðaliði. Ungmennni sem ráðin eru sem verktakar ættu þá að vera sérstaklega upplýst um þá ábyrgð sem verktakinn ber á starfinu, t.d. ef slys eða óhöpp verða.

Enn er ekki til neinn launataxti fyrir leiðtoga sem að gæti verið viðmið fyrir söfnuði um það hvað leiðtogi fær í laun, svo sem fyrir starfið, fyrir ferðalög o.s.fv.

Sá launataxti ætti að taka mið af nokkrum hlutum, svo sem aldri, reynslu og menntun.

Það hefur ekki sýnt sig innan kirkjunnar að sú menntun sem að leiðtogar sækja sér skili þeim miklu varðandi vinnu eða réttindi.

Dingsályktun um skyldur þeirra sem starfa í barna og æskulýðsstarf

Eins og staðan er í dag er engrar lágmarkskunnáttu krafist til þess að starfa í barna- og æskulýðsstarfi. Gerð ætti að vera krafa um að leiðtogar sækji viðunandi námskeið og það sé á ábyrgð sóknaneftdar að námskeiðið standi þeim til boða og að símenntun sé í boði fyrir leiðtoga.

Skyndihjálparnámskeið á að vera krafa og að það sé endurnýjað reglulega.

Starfsumhverfið ætti að hvetja leiðtoga til að sækja námskeið, mennta sig og viðhalda sinni menntun og það myndi skila leiðtogum réttindum.

Svið kirkjuráðs

Undir kirkjuráð heyrir samkvæmt skipuriti þrjú svið; fjármálasvið, fasteignasvið og upplýsingatæknisvið.

Fjármálasvið

Fjárhagssamskipti ríkis og kirkju

Kirkjuráð hefur unnið að eftirfarandi markmiðum kirkjunnar vegna fjárhagssamskipta ríkis og kirkju: Leitast hefur verið við að einfalda fjármálaumsýslu þjóðkirkjunnar en ríkisendurskoðun og innanríkisráðuneytið hafa beint þeim tilmælum til þjóðkirkjunnar. Í meginatriðum felast breytingar kirkjuráðs í því að laun presta og rekstrarkostnaður

embættanna og laun starfsmanna Biskupsstofu greiðist af fjárlagalið 06-701 Þjóðkirkjan. Annar rekstrarkostnaður er hjá 06-705 kirkjumálasjóði auk launa starfsmanna sjóðsins. 15% af tekjum Jöfnunarsjóðs sókna er eins og undanfarin ár ráðstafað til kirkjumálasjóðs á sama hátt og Kristnisjóði, en síðarnefndi sjóðurinn hefur runnið til kirkjumálasjóðs frá og með árinu 2006. Þess er gætt að fjármunum sé ráðstafað í samræmi við lögbundinn tilgang hvors sjóðs um sig, með aðgreiningu í bókhaldi á viðfangsefnum sjóðanna. Áfram verði Jöfnunarsjóður sókna, Skálholt, Strandarkirkja og Tónskóli þjóðkirkjunnar aðgreindar stofnanir ásamt ýmsum vörslusjóðum sem biskup Íslands varðveitir. Þessar breytingar tóku gildi um síðustu áramót. Fjárhagsáætlanir og bókhald er fært til samræmis við framangreindar breytingar. Breytingarnar hafa verið kynntar Ríkisendurskoðun.

Tekjuskerðing þjóðkirkjunnar

Þjóðkirkjan hefur tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar sammingsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Ríkið hefur viðurkennt þetta misræmi og hefur bætt skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með viðbótarframlagi. Fram hafa farið viðræður þjóðkirkjunnar og ríkisins um fjárhagsleg samskipti. Markmið þeirra viðræðna er m.a. leiðrétting á sóknargjöldunum, að gerður verði skriflegur samningur um innheimtu og skil sóknargjalda og að skerðingar undanfarinna ára á kirkjujarðasamkomulaginu gangi til baka. Kirkjuráð leggur þunga áherslu á að ríkið standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningum ríkis og kirkju.

Fram kemur í ársreikningum sjóða og stofnana að góður árangur hefur náðst í rekstri þjóðkirkjunnar undanfarin ár samhliða því að unnið hefur verið að því að verja grunnþjónustu kirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur brugðist við niðurskurðarkröfum ríkisins með því að fækka prestum og starfsfólki Biskupsstofu. Auk þess hefur rekstrarkostnaður verið dreginn saman, prófastsdæmi sameinuð og námsleyfi hafa verið skert. Þá hafa eignir verið seldar sem eru óhagkvæmar í rekstri til að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna.

Fjárlagafrumvarp 2015 og fjárhagsáætlun 2015

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2015 var lagt fram 9. september 2014. Fyrri umræða um fjárhagsáætlanir sjóðanna fyrir árið 2015 fór fram á kirkjuráðsfundi 8. október sl. Áætlanirnar fyrir 2015 verða kynntar á kirkjuþingi 2014 og þær ræddar þar. Gengið er frá endanlegum fjárhagsáætlunum að jafnaði á desemberfundi kirkjuráðs.

Fundur af hálfu kirkjuráðs með fulltrúum innanríkisráðuneytis

Kirkjuráð óskaði eftir fundi í innanríkisráðuneytinu til að ræða fjárframlög til þjóðkirkjunnar og var hann haldinn 15. september sl. Var ákveðið að embættismenn og kirkjuráðsmaður færu á fundinn og sátu fundinn af hálfu kirkjuráðs þau sr. Gísli Gunnarsson, kirkjuráðsmaður og Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri Biskupsstofu.

Fulltrúar ráðuneytisins voru Pétur Fenger, Oddur Einarsson og Sveinn Bragason, starfsmenn skrifstofu fjármála og rekstrar innanríkisráðuneytisins. Til umræðu var fjárlagafrumvarp 2015 sem lagt var fram á Alþingi 9. september 2014. Minnisblað til kirkjuráðs í tilefni fundar í innanríkisráðuneytinu fylgir skýrslu þessari (fskj. G).

Fasteignasvið

Um fasteignanefnd

Samkvæmt 5. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, skipar kirkjuráð þriggja manna fasteignanefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára og þrjá varamenn til sama tíma. Í nefndinni eru kirkjuþingsfulltrúarnir Bjarni Kr. Grímsson, formaður, Margrét Jónsdóttir og sr. Svavar Stefánsson. Kirkjuráð hefur sett nefndinni erindisbréf en verkefni hennar eru tiltekin nokkuð nákvæmlega í starfsreglum. Kjörtímabili nefndarinnar lýkur 2014 að afloknu kirkjuþingi.

Um störf fasteignasviðs

Fasteignasvið Biskupsstofu hefur með höndum umsýslu og rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs og fylgir eftir ákvörðunum fasteignanefndar.

Fasteignir kirkjumálasjóðs eru um 79 talsins. Skálholt er hér talin ein fasteign þótt á jörðinni standi mörg hús, s.s. dómkirkjan, vígslubiskupshús, prestsbústaður, bændabýli, sumarhús o.fl. Hið sama á við um fleiri jarðir í eigu kirkjumálasjóðs þar sem mörg hús kunna að standa. Af þessum eignum eru 52 prestssetur og þrjú biskupssetur.

Fasteignasvið sinnir almennum daglegum rekstri og umsýslu fasteigna undir stjórn fasteignanefndar og sviðsstjóra. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs hefur í launalausn leyfi sínu frá því starfi gegnt starfi sviðsstjóra fasteignasviðs á árinu 2014 og mun væntanlega taka að nýju til starfa 1. janúar 2015.

Hlutverk kirkjuráðs hvað varðar fasteignir er einkum, nýbyggingar fasteigna, kaup og sala fasteigna, staðfesting langtímasamninga o.fl.

Þær fasteignir sem seldar hafa verið samkvæmt söluheimild kirkjuþings frá 2013 eru:

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Holt undir Eyjafjöllum, Rangárþingi eystra Háaleiti, (fyrrum prestsbústaður) Þorlákshöfn, Ölfus

Kjalarnesprófastsdæmi

Ránargata 1, Grindavík (seld sitjandi sóknarpresti Grindavíkurprestakalls)
Keilisbraut 775 (Kapella ljóssins), Reykjanesbæ (seld kaþólska söfnuðinum á Íslandi)

Vestfjarðaprófastsdæmi

Bakkatún 1, Bíldudal (seld á frjálsum markaði)

Austurlandsprófastsdæmi

Blómsturvellir 35, Neskaupsstað (seld sitjandi sóknarpresti Norðfjarðarprestakalls)

Upplýsingatæknisvið

Hagnýting upplýsingatækni verður stöðugt umfangsmeiri í starfi kirkjunnar og hagnýting

vefja kirkjunnar til upplýsingamiðlunar og samskipta eykst stöðugt. Þjónustuvefur kirkjunnar gegnir æ mikilvægara hlutverki og sem dæmi má nefna að all flestar sóknir sækja nú um rafrænt í Jöfnunarsjóð sókna. Innleidd var ný kerfishögun á Biskupsstofu og samið við Nýherja um hýsingu og þjónustu við kerfið. Unnið hefur verið að þróun þjónustuvefs kirkjunnar m.a. að hverfa að mestu leyti frá pappírsskjölum á kirkjuþingi yfir í rafræna birtingu.

Stofnanir o.fl. verkefni

Stofnanir og nefndir skila skýrslum í Árbók kirkjunnar og er vísað þangað til nánari greinargerða um starfsemi þeirra. Sú umfjöllun sem hér fer á eftir er til fyllingar því eða sérstakrar áréttingar á atriðum sem kirkjuráð vill vekja athygli kirkjuþings á.

Skálholt

Um Skálholt og Skálholtsskóla gilda lög nr. 32/1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað og lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993.

Biskup Íslands og kirkjuráð hafa forræði um framkvæmdir í Skálholti og starfrækslu Skálholtsstaðar. Skálholtsskóli og Skálholtsstaður hafa verið rekin sem ein rekstrareining síðastliðin ár. Samkvæmt samþykkt kirkjuráðs frá 2012 og starfsreglum um vígslubiskupa ábyrgist vígslubiskup í umboði kirkjuráðs rekstur og starfsemi í Skálholti á grundvelli samþykkrar fjárhagsáætlunar og hefur almennt fyrirsvar vegna Skálholts. Jafnframt er stjórnun Skálholtsskóla í höndum vígslubiskups Skálholtsumdæmis fyrir hönd kirkjuráðs.

- Ábúð í Skálholti

Um síðustu áramót sögðu ábúendur jarðarinnar þau Signý Berglind Guðmundsdóttir og Guttormur Bjarnason upp byggingarbréfi sínu fyrir jörðina eftir rúmlega 20 ára ábúð. Kirkjuráð ákvað að áfram skyldi stundaður búskapur í Skálholti og var gerður ábúðarsamningur við hjónin Ásgeir Ásgeirsson og Jónu Þormóðsdóttur um ábúð til fimm ára, frá 15. júní 2014.

- Leiga á gisti- og veitingarekstri í Skálholti.

Kirkjuráð hefur haft málefni Skálholts til skoðunar undanfarin fjögur ár, einkum vegna viðvarandi rekstrarhalla þar og hefur m.a. verið rætt um gisti- og veitingareksturinn í Skálholtsskóla. Kirkjuþing 2013 hvatti til þess „að fundnar verði nýjar leiðir varðandi rekstur staðarins.“ Einnig kom fram í nefndaráliti fjárhagsnefndar þingsins að „áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts meðal annars með útleigu á gisti- og veitingarekstri, þar sem ákveðin tímabil eru ætluð til kirkjustarfs.“ Í ljósi þessa ákvað kirkjuráð að auglýsa eftir tilboðum í leigu á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla. Ákveðið var fá aðstoð Ríkiskaupa við að auglýsa eftir tilboðum og fara yfir þau ásamt framkvæmdastjóra. Þar sem kirkjan er ekki útboðsskyld samkvæmt opinberum reglum, að mati Ríkiskaupa, þurfti ekki að fara í almennt útboð og hafði kirkjuráð því frjáltsari hendur til að stjórna málinu en ella. Fimm gild tilboð bárust. Þegar kom að samningsgerðinni ákvað Ríkiskaup að aðstoð þeirra væri lokið enda hafði komið upp ágreiningur um fresti vegna tilboðanna. Eftir viðtöl við tvo tilboðsgjafa sem komu til greina var ákveðið að taka tilboði Óla Jóns Ólasonar, hótelsstjóra á Hvolsvelli, og var framkvæmdastjóra falið að

ganga frá samningnum og úttekt á húsnæði Skálholtsskóla og ljúka samningagerðinni f.h. kirkjuráðs við lok úttektarinnar. Í samningnum eru m. a. ákvæði um lögbundnar skyldur Skálholtsskóla sem leigutaka er skylt að taka tillit til við reksturinn. Kirkjuráð hefur nú ákveðið að kirkjuþing 2014 kynni sér samninginn áður en hann verður undirritaður. Drög að samningnum er að finna á skrifstofu þingsins.

Leigusamningur um gisti- og veitingaþjónustu í Skálholtsskóla

Ákveðið að ganga til samninga við Óla Jón Ólason, hóteltjóra á Hvolsvelli, um leigu á rekstri á gisti- og veitingaþjónustu í Skálholti.

Kirkjuráð hefur ákveðið að kirkjuþing 2014 kynni sér samninginn áður en hann er undirritaður.

- Uppbygging ferðaþjónustu í Skálholti

Eins og fram kom í skýrslu frá fyrra ári ályktaði Kirkjuþing 2012 um hugmyndir um miðaldadómkirkju í Skálholti og að skoðað yrði ítarlega hvort þau áform gætu styrkt rekstur staðarins. Unnið hefur verið að deiliskipulagi fyrir Skálholtsjörðina og þá fyrst og fremst á svæðinu þar sem kirkjan og Skálholtsskóli standa, auk fleiri bygginga. Ljóst er að kirkjan mun ekki taka fjárhagslega þátt í verkefninu eða bera áhættu af því að öðru leyti en því að kosta gerð deiliskipulags.

Áhugamenn um byggingu menningarhúss í miðaldastíl í landi Skálholtsjarðarinnar ákváðu að hverfa frá áformum sínum að svo stöddu síðla árs 2013 en nú hefur verkefnið verið tekið á dagskrá og mun kirkjuráð vinna áfram að hugmyndinni ásamt áhugamönnum. Til að hefja umræður bauð kirkjuráð hagsmunaaðilum til samráðsfundar í Skálholti fimmtudaginn 14. ágúst sl. þar sem ræddar voru hugmyndir að framtíðaruppbyggingu í Skálholti. Á fundinum var kynnt tillaga að viljayfirlýsingu, með yfirskriftinni SAMFERÐ – Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu á Skálholtsstað. Viljayfirlýsingin hefur verið undirrituð af biskupi f. h. kirkjuráðs, vígslubiskupi í Skálholti f.h. Skálholtsstaðar, Guðjóni Arngrímssyni f.h. Gestaþjónustunnar ehf. og Helga Júlíussyni f.h. Landsbréfa Icelandic Tourism Fund 1.

Kirkjuráð leggur nú fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um mál þetta.

Tónskóli þjóðkirkjunnar

Tónskóli þjóðkirkjunnar starfar samkvæmt starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002. Skólinn starfar eftir námskrá sem kirkjuráð samþykkir. Skólastjóri Tónskólans er Björn Steinar Sólbergsson, organisti. Stjórn og varastjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar baðst lausnar síðla árs 2013 og samþykkti kirkjuráð að skipa bráðabirgðastjórn til vorsins 2014. Aðalmenn í bráðabirgðastjórninni eru Sveinbjörg Pálsdóttir, formaður, Kári Þormar og Helga Þórdís Guðmundsdóttir. Varamenn eru Kjartan Sigurjónsson, Jón Bjarnason og Hlín Torfadóttir. Auk hefðbundinna stjórnarstarfa fékk stjórnin það hlutverk að hrinda í framkvæmd tillögum starfshóps um tónlistarmál sem kirkjuráð skipaði og skilaði af sér í apríl 2012. Biskup réði Margréti Bóasdóttur, söngkonu, í starf verkefnisstjóra kirkjutónlistar frá 1. september 2014.

Strandarkirkja í Selvogi

Kirkjuráð hefur forræði yfir málefnum Strandarkirkju en Strandarkirkjunefnd er skipuð af kirkjuráði og hefur umsjón með rekstri kirkjunnar fyrir hönd kirkjuráðs. Í Strandarkirkjunefnd sitja Ragnhildur Benediktsdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, formaður, sr. Jón Ragnarsson, sóknarprestur í Hveragerðisprestakalli og sr. Baldur Kristjánsson sóknarprestur í Þorlákshafnarprestakalli. Nefndin er skipuð til 31. maí 2015. Strandarkirkjunefnd bauð kirkjuráði til fundar og vettvangsskoðunar í Strandarkirkju í Selvogi á starfsárinu. Strandarkirkja á jarðirnar Hlíð, Strönd, Stakkahlíð og Vogsósa. Unnið hefur verið að deiliskipulagi jarða Strandarkirkju og var það kynnt á fundinum í máli og myndum af Guðrúnu Jónsdóttur, arkitekt, sem unnið hefur að skipulagsvinnunni. Nýr Suðurstrandavegur hefur breytt miklu varðandi samgöngur á svæðinu.

Annað

Ríkisútvarpið, Morgunbæn, Morgunandakt og Orð kvöldsins

Stjórnendur Ríkisútvarpsins boðuðu breytingar á dagskrá Rásar 1 þar sem áformað var að dagskrárlíðir er tengjast bænahaldi yrðu teknir af dagskrá. Biskup og kirkjuráð brugðust skjótt við og var send hvatning til útvarpsstjóra þess efnis að stjórnendur Ríkisútvarpsins endurskoðuðu ákvörðun sína um að taka af dagskrá Rásar 1 Morgunbæn, Morgunandakt og Orð kvöldsins.

Þjóðmálanefnd

Samkvæmt starfsreglum um Þjóðmálanefnd er hún kosin af nýkjörnu kirkjuþingi. Því verður ný Þjóðmálanefnd kosin nú á kirkjuþingi 2014. Sr. Baldur Kristjánsson sagði af sér formennsku á starfsárinu og sr. Sigrún Óskarsdóttir hefur beðist undan því að taka við formennsku. Kirkjuráð samþykkti að fela sr. Þorvaldi Víðissyni, biskupritara, varamanni í nefndinni, formennsku fram að kirkjuþingi 2014.

Stjórn Kirkjuhússins – Skálholtsútgáfunnar

Samkvæmt skipulagsskrá Kirkjuhússins-Skálholtsútgáfunnar skal kirkjuráð skipa þrjá menn af níu, í stjórn stofnunarinnar til þriggja ára í senn. Einn er skipaður á ári. Kirkjuráð samþykkti að skipa sr. Sigfús Kristjánsson, sóknarprest í Hjallaprestakalli sem fulltrúa kirkjuráðs í stjórninni.

Starfshópur um stefnumótun um stjórnsýslu þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing 2013 samþykkti að skipa þriggja manna starfshóp til að vinna að stefnumótun um stjórnsýslu þjóðkirkjunnar. Niðurstöður hópsins skyldu lagðar fyrir 51. Kirkjuþing 2014 að því gefnu að fjármagn fengist í verkið. Kirkjuráð hefur veitt starfshópnum 1.500 þúsund og beinir því til kirkjuþings að taka til endurskoðunar forsendur, markmið og fjárhagsáætlun starfshópsins.

Nefnd innanríkisráðherra um sóknargjöld

Á fundi kirkjuráðs í október 2013 var kynnt erindi frá innanríkisráðherra, þess efnis að ráðherra óskar eftir tilnefningum þjóðkirkjunnar í nefnd sem fái það verkefni að leggja drög að heildarendurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og

Þjóðkirkjunnar, safnaða hennar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Kirkjuráð taldi að um tvö mál væri að ræða, annars vegar lögin um sóknargjöld o.fl. frá 1987, og hins vegar tvíhliða samningur ríkis og kirkju um kirkjujarðir frá 10. janúar 1997 því yrði um tvær nefndir að ræða.

Kirkjuráð samþykkti, að markmið kirkjunnar í starfi nefndarinnar um endurskoðun sóknargjalda, væri að tryggja að ríkisvaldið geti ekki einhliða breytt þeirri upphæð sem innheimt er, heldur verði gerður samningur um innheimtu sóknargjaldanna. Kirkjuráð samþykkti að skipa þau Ingu Rún Ólafsdóttur, fulltrúa á kirkjuþingi og séra Gísla Jónasson, prófast í Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, sem fulltrúa kirkjuráðs í nefnd innanríkisráðherra um sóknargjöld. Nefndin hefur skilað skýrslu til innanríkisráðherra (fskj. H). <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2012/skyrsla-kirkjunefndar-til-radherra.pdf>

Fyrirspurn kom frá Birgittu Jónsdóttur, alþingismanni til fjármála- og efnahagsráðherra um sóknargjöld. Kirkjuráð taldi að svar ráðherrans við fyrirspurninni væri ekki fullnægjandi og sendi ráðherranum athugasemdir sínar vegna fyrirspurnarinnar. Bréf kirkjuráðs til fjármála- og efnahagsráðherra fylgir skýrslu þessari (fskj. I).

Viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið

Kirkjuráð samþykkti að tilnefna þau séra Gísli Gunnarsson, Ingu Rún Ólafsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur í viðræðunefnd kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið og mun fjármálastjóri Biskupsstofu starfa með nefndinni. Nefndin hefur þegar hafið störf.

Samningur þjóðkirkjunnar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands

Biskup hefur gert samstarfssamning við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands sem hefur verið kynntur kirkjuráði. Samningurinn er fylgiskjal með skýrslu þessari (fskj. J).

Fjölgun í þjóðkirkjunni - Félagsmannatal þjóðkirkjunnar

Kirkjuráð hefur rætt um viðbrögð við úrsögnum úr þjóðkirkjunni og leggur fram á þessu þingi tillögu til þingsályktunar um að stofnaður verði starfshópur sem hafi það verkefni að koma með tillögum til aðgerða til fjölgunar á sóknarbörnum. Kirkjuráð hefur m.a. unnið að því að félagsmannatal þjóðkirkjunnar verði þróað áfram en félagsmannatalið er orðið að veruleika í grunnmynd sem listi yfir kennitölur sem fylgja breytingum á þjóðskrá. Hægt er að skrá ítarupplýsingar um félagsmenn s.s. netföng og símanúmer. Þær upplýsingar geta allir félagsmenn sjálfir gefið um sig sjálfa í gegnum þjónustuvefinn. Sama á við um starfsfólk kirkjunnar, sem einnig getur skráð þær fyrir sína samstarfsmenn innan sókna og prestakalla. Unnið er að frekari útfærslum á þjónustum tengdum félagsmannatalinu, m.a. í samstarfi við þjóðskrá.

Reglur um störf nefnda og yfirlýsing um trúnað

Kirkjuráð hefur samþykkt reglur um störf nefnda, starfshópa og ráða og fylgja þær með skýrslu þessari. Einnig hefur verið unnið eyðublað vegna yfirlýsingar um trúnað nefndarmanna og starfsmanna þjóðkirkjunnar (sjá fskj. K).

Lokaorð

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Sökum þess að Prestastefna 2014 var haldin í júní ná upplýsingar í Árbókinni nú til 30. júní. Árbókin verður nú gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

Kirkjuráð hefur fjallað um ýmis önnur mál sem unnt er að lesa um í fundargerðum ráðsins á heimasíðu kirkjunnar, <http://www2.kirkjan.is/stjornsysla/>. Einnig skal vísað til greinagerðar framkvæmdastjóra kirkjuráðs í Árbók kirkjunnar 2013-2014. Þá fylgja skýrslu þessari ýmis gögn til frekari skýringa.

Reykjavík í október 2014

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Ásbjörn Jónsson

Gísli Gunnarsson

Gunnlaugur Stefánsson

Katrín Ásgrímsdóttir

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Á fund nefndarinnar komu Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur á biskupsstofu.

Allsherjarnefndin hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn með henni ásamt ávörpum og ræðum við upphaf kirkjuþings. Nefndin tekur undir orð Magnúsar Kristjánssonar forseta kirkjuþings þegar hann segir: „Þjóðkirkjan þarf eins og aðrir að takast á við breytt samfélag.“ Forseti talaði einnig um að kirkjan ætti í harðri samkeppni um tíma og athygli fólks. Þrír fjórðu hlutar þjóðarinnar eru meðlimir í þjóðkirkjunni og það er mikilvægt að virkja þann stóra hóp. Hann kom einnig inn á að mikilvægt væri að samræma alla vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar á ólíkum sviðum, kynnast betur væntingum og viðhorfi þeirra sem þiggja þjónustu kirkjunnar. Þá ræddi hann um samskiptin við ríkisvaldið og um fjármál kirkjunnar. Í því samhengi minnti Magnús á að sóknargjöldin eru elstu félagsgjöld á Íslandi.

Allsherjarnefndin tekur undir orð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, innanríkisráðherra um að við eigum sjálf að vera breytingin sem við boðum. Hún gat þess að sjálfstæði kirkjunnar hafi aukist mikið undanfarin ár og svo yrði áfram. Þá kom innanríkisráðherra inn á óvægna umræðu í samfélaginu og um mikilvægi þess að hlúa að trausti.

Einnig tekur nefndin heilshugar undir orð biskups þegar hún segir: „Kirkjan á að vera í sókn.“ Biskupinn sagði að ljóst væri að almenningur vildi að erindi kirkjunnar heyrðist og tók dæmi af umræðunni um morgun- og kvöldbænir á Rás 1. Það sýnir að fólki er alls ekki sama. Biskup sagði einnig frá Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar sem haldið var á Hvammstanga sl. helgi. Þar komu saman rúmlega 600 unglingar sem eru virkir þátttakendur í kirkjulegu starfi um allt land. Þau eru vísbending um góða framtíð kirkjunnar.

Skálholt

Allsherjarnefnd hefur kynnt sér leigusamning um gisti- og veitingarekstur í Skálholti. Samningurinn hefur verið tekinn til umfjöllunar en með tilliti til lagamarka virðir nefndin ákvörðun kirkjuráðs. Nefndin væntir þess að samningurinn verði Skálholtsstað til eflingar.

Stefnumótun þjóðkirkjunnar

Allsherjarnefndin telur mikilvægt að unnið sé að heildarstefnumótun þjóðkirkjunnar. Allsherjarnefndin hefur þegar hafið vinnu við sameiningu þeirra mála er tekin voru fyrir á kirkjuþingi 2014 og varða stefnumótun og samstarf.

Skýrsla um fjármál og rekstur þjóðkirkjunnar

Allsherjarnefnd þakkar vinnuhópi um fjármál og rekstur þjóðkirkjunnar fyrir yfirgripsmikla vinnu og hreinskiptar tillögur. Hvetur nefndin til þess að kirkjuráð hafi tillögurnar til hliðsjónar við í þeirri viðleitni að ná jafnvægi í rekstri kirkjunnar.

Allsherjarnefnd þakkar fráfarandi kirkjuráði og kirkjuþingsmönnum fyrir vel unnin störf þágu þjóðkirkjunnar.

Nefndin leggur til að skýrsla kirkjuráðs verði samþykkt með ályktun á þskj. 61.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun

Kirkjuþing 2014 hvetur til áframhaldandi samtals við Ríkisútvarpið um framtíð morgun- og kvöldbæna á dagskrá þess.

Kirkjuþing 2014 leggur áherslu á að félagsmannatal þjóðkirkjunnar verði þróað áfram.

Kirkjuþing 2014 hvetur til að ekki verið hnikað frá því að lögbundin félagsgjöld kirkjunnar, sóknargjöldin, skili sér til kirkjunnar að fullu.

Kirkjuþing 2014 fagnar skipan viðræðunefndar kirkjunnar við ríkisvaldið um kirkjujarðasamkomulagið og væntir þess að staðið verði við núgildandi samning.

Fundur samstarfsnefndar Alþingis og Þjóðkirkjunnar Þriðjudaginn 10. desember 2013 kl. 16:00 í Alþingishúsinu.

Af hálfu Alþingis sátu fundinn Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, og einn fulltrúi frá hverjum þingflokki, sbr. lög nr. 12/1982, en það voru Valgerður Gunnarsdóttir, Höskuldur Þórhallsson, Össur Skarphéðinsson (vék af fundi kl. 16.45), Lilja Rafney Magnúsdóttir, Róbert Marshall (vék af fundi kl. 17.05) og Helgi Hrafn Gunnarsson. Þá sátu fundinn Helgi Bernóðusson, skrifstofustjóri Alþingis (vék af fundi kl. 17.05), og Þorsteinn Magnússon aðstoðarskrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Af hálfu Þjóðkirkjunnar sátu fundinn frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands og forseti kirkjuráðs, ásamt kirkjuráðsmönnum sr. Gunnlaugi Stefánssyni, sr. Gísli Gunnarssyni og Ásbirni Jónssyni. Þá sátu fundinn sr. Þorvaldur Víðisson biskupsritari og Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.

1. Frumvarp til þjóðkirkjulaga.

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997 (þjóðkirkjulög), sem kirkjuþing samþykkti að leggja til við innanríkisráðherra að verði flutt á Alþingi á yfirstandandi löggjafarþingi. Ásbjörn Jónsson gerði grein fyrir frumvarpinu, en í því er m.a. gert ráð fyrir að fjárstjórnarvald kirkjuráðs verði flutt til kirkjuþings. Almenn umræða varð um frumvarpið og lagði biskup áherslu á að góð sátt væri um það innan Þjóðkirkjunnar.

2. Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða.

Lagt fram minnisblað um sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða, dags. 25. okt. sl. Biskup gerði grein fyrir helstu efnisatriðum þess. Þar kemur m.a. fram að greiðslur ríkisins til Þjóðkirkjunnar af innheimtu sóknargjalda hafi minnkað verulega á árunum 2009-2011. Bent er á að mikið vanti upp á að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl. Nú sé svo statt að grunnstoðir í starfsemi safnaða Þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar. Biskup lagði áherslu á að hér væri ekki eingöngu um vandamál Þjóðkirkjunnar að ræða því sóknargjöld væru einnig lögbundin félagsgjöld annarra trú- og lífsskoðunarfélaga. Almenn umræða varð um málið að loknu máli biskups.

3. Kirkjujarðasamkomulagið.

Lagt fram minnisblað um kirkjujarðasamkomulagið, dags. 25. okt. sl. Samkomulagið (frá 1997) lýtur að afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar. Biskup fylgdi minnisblaðinu úr hlaði, en þar kemur m.a. fram að vegna

niðurskurðar á framlögum til kirkjunnar á árunum 2008-2012 hafi Þjóðkirkjan neyðst til að fækka prestum um 17 og stöðugildum á Biskupsstofu um 7, auk þess sem rekstrarkostnaður hafi verið dreginn saman, prófastsdæmi sameinuð og þeim fækkað úr 16 í 9 og eignir verið seldar. Almenn umræða varð um málið að loknu máli biskups.

Við lok fundar lýsti forseti Alþingis ánægju með að fulltrúar þingsins í samstarfsnefndinni hefðu fengið tækifæri að ræða þau mál sem voru á dagskrá fundarins við fulltrúa Þjóðkirkjunnar. Hann sagðist telja æskilegt að samstarfsnefndin kæmi oftár saman og tók biskup undir þau orð um leið og hún þakkaði fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 17.20.

Hagræðingarkrafa til þjóðkirkjunnar á fjárlögum ríkisins

Hlutverk þjóðkirkjunnar

Starfsemi þjóðkirkjunnar miðar að uppbyggingu samfélags og þeirra þátta sem helst stuðla að andlegri velferð og eflingu félagsauðsins í trú, von og kærleika. Nefna má barna- og æskulýðsstarf, félagsstarf aldraðra, þjónustu við einmana og fátæka, vitjun sjúkra, fræðslustarf, námskeið af ýmsum toga, fjölbreytt kórastarf og annað listastarf. Kirkjan sinnir einnig varðveislu friðaðra kirkjuhúsa, ferðapjónustu á kirkjustöðum og er kjölfesta í menningarlífi þjóðarinnar. Loks má benda á hlutverk sem kirkjur og söfnuðir gegna í erfiðleikum og áföllum einstaklinga og samfélags. Þar er ekki farið í manngreinaralit og þjónusta veitt án tillits til trúfélagsaðildar. Í þjóðaratkvæðagreiðslu á síðasta ári kom fram afgerandi stuðningur þjóðarinnar við kirkjuna.

Undanfarin ár hefur þjóðkirkjan tekið á sig umtalsverða tekjuskerðingu þar sem greiðslur ríkisins til kirkjunnar hafa minnkað ár frá ári. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur ríkisins vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Sóknargjöld þjóðkirkjusafnaða

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaðanna. Óumdeilt er að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2011 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur 25% umfram fjárveitingar til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar sem kom út í apríl 2012. Í skýrslu nefndarinnar er dregin sú ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar. Niðurskurður sem söfnuðir þjóðkirkjunnar hafi tekið á sig sé rúmlega tvöfaldur sá niðurskurður sem stofnanir innanríkisráðuneytisins hafi mátt sæta á tímabilinu 2008 - 2011.

Ríkið hefur nú viðurkennt þetta misræmi og hyggst bæta skerðingu sóknargjalda undanfarinna ára að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Á þessu ári komu 45 m.kr. til viðbótar við sóknargjöldin sem voru greiddar beint til safnaðanna. Árið 2014 er áætlaðar 100 m.kr. og árið 2015 40 m.kr. - samtals verður viðbótin því 185 m.kr. Engu að síður vantar mikið uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög nr. 91/1987.

Á árinu 2013 hefðu sóknargjöldin átt að vera 1.060,- kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda 16 ára og eldri í samræmi við lög um sóknargjöld, en voru skert í fjárlögum ársins 2013 og nam fjárhæðin þá 728 kr. fyrir hvern einstakling á mánuði. Miðað við þessar forsendur er hagræðingarkrafa ríkisins til þjóðkirkjusafnaða 762,4 milljónir króna á þessu eina ári. Uppsafnaður niðurskurður á árunum 2008 til 2013 nemur um 2,6 milljörðum króna á verðlagi hvers árs samanber meðfylgjandi [töflu nr. 1.](#)

Við setningu laga um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 var gengið út frá því að þjóðkirkjusöfnuðir ættu hlutdeild í tekjuskattinum eins og hann var eftir gildistöku staðgreiðslukerfisins.

Markmið laganna var að tryggja til frambúðar stöðugleika á tekjustofni kirkjunnar og fylgja tekjubreytingum. Jafnframt að fylgja fólksfjölgun eða fækkun og skapa möguleika á því að skipta gjaldinu jafnt og réttlátlega milli sókna. Fram að setningu laga um sóknargjöld sáu sóknarnefndirnar sjálfar um innheimtu gjaldanna. Þó að sóknargjöld séu greidd með þessum hætti gegnum fjárlög eru þau ekki framlög ríkisins.

Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 er gert ráð fyrir að sóknargjöld breytist frá árinu 2013 sem nemur áætluðum verðhækkunum eða um 3% og verða þá 750 kr. fyrir hvern einstakling í þjóðkirkjunni 16 ára og eldri.

Tafla 1

Raunveruleg þróun sóknargjalda í þjóðkirkjunni 2008-2013	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sóknargjald <i>pr. gjaldanda pr. mánuð í kr.</i>	872,00	833,00	767,00	698,00	701,00	728,00
Fjöldi í gjaldenda í þjóðkirkjunni <i>1. desember sama ár</i>	195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	
Sóknargjöld í þús.kr. <i>fj. gjaldenda árið áður x sóknargj. pr. gjaldanda x 12 mán.</i>	2.035.708	1.954.978	1.793.887	1.605.311	1.604.454	1.670.830
Hækkun / - lækkun sóknargjalds frá fyrra ári í %		-4,47%	-7,92%	-9,00%	0,43%	3,85%

Breyting sóknargjalda í samræmi við lög um sóknargjöld	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sóknargjald <i>pr. gjaldanda pr. mánuð í kr.</i>	872,00	925,19	940,92	929,63	1.004,93	1.060,20
Fjöldi í gjaldenda í þjóðkirkjunni <i>1. desember sama ár</i>	195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	
Sóknargjöld í þús.kr. <i>fj. gjaldenda árið áður x sóknargj. pr. gjaldanda x 12 mán.</i>	2.035.708	2.171.340	2.200.658	2.138.030	2.300.092	2.433.261
Hækkun / - lækkun sóknargjalds * frá fyrra ári í %	10,24%	6,10%	1,70%	-1,20%	8,10%	5,50%

Skerðing sóknargjalda á ári í þús. kr.	0	216.362	406.770	532.719	695.637	762.431
Samtals skerðing sóknargjalda 2008 – 2013 í þús. kr.						2.613.920

* Hækkun á meðaltekjuskattstofni einstaklinga síðustu tveggja ára.

Ef tekið er mið af þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins nemur uppsöfnuð skerðing sóknargjaldanna frá árinu 2008-2013 um 2,3 milljörðum króna á verðlagi hvers árs eins og neðangreind [tafla nr. 2](#) sýnir. Miðað við þessar forsendur er hagræðingarkrafa ríkisins til þjóðkirkjusafnaða 528,8 milljónir króna á árinu 2013.

Tafla 2

Breyting sóknargjalda í samræmi við meðaltal stofnana innanríkisráðuneytisins	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Sóknargjald <i>pr. gjaldanda pr. mánuð í kr.</i>	872,00	993,99	952,57	906,18	919,44	958,42
Fjöldi í gjaldenda í þjóðkirkjunni <i>1. desember sama ár</i>	195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	
Sóknargjöld í þús.kr. <i>fj. gjaldenda árið áður x sóknargj. pr. gjaldanda x 12 mán.</i>	2.035.708	2.332.814	2.227.912	2.084.104	2.104.414	2.199.666
Hækkun / - lækkun sóknargjalds * <i>frá fyrra ári í %</i>		13,99%	-4,17%	-4,87%	1,46%	4,24%
Skerðing sóknargjalda á ári í þús.kr.	0 377.836 434.024 478.793 499.960					528.836
Samtals skerðing sóknargjalda 2008 - 2013 í þús.kr.						2.319.449

*Þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins sem hlutu almennar verðbætur fjárlaga (önnur gjöld en laun).

Kirkjujarðasamkomulagið

Kirkjujarðasamkomulagið frá árinu 1997 fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Á árunum 2010-2013 hefur ríkið gert hagræðingarkröfu á fjárlögum vegna kirkjujarðasamkomulagsins að fjárhæð 313,5 m.kr. á verðlagi hvers árs. Er það í hátt við hagræðingarkröfu til stofnana ríkisins. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár með viðaukasamkomulagi sem gert er til eins árs í senn. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2014 er gert ráð fyrir 0,75% hagræðingarkröfu miðað við fjárlög 2013 eða 14,1 m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu 2014 eru áætlaðar 3% launa- og verðlagshækkningar miðað við árið 2013.

Niðurskurður á kirkjujarðasamkomulaginu er um 21% miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2014 borið saman við óskertar greiðslur samkvæmt reiknilíkani 2014 byggðu á kirkjujarðasamkomulaginu. Miðað við sömu forsendur er niðurskurður ársins í krónum talinn áætlaður 378,9 m.kr. á verðlagi ársins 2014. Þessi niðurskurður jafngildir því að ríkið greiði laun 109 presta í stað þess að greiða laun 138 presta eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir – sjá meðfylgjandi [töflu nr. 3](#).

Þjóðkirkjan hefur brugðist við með því að fækka prestum um 17 eða um 12 % og starfsfólki Biskupsstofu (að meðtöldu starfsfólki Kirkjumálasjóðs) um 7 stöðugildi eða um 21%. Auk þess hefur rekstrarkostnaður verið dreginn saman, prófastsdæmi sameinuð og þeim fækkað úr 16

í 9 og námsleyfi hafa verið skert. Þá hafa eignir verið seldar sem eru óhagkvæmar í rekstri til að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna.

Tafla 3

Reiknilíkan Þjóðkirkjunnar 2014		
samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu		
Laun skv. úrskurði kjararáðs 12. febrúar 2013+3% áætluð verðlagshækkun 2014		
Grein	Kostnaðarliðir	2014
2.gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	1.493,6
3.gr.	Rekstrarkostnaður prestsembættu og prófasta	186,2
4.gr.	Launakostnaður biskupsstofu	139,2
5.gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	62,4
8.gr.	Útgjöld fjármögnuð með nýjum sértekjum	49,5
	Breyting vegna rekstrarumfangs 2013	166,7
	Biskupsstofa samtals	2.097,6
7.gr.	Styrkjaliðir	
	Skálhóltsstaður	10,0
	Hallgrímskirkja	8,0
	Hóladómkirkja	4,3
	Dómkirkjan	4,7
	Styrkjaliðir samtals	27,0
	Gjöld samtals	2.124,6
8.gr.	Nýjar sértekjur	-49,5
	Sértekjur v/yfirstjórnar	-54,7
	Breyting vegna rekstrarumfangs 2014	-166,7
	Sértekjur samtals	-270,9
	06-701 Þjóðkirkjan skv. samningi	1.853,7
	Fjárlagafrumvarp 2014	1.474,8
	Áætlaður niðurskurður á árinu 2014	378,9

Minnisblað 5. nóvember 2013

Tekið saman af fjármálastjóra Biskupsstofu

Hagræðingarkrafa ríkis á fjárlögum 2014 vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu

Gerð er hagræðingarkrafa að hálfu ríkis árið 2014 til 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu sem nemur 328 m.kr. á nafnverði en **379 m.kr.** á verðlagi ársins 2014. Þá er miðað við forsendur í fjárlagafrumvarpi 2014 og það borið saman við óskertar greiðslur samkvæmt reiknilíkani 2014 - byggðu á kirkjujarðasamkomulaginu.

Sú stefna er í gildi að vernda grunnþjónustu þjóðkirkjunnar og hagræða með því að komast hjá uppsögnum starfsfólks. Um 90% af útgjöldunum eru launagjöld. Í fjárhagsáætlun vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu fyrir árið 2014 kemur fram að um **124 m.kr.** vantar á árinu 2014 til að endar nái saman. Ráðgert er að selja eignir Kirkjumálasjóðs sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri og leggja áætlað andvirði að fjárhæð **60 m.kr.** til Biskupsstofu til þess að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hallinn verði fjármagnaður með framlagi Kirkjumálasjóðs að fjárhæð **32 m.kr.** og framlagi Jöfnunarsjóðs sókna að fjárhæð **32 m.kr.**

Hagræðing í rekstri 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu sem nemur **255 m.kr.** hefur náðst vegna eftirfarandi aðgerða:

Hagræðingaraðgerðir vegna kirkjujarðasamkomulagsins undanfarin ár og fyrirhugaðar aðgerðir á næsta ári skila 255 m.kr. sparnaði árið 2014 sem skiptist í eftirfarandi liði:

Niðurlögð prestsembætti: Sparnaður 132 m.kr.

Frá árinu 2010 hafa verið lögð niður um 17 prestsembætti en þá var 141 prestur á launum en á næsta ári er ráðgert að embættin verði 124 talsins. Árið 2010 bar ríkinu að greiða sem samsvarar launum 139 presta en aflað var sértekna til að greiða 2 presta til viðbótar. Árið 2014 ber ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu að greiða sem samsvarar 138 prestsembættum – en aðeins er greitt vegna 109 embætta eins og komið hefur fram. Þessi embætti hafa verið lögð niður:

Bjarnanesprestakall 50%

Holtsprestakall undir Eyjafjöllum 100%

Mosfellsprestakall, Grímsnesi 100%

Þingvallaprestakall 100%

Héraðsprestsembætti í Kjalarnesprófastsdæmi 50%

Prestsembætti í Laugarnesprestakalli 50%

Héraðsprestsembætti í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra 100%

Patreksfjarðarprestakall 50%

Staðarprestakall 100%

Skólaprestsembætti Akureyrarprestakalli 50%

Niðurlögð prestsembætti: frh.

Héraðsprestsembætti Þingeyjarprófastsdæmi 50%

Vallanesprestakall 50%

Sérþjónustuprestar á Biskupsstofu 100%

Sérþjónustuprestur vegna vímuvarna 100%

Sérþjónustuprestur í Kaupmannahöfn 100%

Sérþjónustuprestur í London 100%

Sérþjónustuprestur í Gautaborg 100%

Sérþjónustuprestur á Biskupsstofu (áætlun 2014) 50%

Grafarvogsprestakalli verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd (áætlun 2014) 100%

Háteigsprestakalli verður þjónað samkvæmt ákvörðun biskups Íslands í samráði við prófast og sóknarnefnd (áætlun 2014) 100%

Seljaprestakall – frestað að auglýsa (áætlun 2014) 50%

Önnur prestaköll vegna afleysinga og setninga 50%

Rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma: Sparnaður 42 m.kr.

Við niðurlagningu ofangreindra embætta sparast um 1 m.kr. rekstrarkostnaður fyrir hvert þeirra sem er um **17 m.kr.** Auk þess hefur rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma verið skorinn niður sem nemur **25 m.kr.**

Sameining prófastsdæma: Sparnaður 26 m.kr.

Prófastsdæmi hafa verið sameinuð og þeim fækkað úr 16 í 9. Sparnaður vegna rekstrarkostnaðar við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um **11 m.kr.** Sparnaður vegna launa við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um **14,7 m.kr.**

Fækkun námsleyfa presta: Sparnaður 22 m.kr.

Á næsta ári er ráðgert að greiða námsleyfi vegna presta í 9 mánuði. Við það sparast 27 mánuðir í námsleyfi. Þetta er hugsað sem tímabundin ráðstöfun.

Launakostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi: Sparnaður 26 m.kr.

Starf söngmálastjóra 50%

Verkefnisstjórar 200%

Fulltrúi á Biskupsstofu 50%

Auk þess hefur störfum verið fækkað hjá Kirkjumálasjóði

Móttökuritari 70%

Fjölskylduráðgjafar 45%

Verkefnisstjóri fasteignamála 100%

Fræðslufulltrúi 100%

Fulltrúi í upplýsingatækni 100%

Rekstrarkostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi: Sparnaður 7 m.kr.

Á næsta ári er ráðgert að allur skrifstofukostnaður Biskupsstofu verði hjá Kirkjumálasjóði. Í dag er skrifstofan rekin með sértekjum frá sjóðunum sem kostnaðarhlutdeild í skrifstofuþjónustu. Mikil hagræðing felst í þessari ráðstöfun þar sem umsýsla verður einfaldari og tækifæri til frekari aðhaldsaðgerða skapast.

Minnisblað

um fund biskups Íslands og fulltrúa þjóðkirkjunnar með fjármála- og efnahagsráðherra

Fimmtudaginn 5. september 2013 kl. 15 var haldinn fundur biskups Íslands og fulltrúa þjóðkirkjunnar með fjármála- og efnahagsráðherra. Fundurinn fór fram í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Arnarhvoli.

F.h. þjóðkirkjunnar mættu á fundinn biskup Íslands, sr. Agnes M. Sigurðardóttir, kirkjuþings- og kirkjuráðsmaðurinn sr. Gísli Gunnarsson og framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur.

Fjármála – og efnahagsráðherra, Bjarni Benediktsson, sat fundinn ásamt Nökkva Bragasyni, skrifstofustjóra á skrifstofu opinberra fjármála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Fundurinn var haldinn til að kynna og ræða við fjármála- og efnahagsráðherra um helstu meginatriði samkomulags ríkis og kirkju um kirkjujarðir og launagreiðslur presta frá 1997 og þær skerðingar á umsömdu endurgjaldi sem kirkjan hefur samþykkt að taka á sig árlega frá og með árinu 2010. Einnig til að kynna og ræða helstu meginatriði um sóknargjöld og eðli þeirra svo og þær skerðingar sem orðið hafa á þeim árlega frá árinu 2009.

Biskup afhenti ráðherra minnisblað um helstu atriði varðandi fjármál ríkis og kirkju og skerðingar á framlögum til kirkjunnar frá hruninu árið 2008.

Fulltrúar þjóðkirkjunnar fóru yfir meginatriði kirkjujarðasamkomulags ríkis og kirkju frá árinu 1997 einkum það að samningurinn felur í sér afhendingu kirkjujarða til ríkisins til fullrar eignar og umráða. Á móti kemur skuldbinding ríkisins gagnvart þjóðkirkjunni um að inna af hendi endurgjald fyrir hin afhentu verðmæti. Endurgjald ríkisins felst í árlegri greiðslu tiltekins fjölda prestsembættu. Fulltrúar kirkjunnar bentu á, að þrátt fyrir að um skuldbindandi samning kirkju og ríkis sé að ræða en ekki einhliða ákvörðun löggjafarvaldsins um fjárheimildir í fjárlögum, hafi kirkjan fallist á að gera viðaukasamning við ríkið árlega í fjögur ár, fyrst fyrir árið 2010 og síðan árlega frá þeim tíma. Kirkjan hafi að sjálfsöggðu viljað axla ábyrgð og taka að sínu leyti þátt í að skera niður útgjöld hins opinbera eftir hrun efnahagskerfisins 2008. Kirkjuþing þjóðkirkjunnar hefur þannig fjórum sinnum samþykkt viðauka við kirkjujarðasamkomulagið; viðauka sem gildir í eitt ár í senn. Síðast hafi kirkjuþing 2012 samþykkt tímabundinn viðauka sem gildi fyrir árið 2013. Staðan í dag sé sú að ríkið kirkjunni greiði 109 prestsembætti en samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu beri ríkinu að greiða kirkjunni 138 embætti. Þetta þýði að kirkjan hefur þurft að fækka prestsembættum og bera að auki kostnað við niðurskurðinn sjálf. Þetta hafi að hluta til verið fjármagnað með sölu fasteigna en slíkt geti ekki gengið til lengdar. Nú sé svo komið að ekki sé víst að kirkjuþing samþykki viðaukasamning enn einu sinni, verði eftir því leitað, einkum og sér í lagi með hliðsjón af einhliða og árlegri lækkun sóknargjalda frá árinu 2009, sem er meiri en sanngjarnt og eðlilegt geti talist.

Þá ræddu fulltrúar kirkjunnar eðli sóknargjalda þ.e. að þau séu félagsgjald frjálsra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga, en ekki einhliða framlag ríkissjóðs eins og stundum hefur verið haldið fram af hálfu fulltrúa ríkisins. Ríkisvaldið hafi tekið að sér að innheimta félagsgjöldin fyrir trúfélögin árið 1987

og gjaldið þá umreiknað í tiltekið hlutfall tekjuskatts. Upphæð gjaldsins hafi verið ákvörðuð í lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 og einnig hvaða aðferð átti að nota til að endurskoða fjárhæðina árlega. Undanfarin fjögur ár þ.e. frá árinu 2009 og einnig á yfirstandandi ári hafi hins vegar fjármála- og efnahagsráðherra lagt fram á Alþingi lagafrumvörp um ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem fjárhæð sóknargjalda hafi verið ákvörðuð og skert til eins árs í senn með slíkri löggjöf. Alþingi hafi ávallt samþykkt frumvörp ráðherra um þessi mál. Gerð var grein fyrir skýrslu nefndar Innanríkisráðherra sem var skipuð árið 2011 til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar. Nefndin skilaði skýrslu til ráðherra þann 30. apríl 2012. Meginniðurstöður nefndarinnar um skerðingu sóknargjalda voru að gjöldin hafa verið skert voru allt að 25% meira en sambærilegar aðrar stofnanir Innanríkisráðuneytisins hafa þurft að sæta. Þetta hefur einnig áhrif til lækkunar á tekjur Jöfnunarsjóðs sókna og kirkjumálasjóðs, þar sem tekjur eru tiltekið hlutfall af sóknargjaldi. Biskup gerði ráðherra sérstaklega grein fyrir því að staða safnaða væri víðast hvar orðin mjög alvarleg sakir hins áralanga og mikla niðurskurðar á sóknargjöldunum. Víða hefði starfsfólki verið sagt upp, kirkjum lokað tiltekna daga í viku og nefnt var dæmi um söfnuð sem stefndi í greiðsluþrot. Sú viðbót við sóknargjöld sem samþykkt var af síðustu ríkisstjórn að greiða tímabundið í þrjú ár til sókna, samtals kr. 145 millj. dygði skammt í stöðunni. Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins spurði hvort til greina kæmi að ríki og kirkja myndu semja um innheimtu sóknargjalda og að þau tæku árlegum breytingum í samræmi við almennar verðlagsforsendur fjárlaga eða annan sambærilegan mælikvarða. Af hálfu fulltrúa kirkjunnar var því svarað til að taka mætti upp viðræður um samkomulag um innheimtu sóknargjalda ef eftir því yrði leitað formlega.

Það má telja að megingiltangur fundarins hafi náðst, þ.e. að upplýsa nýjan fjármála- og efnahagsráðherra um mikilvæga þætti í fjárhagslegum samskiptum ríkis og kirkju og þó einkum það að kirkjan hefur tekist á hendur meiri skerðingar en sanngjarnt og réttlátt getur talist.



Tillögur um með hvaða hætti skuli staðið að samskiptum skóla og trúfélaga á öllum skólastigum

30.4.2013

Starfshópurinn var skipaður hagsmunaaðilum sem tilnefndir voru af Biskupsstofu, Heimili og skóla, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Siðmennt auk fulltrúa ráðuneytisins.

Hópurinn varð sammála um tillögur og á grunni þeirra hefur ráðherra gefið út eftirfarandi meginviðmið:

1.

- a. Leggja ber áherslu á mikilvægi vandaðrar trúarbragðafraeðslu í fjölmenningsarsamfélagi. Þættir í slíkri fraeðslu geta verið vettvangsheimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fraeða um trú sína og trúfélag.
- b. Mikilvægt er að fraeðsla þessi og heimsóknir sé gerð á vegum skólans og í þeim tilgangi að fraeða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekinna trúarskoðana eða tilbeiðslu.
- c. Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla.

2.

- a. Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátíðir kristinnar telst hluti af fraeðslu um trúarhátíðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar.
- b. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir. Sama gildir um leik- og framhaldsskóla þar sem það á við.

3.

- a. Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.
- b. Um almenna kynningu eða auglýsinga á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vill ítreka að leik- og grunnskólar eru á forræði sveitarfélaga og þau bera ábyrgð á samstarfi skóla við aðila utan hans, skv. 5. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008. Sambærileg ákvæði er að finna í gildandi lögum um leik- og framhaldsskóla. Mælst er til að sveitarfélög setji sér reglur um samskipti trúfélaga og skóla. Þar sem sjálfsræðisaldur er bundinn við 18 ára ber framhaldsskólum að taka tillit til þessara

viðmiða þar til nemendur hafa náð þeim aldri. Framkvæmd og eftirlit með leik- og grunnskólum er á vegum sveitarfélaga.

Skýrsla um prestssetursjarðir

Vinnuhópur Kirkjuráðs:

Bjarni Kr. Grímsson

Guðmundur Þór

Guðmundsson

sr. Gunnlaugur Stefánsson

Október 2014

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Staðan í dag	3
Breytingar á fjölda prestssetursjarða	5
Ábendingar varðandi framtíðarskipan prestssetursjarða	5
Fylgigögn	7

Inngangur

Í framhaldi af tillögum Bjarna Kr. Grímssonar á kirkjuþingi í mars 2014 um sölu greiðslumarks í landbúnaði sem kirkjan ætti, skipaði kirkjuráð 9. apríl 2014 þriggja manna vinnuhóp sem skyldi taka stöðu prestssetursjarða. Hlutverk vinnuhópsins fólst í að safna saman upplýsingum um stöðu prestssetursjarða og kynna þær upplýsingar á fundi kirkjuráðs

Í vinnuhópinn voru skipaðir þeir Bjarni Kr. Grímsson, Guðmundur Þór Guðmundsson og sr. Gunnlaugur Stefánsson

Hópurinn hefur hist nokkrum sinnum og unnin hefur verið eftirfarandi skýrsla sem hér fylgir, ásamt fylgiskjöllum.

Staðan í dag

Suðurprófastsdæmi

Í Suðurprófastsdæmi eru tólf setin prestssetur, en frá 1. september eru þau ellefu þar sem prestssetrið á Eyrarbakka er laust og hefur verið auglýst til sölu. Í Suðurprófastsdæmi eru fjórar prestssetursjarðir; Fellsmúli, Oddi, Breiðabólstaður og Hruni. Útihús eru víða farin að lýjast þannig að búast má við talsverðu viðhaldi á næstunni. Eins og fram kemur í meðfylgjandi skjali þá er fasteignaverðmæti jarðanna þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar kr. 98,1 millj. og hlunnindi kr. 623 þús. en greiðslumark sauðfjár kr. 2,0 millj.

Kjalarnesprófastsdæmi

Í Kjalarnesprófastsdæmi eru þrjú setin prestssetur og þar af er ein jörð, Reynivellir. Mosfell er ekki setið sem prestssetursjörð, heldur er prestur einungis með hús og lóð umhverfis húsið. Jörðin er í leigu einstaklinga sem halda við ræktun og girðingum, en greiða ekki annað afgjald. Fasteignaverðmæti jarðarinnar þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 34,7 millj. og hlunnindi kr. 22,0 millj. en greiðslumark sauðfjár ekkert.

Vesturlandsprófastsdæmi

Í Vesturlandsprófastsdæmi eru ellefu setin prestssetur og þar af eru sex jarðir; Saurbær, Staðarhóll, Borg, Reykholt, Stafholt og Staðarstaður. Útihús eru víðast léleg og búskapur misjafn. Fasteignaverðmæti jarðanna þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 130,7 millj. og hlunnindi kr. 41,4 millj. en greiðslumark sauðfjár kr. 1,3 millj.

Vestfjarðaprófastsdæmi

Í Vestfjarðaprófastsdæmi eru sjö setin prestssetur og þar af ein jörð, Holt í Önundarfirði. Reykhólar er ekki setið sem prestssetursjörð, heldur er prestur einungis með hús og lóð umhverfis húsið. Útihús eru á Reykhólum en léleg og búskapur enginn. Jörðin er ekki í útleigu og er í söluferli, í Holti eru engin útihús og enginn búskapur utan æðardúnn. Fasteignaverðmæti jarðarinnar Holts þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 6,5 millj. og hlunnindi kr. 3,5 millj. en greiðslumark sauðfjár ekkert.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi eru sjö setin prestssetur og þar af eru þrjár jarðir; Melstaður, Miklibær og Glaumbær. Útihús eru víðast þokkaleg og búskapur blómlegur. Fasteignaverðmæti jarðanna þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 88,8 millj. og hlunnindi kr. 10,1 millj. en greiðslumark sauðfjár kr. 2,4 millj.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eru níu setin prestssetur og þar af eru sex jarðir; Möðruvellir, Syðra-Laugarland, Laufás, Skútustaðir, Grenjaðarstaður og Skinnastaður. Útihús eru víðast léleg, en nýtt fjárhús í Laufási. Búskapur mismikill. Fasteignaverðmæti jarðanna þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 157,0 millj. og hlunnindi kr. 9,7 millj. en greiðslumark sauðfjár kr. 1,3 millj.

Austurlandsprófastsdæmi

Í Austurlandsprófastsdæmi eru níu setin prestssetur og þar af eru fjórar jarðir; Hof, Skeggjastaðir, Valþjófsstaður og Heydalir. Þann 1. nóvember 2014 lætur prestur af embætti sá er situr Valþjófsstað, en við það hætta jörðin að vera prestssetur. Þá er með jörðin Kolfreyjustaður, prestur býr á Búðum og hefur umsjón með dúntekju. Svipuð staða er á Hofi í Vopnafirði, en prestur býr í þorpinu vegna sérstakra aðstæðna, en hefur umráð jarðarinnar. Útihús eru víðast þökkaleg. Búskapur mismikill. Fasteignaverðmæti jarðanna þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 68,2 millj. og hlunnindi kr. 101,1 millj. en greiðslumark sauðfjár kr. 1,7 millj.

Öll prófastsdæmi

Í allt eru 57 prestssetur setin prestum á landinu þar af eru setnar 26 jarðir af prestum, en prestsetrum fækkar um eitt nú 1. nóvember þ.e. a.s. á Valþjófsstað og prestssetur á Eyrarbakka er ekki lengur í notkun frá 1. september.

Samkvæmt starfsreglum nr. 1115/2011 um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 er heimilt að fækka prestsetrum um 13 frá því sem nú er.

Í heild er verðmæti fasteigna á prestsetursjörðum skv. fasteignamati 2014 þ.e. fasteigna, ræktunar og jarðar er kr. 584,0 millj. og hlunnindi kr. 187,6 millj., greiðslumark sauðfjár kr. 8,7 millj. á árinu 2014 og arðgreiðslur vegna hreindýra eru kr. 753 þús. á árinu 2013. Alls eru fasteignir og hlunnindi jarða sem setnar eru af prestum metin á 781 millj.kr.

Sjá nánar í fylgiskjali „prestssetur-jarðir-2014-matsverð“ þar er sundurliðað eftir prófastsdæmum og á einstakar eignir. Sjá einnig töflur I til III.

Breytingar á fjölda prestssetursjarða

Á árinu 2008 eru prestssetrin 84 að tölu og þar af eru 41 prestsseturs jörð. Núna (2014) eru þau 57 og þar af eru 26 prestssetursjarðir. Á síðustu sjö árum hefur prestssetrum í heild fækkað um 27 og þar af hefur fækkað um 15 prestssetursjarðir. Í álitsgerð prestssetranefndar frá 1965 eru skoðaðar 70 prestssetursjarðir. Þannig hefur prestssetursjörðum fækkað um 44 á 49 árum eða um 63%. Áréttað er að ný prestssetur hafa komið í stað hluta þessara jarða þannig að heildarfækkun prestssetra er ekki sú sama og jarðanna.

Auk þess á kirkjan átta prestssetursjarðir sem ekki eru setnar af prestum eða í umsjá þeirra. Þær eru; Mosfell Mosfellsbæ, Reykhólar, Vatnsfjörður, Árnes, Mælifell, Háls, Desjamýri og Mosfell Grímsnesi. Ekki verður sérstaklega fjallað um þessar jarðir í skýrslunni.

Á það er bent að kirkjan móti sér skýra stefnu um tilgang eignarhalds á jörðum sem ekki eru nýttar beint í þjónustu kirkjunnar.

Um jörðina Skálholt gilda sérstakar reglur og er ekki til umfjöllunar í þessari skýrslu.

Ábendingar varðandi framtíðarskipan prestssetursjarða

Kirkjuþing 2011 samþykkti fasteignastefnu fyrir þjóðkirkjuna. Í stefnunni segir m.a:

*„1. Til að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.
2. Þjóðkirkjan varðveitir auk þess tiltekna fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir, aðrar en kirkjur, skuli varðveittar hverju sinni, á þeim grundvelli“.*

Samhliða stefnumörkun þessari var á kirkjuþingi 2011 lögð til heimild til fækkunar prestssetra á næstu árum einkum á Suðvesturhorni landsins og stærri þéttbýlisstöðum. Í flestum tilvikum var um að ræða prestsbústaði en einnig tvö lögbýli (jarðir). Í fylgiskjali með skýrslu þessari er getið um þær prestssetursjarðir sem áfram verða í þjónustu kirkjunnar uns annað kann að verða ákveðið. Samkvæmt því verða prestssetursjarðir um næstu framtíð 25 talsins.

Rétt er að fram komi að hér er fyrst og fremst fjallað um þau skilyrði sem jarðir þurfa að hafa ef reka á þær sem prestssetur í framtíðinni. Það er síðan sjálfstætt úrlausnarnefni og utan viðfangsefnis þessa starfshóps hvort selja skuli fyrrum prestssetursjarðir eða halda þeim áfram í eigu þjóðkirkjunnar á grundvelli fasteignastefnu þjóðkirkjunnar. Á það skal bent að verulegur kostnaður fylgir eignarhaldi á jörðum, en ávinningurinn felst í tekjum af jörðinni og væntanlegum verðhækkunum, sem eru þó ekki í hendi fyrr en við sölu. Þá má ekki gleyma væntum ábata af notum eignarinnar í þágu kirkjunnar.

Með hliðsjón af framangreindri stefnumörkun er einkum tvennt sem líta ber til varðandi mat á stöðu prestssetursjarða.

1. Þjónusta.

Grundvallaratriði er að staðsetning prestsembættis og þar með ákvörðun um skrifstofu prestakallsins og heimilisfesti prests á hverjum tíma byggja á því að þjónusta prestsins sé aðgengileg sem flestum íbúum prestakallsins. Á þessum grundvelli hefur þróunin verið síðustu áratugi og jafnvel lengur aftur í tímann og þannig lagað sig að búsetubreytingum í landinu. Þannig hefur aðsetur presta mjög oft verið fært af jörð og inn í þéttbýli. Fjárhagsleg rök geta einnig haft áhrif á mat á þessu t.d. ef mikill kostnaður er samfara því að eiga, viðhalda og búa á prestssetursjörð. Hér kemur einnig til álita og mats skipan prestakalla, en starfshópnum var ekki ætlað að fjalla um það mál sérstaklega.

2. Söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök.

Flestar þeirra prestssetursjarða sem enn gegna því hlutverki eru miklir sögustaðir bæði í sögu kirkju og þjóðar. Starfræksla þeirra sem prestssetra er því í mörgum tilvikum hluti af varðveislu menningarverðmæta, sögunnar og ásýnd kirkjunnar.

Í skýrslu prestssetranefndar frá 1965, en hún er fylgiskjal með þessari skýrslu, er farið yfir prestssetursjarðir á öllu landinu á grundvelli tiltekinna sjónarmiða sem um margt eiga við í dag þrátt fyrir breyttar aðstæður.

Prestaköll þar sem prestssetursjarðir í eigu þjóðkirkjunnar (kirkjumálasjóðs) eru til staðar eru 25 talsins miðað við 1. október 2014¹.

Þjóðkirkjan tók við umsýslu prestssetrana með lögum frá Alþingi um stofnun Prestssetrasjóðs árið 1994. Þá hófst á vegum kirkjunnar gagnger endurskipulagning á umsýslu prestssetrana, sem m.a. birtist í sérstökum haldsbréfum. Þau eru ígildi samnings milli kirkjustjórnarinnar og prestsins um búsetu og forræði staðarins, þar sem m.a. er kveðið á um afgang sem presturinn greiðir og tekur það mið af sambærilegum ábúðarsamningum eða húsaleigusamningum eftir því sem við á. Fyrirkomulag ákvæða haldsbréfs hefur tekið breytingum gegnum árin, en sérstakar starfsreglur hafa gilt um það. Árið 2008 var sett sérstakt ákvæði um hámarksleigu sem er nú er kr. 82.322 þús. á mánuði.

Prestur fer með forsjá og ábyrgð jarðarinnar og nýtir til þess m.a. tekjur sem jörðin gefur af sér skv. starfsreglum. Árið 2010 var svofelld regla tekin upp í starfsreglum um prestssetur:

„Prestur nýtur arðs af hreinum hlunnindatekjum prestsseturs, s.s. tekjum af veiði og leigu, sem ekki eru talin krefjast sérstaks vinnuframlags hans allt að kr. 600.000 á ári. Efslíkar hlunnindatekjur prestsseturs eru meiri skulu umframtekjur af þeim, allt að kr. 600.000 renna óskiptar í kirkjumálasjóð. Nemi slíkar heildar hlunnindatekjur af prestssetri hærrí upphæð en kr. 1.200.000 á ári skal helmingur þeirra umframtekna renna til prestsins og helmingur til kirkjumálasjóðs. Þessi sérstöku hlunnindi skulu tilgreind nákvæmlega í haldsbréfi og skal getið um takmörkun arðgreiðslu í auglýsingu um embætti. Fjárhæð þessi tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá gildistöku þessara starfsreglna.“

Svipuð regla hafði gilt frá 1. janúar 2008 og hrint í framkvæmd gagnvart prestum sem taka við embætti eftir að þær öðluðust gildi. Afnota- og umráðaréttur presta gagnvart prestssetursjörðum

¹ Fyrir liggur að Staðarhóll á Hvanneyri mun leggjast af sem prestssetursjörð við starfslok núverandi sóknarprest. Hið sama á við um Skeggjastaði, Austurlandsprófastsdæmi, en núverandi sóknarprestur fékk leyfi til að búa áfram á Skeggjastöðum eftir að ákveðið var að prestssetur Langanesprestakalls skyldi vera á Þórshöfn. Ekki liggur fyrir hver framtíð Reynivalla, Kjalarnesprófastsdæmi verður.

stofnast þegar þeir fá veitingu fyrir embættinu sem jörðin fylgir. Jörðin er því hluti af kjörum prestsins sem embættismanns og fer því um stjórnslu jarðarinnar eftir þeim lögum og reglum sem um starfskjör embættismanna gilda.

Á móti leigu greiðir Kirkjumálasjóður opinber gjöld af jörðunum, iðgjöld lögboðinna trygginga, og kostnað vegna viðhalds og nýbyggingar íbúðarhúss og bílskúrs ef hann er til staðar. Þá er sjóðurinn skyldugur til að kaupa þær eignir fráfarandi við úttekt sem skylt er að lögum. Prestur ber ábyrgð á hagsmunagæslu jarðarinnar skv. haldsbréfi, en nýtur aðstoðar við það hjá Kirkjumálasjóði. Í því felst m.a. að sjá um lögboðin fjallskil, viðhald og varðveislu þeirra verðmæta sem hann hefur tekið við svo sem tún og girðingar og bera kostnað af því. Gerðar eru kröfur um að prestsetrið og umhverfi þess sé til fyrirmyndar varðandi umgengni og umhirðu og ber prestur daglegan kostnað af þeim rekstri.

Þetta fyrirkomulag um prestssetursjarðirnar er að stofni til aldagamalt og á rót að rekja til þeirra tíma að prestssetrin voru „Staðir“. Staðirnir voru lén sem prestur fékk veitingu fyrir og stóð undir lífsafkomu hans og kirkjulegri þjónustu. Presturinn fékk allar tekjur staðarins en bar jafnframt alla ábyrgð á honum einnig.

Eins og að framan greinir þá hefur kirkjan leitast við að laga þetta fyrirkomulag að aðstæðum nútímans. En gæta verður að því að skipulagið þjóni alltaf hagsmunum kirkjunnar, safnaðarins og prestsins svo og fjölskyldu hans.

Í þessari skýrslu hefur verið safnað saman staðreyndum um prestssetursjarðirnar og stöðu þeirra, sem er góður grundvöllur til að byggja á umræður um framtíðarskipan. Þar koma m.a. til álita spurningar um hvort prestssetur eigi almennt að vera á jörðum og samræmist köllun og hlutverki prestsins í samfélaginu? Sömu leiðis verður að huga að hlutverki prestsins og kirkjunnar gagnvart sögu og menningu og hvernig jarðirnar tengjast þeirri ásýn.

Ef svo verður um framtíð að kirkjan skipi prestsþjónustu sinni m.a. á prestssetrum á jörðum, þá er mikilvægt að mótuð verði stefna um staðsetningu þeirra staða og þess gætt að áfram sé hlúð að umhverfi og byggingum og presturinn og kirkjan njóti arðs eins og sanngjarnt er.

Fylgigögn

Prestssetur-jarðir-2014-matsverð excel-skjal

Tafla I, Tafla II og Tafla III

Listi 1 og Listi 2

Álitsgerð prestssetranefndar 1965

Fasteignastefna þjóðkirkjunnar frá 2011

LISTI 1

Fasteignir í eigu kirkjumálasjóðs 1. október 2014

Suðurprófastsdæmi

Höfn - Hlíðartún 18

Kirkjubæjarklaustur - Klausturvegur 11

Vík - Ránarbraut 7

Fellsmúli

Oddi

Breiðabólstaður

Hruni

Skálholt

Skálholt - skipul. sumarhúsabyggðar

Skálholt - dómkirkja

Skálholt - skóli

Skálholt - sumarbúðir og bústaðir

Skálholt, vígslubiskupssetur

Skálholt, embættisbústaður rektors

Skálholt, Ársel

Skálholt, bústaður ábúanda

Mosfell, Grímsnesi

Eyrarbakki - Túngata 20

Hveragerði - Brattahlíð 5

Vestmannaeyjar - Hólagata 42

Vestmannaeyjar - Smáragata 6

Hraungerði

Voli (Hraungerði)

Bergþórshvoll – Sandar

Alls 16 fasteignir þar af 11 prestssetur

Kjalarnessprófastsdæmi

Garður - Skagabraut 30

Mosfellsbær - Mosfell 1

Mosfellsbær - Mosfell 2

Reynivellir

Útskálar – lóðir

Alls 4 fasteignir þar af 2 prestssetur

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Reykjavík - Laugavegur 31

Reykjavík - Háleitibraut 66 (Grensáskirkja)
hluti neðri hæðar

Reykjavík - Bergstaðastræti 75

Reykjavík - Hjarðarhagi 30

Alls 4 fasteignir engin prestssetur

Vesturlandsprófastsdæmi

Akranes - Laugarbraut 3

Saurbær

Staðarhóll, Hvanneyri

Borg

Reykholt

Stafholt

Staðastaður

Ólafsvík - Lindarholt 8

Grundarfjörður - Eyrarvegur 26

Stykkishólmur - Lágholt 9

Búðardalur - Sunnubraut 25

Alls 11 fasteignir allt prestssetur

Vestfjarðaprófastsdæmi

Reykhólar - Hellisbraut 4

Patreksfjörður - Aðalstræti 57

Þingeyri - Aðalstræti 40 (og Sandavegur 19)

Holt, Önundarfirði

Ísafjörður - Miðtún 12

Bolungarvík - Völusteinsstræti 16

Vatnsfjörður

Árnes

Hólmavík - Kópnesbraut 17

Alls 9 fasteignir þar af 7 prestssetur

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Prestsbakki (lóð og útihús)

Melstaður

Hvammstangi - Hvammstangabraut 21

Skagaströnd - Hólabraut 30

Mælifell

Miklibær

Langamýri í Skagafirði

Glaumbær

Sauðárkrókur - Barmahlíð 7

Hofsós - Kirkjugata 13

Vígslubiskupssetur á Hólum

Alls 11 fasteignir þar af 7 prestssetur

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Siglufjörður - Hvanneyrarbraut 45 og 41

Ólafsfjörður - Hlíðarvegur 42

Dalvík - Dalbraut 2

Hrísey - Austurvegur 9

Möðruvellir

Syðra-Laugaland

Háls í Fnjóskadal

Laufás

Skútustaðir

Grenjaðarstaður

Skinnastaður

Alls 11 fasteignir þar af 9 prestssetur

Austurlandsprófastsdæmi

Vopnafjörður - Hamrahlíð 12

Hof í Vopnafirði

Skeggjastaðir

Desjarmýri

Eiðar - Hraungarður 8

Seyðisfjörður - Öldugata 2

Valþjófsstaður

Valþjófsstaður II

Eskifjörður - Hátún 13

Fáskrúðsfjörður - Króksholt 1

Kolfreyjustaður

Heydalir

Djúpavogur - Steinar I

Alls 13 fasteignir þar af 7 prestssetur

**Samtölur um fjölda fasteigna í
eigu kirkjumálasjóðs 1. október
2014**

Suðurprófastsdæmi

Alls 16 fasteignir þar af 11 prestssetur

Kjalarnessprófastsdæmi

Alls 4 fasteignir þar af 2 prestssetur

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Alls 4 fasteignir engin prestssetur

Vesturlandsprófastsdæmi

Alls 11 fasteignir allt prestssetur

Vestfjarðaprófastsdæmi

Alls 9 fasteignir þar af 7 prestssetur

Húnavatns- og

Skagafjarðarprófastsdæmi

Alls 11 fasteignir þar af 7 prestssetur

Eyjafjarðar- og

Þingeyjarprófastsdæmi

Alls 11 fasteignir þar af 9 prestssetur

Austurlandsprófastsdæmi

Djúpavogur - Steinar I

Alls 13 fasteignir þar af 7 prestssetur

Listi 2

Fasteignir í eigu kirkjumálasjóðs 1. október 2014

Suðurprófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Fellsmúli	Hlíðartún 18, sveitarfélaginu Hornafirði	Mosfell í Grímsnesi		Túngata 20, Eyrarbakka
Oddi á Rangárvöllum	Klausturvegur 11, Kirkjubæjarklaustri, Skaftárhreppi	Hraungerði		Bergþórshvoll Sandar
Breiðabólstaður	Ránarbraut 7, Vík í Mýrdal, Mýrdalshrepp	Voli		
Hruni	Brattahlíð 5, Hveragerði			
	Hólagata 42, Vestmannaeyjum			
	Smáragata 6, Vestmannaeyjum			

Skálholt

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
	Skálholt, prestsbústaður	Skálholtsjörðin		Dómkirkja
				Skálholtsskóli
				Vígslubiskupssetur
				Embættisbústaður rektors
				Ársel (organistahús)
				Bóndabýli
				Útihús
				Sumarbúðir og 3 sumarbústaðir

Kjalarnessprófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Reynivellir	Skagabraut 30, Sveitarfélaginu Garði	Mosfell II, Mosfellsbær		Útskálar – lóðir Sveitarfélaginu Garði
	Mosfell I, Mosfellsbær			

Reykjavíkurrófastsdæmi vestra

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
			Laugavegur 31, Reykjavík	Bergstaðastræti 75, Reykjavík biskupsbústaður
			Háaleitisbraut 66 (Grensáskirkja) hluti neðri hæðar	Hjarðarhagi 30. 1.h.t.h., Reykjavík (arfur til kirkjunnar)

Vesturlandsrófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Saurbær	Laugarbraut 3, Akranes			
Staðarhóll, Hvanneyri	Lindarholt 8, Ólafsvík			
Borg á Mýrum	Eyrarvegur 26, Grundarfjörður			
Reykholt	Lágholt 9, Stykkishólmur			
Stafholt	Sunnubraut 25, Búðardalur			
Staðastaður				

Vestfjarðarófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Holt í Önuðarfirði	Hellisbraut 4, Reykhólahreppi	Vatnsfjörður, Súðavíkurhreppi		
	Aðalstræti 57, Patreksfjörður, Vesturbyggð	Árnes I, Ströndum, Árneshreppur		
	Aðalstræti 40 og Sandavegur 19, Þingeyri			
	Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ			
	Völusteinsstræti 16, Bolungarvík			
	Kópnesbraut 17, Hólmavík, Strandabyggð			

Húnavatns- og Skagafjarðarófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Melstaður	Hvammstangabraut 21, Hvammstanga	Mælifell, Skagafirði		Prestsbakki (lóð og útihús)
Glaumbær	Hólabraut 30,			Langamýri

	Skagaströnd			fræðslusetur þjóðkirkjunnar, Skagafirði
Miklibær	Barmahlíð 7, Sauðárkróki			Vígslubiskupssetur, Hólum
	Kirkjugata 13, Hofsósi			

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Möðruvellir	Hvanneyrarbraut 45 og 41, Siglufirði	Háls í Fnjóskadal		Austurvegur 9, Hrísey
Syðra - Laugaland	Hlíðarvegur 42, Ólafsfirði			
Laufás	Dalbraut 2, Dalvík			
Skútustaðir,				
Grenjaðarstaður, Þingeyjarsveit				
Skinnastaður				

Austurlandsprófastsdæmi

Prestssetursjörð	Prestsbústaður	Kirkjujörð	Skrifstofuhúsnæði	Annað
Hof í Vopnafirði	Hamrahlíð 12, Vopnafirði	Desjarmýri		Hraungarður 8, Eiðum
Skeggjastaðir	Öldugata 2, Seyðisfirði	Valþjófsstaður I og II		
Heydalir, Breiðdalshreppi	Hátún 13, Eskifirði	Kolfreyjustaður		
	Króksholt 1, Fáskrúðsfirði			
	Steinar I, Djúpavogi			

Pingsályktun um fasteignastefnu þjóðkirkjunnar

Samþykkt á kirkjuþingi 2011

I. Um fasteignir kirkjumálasjóðs

Almenn atriði

1. Til að styðja þjónustu þjóðkirkjunnar, hlutverk hennar og markmið skulu lagðar til fasteignir þar sem nauðsyn krefur og eftir því sem fjárhagur leyfir og stefna þessi mælir nánar fyrir um.

2. Þjóðkirkjan varðveitir auk þess tiltekna fasteignir þyki sérstök söguleg, menningarleg eða önnur veigamikil rök hníga til þess. Kirkjuþing ákveður hvaða fasteignir, aðrar en kirkjur, skuli varðveittar hverju sinni, á þeim grundvelli.

Ráðstöfun þeirra fasteigna kirkjunnar sem falla undir 2. lið fer eftir stefnu þessari og gildandi réttarheimildum á hverjum tíma.

3. Við varðveislu fasteigna sinna virðir þjóðkirkjan eftir því sem við á, umhverfi, fornminjar, sögu, náttúrufar, friðun náttúru og mannvirkja og önnur þau sérkenni sem telja má að hafi varðveislugildi.

4. Leitast skal við að gefa almenningi kost á að njóta aðgangs að jörðum þjóðkirkjunnar til fræðslu og útivistar í samráði við umráðanda hverju sinni. Virða skal rétt umráðanda til afnota og friðhelgi.

5. Við umsýslu fasteigna skal unnið á grundvelli stjórnsýslulaga og góðra stjórnsýsluhátta.

Fjárhagslegir þættir

6. Leitast skal við að hámarka arðsemi fasteignanna og fylgja fjárfestingarstefnu kirkjunnar í því sambandi.

Arður af fasteignum kirkjumálasjóðs skal nýttur til styrktar þjónustu kirkjunnar. Meta má umráðanda prestssetursjarða til tekna umsýslu og vinnuframlag vegna hlunninda og reksturs jarðarinnar.

7. Gæta skal hagkvæmni við rekstur og umsýslu fasteigna kirkjumálasjóðs í hvívetna. Þjóða skal verkefni út í samræmi við gildandi lög um opinber innkaup hverju sinni svo og ef hagkvæmt þykir.

8. Öll fjármálaumsýsla vegna fasteigna kirkjumálasjóðs skal vera gagnsæ og sýnileg.

Viðhald og endurbætur

9. Fasteignir skulu almennt vera í góðu ásigkomulagi og líta vel og snyrtilega út. Virða skal upphaflega útlitshönnun mannvirkja eftir því sem kostur er. Viðhald og endurbætur fasteigna skulu fara eftir fyrirfram mótuðum verklagsreglum og viðmiðum um reglubundið viðhald. Gerðar skulu framkvæmdaáætlanir til þriggja ára og framkvæmdum forgangsraðað eftir mikilvægi.

Réttindagæsla

10. Varðveita skal tryggilega réttindi og hlunnindi sem tengjast fasteignum kirkjumálasjóðs.

Þinglýsa skal eignarréttindum yfir fasteignum.

Landamerki jarða og landa skulu vera skýrlega mörkuð og lögum samkvæmt.

11. Kirkjuráð skal sjá til þess að skráning og mat á fasteignum kirkjumálasjóðs í fasteignaskrá sé ávallt rétt.

12. Fasteignir kirkjumálasjóðs skulu váttryggðar fyrir bruna, en aðrar tryggingar skulu eigi vera nema sérstök þörf sé talin á.

Hverjum skal leggja til fasteign

13. Leggja skal kirkjuþingi og Biskupsstofu (biskupi Íslands og kirkjuráði) til nægilegt og hæfilegt húsnæði til starfsemi sinnar.

14. Heimilt er að leggja biskupi Íslands og vígslubiskupum til embættisbústaði.

15. Embættisbústaðir verða lagðir til skv. 1. og 2. tl. fasteignastefnunnar.

Kaup og sala

16. Kirkjuþing skal samþykkja kaup og sölu á fasteignum.

17. Við kaup á fasteign skal að jafnaði auglýst eftir eign, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.

18. Eigi skal kaupa fasteignir á jörðum kirkjumálasjóðs eða annað sem þeim tengist nema við ábúðarlok. Nú er kaupskylda kirkjumálasjóðs ekki fyrir hendi og skal þá eigi heimilt að kaupa eignir nema brýna nauðsyn þyki bera til.

19. Fasteignir kirkjumálasjóðs, sem seldar eru, skulu auglýstar til sölu og öllum gefinn kostur á að bjóða í þær. Kirkjuþing getur samþykkt undantekningar frá þessu í einstökum tilvikum. Þess skal ávallt gætt að tryggja viðhlítandi landsréttindi kirkna og kirkjugarða ef við á, áður en sala fer fram.

Nýbyggingar

20. Við nýbyggingar fasteigna á vegum þjóðkirkjunnar skal að jafnaði kanna hvort efna skuli til samkeppni um hönnun, einkum ef um mannvirki á prestssetursjörðum er að ræða. Landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu þjóðkirkjunnar

21. Þjóðkirkjan fjárfestir ekki í uppbyggingu landbúnaðarstarfsemi á jörðum í eigu kirkjumálasjóðs, nema því aðeins að brýna nauðsyn beri til, lög mæli fyrir um, eða telja megi slíkt fjárhagslega hagkvæmt.

22. Framleiðsluréttur á jörðum skal að jafnaði seldur við lok ábúðar í samræmi við nánari reglur þar að lútandi.

II. Um aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar

23. Um aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar en hér um ræðir gilda ákvæði starfsreglna kirkjuþings hverju sinni.

24. Í hverri sókn skal vera sóknarkirkja auk fullnægjandi starfsaðstöðu fyrir sóknarbörn og starfsmenn. Sóknir geta þó sameinast um eina sóknarkirkju og starfsaðstöðu ef hagkvæmt þykir.

25. Kirkjuþing setur nánari starfsreglur í samræmi við stefnu þessa.

26. Fasteignastefna þessi öðlast gildi 1. janúar 2012.

Tafla I

Prestssetursjarðir fjöldi

	2014		2008		Mism.		Heimild til niðurfellingar		1965	Mism. 1965 og 2014
	prestssetur	þar af jarðir	prestssetur	þar af jarðir	prestssetur	þar af jarðir	prestssetur	þar af jarðir	Úttekt jarða	jarðir
Suðurlandsprófastsdæmi	11	4	20	11	-9	-7	4	0	14	-10
Kjalarnessprófastsdæmi	3	1	4	3	-1	-2	2	0	2	-1
Vesturlandsprófastsdæmi	11	6	13	7	-2	-1	2	1	13	-7
Vestfirðisprófastsdæmi	7	2	12	4	-5	-2	1	0	12	-10
Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi	7	3	11	5	-4	-2	1	0	11	-8
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	9	6	14	7	-5	-1	1	0	10	-4
Austurlandsprófastsdæmi	9	4	10	4	-1	0	3	1	8	-4
	57	26	84	41	-27	-15	14	2	70	-44

Tafla II

Prestssetursjarðir í október 2014

Fasteignir/jarðir/ ræktun	Samantekt allt landið	Suður-prófastsdæmi	Kjalarness-prófastsdæmi	Vesturlands-prófastsdæmi	Vestfirðis-prófastsdæmi	Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi	Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	Austurlands-prófastsdæmi	samnt
Íbúðarhús	362.870	54.850	20.200	97.628	2.540	60.948	87.210	39.494	362.870
Bílskúr	22.844	3.913	0	7.747	26	5.247	1.899	4.012	22.844
Útihús m.m.	107.747	16.316	6.781	7.801	2.000	10.880	51.844	12.125	107.747
Jörð / ræktað land	90.545	23.007	7.725	17.511	1.916	11.748	16.042	12.596	90.545
Fasteignir/jarðir/ ræktun Samtals	584.006	98.086	34.706	130.687	6.482	88.823	156.995	68.227	584.006
Hlunnindi									
Lax og silungur	150.737	571	22.000	33.864	0	8.477	7.805	78.020	150.737
Æðarvarp	31.406	0	0	3.580	3.500	1.604	421	22.301	31.406
Annað (Reki o.fl.)	5.436	52	0	3.910	0	0	1.442	32	5.436
Hlunnindi Samtals	187.579	623	22.000	41.354	3.500	10.081	9.668	100.353	187.579
Alls Fasteignir og hlunnindi	771.585	98.709	56.706	172.041	9.982	98.904	166.663	168.580	771.585

Fasteignamat 2014 í þús. kr.

Tafla III

Prestssetursjarðir í október 2014

Arður af hlunnindum pr. ár	Samantekt allt landið	Suður-prófastsdæmi	Kjalarness-prófastsdæmi	Vesturlands-prófastsdæmi	Vestfirðis-prófastsdæmi	Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi	Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	Austurlands-prófastsdæmi	samnt
Hreindýr arðgr. v/ ársins 2013	753	0	0	0	0	0	0	753	753
Beingreiðslur v/ sauðfjár v/ ársins 2014	8.696	2.000	0	1.324	0	2.384	1.336	1.652	8.696
Lax og silungurveiði skv. fast.mati	15.074	57	2.200	3.386	0	848	781	7.802	15.074
Æðarvarp skv. fast.mati	3.141	0	0	358	350	160	42	2.230	3.141
Annað skv. fast.mati	544	5	0	391	0	0	144	3	544
Samtals	28.207	2.062	2.200	5.460	350	3.392	2.303	12.440	28.207

Fjárhæðir í þús. kr.

Tafla II a

Prestssetursjarðir í október 2014

Fasteignir/jarðir/ ræktun	Samantekt allt landið	Suður-prófastsdæmi	Kjalarness-prófastsdæmi	Vesturlands-prófastsdæmi	Vestfirðis-prófastsdæmi	Húnavatns- og Skagafjarðar-prófastsdæmi	Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi	Austurlands-prófastsdæmi	samnt
Íbúðarhús	362.870	54.850	20.200	97.628	2.540	60.948	87.210	39.494	362.870
Bílskúr	22.844	3.913	0	7.747	26	5.247	1.899	4.012	22.844
Útihús m.m.	107.747	16.316	6.781	7.801	2.000	10.880	51.844	12.125	107.747
Jörð / ræktað land	90.545	23.007	7.725	17.511	1.916	11.748	16.042	12.596	90.545
Fasteignir/jarðir/ ræktun Samtals	584.006	98.086	34.706	130.687	6.482	88.823	156.995	68.227	584.006
Hlunnindi									
Lax og silungur	150.737	571	22.000	33.864	0	8.477	7.805	78.020	150.737
Æðarvarp	31.406	0	0	3.580	3.500	1.604	421	22.301	31.406
Annað (Reki o.fl.)	5.436	52	0	3.910	0	0	1.442	32	5.436
Hlunnindi Samtals	187.579	623	22.000	41.354	3.500	10.081	9.668	100.353	187.579
Hlunnindi utan fasteignamats									
Hreindýr arðgr. v/ ársins 2013	753	0	0	0	0	0	0	753	753
Beingreiðslur v/ sauðfjár f/ árið 2014	8.696	2.000	0	1.324	0	2.384	1.336	1.652	8.696
Hlunnindi utan fasteignamats Samtals	9.449	2.000	0	1.324	0	2.384	1.336	2.405	9.449
Alls Fasteignir og hlunnindi	781.034	100.709	56.706	173.365	9.982	101.288	167.999	170.985	781.034
Fjöldi jarða með greiðslumark	15	3	0	3	0	3	3	3	15
Fjöldi jarða með greiðslumark yfir 50 ærg.	10	2	0	2	0	2	2	2	10
Fjöldi jarða með greiðslumark yfir 100 ærg.	6	1	0	1	0	2	1	1	6

Fasteignamat 2014 í þús. kr.

1. mál

Fskj. D (iii)

Álitsgerð Prestsetranefndar 1965

Sjá: [http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/
adrar-heimildir/alitsgerd-prestsetranefndar-fra-1965/](http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/adrar-heimildir/alitsgerd-prestsetranefndar-fra-1965/)

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar

Kópavogi 28.8. 2014

Heiðraða kirkjuráð.

Ellimálanefnd Þjóðkirkjunnar hefur unnið að **stefnumótun kirkjunnar í starfi fyrir eldri borgara**. Þar er áhersla lögð á hvernig við mótum markvisst og árangursríkt eldri borgara starf í kirkjum landsins. Nefndin hefur einnig unnið að **fræðslustefnu fyrir eldri borgara og sett fram markmiðslýsingu**. Hún myndi koma í stað **B 3 Eldri borgara starf** í núverandi Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar. Nefndin leggur til að stefnumótunin og fræðslustefnan verði lagðar fram á kirkjuþingi 2014.

F.h. Ellimálanefndar Þjóðkirkjunnar

sr. Magnús Björn Björnsson, formaður

Stefnumótun

Markmið:

Markmið kirkjustarfs eldri borgara er að skapa samfélag vináttu, gleði, trausts og samfélag um kristna trú þar sem allir njóta virðingar og jafnréttis. Móta af fagmennsku samfélag þar sem fólk hittist til að sinna félagslegum, andlegum og trúarlegum þörfum í öruggu og vingarlegu umhverfi. Þjóða upp á samverur sem byggja á helgihaldi, metnaðarfullri og uppbyggilegri dagskrá. Vinna markvisst að því að styrkja innviði og persónuleg samskipti með vinaheimsóknum og stuðningi við sjálfbodaliða í kirkjulegu starfi. Ferðalög og lengri samverur eru til að styrkja hópinn og efla þannig enn frekar traust og vináttu allra.

Verkefni:

- Þessum markmiðum skal náð með því að:
 - sníða samverur að þörfum eldri borgara
 - efla gleði og hlátur
 - virkja eldri borgara í að vera bæði veitendur og þiggjendur
 - mæta eldri borgurum af virðingu, tillitssemi og hlýju
 - rjúfa einangrun með vinaheimsóknum
 - veita sálgæslu og næði til að sinna úrvinnslu erfiðra mála
 - mynda góð tengsl við félagsmiðstöðvar, heilsugæslu, heimaþjónustu og félagsþjónustu

Fræðslustefna

B 3 Eldri borgara starf

Markmið: Að veita faglega fræðslu fyrir eldri borgara sem hjálpar þeim að iðka kristna trú, biblíulestur og tilbeiðslu, vinna úr áföllum, sorg og missi, vera virkir þátttakendur í helgihaldi, kirkjulegu starfi og vinaheimsóknum. Að tryggja faglega umsjón með fræðslustarfi safnaðanna, þjálfun og umsjón sjálfboðaliða og tryggja aðgang að fjölbreyttu fræðsluefni.

Verkefni:

- Helgihald, söngur, kirkjuleg tónlist
- Biblíulestrar, fræðsla um trúarleg og kirkjuleg málefni
- Fræðsla um sorg og missi
- Messuþjónusta og þátttaka í henni
- Þjálfun sjálfboðaliða og fræðsla um umjón sjálfboðastarfs og vinaheimsókna
- Tryggja fjölbreytt fræðsluefni með öflugri gagnaveitu

Greinargerð.

Lagt er til að í fræðslustefnu þjóðkirkjunnar komi fram vilji til að ástunda fagleg vinnubrögð í öllu sem viðkemur kirkjulegu starfi með eldri borgurum, gerð fræðsluefnis og þjálfun sjálfboðaliða.

Það sem almennt kallast eldri borgarar í dag er vaxandi hópur. Gróflega mætti skipta honum í tvennt: þ.e. fólk sem ekki stundar lengur fasta vinnu en er við góða heilsu, oft fjárhagslega sjálfstætt, og hefur löngun til að fræðast og láta gott af sér leiða. Vart þarf að árétta mikilvægi þessa aldurshóps í starfi kirkjunnar hvort heldur sem er í helgihaldi, námskeiðum eða sjálfboðnu starfi.

Seinni hópurinn er fólk sem býr við margvíslega hömlun af völdum hrörnunar og sjúkdóma, er gjarnan tengist hækkuðum lífaldri. Þar er minni þörf og eftirspurn eftir beinni fræðslu en frekar eftir helgihaldi og samverum. Vinna þarf að því að rjúfa einangrun þessa hóps og mæta trúarlegum þörfum hans þegar hann getur ekki sótt helgihald í kirkjuna sína.

Mikið starf hefur nú þegar verið unnið í því að draga saman efni sem að gagni má koma í starfi með eldri borgurum. Mikilvægt er að halda því markvisst áfram.

Skýrsla vinnuhóps um fjármál Þjóðkirkjunnar

Á fimmtugasta. kirkjuþingi 2013 var lögð fram tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að vinna tillögur um rekstur og fjármál. Tillagan var svohljóðandi: „Kirkjuþing 2013 ályktar að skipa þriggja manna nefnd sem fari yfir rekstur og fjármál kirkjunnar með það að markmiði að ná jafnvægi í rekstri sem allra fyrst. Nefndin skal hefjast handa nú þegar og skila tillögum fyrir lok janúar 2014 þannig að hægt sé að leggja hagræðingartillögur fyrir kirkjuþing í mars til afgreiðslu. Kirkjumálasjóður greiði laun starfsmanns í fullu starfi fyrir nefndina í þrjá mánuði.“

Tillagan var lögð fyrir fjárhagsnefnd þingsins sem flutti ályktun sem samþykkt var, svohljóðandi: „Kirkjuráð og starfsfólk Biskupsstofu hafa sinnt vel hlutverki sínu að mæta fordæmislausum aðstæðum í rekstri þjóðkirkjunnar á tímum mikils samdráttar í tekjum. Fjárhagsnefnd telur rétt að kirkjuþing skipi þriggja manna vinnuhóp er meti árangur og leiti nýrra leiða til þess að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar. Niðurstöður hópsins verða lagðar fyrir kirkjuráð sem leggur á það endanlegt mat hvort þeim verði fylgt að fengnu samþykki kirkjuþings á vorþingi 2014. Kirkjuráð veitir nefndinni alla þjónustu og fjármuni til þess að sinna starfi sínu.“

Kirkjuþing kaus í vinnuhóp sem skipaður er eftirfarandi einstaklingum. Birna G. Konráðsdóttir kirkjuþingsmaður, formaður. Guðmundur Einarsson formaður sóknarnefndar Seltjarnarneskirkju, ritari, Þráinn Þorvaldsson sóknarnefndarmaður í Bústaðasókn meðstjórnandi.

Þessi drög eru niðurstaða vinnuhópsins sem skipaður var samkvæmt ofanrituðum tillögum og ályktunum. Hópurinn réði starfsmann, Andrés Kr. Konráðsson, er vann þær tölulegu upplýsingar sem eru í skýrslunni. Vinnuhópurinn hefur talið það meginmarkmið sitt, eins og tillagan ber með sér, að meta núverandi stöðu og koma með tillögum að leiðum þess að ná jafnvægi í fjármálum þjóðkirkjunnar.

Meginvinnan fólst í því að afla tölulegra gagna um embættið ásamt viðtölum við lykilstarfsmenn þess. Ákveðið var að miða við ársreikninga og tölur fyrir árið 2012 þar sem ekki þótti við hæfi að íþyngja starfsmönnum meira á lokametrunum í uppgjöri fyrir árið 2013. Verður því að taka öllum þeim tölum sem hér eru birtar með þeim fyrirvara um áorðnar breytingar frá þessum tíma. Hinsvegar eru þær breytingar óverulegar að sögn starfsmanna embættisins

Heildarstaðan:

Samanlagður rekstarreikningur fyrir árið 2012

Möguleikar: ...til þess að ná jöfnuði í rekstri
...til þess að auka tekjur sókna
...til þess að selja eignir og hagræða

Tekjur:

Biskupsstofa (kirkjujarðasamkomulag)	1.660.998.505
Kirkjumálasjóður	532.366.737
Jöfnunarsjóður	296.824.068
Samtals tekjur	2.490.189.310
Gjöld:	
Biskupsstofa (laun presta & starfsmanna)	1.673.162.618
Kirkjumálasjóður	566.076.217
Jöfnunarsjóður	309.913.433
Samtals kostnaður	2.549.152.268
Fjármagnsgjöld	23.614.714
Samtals gjöld	2.572.766.982
Rekstrarhalli	-82.577.672
Mögulegur árlegur sparnaður	163.000.000
Mögulegur tekjuauki fyrir Þjóðkirkjuna	80.422.328
Mögulegur árlegur sparnaður án fækkunar prestsembætta	79.000.000
Rekstrarhalli	-3.577.672
Ef hagræðing yrði í störfum prestsembætta eða á öðrum sviðum	-3.600.000
Niðurstaða í rekstri - jöfnuður	22.328
Annað:	
Mögulegur árlegur ávinningur sem renni til sókna	43.185.000
Möguleg eingreiðsla til Þjóðkirkjunnar	121.428.000

Tekjur:

Biskupsstofa (kirkjujarðasamkomulag)	1.660.998.505
Kirkjumálasjóður	532.366.737
Jöfnunarsjóður	296.824.068
Samtals tekjur	2.490.189.310

Gjöld:

Biskupsstofa (laun presta & starfsmanna)	1.673.162.618
Kirkjumálasjóður	566.076.217
Jöfnunarsjóður	309.913.433
Samtals kostnaður	2.549.152.268
Fjármagnsgjöld	23.614.714
Samtals gjöld	2.572.766.982
Rekstrarhalli	-82.577.672
Mögulegur árlegur sparnaður	163.000.000
Mögulegur tekjuauki fyrir Þjóðkirkjuna	80.422.328

Mögulegur árlegur sparnaður án fækkunar prestsembætta	79.000.000
Rekstrarhalli	-3.577.672
Ef hagræðing yrði í störfum prestsembætta eða á öðrum sviðum	-3.600.000
Niðurstaða í rekstri - jöfnuður	22.328

Annað:

Mögulegur árlegur ávinningur sem renni til sókna	43.185.000
Möguleg eingreiðsla til Þjóðkirkjunnar	121.428.000

Að frádregnum millifærslum á milli þessara sjóða má segja að heildar fjárframlög (tekjur) séu 2.227 millj króna og gjöld séu 2.286 millj króna.

Rekstarafkoma er því neikvæð sem nemur 82,6 millj króna. Fjárvöntun fyrir árið 2014 er samkvæmt þingskjali 2 frá síðasta kirkjuþingi 124 millj hjá Biskupsstofu. Kemur þar fram afgangur af kirkjumálasjóði sem nemur 21,7 millj króna til greiðslu vaxtaberandi skulda. Er þar einkum um að ræða afborgun af lánum sem eru með veð í núverandi húsnæði biskupsstofu að Laugavegi 31. Í fyrstu útgefnum gögnum sem starfsmaður nefndarinnar fékk voru áður nefndar upplýsingar. Fjármálastjóri þjóðkirkjunnar segir hins vegar að um 18,3 milljón króna halla sé að ræða.

Það er óviðunandi staða að reka Þjóðkirkjuna með halla. Grípa þarf til aðgerða til að snúa þeirri óheillavænlegu þróun við. Marka ber raunhæfa stefnu um hvernig jöfnuði verði náð bæði í rekstri og fjármögnun. Hluti af þeirri stefnumörkun hlýtur að snúast um hvernig auka megi tekjur jafnframt því að draga úr kostnaði og auka gagnsæi fjármagnsflæðis. Þessi drög miðast við það að leysa það viðfangsefni.

Helstu niðurstöður vinnuhópsins eru eftirfarandi:

1. Tekjumöguleikar.

a. Aðgerðir til að snúa við þeirri þróun að stöðugt fækki í Þjóðkirkjunni

Staðreynd er að skráðum félögum í Þjóðkirkjunni hefur fækkað, einkum unga fólkinu. Lyfta þarf grettistaki til að stuðla að fjölgun sóknarbarna. Því er brýn nauðsyn að athuga hvernig best verður unnið gegn þeirri fækkun og snúa þróuninni við. Efla þarf starfið í söfnuðum landsins, bæði í dreifbýli og þéttbýli, ekki þó síst þar sem fólkið er flest og laða fram þátttöku almennings í sóknunum. Stöðva þarf úrsögn úr Þjóðkirkjunni með öllum ráðum og þar þurfa prestar, sóknarnefndarfolk og annað starfsfolk kirkna að snúa bökkum saman. Hinn 1. desember s.l. voru 245.184 einstaklingar skráðir í Þjóðkirkjuna, og má ætla með tilliti til aldursskiptingar að þar af séu greiðendur sóknargjalda (16 ára og eldri) u.þ.b. 191.000; náist 1% aukning er um að ræða aukningu á tekjum sem nemur rúmlega 18 millj á ári. Er þá reiknað með sóknargjaldi eins og það er á þessu ári, sem er 750 kr. á hvern gjaldanda á mánuði eða 9.000 kr. á ári. Auk þess er sérstakt sóknargjald sem greitt er í eitt skipti áætlað kr. 496,20, eða samtals 9.496,20 kr. á hvern gjaldanda á ári. Sú tekjuaukning

kemur að vísu sóknunum fyrst og fremst til góða, en efling þeirra leiðir til eflingar Þjóðkirkjunnar allrar.

Í þessu sambandi eru nefnd 4 atriði sem vinnuhópnum finnst ástæða til að leggja áherslu á:

1. *Skilgreina þarf betur markmiðið með þjónustu kirkjunnar, hvaða hag almennings hefur af starfi hennar og hvernig því verður best komið á framfæri.*
2. *Leitað verði leiða í eflingu safnaðarstarfs sem bera árangur. Með því að kanna hvar ávinningur hefur verið mestur af skilvirku og auðugu safnaðarstarfi mætti nýta þá vitneskju annars staðar. Líta má til Þýskalands og fleiri landa þar sem árangur af fjölgun hefur orðið tölverður með því að vinna forvarnarstarf. Ásamt því að skoða það sem vel hefur verið gert í einstökum sóknum innanlands.*
3. *Valddreifing verði aukin og sem flestar ákvarðanir sem snerta einstaka söfnuði verði fluttar til þeirra sjálfra – dregið úr miðstýringu. Á þetta ekki síst við um val og ráðningu starfsmanna, þ.m.t. presta. Slík valddreifing er líkleg til að auka áhuga heimamanna á þátttöku í starfi kirkjunnar. Sem dæmi mætti skoða framkvæmd á kosningu presta og biskupa í þessu samhengi. Hverjir fá að taka þátt?*
4. *Leitað verði nýrra leiða til þess að koma boðskap kirkjunnar á framfæri m.a. með notkun nútíma fjölmiðlatækni. Stefnt verði að því að fólk sem ekki sækir kirkjur geti notið boðskapar á annan hátt en með kirkjusókn.*

b. Hlunnindi kirkna

Í lögum frá 1907 um laun presta segir svo: „Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans.“ Greinilegt er að löggjafinn hafði ekki hugsað sér að hlunnindi af jörðum yrðu umfram laun prestsins. Tími er komin til að endurskoða þessi mál að nýju þar sem prestar hafa föst laun í dag og þurfa ekki á hlunnindum að halda, sér til framfæris. Kirkjan þarf að marka sér þá stefnu að hlunnindi og tekjur sem tengjast eignum hennar verði nýttar af kirkjunni og til kirkjulegs starfs, m.a. í sóknum landsins. Ekki verður fullyrt um nákvæmar fjárhæðir í þessu efni, þar sem erfiðlega hefur gengið að fá nákvæmar upplýsingar og kanna þarf hvernig er unnt að framkvæma slíka breytingu. Skoða þarf haldsbréf presta í þessu samhengi. Hér er í fyrstu einkum horft til fyrirhafnalausra hlunninda eins og tekjur af lax- og silungsveiði. (fylgiskjal skýrsla um hlunnindi frá síðasta kirkjuþingi)

c. Umtalsvert tap er á leigu prestbústaða til presta.

Núgildandi reglur segja til um hámark og lágmark leigugreiðslna. Slíkar reglur geta varla talist eðlilegar í nútímanum og ætti leiga á prestsbústöðum að byggjast á því sem markaðsverð segir til um í hverju héraði eða hlutfall af fasteignamati eignar eða til að byrja með að sú reikniregla sem notuð er í dag, 3.3% af fasteignamati eignar verði notuð, án þaks eða botns. Ef tillaga í þessa veru yrði samþykkt á Kirkjuþingi má gera ráð fyrir tekjur ykjast um u.þ.b. 15 millj á ári. (fylgiskjal, lauslegt yfirlit um leigugreiðslur presta. Ekki tekið eftir einstaka prestsbústöðum)

d. Skapa þarf betri verkferla um innheimtu leigutækna annarra jarða kirkjumálasjóðs.

Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt að verkferlar séu ekki nógu skilvirkir hjá embættinu. Talsvert virðist skorta á að innheimta á leigutækjum embættisins sé skilvirk, og að mati starfsmanns er varlega áætlað að 5-10 milljónir falli þar árlega milli skips og bryggju.

2. Kostnaður biskupsstofu

a. Afkoma og launakostnaður

Meginhluti rekstrarskostnaðar embættisins eru launagreiðslur. Árið 2012 var 84 milljóna króna hallarekstur og fjárvöntun er rúmlega 140 millj fyrir árið 2014. Með endurskoðun launa gætu sparast 10-20 millj.kr. á ári. Taka verður fram að sýnileiki þessa kostnaðar er lítil í ársreikningum (sérstaklega Kirkjumálasjóði), þar sem kostnaður sem þessi er bókaður undir ýmsa liði. Ríkisendurskoðun gerði athugasemd í umfjöllun sinni að launaáætlanir stæðust ekki hjá embættinu, samkvæmt skjali nr. 13010381bréf frá Ríkisendurskoðun. Hluti af þeirri skýringu gæti verið hversu víða laun eru bókuð og að sérstaklega sé greitt fyrir verkefni sem eru innifalin í störfum eins og nefndarsetu. Öðru máli gegndi ef um aðkeypt vinnuafli væri að ræða. Hér er því breytinga þörf, ekki síst á verkferlum bókonar svo ársreikningurinn verði gagnsærri og allar lykiltölur aðgengilegar.

b. Nefndarlaun

Skilgreina þarf hvenær verkefni nefnda og vinnuhópa falla innan verksviðs þeirra sem sem í þeim eru. Ef jafnað er til ríkisstofnana, þá tíðkast þar að greiða nefndarlaun þeim sem kallaðir eru til slíkra starfa við verkefni sem falla utan verksviðs þeirra. Þeir sem sitja í nefndum og vinnuhópum sem fjalla um mál sem falla innan verksviðs viðkomandi fá ekki greidd sérstök nefndarlaun. Að sjálfsögðu yrði greitt fyrir útlagðan kostnað eins og t.d. akstur.

3. Skipulagsmál

Starfsfólki finnst gott að vinna hjá embættinu. Þó kemur fram í samtölum við starfsfólk að óánægja er með skipulag starfseminnar á Biskupsstofu, óljósar boðleiðir og borið hefur á gagnrýni á fælni við ákvörðunartöku. M.a. er stjórnskipulagi Biskupsstofu kennt um, þar sem skipuritið er ekki samhæft fyrir embættið. Vinnuhópurinn telur grundvallaratriði að skipulagi og verkþáttum á Biskupsstofu verði breytt. Það sé forsenda þeirra rekstrarlegu breytinga sem gera þarf á starfseminni. Vinnuhópurinn styður heilshugar áður framkomnar tillögur m.a. frá Ríkisendurskoðun um skiptingu yfirstjórnunar Biskupsstofu annars vegar í stjórnun og framkvæmd trúarlegra málefna og hins vegar stjórnun veraldlegra rekstrarlegra þátta sem er í átt að þeim tillögum sem Ríkisendurskoðun lagði til í skýrslu sinni árið 2011. Æðsti yfirmaður kirkjunnar verði áfram Biskup Íslands en hans næsti undirmaður verði framkvæmdarstjóri sem stjórnar veraldlegum rekstri Biskupsstofu. Jafnframt gegndi viðkomandi starfsmaður stöðu framkvæmdastjóra kirkjuráðs og hefði yfirumsjón með fasteignum þjóðkirkjunnar, fjármálum og bókhaldi. Hér skiptir miklu mál að til starfsins veljist einstaklingur sem hefur reynslu af rekstri, menntun og hæfileika til að gegna þessu embætti í góðu samstarfi við biskup, starfsfólk

Biskupsstofu og aðra þá einstaklinga sem starfa innan kirkjunnar. Vinnuhópurinn gæti hugsað sér að um yrði að ræða eins konar framkvæmdateymi. Þær skipulagsbreytingar innan Biskupsstofu sem nauðsynlegt er að gera þessu samhliða þarf að framkvæma að vel ígrunduðu máli í góðu samráði við Biskup Íslands. Gróflega má áætla að með sameiningu stöðugilda náist sparnaður sem nemur 30-35 millj.kr. á ári.

4. Prestaköll.

a. Fækkun prestakalla

Samkvæmt tillögu sem liggur fyrir kirkjuþingi er gert ráð fyrir að lágmarks fjöldi sóknarbarna á prest sé að meðaltali um 750 einstaklingar í dreifbýli og um 2.500 einstaklingar í þéttbýli. Ef einungis þetta ákvæði tillögunnar næði fram að ganga má gera ráð fyrir fækkun presta um átta. Með því næst um 84 millj sparnaður á ári. Ekki er hér tekið tillit til þess að embætti í fjölmönnum prestaköllum hafa ekki verið auglýst. Takist þjóðkirkjunni að efla starfið á næstu árum og fjölda meðlimum þjóðkirkjunnar ætti það að geta leitt til fjölgunar starfandi presta á þéttbýlli svæðum og nýjum sviðum.

b. Vígslubiskupsembættin

Vinnuhópurinn telur að til greina kæmi að sameina vígslubiskupsembættin í Skálholti og Hólum og embætti sóknarpresta á staðnum, eða leggja þau niður í núverandi mynd og gera vígslubiskupsembættið að heiðursembætti presta. Hvernig sem þetta yrði útfært þarf í öllu falli að skilgreina starf vígslubiskupa. Ávinningur af slíku er þó ekki tekinn með í útreikningum en gæti skoðast sem hluti af fækkun prestsembættanna. Sökum tímaskorts var ekki farið nánar í að skoða vígslubiskupsstólanna. Lausleg skoðun sýndi þó að þar sé ýmislegt sem þarf að athuga betur og verður að ákveða hið fyrsta hvað gera skuli í þeim efnum.

c. Kirkjujarðasamkomulagið

Ekki er hægt að tala um prestaköll og sameiningu þeirra án þess að minnst á kirkjujarðasamkomulagið frá 1997. Síðastliðin fimm ár hefur Kirkjuþing samþykkt skerðingu þá sem Ríkisjóður hefur farið fram á. Sú aðferðafræði hefur ekki verið kirkjunni í hag. Má leiða að því líkur að staða embættisins væri mun sterkari hefði það ekki fyrirgert rétti sínum til bóta ef betur áraði hjá ríkinu. Með sönnu má segja að hægt hefði verið að hafna þessu samkomulagi en heita því jafnframt að hefja ekki málsókn, þrátt fyrir vanefndir á samkomulaginu. Þar með hefði réttur þjóðkirkjunnar til bóta verið óskertur sem ekki er í dag. Með samþykktum undanfarinna ára hefur Kirkjuþing skapað þá hefð að lækun á samkomulaginu sé í höfn, hvaða upphæð sem viðsejendum þeirra, ríkinu, hefur dottið í hug að setja á blað. Verður að telja þessa afgreiðslu afar óheppilega sem veikir alla sanningsstöðu til mikilla muna. Nefndin telur afar brýnt að Kirkjuþing og Kirkjuráð fyrirgeri ekki á neinn hátt réttinum til þessara greiðslna og reyni að endurheimta það sem áður var gefið eftir enda veltur fjárhagsleg staða þjóðkirkjunnar á því að greiðslur vegna kirkjujarðasamkomulagsins berist.

Ljóst er að samkomulagið þarfnast algjörar endurskoðunar og nauðsynlegt að nálgast það með nýrri aðferðarfræði. Nefndin leggur áherslu á að á mars þinginu verði greint frá því

hverjir munu sitja í samninganefnd Þjóðkirkjunnar í viðræðum við ríkið og jafnframt að til þess starfs verði valdir aðilar er ekki sitja í yfirstjórn kirkjunnar.

Vert er að minna viðsejendur embættisins á þá staðreynd að ríkið fékk um gríðarlegan fjölda af jörðum landsins með þessu samkomulagi árið 1907, margar þeirra ómetanlegar. Afar mikilvægt er að reyna að gera sér einhverja grein fyrir þessu, t.d. bara sem áróðurstæki. Greiðslur sem nema innan við 2.000 millj króna á ári er ekki há greiðsla fyrir þetta land í dag. Með mjög grófri nálgun má segja að í dag sé ríkið að greiða leigu sem nemur 5 aurum á fermetra af því landi sem það fékk á sínum tíma.

Þar sem um þjóðkirkjuna er að ræða og samþykkt félagsgjöld (sóknargjald), er að mati nefndarinnar eðlilegast að tengja greiðslur á allan hátt við það gjald hverju sinni. Er þá allra hagur að halda uppi öflugum „markaðsstarfi“ í því að boða trúna, rækta náungakærleika og stuðla með ráðum og dáð að fjölgun sóknarbarna um allt land.

5. Fullvirðisréttur.

Embættið á í dag 1.765 ærgildi og um 98.000 lítra mjólkurkvóta. Með sölu þessara eigna fást í kringum 90 millj króna (Ath. Ekki hægt að selja mjólkurkvóta í Hraungerði vegna erfðaábúðar). Samkvæmt upplýsingum sem nefndin fékk er verð á ærgildinu kr. 34.000 og mjólkurlítrinn er verðlagður, samkvæmt bestu heimildum nefndarinnar, á 320 krónur.

6. Kirkjumálasjóður

a. Almenn

Kirkjumálasjóður á talsverðar fasteignir. Erfitt er að meta nákvæmt verðmæti þeirra en hugmyndir eru uppi um sölu, bæði prestbústaða og annarra eigna. Stefna embættisins ætti að vera sú að lágmarka eignaumsýslu sína með sölu á öllum þeim eignum sem ekki er bráðnauðsynlegt að eiga. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir að fasteignamati yfir 2.500 millj króna. Hinsvegar eru skuldir sjóðsins nú um 320 millj og ætti því að lágmarki að stefna að því, sem allra fyrst, að selja eignir upp í skuldir svo að sjóðurinn verði skuldlaus. Við það eykst greiðslugetan um 15-20 milljónir á ári sem í dag fara í greiðslur á afborgunum og vöxtum.

b. Húsnæði Biskupsstofu

Lagt er til að Biskupsstofa skipti út skrifstofuhúsnæðinu sínu hið fyrsta. Húsnæðið er á allan hátt óhentugt til rekstrar embættisins, á það við um staðsetningu, aðgengi og starfsaðstaðöðu. Sem dæmi telur nefndin að húsnæði Biskupsstofu eigi að rúma kirkjuþing og minni og stærri fundi sem þurfa að eiga sér stað á vegum embættisins. Húsnæðið við Laugarveg er um 1.000 fm en áætlað er að heildarfjöldi fm sem Biskupsstofa þarf og annað húsnæði sem tengt er rekstri hennar sé um 1.500 fm. Áætlað söliverð á Laugavegi 31 er um 400-430 milljónir. Áhvílandi skuldir eru um 210 milljónir því má gera ráð fyrir að nettóeign Biskupsstofu í húsnæðinu við Laugarveg 31 sé um 200 milljónir. Nóg er af lausu og hentugra húsnæði annars staðar á Reykjavíkursvæðinu og án efa verður hægt að að finna mjög hentugt húsnæði án þess að íþyngja Kirkjumálasjóði um of. Áætlað er að kaupverð slíks húsnæðis gæti verið um 250 milljónir. Þessi breyting, ef hentugt húsnæði

finnst, skilar sparnaði m.a. vegna hagræðingar innanhúss og samhæfingar við aðrar stofnanir kirkjunnar.

7. Jöfnunarsjóður sókna

Jöfnunarsjóður sókna, veitir 35% af sínu ráðstöfunarfé, eða 104 m.kr. til Biskupsstofu og KMSJ.(kirkjumálasjóður). Kirkjumálasjóður veitir 23% af sínu ráðstöfunarfé, eða 120 m.kr. til Biskupsstofu. Biskupsstofa fær því í heild viðbótarfjármagn frá þessum tveimur sjóðum sem nemur 158 m.kr. árið 2012. Samkvæmt reglugerðum um Jöfnunarsjóð er til þess ætlast að mestur hluti af úthlutunarfé hans fari til jöfnunar á milli sókna. Jöfnunarsjóður sókna er settur á laggirnar með ákveðið hlutverk í huga óháð því hvort farið er út fyrir heimildir eða ekki. Ljóst er að það fé sem Kirkjumálasjóður tekur til eigin þarfa nýtist ekki sóknum á sama tíma. Því er brýnt að Kirkjujarðasamkomulagið haldi þannig að Þjóðkirkjan þurfi ekki að nýta sér framkvæmda eða viðhaldsfé sóknanna til eigin rekstrar. Verði kostnaður vegna Biskupsstofu lækkaður væri minni þörf fyrir fjármuni úr jöfnunarsjóðunum.

8. Ársreikningur Kirkjumálasjóðs er óupplýsandi.

Sérstök framsetning ársreikningsins gerir það að verkum að erfitt er að lesa hann og fá út úr honum þær upplýsingar sem nauðsyn er á. Hverju sem veldur er nauðsynlegt að breyta þessari uppsetningu í samráði við Ríkisendurskoðun svo að gegnsæi talnanna verði viðunandi.

9. Laun fara fram úr áætlun.

Athyglisvert er að sjá frávik í áætlun um launalið embættisins. Í skjali 13010381 frá Ríkisendurskoðun segir orðrétt: „Ríkisendurskoðun bendir á að umtalverður mismunur er á fjárheimild einstakra liða og raunútgjöldum og rauntekjum, þannig eru sértekjur og laungjöld hærri en fjárheimildi, en rekstrargjöld lægri. Vanda þarf til fjárlagagerðar og færa sundurliðun fjárhæða í fjárlögum nær raunverulegu umfangi í samráði við innanríkisráðuneytið.“ Má kannski skýra þetta að hluta til af þeirri staðreynd hvað gegnsæi talnanna í kirkjumálasjóði eru litlar.

10. Ýmiskonar starfsemi.

Undir regnhlíf Kirkjumálasjóðs og með styrkveitingum er rekin ýmis starfsemi svo sem Tónskóli Þjóðkirkjunnar og Fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Hjálparstarf kirkjunnar og Kirkjuhúsið/Skálholtsútgáfan fá einnig styrki úr kirkjumálastjóði. Nefndin hefur ekki vegna tímaskorts haft tækifæri til þess að fara ofan í rekstur þessarar starfsemi. Nefndin telur æskilegt að farið verði ofan í þessa starfsemi og samstarf kannað við önnur samtök og félag sem starfa á sama sviði með sparnað og aukna starfsemi í huga

Töluleg samantekt.

Áætlaður ávinningur á einu ári af þeim aðgerðum sem lagðar eru til				Ávinningur, fjárhæð á fyrsta ári fjárhæðir í þúsundum króna			
Tillöguliður				Árlegur	Til sóknanna	Eins skiptis	Samtals
1.a.	Fjölgun sóknarbarna (miðað við 1% á ári)	1.915	9.496,20		18.185		18.185
1.b.	Færa hlunnindi frá prestum til sókna				25.000		25.000
1.c.	Hækkun á húsaleigu			15.000			15.000
1.d.	Betri verkferlar fyrir innheimtu annarrar eignaleigu Kirkjumálasjóðs			5.000			5.000
2.b.	Felld niður nefndarlaun starfsmanna innan verksviðs			13.000			13.000
3.1	Samnýting starfskrafta og endurskipulagning innan embættisins			30.000			30.000
4.a.	Fækkun eða sameining prestsembæta	8	10.500.000	84.000			84.000
5.	Ærgildi	2.502	34.000			85.068	85.068
5.	Mjólkurkvóti	98.000	320			31.360	31.360
6.a	Uppgreiðsla lána lækkun á útgjöldum Kirkjumálasjóðs			16.000			16.000
6.b	Sparnaður við nýtt húsnæði					5.000	5.000
	Varanleg rekstrarbreyting til batnaðar - miðlæg starfsemi (þúsundir króna)			163.000			
	Ávinningur sem rennur til sóknanna (þúsundir króna)				43.185		
	Einsskiptis breyting á kostnaði (þúsundir króna)					121.428	
	Samtals tillögur um sparnað og tekjuauka (þúsundir króna)						327.613
Skýringar							
	Fjöldi í Þjóðkirkjunni 1. desember 2013		244.440				
	Þar af greiðendur (16 ára og eldri)		191.455				
	Skýringar á sóknargjaldi						
	Almennt sóknargjald 750 x 12		9.000				
	Tímabundið viðbótarframlag (sóknargjald greitt í eitt skipti í mars)		496,20				
	Sóknargjald alls árið 2014		9.496,20				

Virðingarfyllt.

Fylgiskjöl.

Fylgiskjal 1. Hlunnindi jarða þjóðkirkjunnar.

Fylgiskjal 2. Leigugreiðslur presta.

Prestar búa í stökum prestsbústöðum ýmist í þéttbýli eða dreifbýli, kaupstað/kaupúni eða á jörðum úti um landið.

Leigugreiðslur eru að grunni til fundnar út frá fasteignamati eignar. Það er 3.3% af fasteignamatinu sem reiknað er út. Kemur þar fram ákveðin tala. Hún er síðan grunnur að leigugreiðslum. Leigugreiðslur eru á bilinu frá kr. 42.337,- til 82.322,- sem er ekki endilega í samræmi við útreikninginn frá fasteignamatinu. Leigugrunnur sem er 1.4 milljónir og 1 milljón, ber sömu greiðslu. Ekki er greinamunur á því hvort greitt er fyrir einbýlishús eða jörð í leigugreiðslum.

Minnisblað til kirkjuráðs í tilefni fundar í innanríkisráðuneytinu

23. september 2014 SDG og GG

Á 222. fundi kirkjuráðs 10. september 2014 var ákveðið að embættismenn og kirkjuráðsmaður færu á fund í innanríkisráðuneytinu til að ræða fjárframlög til Þjóðkirkjunnar. Gísli Gunnarsson kirkjuráðsmaður og Sigríður Dögg Geirsdóttir fjármálastjóri Biskupsstofu fóru af hálfu Þjóðkirkjunnar og hittu fulltrúa ráðuneytisins 15. september 2014 - þá Pétur Fenger, Odd Einarsson og Svein Bragason, starfsmenn skrifstofu fjármála og rekstrar. Til umræðu var fjárlagafrumvarp 2015 sem lagt var fram á Alþingi 9. september 2014.

06-701 Þjóðkirkjan

Fram kom að niðurskurður stofnana hjá innanríkisráðuneytinu verður 1,5%. Reiknað er með áframhaldandi aðhaldskröfum fram til ársins 2017. Verðlagsbætur eru 60,9 m.kr., þ.e. gert er ráð fyrir verðlagsbreytingum sem nema x% á laun en 2,3% á önnur gjöld. Hjá Þjóðkirkjunni 06-701 er lögð til 21,7 m.kr. lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum. Tímabundið framlag til Skálholtsstaðar að fjárhæð 6 m.kr. fellur einnig niður.

Að óbreyttu er útlit fyrir að gera þurfi viðaukasamning og leggja fram á kirkjuþingi 2014. Þá er ríkið að greiða sem samsvarar hlutfallslega um 106,4 prestsembættum í stað 138 eins og kirkjujarðasamkomulagið kveður á um – skorið er niður sem nemur 1,6 prestsembætti milli árana 2014 og 2015. Hjá 06-701 Þjóðkirkjunni eru greidd laun sem nema um 125 embættum árið 2014.

Fjárhagsáætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar 2014 í m.kr.	
Meðallaun presta 2014	9,8
Greiðsla ríkis vegna launa presta	1.059,0
Fjöldi presta sem ríkið greiðir	108
Fjöldi presta skv. kirkjujarðasamkomulagi	138
Reiknaður niðurskurður á fjölda presta	-30
Fjöldi presta á launum skv. rekstraráætlun 2014	125
Ríkið greiðir	108
Fjöldi presta sem þarf að fækka/fjármagna	17

06-735 Sóknargjöld til Þjóðkirkjunnar

Í texta með yfirliti um breytingu á lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld kemur eftirfarandi fram: *Lögð verður til hækkun á fjárhæð sóknargjalds í samræmi við stefnumörkun innanríkisráðuneytisins um að afturkalla hluta af aðhaldsráðstöfunum fjárlaga fyrri ára. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði 810 kr. á mánuði árið 2015 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri en samkvæmt því mun ákvörðuð hækkun sóknargjaldsins nema um 8% (en þá er miðað við 750 kr. sóknargjald á mánuði árið 2014).*

Greining sóknargjalda	2014	
Fjárlög 2013 (án 45 m.kr. tímab.greiðslu)	1.680,0	m.kr.
Verðbætur 3%	50,4	m.kr.
Önnur hækkun (vegna fjölgunar í þjóðk.?)	3,0	m.kr.
Grunnur sóknargjalda	1.733,4	m.kr.
Tímabundin greiðsla	100,0	m.kr.
Fjárlög 2014	1.833,4	m.kr.
Hækkun grunns sóknargj. milli 2013 og 2014	53,4	m.kr.
Sóknargjald 2013	728	kr. á mán.fyrir einstakling
Sóknargjald 2014 með 3% hækkun v. verðbóta	750	kr. á mán.fyrir einstakling

Greining sóknargjalda	2015	
Fjárlög 2014 (með 100 m.kr. tímab.greiðslu)	1.833,4	m.kr.
Verðbætur 0%	0,0	m.kr.
Hækkun vegna umframskerðingar sóknargjalda	100,7	m.kr.
Aðhaldsaðgerðir í ríkisútgjöldum	-27,5	
Grunnur sóknargjalda	1.906,6	m.kr.
Tímabundið framlag	0,0	m.kr.
Fjárlagafrumvarp 2015	1.906,6	m.kr.
Hækkun grunns sóknargj. milli 2014 og 2015	73,2	m.kr.
Sóknargjald 2014 (að meðtöldum 100 m.kr.)	793	kr. á mán.fyrir einstakling
Sóknargjald 2015 miðað við fjárlagafrumvarp 1. umræðu	825	kr. á mán.fyrir einstakling

Í frétt á vef innanríkisráðuneytisins frá 5. september 2014 segir m.a: „*Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra fékk í dag heimild ríkisstjórnarinnar til að hefja undirbúning að gerð samkomulags milli ríkis og kirkju á grundvelli tillagna starfshóps sem gera ráð fyrir að umframskerðing sóknargjalda verði jöfnuð út á fjórum árum. Markmiðið með samningnum er að upphefja þann hluta aðhaldskrafna árin 2009-2012 sem gekk lengra en gert var gagnvart öðrum aðilum sem byggja rekstur sinn á framlögum af fjárlögum.*

Fram kom í skýrslu fyrrnefnds starfshóps að Þjóðkirkjan hafi orðið fyrir mikilli umframskerðingu borið saman við meðaltalsskerðingu gagnvart öðrum stofnunum sem heyra undir innanríkisráðuneytið. Fram kemur að sé miðað við framlag fjárlaga 2014 sé þörf á hækkunum til að jafna út umframskerðinguna samtals 663 m.kr.

Starfshópurinn leggur til að gert verði samkomulag milli innanríkisráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins og þjóðkirkjunnar um þessar hækkunir. Innanríkisráðuneytið hefur brugðist við með tillögugerð við undirbúning fjárlaga 2015 og er þar gert ráð fyrir að farið verði að tillögum starfshópsins á fjórum árum með leiðréttingu á sóknargjöldum til Þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Þessi tillaga innanríkisráðherra var staðfest á ríkisstjórnarfundum í morgun.“

Skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR í m.kr.	Uppsafnað	2015	2016	2017	2018
Sóknargjöld þjóðkirkjunnar	404,7	101,2	101,2	101,2	101,2
Kirkjumálasjóður	72,7	18,2	18,2	18,2	18,2
Jöfnunarsjóður sókna	94,0	23,5	23,5	23,5	23,5
Önnur trúfélög	91,7	22,9	22,9	22,9	22,9
Umframskerðing leiðrétt á fjórum árum	663,1	165,8	165,8	165,8	165,8

Í frumvarpi til fjárlaga hækka sóknargjöld til þjóðkirkjusafnaða um 100,7 m.kr. en á móti kemur aðhaldskrafa um 27,5 m.kr. Ekki eru reiknaðar verðlagsbætur á sóknargjöldin. Það vantar því 70,1 m.kr. til að tillaga innanríkisráðherra um leiðréttingu og staðfesting ríkisstjórnar nái fram að ganga. Ef samkomulag milli ríkis og kirkju næst á grundvelli tillagna starfshópsins verður sóknargjald 855 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling í þjóðkirkjunni 16 ára og eldri.

	Staðfest af ríkisstjórn v/2015	Fjárlaga-frumvarp 2015	Mismunur
Sóknargjöld 2015 í m.kr.			
Sóknargjöld 2014	1.833,4	1.833,4	
Verðlagsbætur 2,3% vegna 2015	42,2	0,0	
Niðurskurður	0,0	-27,5	
Leiðrétting	101,2	100,7	
Samtals	1.976,7	1.906,6	-70,1

06-705 Kirkjumálasjóður

Greiðslur í Kirkjumálasjóð hækka vegna hækkunar á grunni sóknargjalda en miða ætti við 14,3% af sóknargjöldum til þjóðkirkjusafnaða. Greiðslur í Kirkjumálasjóð nema 261,8 m.kr. í frumvarpinu Það vantar 24,6 m.kr. til að tillaga innanríkisráðherra um leiðréttingu og staðfesting ríkisstjórnar nái fram að ganga.

	Staðfest af ríkisstjórn v/2015	Fjárlaga-frumvarp 2015	Mismunur
Kirkjumálasjóður 2015 í m.kr.			
14,3% af sóknargjöldum 2014	262,2	247,4	
14,3% af verðlagsbótum sóknargjalda vegna 2015	6,0	0,0	
Niðurskurður	0,0	-3,7	
Leiðrétting	18,2	18,1	
Samtals	286,4	261,8	-24,6

06-736 Jöfnunarsjóður sókna

Greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna hækka vegna hækkunar á grunni sóknargjalda en miða ætti við 18,5% af sóknargjöldum þjóðkirkjusafnaða. Greiðslur í Jöfnunarsjóð sókna nema 338,7 m.kr. í frumvarpinu. Það vantar 31,8 m.kr. til að tillaga innanríkisráðherra um leiðréttingu sem staðfest var af ríkisstjórn nái fram að ganga.

Jöfnunarsjóður sókna 2015 í m.kr.	Staðfest af ríkisstjórn v/2015	Fjárlaga-frumvarp 2015	Mismunur
18,5% af sóknargjöldum 2014	339,2	320,1	
18,5% af verðlagsbótum sóknargjalda vegna 2015	7,8	0,0	
Niðurskurður	0,0	-4,8	
Leiðrétting	23,5	23,4	
Samtals	370,5	338,7	-31,8

Í samtali við Hermanni Sæmundssyni sama dag kom fram að búið er að birta greinargerð starfshóps um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar á vef innanríkisráðuneytisins.
<http://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/nr/29004>

Starfshópur um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar

Greinargerð og tillögur

Innanríkisráðuneytið
Maí 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Samantekt	3
3	Nefnd frá 2011 – áfangaskýrsla og lokaskýrsla	4
4	Lög um sóknargjöld	5
5	Þróun sóknargjalda - hugmyndir um leiðréttingar	7
5.1	Tafla 1 - Leiðrétting á umframskerðingu.....	7
5.2	Tafla 2. Afnámskerðingar á sóknargjöldum.....	8
5.3	Línurit.....	10
6	Tillaga starfshópsins	11
7	Lokaorð	12
	Viðaukar	13
	Viðauki 1. Áfangaskýrsla nefndar 16. nóvember 2011.....	13
	Viðauki 2. Lokaskýrsla nefndar 30. apríl 2012.....	13
	Viðauki 3. Lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.....	13
	Viðauki 4. Lög um sóknargjöld. Samantekt, Gísli Jónasson. Sjá enn fremur frv. til laga um sóknargjöld o.fl., lagt fram á 110. löggjafarþingi árið 1987: http://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0133.pdf	13

1 Inngangur

Hinn 17. desember 2013 skipaði Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að leggja drög að endurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar og safnaða hennar hvað sóknargjöld varðar, sbr. lög nr. 91/1987, með síðari breytingum. Megintilgangurinn með skipan starfshópsins var að finna ásættanlega lausn á fjárhagsvanda kirkjunnar og safnaða hennar, sem rekja má til niðurskurðar á tekjustofnum hennar í kjölfar fjármálakreppunnar sem skall á haustið 2008.

Í starfshópnum eiga sæti Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi ráðherra, tilnefnd af innanríkisráðherra sem formaður, Viðar Helgason sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra, Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, og séra Gísli Jónasson, prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra, bæði tilnefnd af kirkjuráði. Tengiliður nefndarinnar er Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri skrifstofu mannréttinda og sveitarfélaga. Þá hafa tveir sérfræðingar í innanríkisráðuneytinu, Oddur Einarsson og Þorleifur Óskarsson, starfað með nefndinni.

Í verkefnisáætlun sem lögð var fram í janúar 2014 er gerð nánari grein fyrir viðfangsefni starfshópsins og er því lýst svo:

Að tryggja samstöðu um fyrirkomulag og fjárhæðir sem renna í formi sóknargjalda til safnaða þjóðkirkjunnar (og þar með einnig annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga).

Starfshópnum er ætlað að fjalla um og eftir því sem við á koma með tillögur að breytingum á því fyrirkomulagi sem komið hefur verið á um sóknargjöld, sbr. lög nr. 91/1987, með síðari breytingum. Starfshópnum er enn fremur ætlað að setja sameiginlega fram tillögu um þær fjárhæðir sem árlega skuli renna til safnaða þjóðkirkjunnar á grundvelli laganna, eða þess fyrirkomulags sem starfshópurinn kann að leggja til að verði á greiðslu sóknargjalda.

Þá er tiltekið í verkefnisáætlun að starfshópurinn skuli hafa hliðsjón af skýrslu nefndar, dagsettri 30. apríl 2012, sem fyrrverandi innanríkisráðherra skipaði til að meta áhrif af niðurskurði fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar frá 2009 að telja.

Starfshópurinn hefur haldið átta fundi. Farið hefur verið yfir vinnu ofangreindrar nefndar. Gildandi lög um sóknargjöld hafa verið skoðuð í sögulegu ljósi. Sátt er um aðferð og niðurstöður útreikninga á niðurskurði á sóknargjöldum sem birtir eru í þessari skýrslu. Þá er lögð fram tillaga um hvernig hækka megi sóknargjöld til kirkjunnar í áföngum á næstu árum uns farið verði að gildandi lögum.

2 Samantekt

Meginverkefni starfshópsins var að gera grein fyrir þeim skerðingum sem orðið hafa á sóknargjöldum til þjóðkirkjunnar allt frá fjárlagaárinu 2009 að telja og gera tillögu um um fyrirkomulag sóknargjalda til framtíðar.

Öllum sem þekkja til starfsemi þjóðkirkjunnar er kunnugt um þær afleiðingar sem niðurskurðurinn hefur haft á safnaðarstarfsemi hennar. Þegar árið 2011 var skipuð nefnd á vegum innanríkisráðuneytisins til að rannsaka áhrif þessa niðurskurðar á fjárhagsstöðu kirkjunnar. Niðurstöðurnar birtust í skýrslu árið 2012 og voru sláandi. Nefndin taldi óhætt að að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða kirkjunnar væru að hruni komnar.

Þá var starfshópnum falið að skoða í sögulegu ljósi núgildandi lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. sem tóku gildi 1. janúar 1988. Þar er sem ætíð áður litið á sóknargjöldin sem félagsgjöld til kirkjunnar og eru þau bundin breytingu á meðaltekjuskattstofni.

Þrátt fyrir gildandi lög hefur þjóðkirkjan aldrei litið svo á að hún ein skyldi ekki sæta skerðingum eftir bankahrunið haustið 2008 sem hafði gríðarlegar afleiðingar fyrir samfélagið allt og hefur enn á afkomu ríkissjóðs. Kirkjan hefur hins vegar orðið fyrir mikilli umframskerðingu borið saman við meðaltalsskerðingu gagnvart öðrum stofnunum sem undir innanríkisráðuneytið heyra - og svo er enn eins og sýnt er fram á í þessari skýrslu. Umframskerðingin í heild, árin 2009-2014, nemur samtals 4.100 m.kr. Þar af er umframskerðing á framlögum til þjóðkirkjunnar tæpar 3.658 m.kr.

Í skýrslunni er brugðið upp tveimur sviðsmyndum um mögulega leiðréttingu á sóknargjöldum. Sú tillaga sem starfshópurinn gerir felur í sér að afnema umframskerðinguna á þremur árum, árin 2015-2017.

Sé miðað við heildarfjárveitingu fjárlaga 2014 að teknu tilliti til tímabundins framlags er þörf á hækkunum til að jafna út umframskerðinguna samtals 663 m. kr. saman borið við fjárlög 2014. Miðað er við að þessar upphæðir hljóti almennar verðbætur fjárlaga hverju sinni. Lagt er til að innanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og þjóðkirkjan hins vegar geri með sér samkomulag um þessar umræddu hækkanir.

Eigi síðar en árið 2016 verði síðan gerður samningur um að draga að fullu til baka skerðingu á sóknargjöldum á tilteknum tíma þannig að ákvæði gildandi laga um sóknargjöld – sem eru félagsgjöld til kirkjunnar - komi til framkvæmda á ný.

3 Nefnd frá 2011 – áfangaskýrsla og lokaskýrsla

Fyrirverandi innanríkisráðherra skipaði nefnd sumarið 2011 til að meta áhrif af niðurskurði fjárveitinga á starfsemi kirkjunnar frá og með fjárlagaárinu 2009. Nefndin skilaði áfangaskýrslu 16. nóvember 2011 og lokaskýrslu 30. apríl 2012.¹

Úrvinnsla á tölfræðigögnum leiddi í ljós að kirkjan hefði orðið fyrir mun meiri skerðingu á fjárlögum frá bankahruni haustið 2008 en aðrar stofnanir sem heyrðu undir innanríkisráðuneytið. Niðurstaðan var að sóknargjöld hefðu lækkað um nálægt 25% umfram framlög til reksturs annarra aðila sem sætt höfðu skerðingu til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlagaárinu 2009 að telja.

Auk þess að fara yfir úttekt ríkisendurskoðunar á ársreikningum allra sókna landsins fyrir árið 2010, sem sýndi að 67% þeirra voru reknar með halla, leitaði nefndin eftir upplýsingum frá nokkrum sóknum um viðbrögð þeirra við skertum tekjum. Svörin áttu það sammerkt að á öllum sviðum blasti samdráttur við og segir í lokaskýrslunni „að lýsingarnar bendi til þess að **óhætt sé að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða þjóðkirkjunnar séu að hruni**

¹ Viðauki 1 og 2.

komnar.² Nefndin taldi að til að tryggja jafnræði þyrfti mikið átak og ljóst væri að leiðrétting á hlut kirkjunnar yrði ekki gerð í einum áfanga.

Eftir að áfangaskýrsla nefndarinnar frá nóvember 2011 hafði verið kynnt samþykkti Alþingi breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 sem fól í sér 90 m.kr. hækkun á framlögum byggðum á innheimtu sóknargjalda.³ Árið 2013 kom 45 m.kr. viðbótarframlag úr ríkissjóði til sókna kirkjunnar og 100 m.kr. árið 2014.

Starfshópurinn er sammála um að í framangreindri skýrslu frá 2012 sé dregin upp raunsonn mynd af þeim vanda sem þjóðkirkjan stóð frammi fyrir - og á enn við að glíma eins og staðfest er í þessari skýrslu. Viðbótarframlög undanfarinna ára af fjárlögum hafa ekki dugað til að breyta stöðu mála svo neinu nemi heldur hefur áfram sigið á ógæfuhliðina.

Starfshópurinn er sammála um að leggja til grundvallar vísitölu meðaltekjuskattsstofns í öllum útreikningum sem í skýrslunni birtast, enda auðveldar það allan samanburð við fjárlög ríkisins.

4 Lög um sóknargjöld

Í núgildandi lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 sem tóku gildi 1. janúar 1988 er sem ætíð áður litið á sóknargjöldin sem félagsgjöld til kirkjunnar, markaðan tekjustofn, og eru þau bundin breytingum á meðaltekjuskattsstofni.⁴ Breyting frá áðurgildandi lögum fól ekki í sér eðlisbreytingu heldur tengdist hún þeim skattkerfisbreytingum sem urðu með innleiðingu staðgreiðslukerfisins árið 1988. Þau umskipti fólu m.a. í sér að lagður var á einn tekjuskattur til ríkisins sem kom í stað blandaðrar innheimtu tekjuskatts og ýmissa annarra lögbundinna gjalda, þ.á m. sóknargjalds.

² Viðauki 2.

³ Viðauki 2.

⁴ Viðauki nr. 3. Lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1987091.html>

Markmið löggjafans með setningu nýrra laga um sóknargjöld árið 1987 var að tryggja trúfélögum óbreyttar tekjur af sóknargjöldum við þær breytingar sem urðu á innheimtu opinberra gjalda með staðgreiðslukerfinu.⁵ Visast þar m.a. til greinargerðar með frumvarpinu um sóknargjöld frá 1987⁶ en þar sagði m.a.:

Umrædd skattkerfisbreyting felur m.a. það í sér að lagður verður á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, kemur skýrt fram að miðað er við að hlutdeild sókna- og kirkjugarða verði hin sama og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrsta lagi þarf að ákveða hlut kirkjunnar í tekjuskattinum og í öðru lagi að ákveða hvernig sá hlutur skiptist milli einstakra sókna og trúfélaga og Háskólasjóðs vegna þeirra er standa utan trúfélaga.

Nefndin hefur haft það sem meginsjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem hún hefur nú. Jafnframt er mikilvægt að reglur sem settar verði, tryggi stöðugleika á tekjustofnum sókna.⁷

Í umræðum á Alþingi 18. desember 1987 sagði þáverandi kirkjumálaráðherra m.a. um þetta atriði:

Ég vil af því tilefni taka alveg skýrt fram að söfnuðir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög hafa fram til þessa haft sjálfstæðan tekjuskatt og í frv. er einungis gert ráð fyrir að þau hafi hann áfram en með öðrum hætti en verið hefur vegna þeirrar einföldunar á skattakerfinu sem staðgreiðslan felur í sér.

Frumvarpið var samþykkt samhljóða athugasemdalaust.

Frá því að þessar breytingar komu til framkvæmda skiluðu sóknargjöldin sér jafnan óskert til þjóðkirkjunnar og allt fram til ársins 2009, ef frá er talið árið 2002.

⁵ Viðauki 3.

⁶ Viðauki 3. *Sjá enn fremur frv. til laga um sóknargjöld hér:*
<http://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0133.pdf>

⁷ Viðauki 3. <http://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0133.pdf>

5 Þróun sóknargjalda - hugmyndir um leiðréttingar

Starfshópurinn gerði úttekt á skerðingu sóknargjalda árin 2009–2014, með viðmiðunarárið 2008 til grundvallar, og útfærði hugmyndir um leiðréttingar á næstu árum. Úrvinnslan og sviðsmyndirnar sem stillt er upp eru sýndar hér á eftir í tveimur töflum og línuriti.

Í báðum töflunum er að finna sama talnagrunninn, raunverulegar tekjur þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga af fjárlögum, og fjárákalgögum ef um slíkt er að ræða. Viðmiðanir um leiðréttingar eru aftur á móti af ólíkum toga. Í **Töflu 1** er sýnd skerðing sóknargjalda umfram meðaltalsskerðingu stofnana innanríkisráðuneytisins árin 2009–2014 og hvernig draga megi úr skerðingunni til jafns við áður nefnt meðaltal á þremur eða fjórum árum, árin 2015–17/18. Í **Töflu 2** er á hinn bóginn sýnt hvernig dæmið liti út ef farið hefði verið að gildandi lögum um sóknargjöld og hvernig afnema megi til fulls skerðingu sóknargjalda á þremur eða fjórum árum.

Töflunum er skipt upp í fimm meginhluta. Í fyrsta hluta eru sóknargjöld til þjóðkirkjunnar. Í öðrum hluta eru framlög til Kirkjumálasjóðs og í þeim þriðja eru framlög til Jöfnunarsjóðs sókna sem eru í báðum tilvikum tengd fjárhæð sóknargjalda. Í fjórða hluta eru sóknargjöld til annarra trúfélaga. Í fimmta hluta er skerðingin tekin saman og tilgreind árleg þörf á hækkunum á umræddum þremur eða fjórum árum, frá 2015 að telja.

5.1 Tafla 1 - Leiðrétting á umframskerðingu

Útreikningar í **Töflu 1** eru byggðir á vísitölu sem sýnir meðaltalsþróun fjárveitinga til þeirra stofnana innanríkisráðuneytisins sem hlutu almennar verðbætur í fjárlögum. Sóknargjaldið sem skilað hefur sér til kirkjunnar og annarra trúfélaga er uppreiknað með þessari vísitölu og með þeim hætti sýnt fram á þann mismun sem hefur orðið.

Í fimmta hluta töflunnar, lokaliðnum, er annars vegar birtur samtals mismunur, þ.e. skerðing framlaga umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR á árinu 2014 og hins vegar uppsöfnuð skerðing frá árinu 2008. Þá er birt hækkunarþörf til að jafna út umframskerðinguna á þremur eða fjórum árum, árin 2015-2017/18. Þær tölur

eru á verðlagi fjárlaga 2014 og fram kemur að miðað sé við heildarframlag fjárlaga 2014 og að árleg framlög hljóti almennar verðbætur fjárlaga.

Heildarkerðing árána 2009-2014 nemur 4.100 m.kr. Þörf á hækkunum til að jafna út umframskerðinguna er samtals 663 m.kr. á verðlagi fjárlaga ársins 2014, eða sem nemur 221 m.kr. á ári ef miðað er við að greiðslum verði dreift á þrjú ár, árin 2015-2017.

Tafla 1 Sóknargjöld, skerðing þeirra og hugmyndir um hvernig má lækka hana til jafns við meðaltalsskerðingu stofnana IRR á þremur eða fjórum árum

Sóknargjöld til Þjóðkirkjunnar	ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáraukalaga) til sókna Þjóðkirkjunnar (m.kr.)		2.041,3	1.903,3	1.793,8	1.605,5	1.603,0	1.725,0	1.833,4
Sóknargjald pr. gjaldanda pr. mánuð er		872,0	833,0	767,0	698,0	701,0	728,0	750,0
Viðtala meðaltalshækkana stofnana IRR		100,0	114,0	109,2	103,9	105,4	109,9	111,7
Sóknargjald ef það hefði fylgt meðaltalshækkunum stofnana IRR		872,0	994,0	952,6	906,2	919,5	958,4	974,2
Fjöldi gjaldenda í Þjóðkirkjunni (árið á undan, 194.544 árið 2007)		195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	191.455	
Framlag til Þjóðkirkjunnar hefði átt að vera (m.kr.)		2.035,7	2.332,8	2.228,0	2.084,2	2.104,5	2.199,6	2.238,1
Mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)		5,6	-429,5	-434,2	-478,7	-501,5	-474,6	-404,7
Framlög til Kirkjumálasjóðs sem tengd eru fjárhæð sóknargjalds		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáraukalaga) til Kirkjumálasjóðs (m.kr.)		291,8	272,2	256,6	229,5	229,2	240,2	247,4
Framlag til Kirkjumálasjóðs hefði átt að vera (% af framl. til Þjóðkirkjunnar)		14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%
Framlag til Kirkjumálasjóðs hefði átt að vera (m.kr.)		291,1	333,6	318,6	298,0	300,9	314,5	320,1
Mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR		0,7	-61,4	-62,0	-68,5	-71,7	-74,3	-72,7
Framlög til Jöfnunarsjóðs sókna sem tengd eru fjárhæð sóknargjalds		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáraukalaga) til Jöfnunarsjóðs sókna (m.kr.)		377,7	352,1	331,8	297,1	296,6	310,8	320,1
Framlag til Jöfnunarsjóðs sókna hefði átt að vera (% af framl. til Þjóðkirkjunnar)		18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%
Framlag til Jöfnunarsjóðs sókna hefði átt að vera (m.kr.)		376,6	431,6	412,2	385,6	389,3	406,9	414,1
Mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)		1,1	-79,5	-80,4	-88,5	-92,7	-96,1	-94,0
Sóknargjöld til annarra trúfélaga		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáraukalaga) til annarra trúfélaga (m.kr.)		253,6	254,2	248,4	241,0	250,2	269,0	287,9
Fjöldi gjaldenda í öðrum trúfélögum (árið á undan, 24.214 árið 2007)		26.115	27.030	28.695	29.748	30.722	32.470	
Framlag til annarra trúfélaga hefði átt að vera (m.kr.)		253,4	311,5	309,0	312,0	328,2	353,3	379,6
Mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)		0,2	-57,3	-60,6	-71,0	-78,0	-84,3	-91,7
Samtals mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)		7,6	-627,7	-637,1	-706,7	-744,0	-729,4	663,0
Uppsafnaður mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)		7,6	-620,1	-1.257,2	-1.964,0	-2.707,9	-3.437,4	-4.100,4

Sóknargjöld, Kirkjumálasjóður og Jöfnunarsjóður sókna	2014	2015	2016	2017	2018
Samtals mismunur, skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR (m.kr.)	663,0				
Árleg hækkunarbörf til að jafna út umframskerðinguna á þremur árum (m.kr.) *		221,0	221,0	221,0	
Árleg hækkunarbörf til að jafna út umframskerðinguna á fjórum árum (m.kr.) *		165,8	165,8	165,8	165,8

*J Tölur eru á verðlagi fjárlaga 2014. Miðað er við að tímabundit viðbótarframlag fjárlaga 2014 verði gert að varanlegu framlagi og að sóknargjöldin og önnur framlög sem um er fjallað í töflunni hljóti almennar verðbætur fjárlaga.

5.2 Tafla 2. Afnáam skerðingar á sóknargjöldum

Í Töflu 2 er sýndur munurinn á raunverulegum tekjum kirkjunnar og annarra trúfélaga og hvernig þær hefðu verið ef farið hefði verið að gildandi lögum um

sóknargjöld og upphæðir fylgt breytingum á meðaltekjuskattstofni eins og lögum um sóknargjöld kveða á um.

Í fimmta hluta töflunnar er annars vegar birtur samtals mismunur, þ.e. skerðing framlaga frá því sem verið hefði ef þau hefðu fylgt hækkunum samkvæmt lögum um sóknargjöld o.fl. á árinu 2014. Uppsöfnuð skerðing nemur 4.918 m.kr. frá árinu 2008. Hins vegar er sýnt fram á þörf á hækkunum til að jafna út skerðinguna á þremur eða fjórum árum en hún nemur samtals 1.037 m.kr. Fram kemur að ofanefnd tala miðast við framlag fjárlaga 2014 og að miðað sé við að framlögin hljóti almennar verðbætur fjárlaga.

Sóknargjöld til Þjóðkirkjunnar	ár	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáráskulaga) til sókna Þjóðkirkjunnar (m.kr.)		2.041,3	1.903,3	1.793,8	1.605,5	1.603,0	1.725,0	1.833,4
Sóknargjald pr. gjaldanda pr. mánuð er		872,0	833,0	767,0	698,0	701,0	728,0	750,0
Sóknargjald ef það hefði fylgt lögbundnum hækkunum (árið 2014 er áætlan fjármálaráðuneytis)		872,0	925,2	941,1	929,4	1005,1	1060,7	1083,0
Fjöldi gjaldenda í Þjóðkirkjunni (árið á undan, 194.544 árið 2007)		195.576	194.903	191.656	190.734	191.258	191.455	
Framlag til Þjóðkirkjunnar hefði átt að vera (m.kr.)		2.035,7	2.171,4	2.201,1	2.137,4	2.300,4	2.434,4	2.488,0
Mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		5,6	-268,1	-407,3	-531,9	-697,4	-709,4	-654,6
Framlög til Kirkjumálasjóðs sem tengd eru fjárhæð sóknargjalds		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáráskulaga) til Kirkjumálasjóðs (m.kr.)		291,8	272,2	256,6	229,5	229,2	240,2	247,4
Framlag til Kirkjumálasjóðs hefði átt að vera (% af framl. Til Þjóðkirkjunnar)		14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%	14,3%
Framlag til Kirkjumálasjóðs hefði átt að vera (m.kr.)		291,1	310,5	314,8	305,7	329,0	348,1	355,8
Mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		0,7	-38,3	-58,2	-76,2	-99,8	-107,9	-108,4
Framlög til Jöfnunarsjóðs Sókna sem tengd eru fjárhæð sóknargjalds		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáráskulaga) til Jöfnunarsjóðs sókna (m.kr.)		377,7	352,1	331,8	297,1	296,6	310,8	320,1
Framlag til Jöfnunarsjóðs sókna hefði átt að vera (% af framl. Til Þjóðkirkjunnar)		18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%	18,50%
Framlag til Jöfnunarsjóðs sókna hefði átt að vera (m.kr.)		376,6	401,7	407,2	395,4	425,6	450,4	460,3
Mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		1,1	-49,6	-75,4	-98,3	-129,0	-139,6	-140,2
Sóknargjöld til annarra trúfélaga		2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Framlag fjárlaga (og fjáráskulaga) til annarra trúfélaga (m.kr.)		253,6	254,2	248,4	241,0	250,2	269,0	287,9
Fjöldi gjaldenda í öðrum trúfélögum (árið á undan, 24.214 árið 2007)		26.115	27.030	28.695	29.748	30.722	32.470	
Framlag til annarra trúfélaga hefði átt að vera (m.kr.)		253,4	289,9	305,3	320,0	358,8	391,0	422,0
Mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		0,2	-35,7	-56,9	-79,0	-108,6	-122,0	-134,1
Samtals mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		7,6	-391,7	-597,7	-785,4	-1.034,7	-1.078,9	-1.037,3
Alls uppsafnaður mismunur, skerðing frá lögbundnum framlögum skv. lögum um sóknargjöld o.fl.		7,6	-384,1	-981,8	-1.767,2	-2.801,9	-3.880,8	-4.918,1

Sóknargjöld, Kirkjumálasjóður og Jöfnunarsjóður sókna	2014	2015	2016	2017	2018
Samtals mismunur, skerðing á lögbundnum sóknargjöldum (m.kr.)	-1.037,3				
Árleg hækkunarþörf til að jafna út skerðinguna á þremur árum (m.kr.) *		345,8	345,8	345,8	
Árleg hækkunarþörf til að jafna út skerðinguna á fjórum árum (m.kr.) *		259,3	259,3	259,3	259,3

*J Tölur eru á verðlagi fjárlaga 2014. Miðað er við 30 límbundin viðbótirframlag fjárlaga 2014 verði gefið að varanlegu framlagi og að öll framlög sem fjaltáð er um í töflunni hljóti almennar verðbætur fjárlaga þar til þau verða aftur í samræmi við lög um sóknargjöld o.fl.


5.3 Línurit

Á eftirfarandi línuriti sem byggt er á tölunum að framan eru þrjár hagstærðir sýndar á verðlagi ársins 2014, stilltar á vísitöluna 100 árið 2008. Stuðst er við breytingar á vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands birtir hana.

Bláa línan sýnir þróun meðaltekjuskattstofns frá árinu 2008 og til ársins 2014 en á því ári er byggt á áætlun fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Brúna línan lýsir þróun fjárveitinga skv. fjárlögum til þeirra stofnana innanríkisráðuneytisins sem hlutu almennar verðbætur í fjárlögum. Gráa línan sýnir þróun sóknargjalda á sama tímabili. Þar er reiknað með sérstöku tímabundnu framlagi fjárlaga ársins 2013, 45 m.kr og 2014, 100 m.kr.

Í skýringatexta um þróun sóknargjalda kemur fram, eins áður er getið, að mismunur á raunframlögum fjárlaga 2014 (vísitala 61,8) og framlögum ef þau hefðu fylgt meðaltalshækkunum hjá þeim stofnunum ráðuneytisins (vísitala 75,8) er 663 m.kr. en 1.037 m.kr. ef þau hefðu fylgt breytingum á meðaltekjuskattstofni (vísitala 84,3).

Visitölusamanburður sóknargjalda, fjárveitinga og meðaltekjuskattstofns á verðlagi 2014



6 Tillaga starfshópsins

Tillaga starfshópsins um hækkun sóknargjalda byggir á niðurstöðum sem birtar eru í **Töflu 1**. Um hækkunina verði gert samkomulag. Eigi síðar en árið 2016 verði síðan gerður samningur um að draga að fullu til baka skerðingu á sóknargjöldum á tilteknum tíma þannig að ákvæði gildandi laga um sóknargjöld komi til framkvæmda á ný. Orðrétt hljóðar tillagan svo:

Starfshópurinn leggur til að gert verði samkomulag milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um hækkun sóknargjalda til safnaða hennar um 134,9 m.kr. á ári 2015–2017. Hækkunin verði frá heildarframlagi gildandi fjárlaga og taki ásamt því almennum verðlagsbreytingum fjárlaga hvers árs. Undir lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. heyra nokkur önnur verkefni sem nytu samsvarandi hækkunar. Að því meðtöldu er árleg hækkun samtals 221 m.kr.

Eigi síðar en árið 2016 verði gerður samningur um að draga að fullu til baka skerðingu á sóknargjöldum á tilteknum tíma, og ákvæði gildandi laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. komi að fullu til framkvæmda á ný.

Starfshópnum var ætlað að tryggja samstöðu um fyrirkomulag og fjárhæðir sóknargjalds til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytis í starfshópnum áréttaði það sjónarmið að fjármögnun tillögunnar væri háð stöðu ríkisfjármála og ákvörðun Alþingis um fjárveitingar.

7 Lokaorð

Kirkjan hefur orðið fyrir mikilli umframskerðingu á undanförunum árum sem hefur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir safnaðarstarf hennar.

Uppsöfnuð skerðing fjárframlaga sem byggja á innheimtu sóknargjalda til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga árin 2009-2014, umfram breytingu fjárveitinga til stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneyti, nemur 4.100 m.kr. Telur starfshópurinn afar brýnt að við þessu verði brugðist og miðar tillaga hópsins að því. Liðin eru tæp sex ár frá hruni og gert er ráð fyrir að þessi leiðrétting verði gerð á næstu þremur árum, árin 2015–2017, en þá taki við samningur sem starfshópurinn leggur til að gerður verði árið 2016 þess efnis að á tilteknum tíma komi gildandi lög um sóknargjöld til framkvæmda á ný.

Reykjavík, 6. júní 2014

Sigríður A. Þórðardóttir

Sigríður Anna Þórðardóttir
formaður

Viðar Helgason

Inga Rún Ólafsdóttir

Gísli Jónasson

Viðar Helgason Inga Rún Ólafsdóttir Gísli Jónasson

Viðaukar

Viðauki 1. Áfangaskýrsla nefndar 16. nóvember 2011.

Viðauki 2. Lokaskýrsla nefndar 30. apríl 2012.

Viðauki 3. Lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.

Viðauki 4. Lög um sóknargjöld. Samantekt, Gísli Jónasson. Sjá enn fremur frv. til laga um sóknargjöld o.fl., lagt fram á 110. löggjafarþingi árið 1987:
<http://www.althingi.is/altext/110/s/pdf/0133.pdf>

Viðauki 5. Frumvarp til laga um sóknargjöld o.fl.

Viðaukar

Viðauki 1.

Áfangaskýrsla nefndar 16. nóvember 2011

Nefnd innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram á þeirri braut.

ÁFANGASKÝRSLA TIL RÁÐHERRA

Eftir að biskup Íslands lýsti áhyggjum sínum af fjárhagsstöðu safnaða þjóðkirkjunnar vegna lækkunar á sóknargjöldum skipaði innanríkisráðherra starfshóp til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ef haldið yrði áfram á þeirri braut.

Starfshópurinn lét reikna út hver þessi niðurskurður hefði verið allt frá því hann hófst eftir bankahrunið og bera hann saman við þann niðurskurð sem almennt hefði verið á framlögum til reksturs hjá ríkisaðilum. Þá fór starfshópurinn fram á við Ríkisendurskoðun að fá aðgang að ársreikningum sókna þjóðkirkjunnar til að leggja mat á hvernig þær hefðu brugðist við niðurskurðinum og hvaða áhrif hann hefði haft á starfsemi þeirra.

Fjárveitingar á fjárlögum til þjóðkirkjunnar eru í meginatriðum af tvennum toga.

Í fyrsta lagi byggja þær á samkomulagi sem íslenska ríkið og þjóðkirkjan gerðu með sér árið 1997 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Í samkomulaginu segir (1. gr.) að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir séu eign íslenska ríkisins. Þá segir (2. gr.) að íslenska ríkið skuldbindi sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greini, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupssembættisins. Í samkomulaginu er síðan tundað hvað felist í framangreindri skuldbindingu ríkisins og hvað geti haft áhrif á hana.

Í öðru lagi byggja fjárveitingar fjárlaga á gildandi lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. Þau lög leystu af hólmi eldri lög um sama efni sem sett höfðu verið tveimur árum áður. Samkvæmt hinum eldri lögum lagði sóknarnefnd gjaldið á og ákvað fjárhæð þess innan tiltekens ramma. Ríkið tók að sér að annast um innheimtuna, gegn 1% þóknun sem rann í ríkissjóð, og skilaði gjaldinu til viðkomandi aðila. Í greinargerð frumvarpsins sem varð að lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. er til þess vísað að í greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum komi skýrt fram að miðað sé við að hlutdeild sókna og kirkjugarða verði hin sama og verið hafi samkvæmt þágildandi lögum. Nefndin sem samdi frumvarpið hafi haft það sem megin sjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem hún hafi haft. Jafnframt sé mikilvægt að reglur, sem settar verði, tryggi stöðugleika á tekjustofnum sókna. Þá segir í greinargerðinni að kostir þessarar leiðar, sem valin var við að reikna út og skipta umræddum gjöldum séu einkum þeir að hún sé einföld í framkvæmd, hún tryggi til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar og fylgi tekjubreytingum. Þetta auðveldi söfnuðum að áætla tekjur sínar og byggja fjárhagsáætlanir á þeim. Jafnframt falli innheimtukostnaður niður.

Af ofansögðu er því ljóst að megintekjustofnar þjóðkirkjunnar af fjárlögum eru annars vegar greiðsla fyrir eignir sem þjóðkirkjan afsalaði til ríkissjóðs, og hins vegar skil á félagsgjaldi sem ríkið tók að sér að innheimta og var árið 1987 umreiknað í tiltekið hlutfall tekjuskatts.

Frá og með fjárlögum 2009 hafa báðir ofangreindir tekjustofnar Þjóðkirkjunnar verið skertir. Fjárveitingarnar samkvæmt samkomulaginu frá 1997 hafa verið lækkaðar „.....til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins“ eins og segir í árlegu viðbótarsamkomulagi þar sem tilgreint hefur verið hver lækkunin sé það árið og hver uppsöfnuð heildarlækkun sé orðin. Fjárveitingarnar sem byggja á sóknargjaldinu voru áður verðtryggðar með því að þær voru tiltekið hlutfall tekjuskattstofns. Því þurfti ekki að verðbæta þær sérstaklega í fjárlagafrumvarpinu. Í ákvæði frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum um upphæð sóknargjalds hefur þess ekki verið gætt að nú þarf að verðbæta sóknargjaldið til að gætt sé jafnræðis við aðra aðila sem byggja rekstur sinn á framlögum fjárlaga. Vegna þessa hefur sóknargjald því **lækkað um nálægt 25%** umfram fjárveitingar til reksturs annarra aðila **sem sætt hafa skerðingu** til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlögum ársins 2008.

Athugun á áhrifum niðurskurðarinnar á starfsemi sókna og viðbrögðum þeirra leiddi í ljós að fjármunir til viðhalds kirkna hafa að meðaltali verið skornir niður um meira en 30% á tímabilinu svo og almennur rekstrarkostnaður kirkna eins og laun organista og annars starfsfólks. Með vitnisburði fyrir starfshópnum var leitt fram að víða væri svo komið að segja þyrfti organistum upp störfum og kórólki fækkaði, en ekki væri lengur unnt að greiða því neina þóknun eða leggja til fjármuni til hvatningar söngstarfi. Dæmi eru þess í minni sóknum á landsbyggðinni að helgihald er farið að liða fyrir fjárskort og í stærri sóknum í þéttbýli eru dæmi þess að **aukning aðsóknar**, eins og t.d. í barnastarfi er farin að valda vandræðum vegna þrenginga og niðurskurðar í mannhaldi. Einnig munu þess mörg dæmi að sóknir sem skuldsettar eru, t.d. vegna nýbygginga eða viðamikilla viðhaldsframkvæmda á síðustu árum séu mjög illa settar og sumar jafnvel þegar komnar í þrot. Samkvæmt gögnum frá Ríkisendurskoðun voru 92 sóknir sem ekki náðu endum saman í rekstri sínum á síðasta ári og hafði fjölgað um liðlega 50% á þremur árum. Það er því ljóst að með sama áframhaldi mun Þjóðkirkjunnar á allra næstu árum verða nauðugur sá kostur að leggja niður mikilvægan hluta af kjarnastarfsemi sinni til að forða því að kerfið í heild komist í þrot.

Til skýringar er hjálögð mynd. Á henni hafa þrjú hagvísar verið stilltir á 100 árið 2008 og síðan er fylgst með þróun þeirra. Af myndinni má lesa, að forstöðumönnum stofnana sem falla undir IRR er gert að glíma við þann vanda að reka stofnanir sínar á næsta ári fyrir fjárheimildir sem mælast 105,44 meðan kostnaðurinn sem fylgir þróun vísitölu neysluverðs er almennt kominn upp í 128,19. Söfnuðum Þjóðkirkjunnar er aftur á móti boðið upp á að reka sig fyrir 79,4 með sama kostnað, eða upp á 128,19. Niðurskurðurinn sem söfnuðirnir standa frammi fyrir að teknu tilliti til kostnaðarhækkana, (38,1%), er því í raun rúmlega tvöfaldur sá niðurskurður sem stofnanir ráðuneytisins hafa mátt sæta (17,7%).

Að óbreyttu munu á næsta ári renna í ríkissjóð um 530 m.kr. vegna skerðingar sóknargjalda umfram meðaltalsskerðingu þeirra stofnana IRR sem hljóta almennar verðbætur í fjárlögum.

Starfshópurinn stefnir að því að skila lokaskýrslu sinni svo fljótt sem auðið er.

Reykjavík, 16. nóvember 2011.

Virðingarfyllst,

(sign)

Ingibjörg Pálmadóttir formaður

Gísli Jónasson

Halldóra Þorvarðardóttir

Oddur Einarsson

Viðauki 2.

Lokaskýrsla nefndar 30. apríl 2012

Nefnd innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess að haldið yrði áfram á þeirri braut.

SKÝRSLA TIL RÁÐHERRA

INNGANGUR – UM ÁFANGASKÝRSLU NEFNDARINNAR

Svo sem fram kom í áfangaskýrslu nefndarinnar, sem gefin var út hinn 16. nóvember 2011 skipaði ráðherra starfshóp þennan eftir að biskup Íslands hafði lýst áhyggjum sínum af fjárhagsstöðu safnaða þjóðkirkjunnar vegna lækkunar á sóknargjöldum. Starfshópurinn skyldi meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar og afleiðingar þess ef haldið yrði áfram á þeirri braut.

Starfshópurinn lét reikna út hver þessi niðurskurður hefði verið allt frá því hann hófst eftir bankahrunið og bera hann saman við þann niðurskurð sem almennt hefði verið á framlögum til reksturs hjá ríkisaðilum. Þá fékk starfshópurinn aðgang að ársreikningum sókna þjóðkirkjunnar hjá Ríkisendurskoðun til að leggja mat á hvernig þær hefðu brugðist við niðurskurðinum og hvaða áhrif hann hefði haft á starfsemi þeirra.

Í áfangaskýrslunni kom fram að framlög á fjárlögum til þjóðkirkjunnar eru í meginatriðum af tvennum toga, þ.e. þau byggja í fyrsta lagi á samkomulagi ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 1997 um kirkjujardir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Í öðru lagi byggja framlög fjárlaga á gildandi lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. Megintekjustofnar þjóðkirkjunnar af fjárlögum væru annars vegar greiðsla fyrir eignir sem þjóðkirkjan afsalaði til ríkissjóðs, og hins vegar skil á félagsgjaldi sem ríkið tók að sér að innheimta og var árið 1987 umreiknað í tiltekið hlutfall tekjuskatts.

Þá kom fram að frá og með fjárlögum 2009 hafi báðir ofangreindir tekjustofnar þjóðkirkjunnar verið skertir. Framlögin samkvæmt samkomulaginu frá 1997 hafi verið lækkuð „.....til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins“ eins og segi í árlegu viðbótarsamkomulagi þar sem tilgreint hefur verið hver lækkunin sé það árið og hver uppsöfnuð heildarlækkun sé orðin. Einnig kom fram að framlög sem byggja á sóknargjaldinu hafi áður verið verðtryggt með því að þau voru tiltekið hlutfall tekjuskattstofns. Því hafi ekki þurft að verðbæta þau sérstaklega í fjárlagafrumvarpinu. Í ákvæði frumvarps til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum um upphæð sóknargjalds hafi þess ekki verið gætt að verðbæta sóknargjaldið til að gætt væri jafnræðis við aðra aðila sem byggja rekstur sinn á framlögum fjárlaga. Vegna þessa hafi sóknargjald því **lækkað um nálaglegt 25%** umfram framlög til reksturs annarra aðila **sem sætt hafi skerðingu** til samræmis við almennan niðurskurð frá fjárlögum ársins 2008.

Í áfangaskýrslunni kom fram að athugun starfshópsins á áhrifum niðurskurðarins á starfsemi sókna og viðbrögðum þeirra hafi leitt í ljós að fjármunir til viðhalds kirkna hafi að meðaltali verið skornir niður um meira en 30% á tímabilinu svo og almennur rekstrarkostnaður kirkna eins og laun organista og annars starfsfólks. Með vitnisburði fyrir starfshópnum var leitt fram að víða væri svo komið að segja þyrfti organistum upp störfum og kórfólki fækkaði, en ekki væri lengur unnt að greiða því neina þóknun eða leggja til fjármuni til hvatningar söngstarfi. Dæmi væru þess í minni sóknunum á landsbyggðinni að helgihald væri farið að líða fyrir fjárfkort og í stærri sóknunum í þéttbýli væru dæmi þess að **aukning aðsóknar**, eins og t.d. í barnastarfi væri farin að valda vandræðum vegna þrenginga og niðurskurðar í mannahaldi. Þá væru þess mörg dæmi að sóknir sem skuldsettar eru, t.d. vegna nýbygginga eða viðamikilla viðhaldsframkvæmda á síðustu árum væru mjög illa settar og sumar jafnvel þegar komnar í þrot. Samkvæmt gögnum frá

Ríkisendurskoðun voru 92 sóknir sem ekki náðu endum saman í rekstri sínum á árinu 2010 og hafði fjölgað um liðlega 50% á þremur árum. Dregin var sú ályktun af gögnum Ríkisendurskoðunar og vitnisburði að með sama áframhaldi mundi Þjóðkirkjunni á allra næstu árum verða nauðugur sá kostur að leggja niður mikilvægan hluta af kjarnastarfsemi sinni til að forða því að kerfið í heild kæmist í þrot.

Með áfangaskýrslunni fylgdi mynd þar sem þrjú hagvísar höfðu verið stilltir á 100 árið 2008, þróun þeirra sýnd til ársins 2011 og áætluð þróun til ársins 2012. Af myndinni mátti lesa, að forstöðumönnum stofnana sem falla undir IRR væri gert að glíma við þann vanda að reka stofnanir sínar á árinu 2012 fyrir fjárheimildir sem mældust 105,44 meðan kostnaðurinn, sem fylgdi þróun vísitölu neysluverðs væri almennt kominn upp í 128,19. Söfnuðum Þjóðkirkjunnar væri aftur á móti boðið upp á að reka sig fyrir 79,4 með sama kostnað, eða upp á 128,19. Niðurskurðurinn sem söfnuðirnir stæðu frammi fyrir að teknu tilliti til kostnaðarhækkana, (38,1%), væri því í raun rúmlega tvöfaldur sá niðurskurður sem stofnanir ráðuneytisins hefðu mátt sæta (17,7%).

Áfangaskýrslu starfshópsins lauk síðan með því að fullyrt var að á árinu 2012 myndu að óbreyttu renna í ríkissjóð um 530 m.kr. vegna skerðingar sóknargjalda umfram meðaltalsskerðingu þeirra stofnana IRR sem hljóta almennar verðbætur í fjárlögum.

SKERÐING SÓKNARGJALDA Á ÁRINU 2010 OG VIÐBRÖGD SÓKNA VIÐ HENNI – VIÐBÓTAR-GÖGN FRÁ RÍKISENDURSKOÐUN OG GÖGN FRÁ SÓKNUM LANDSINS.

Í umfjöllun nefndarinnar um viðbrögð sókna á árinu 2010 við skerðingu sóknargjaldanna var byggt á gögnum frá Ríkisendurskoðun eins og fram kemur í áfangaskýrslu nefndarinnar. Þau gögn voru ekki tæmandi vegna þess að sóknirnar höfðu ekki allar skilað ársreikningum sínum til stofnunarinnar. Nefndin mat það engu að síður svo að gögnin væru nægjanleg til að byggja álit á. Eftir útgáfu áfangaskýrslunnar fékkst það sem upp á vantaði af gögnum frá Ríkisendurskoðun. Þau voru lesin inn í gagnagrunn nefndarinnar og við það varð sú breyting á niðurstöðunum að í stað þess sem áður hafði komið fram í áfangaskýrslunni, þ.e. að liðlega 50% aukning hefði orðið á fjölda þeirra sókna sem ekki náðu endum saman á árinu 2010 miðað við árið 2008 þá er nú ljóst að sú hlutallstala er 67%. Til viðbótar þessu óskaði nefndin eftir upplýsingum frá nokkrum sóknum í öllum landsfjórðunum um rekstur þeirra á síðasta ári og viðbrögð við skertum tekjum. Svör bárust frá sjö sóknum, fjórum á höfuðborgarsvæðinu, og einni í hverjum landshluta á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurnesjum. Sammerkt er með þeim að alls staðar eru vandamálin orðin mjög alvarleg. Ljóst er að allar þessar sóknir verða gerðar upp með tapi fyrir árið 2011 þótt ársuppgjöri sé ekki alls staðar lokið. Lausleg samantekt á rekstraruppgjörum bendir til að samanlagt tap þessara nfu sókna verði vel á annað hundrað milljónir króna og samanlagðar skuldir þeirra eru vel á sjöunda hundrað milljónir króna. Alls staðar eru sömu lýsingarnar á viðbrögðum, eignum er ekki haldið við, laun eru lækkuð og starfsmönnum sagt upp, helgiöld er dregið saman, æskulýðs- og eldriþorgarastarfi er hætt, kórar eru leystir upp og allt menningarstarf ýmist skorið niður í nánast ekkert eða því beinlínis hætt. Kærleikspjónusta s.s. heimsóknir til aldraðra og sjúkra er dregin saman eða þeim hætt. Samandregið má segja að lýsingarnar bendi til þess að **óhætt sé að draga þá ályktun að grunnstoðir í starfsemi safnaða Þjóðkirkjunnar séu að hruni komnar.** Hér að neðan er birtur útdráttur úr umsögnum forsvarsmanna sóknanna.

Norðurland

Ljóst að sóknin er rekin með tapi árið 2011. Hef séð 9 mánaða uppgjör og þar er töluvert tap. Við gripum strax árið 2009 til aðhaldsaðgerða, höfum frestað öllu viðhaldi sem hægt er fresta og þar sem húsmunir eða hlutir lágu ekki undir skemmdum. Við höfum dregið úr starfinu hjá okkur, sagt upp skráfað fyrir snjóbræðsluferfið og mokum ekki snjó nema athafnir séu í kirkjunni. Samið upp á nýtt við kirkjuverði um aukið vinnuframlag fyrir sömu laun meira verður ekki gert á rekstrarsviði kirkjunnar nema þá að fara að loka henni einhverja daga í hverri viku sem er vandséð þar sem einhver starfsemi er þar alla daga. Enn höfum við ekki dregið nema óverulega úr safnaðarstarfi en það er ljóst að það fer næst undir hnifinn ef ekki fer að rætast eitthvað úr tekjum okkar. Sóknarbörnum hefur heldur fjölgað á þessum tíma frá 2009 -2011 ef það hefði ekki verið hefðum við orðið á draga saman í safnaðarstarfi

Höfuðborgarsvæðið (1):

Laun hafa verið lækkuð og vinnuframlag í framhaldi af því. Enginn hefur verið undanskilinn nema ræstingin, sem hefur reyndar verið í algjöru lágmarki undanfarin ár.

Skorið hefur verið niður í stjórnunarkostnaði, eins og unnt er, en meginhluti hans er framlag kirkjunnar í héraðssjóð, þ.e. 5% af sóknargjöldum.

Skorið hefur verið niður í húsnæðiskostnaði, allt að einni milljón með ýmis konar rekstrarsparnaði, rafmagns- og ljósanotkun o.þ.h. svo og í öryggisþjónustu, en án þess þó að minnka öryggið.

Skorið hefur verið niður í helgihaldi og kærleiksþjónustu, í helgihaldi fyrst og fremst í aðkeyptum flutningi, þ.m.t. kórsöng við guðsþjónustur og messur, blóm eru ekki lengur keypt til að hafa á altari og í kærleiksþjónustunni er niðurskurður í heimsóknarþjónustu til þurfandi sóknarbarna. Einnig hefur samvera með sóknarbörnum, einkum eldri borgurum og einstæðingum verið minnkuð frá samveru einu sinni í viku í að vera aðeins einu sinni á tveggja vikna fresti.

Við höfum orðið að fækka starfsfólki í barnastarfi og t.a.m. barnakórinn, sem byrjað var með fyrir nokkrum árum, hefur verið aflagður og tveimur kórstjórnendum sagt upp störfum. Fræðsluefni fyrir barnastarfið hefur verið skorið við nögl.

Skorið hefur verið niður í auglýsingum, höfum orðið að hætta við sameiginlega auglýsingu kirknanna á höfuðborgarsvæðinu um barnastarf kirkjunnar, auglýsum ekki lengur í hverfisblaðinu nema birtingin sé ókeypis og sama gildir um tilkynningar í útvarpi.

Afleiðingin er í fáum orðum sú að starfsemi kirkjunnar hefur verið skorin verulega niður, reynt er að viðhalda barna- og unglingastarfinu, meðan annað starf líður fyrir fjármagnsskort, t.a.m. er ekki unnt að viðhalda sama stigi af þjónustu við eldri borgara í sókninni með ýmis konar aðstoð og heimsóknum, og er það mjög bagalegt þar sem mikið er af eldri borgurum í sókninni.

Það er einnig ljóst að ekkert má út af bregða, t.a.m. í viðhaldi kirkjunnar, allar viðgerðir eru kostnaðarsamar og geta kostað mikla fjármuni eins og raunin hefur verið undanfarin ár.

Höfuðborgarsvæðið (2):

Öll laun lækkuð um 10% (kirkjuvörður og organisti í 90% starfi og djákni í 40%)

Starfsfólki í barna- og æskulýðsstarfi fækkað

Æskulýðsstarf fyrir unglunga lagt niður

Kórustarf yngri barna lagt niður, tveir kórar

Djákni í 40% starfi einn með barnastarf og öldrunarstarf (fyrir neðan öryggismörk)

Öllum viðhaldsframkvæmdum frestað

Mikil lekavandamál þannig að t.d. þarf að breiða plast yfir altari í rigningum

Dregið úr öllum innkaupum, endurnýtt og sparað sem kostur er

Engar veitingar.

Engin blóm eða jólatré

Ekkert efni keypt fyrir barnastarf

Enginn styrkur vegna fermingarbúða

Hiti lækkaður

Auglýsinga- og póstkostnaður skorinn niður eins og hægt er

Sorþirðusamningi sagt upp

Öryggisgæsla minnkuð

Ekkert eftir nema að segja upp lykilstarfsfólki og leggja niður meira starf

Austurland:

Uppgjöri ekki lokið en ljóst að tap verður upp á ca. 1,8 m.kr.

Höfum reynt að halda í fullt safnaðarstarf auk þess sem við höfum frekar bætt í varðandi æskulýðsstarfið.

Það hefur þó gerst á kostnað fjárhags safnaðarins og síðustu 3 árin hefur söfnuðurinn verið rekinn með tapi. Tapið hefur verið fjármagnað með því að ganga á sjóði sem sóknin hefur safnað í og voru ætlaðir í aðra hluti eins og viðhald sem á móti hefur setið á hakanum.

Nú er staðan orðin þannig að við óbreytt ástand sjáum við okkur ekki annað fært en að draga úr safnaðarstarfi.

Höfuðborgarsvæðið (3):

Starfshlutföll starfsmanna hafa verið lækkuð og öðrum sagt upp.

Samtals fækkun um u.þ.b. 2 stöðugildi.

Launakostnaður lækkað frá 2008 um liðlega 40%.

Árið 2008 fóru 60,8% sóknargjalda í afborganir og vaxtagreiðslur lána. 2010 var þetta hlutfall 81,3% og 2011 86,5%.

Kostnaði við kirkjustarf haldið í algjöru lágmarki og engar endurbætur hafa átt sér stað á mannvirkjum og ekkert viðhald verið nema til að bjarga neyðarástandi.

Fyrir virðist liggja að óbreyttu, að leggja niður hluta kjarnastarfs og loka kirkjunni einhverja daga vikunnar.

Höfnuborgarsvæðið (4):

Starf æskulýðsfulltrúa í fullu starfi lagt niður um mitt ár 2011 og hálf starf prests verður lagt niður í sumar (2012). Starf meðhjálpara lagt niður. Skorið hefur verið niður í barna og æskulýðsstarfi og ýmsum öðrum þáttum kjarnastarfsins og ljóst að með sama áframhaldi neyðist söfnuðurinn til að leggja niður starfsþætti sem eru mikilvægir í samfélagi safnaðarins.

Söfnuðurinn greiddi upp allar langtíma byggingarskuldir fyrir 7 árum og stóð ágætlega, en nú er varasjóður að tæmast og þá mun halla hratt undan fæti.

Suðurland

Stefnir í tap upp á um 1,3 m.kr. á árinu 2011.

Sóknargjöld þyrftu að hækka 10 - 11% til að koma út á sléttu.

Óhjákvæmilegt viðhald kirkjunnar kostaði kr. 800.000.

Starfsflutfall organista var skorið niður um 20%.

Æskulýðsstarf í samstarfi við KFUM/K. hefur ekki verið skert en er að hluta fjármagnað með styrk sem fékkst frá hérðssjóði.

Suðurnes

Staða fjármála alvarleg. Stefnir í verulegt tap á árinu 2011.

Ekki til fjármagn í nauðsynlegt viðhald. Farið að bera á skemmdum vegna raka og annarra þátta á veggþiljum og í kringum lagnir í kirkjuhúsinu. Þá hefur orðið vart við leka á þaki kirkjunnar.

Orgel kirkjunnar er nánast ónýtt.

Safnaðarheimilið, sem vígt varíð árið 2000 krefst æ meira viðhalds. Þakið lekur á ýmsum stöðum sem hefur skemmt múrklæðingu á veggjum.

Söfnuðurinn hefur varið öllum kröftum sínum í að safna í velferðarsjóð vegna slæms atvinnuástands. Einn starfsmaður kirkjunnar haldið utan um hjálparstarf í samvinnu við Hjálparstarf kirkjunnar.

Æskulýðsprestur starfar við kirkjuna og hefur presturinn náð einstökum árangri við barna og ungmennastarf.

Tónlistar- og menningarstarfið hefur að sama skapi vaxið mjög undir stjórn organistans en kórinn telur 70 manns og hefur staðið fyrir margvíslegum viðburðum sem hafa dregið að sér fjölda gesta.

Allt þetta er í uppnámi nú vegna þess samdráttar sem söfnuðurinn hefur mátt taka á sig.

AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ SKERÐING SÓKNARGJALDANNA VERÐI VIÐVARANDI

Í þessum kafla verður leitast við að greina hvaða starfsemi sókna Þjóðkirkjunnar telst til grunnþjónustu hennar. Þá verður jafnframt leitast við að meta afleiðingar skerðingar sóknargjaldanna á starfsemi sóknanna til skamms tíma og til lengri tíma. Að lokum verður síðan reynt að meta hvernig afleiðingarnar hafa áhrif á samfélagið til lengri tíma.

Kirkjuþing samþykkti árið 2010 þingsályktun um heildarskipan þjónustu kirkjunnar. Í ályktuninni er grunnþjónusta kirkjunnar skipt í eftirtalda meginþætti:

- a) Helgihald,
- b) boðun og fræðslu,
- c) kærleikþjónustu, sálgæslu og hjálparstarf,
- d) menningu og listir
- e) staðbundna þjónustu.

Þingsályktunin byggði á skýrslu nefndar sem lögð var fyrir kirkjuráð í september 2010. Í henni er grunnþjónusta kirkjunnar lýst og um hana fjallað ítarlega. Ljóst er af þeirri umfjöllun og skilgreiningunni sem að þaki býr að ekki er margt í starfsemi kirkjunnar sem fellur utan grunnþjónustuhugtaksins, en ekki hefur verið unnin lýsing á þeirri starfsemi enda eðli máls samkvæmt afskaplega mismunandi eftir sóknnum og eflaust víðast hvar engin s.s. í dreifbýli.

Öll starfsemi safnaða Þjóðkirkjunnar byggir á starfsmönnum hennar, vígðum sem leikum og launuðum sem sjálfboðaliðum. Söfnuðirnir hafa allir starfandi vígðan prest og hinir stærstu fleiri en einn sem taka laun sín úr ríkissjóði og þeir þurfa því ekki að fjármagna af sóknargjöldum en allt annað mannhald þarf að greiða með þeim. Þá er sjálfboðaliðastarf ekki án kostnaðar því margt konar kostnaður fellur til við það, sem sóknin þarf að greiða. Af lýsingu á fjárhagslegri stöðu

þeirra sem nefndin hefur aflað sér er fullkomlega ljóst að ef skerðing sóknargjaldanna verður viðvarandi munu mjög margir söfnuðir þurfa að segja upp starfssamningum allra starfsmanna sem launaðir eru með sóknargjöldum. Nefndin benti í áfangaskýrslu sinni á að vísbendingar væru um þetta og nú er ljóst að þessi staða blasir nú þegar víða við, og að óbreyttu má búast við fjöldauppsögnum starfsmanna næsta haust. Verði þessi staða uppi er ljóst að söfnuðirnir munu þurfa að draga starfsemi sína mjög verulega saman. Ekki hefur farið fram formleg könnun á því hvornig það verði gert og það er eflaust mismunandi eftir staðháttum en af sjálftu sér leiðir að í lengstu lög verður reynt að draga sem minnst úr beinu helgihaldi og boðun og fræðslu. Það merkir þá að lista- og menningarstarfsemi er sjálfhætt og næst mun kærleiksþjónusta, sálgæsla sem ekki er beinlínis á vegum prestanna sjálfra og hjálparstarf á vegum safnaðanna leggjast af. Staðbundin þjónusta sem tilfærð er í skýrslunni er vegna sérstakra aðstæðna í söfnuði, svo sem vaxandi fjölda innflytjenda, breytinga á búsetu og þjónustu við ferðafólk og við fólk sem dvelst utan marka sóknarinnar s.s. í sumarhúsum. Reynt verður að lágmarka allan kostnað við slíka þjónustu sem merkir að henni verður ekki sinnt nema í algerum neyðartilvikum. Í mörgum tilvikum, einkum þar sem söfnuðir eru mjög skuldbetta mun þetta ekki duga og jafnvel ekki heldur þótt helgihald, og boðun og fræðsla yrðu dregin saman svo sem kostur er þannig að við slíkum söfnuðum **blásir ekkert annað en gjaldþrot.**

Langtímaafleiðingar á starfsemi kirkjunnar ef skerðing sóknargjalda verður viðvarandi hafa ekki verið rannsakaðar. Af ofangreindri lýsingu má þó draga þá ályktun að ef **fjöldi sókna** verður beinlínis gjaldþrota eða þarf að gera nauðasamninga sem bindur allar tekjur þeirra langt fram í tímann, **annar hópur** þeirra hefur enga fjármuni til annars en að greiða af skuldum sínum, **þriðji hópurinn** getur aðeins haldið úti lágmarkshelgihaldi og þeirri boðun og fræðslu sem prestarnir sjálfir geta komist yfir en **engin sókn** getur sinnt neinni annarrí af grunnþjónustu kirkjunnar þá eru meginstöðir kirkjustarfsins fallnar og kirkjan lömuð. Áhrif þessa fyrir samfélagið allt þarf ekki að fjölyrða um, jafnsamofin sem kirkjan er þjóð sinni og þjóðin kirkju sinni.

VIÐBRÖGD VIÐ ÁFANGASKÝRSLU STARFSHÓPSINS – TILLÖGUR FJÁRLAGANEFNDAR OG SAMÞYKKT ALÞINGIS.

Eftir útkomu áfangaskýrslu nefndarinnar var hún kynnt fjölmörgum aðilum og þar á meðal fjármálaráðuneytinu og fjárlaganefnd Alþingis. Fjárlaganefnd brást við með því að gera breytingatillögu við 3. umræðu um frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Tillagan fól í sér að samtals yrði 90 m.kr. hækkun á framlögum sem byggðu á innheimtu sóknargjalda og hún skiptist þannig að framlög til Kirkjumálasjóðs hækkðu um 9 m.kr., framlög til sókna þjóðkirkjunnar hækkðu um 61,2 m.kr., framlög til annarra trúfélaga hækkðu um 8,3 m.kr. og framlög til Jöfnunarsjóðs sókna hækkðu um 11,5 m.kr.

Greinargerð með tillögunni hljóðaði þannig.:

„Þjóðkirkjan hefur vakið athygli fjárlaganefndar á misræmi við útfærslu á niðurskurðri framlaga udanfariuna ára. Þannig hafa framlög til sóknargjalda lækkað mun meira en sem nemur hagræðingarkröfu á almennan rekstur ríkisins. Innanríkisráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að leggja mat á afleiðingar niðurskurðarins. Í kjölfar þess að nefndarálit verður kynnt ráðherra og Alþingi mun ráðuneytið bregðast við ábendingum með tillögum til Alþingis um breytingar á fjárframlögum við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 2013. Með þessari tillögu er komið til móts við athugasemdir þjóðkirkjunnar með því að hækka framlögin um 5% frá því sem var í frumvarpi til fjárlaga. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að önnur rekstrargjöld en laun yrðu hækkuð um 5,3% milli ára. Sú ákvörðun náði ekki til sóknargjalda og er bætt úr því með þessari tillögu.“

Alþingi samþykkti breytingartillöguna og framlögin til sókna þjóðkirkjunnar hækkðu um 5% frá því sem áður hafði verið ákveðið.

LOKAORD STARFSHÓPSINS

Í áfangaskýrslu nefndarinnar kom eins og áður segir fram að afleiðing þess niðurskurðar sem þá hafði verið ákveðinn á sóknargjöldunum væri sú að söfnuðum þjóðkirkjunnar væri gert að reka sig fyrir fjárhæð sem næmi 79,4 miðað við 100 á árinu 2008 meðan aðrir ríkisaðilar sem féllu undir IRR fengju fjárheimildir sem næmu 105,44. Kostnaður, sem fylgdi þróun vísitölu neysluverðs væri hins vegar almennt kominn upp í 128,19. Breytingin sem gerð var við 3. umræðu um frumvarp til gildandi fjárlaga olli því að vísitala sóknargjaldatekna til þjóðkirkjusafnaða hækkaði úr 79,4 og upp í 82,2. Leiðréttingin var því fyrst og fremst mikilsverð viðurkenning á því að jafnræðis hefði ekki verið gætt og tekjur af sóknargjöldunum hefðu verið skertar langt umfram aðra sambærilega aðila sem byggja rekstur sinn á framlögum á fjárlögum. Til að tryggja þetta jafnræði þarf mikið

átak og nefndinni er ljóst að það verður ekki gert í einu skrefi. Nefndin hefur ekki beinar tillögur um hvernig þetta skuli gert, enda var henni ekki ætluð slík tillögugerð samkvæmt erindisbréfi. Nefndinni þykir hins vegar rétt að fram komi að með því að stíga nú það skref að hækka sóknargjöldin upp í 852 kr. á næsta ári úr 701 kr. mun vísitala sóknargjaldatekna Þjóðkirkjusafnaða að öðru óbreyttu hækka úr 82,2 á þessu ári og í 100. Þar með væri náð þeim árangri að bæta sóknunum líðlega tvo þriðju hluta þeirrar skerðingar sem þær sættu umfram aðra og unnt ætti að vera að bæta þeim það sem þá vantaði á árinu 2014. Þegar þeim árangri væri náð, yrði þess síðan gætt að allar hugsanlegar hækkunir fjárheimilda í formi verðbóta eða annars sem aðrir ríkisaðilar nytu, kæmu einnig til hækkunar á sóknargjaldatekjum þannig að fulls jafnræðis væri gætt. Nefndin telur eðlilegt að Þjóðkirkjan taki á sig skerðingu til jafns við aðrar stofnanir Þjóðfélagsins, en telur réttlætismál að bæta kirkjunni þá umframskerðingu sem hún hefur orðið fyrir, því það hljóta að hafa verið mistök að hún var skert meira en aðrar stofnanir. Að lokum minnir nefndin á, eins og hún gerði í lokaorðum áfangaskýrslu sinnar að jafnvel þótt sóknargjaldatekjur Þjóðkirkjusafnaðanna yrðu á næsta ári hækkaðar upp í 852 kr. liggur nærri að frá því skerðing þeirra hófst hafi runnið í ríkissjóð um tveir milljarðar króna af þessum tekjustofni safnaðanna vegna skerðingar umfram aðra.

Engin krafa er gerð um bætur vegna þessa en einungis sú réttlætiskrafa að söfuðirnir séu ekki því misrétti beittir að þurfa að sæta skerðingu umfram aðra.

Reykjavík, 30.apríl 2012

Ingibjörg Pálmadóttir formaður

Gísli Jónasson

Halldóra Þorvarðardóttir

Oddur Einarsson

Viðauki 3.

Lög nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl.

Lög um sóknargjöld o.fl. 1987 nr. 91 29. desember

Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.

Tóku gildi 1. janúar 1988. *Breytt með* [L. 124/1997](#) (tóku gildi 30. des. 1997), [L. 148/2001](#) (tóku gildi 1. jan. 2002), [L. 51/2002](#) (tóku gildi 1. júlí 2002), [L. 95/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [L. 129/2004](#) (tóku gildi 31. des. 2005), [L. 173/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), [L. 70/2009](#) (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og [L. 97/2009](#) (tóku gildi 3. sept. 2009)), [L. 162/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011), [L. 164/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tóku gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.), [L. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011), [L. 164/2011](#) (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.), [L. 146/2012](#) (tóku gildi 1. jan. 2013 nema a- og d-liður 2. gr. sem tóku ekki gildi, sbr. [L. 79/2013](#), 1. gr., og c-liður 2. gr. og 34. gr. sem tóku gildi 1. júlí 2013; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 35. gr.), [L. 6/2013](#) (tóku gildi 1. jan. 2013, birt í Stjtið. 13. febr. 2013) og [L. 140/2013](#) (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi. Upplýsingar um málefnasvið ráðuneyta skv. forsetaúrskurði er að finna [hér](#).

I. kafli. [Um hlutdeild þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga í tekjuskatti.]¹⁾

¹⁾[L. 6/2013, 14. gr.](#)

■ **1. gr.** [Þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög samkvæmt lögum um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög skulu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti á löggðum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt eftir því sem lög þessi ákveða.]¹⁾

¹⁾[L. 6/2013, 14. gr.](#)

■ **2. gr.** [Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga [og lífsskoðunarfélaga].]¹⁾²⁾ Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. [Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.]³⁾

2. ...³⁾

3. Á árinu [1998]³⁾ og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbætti hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af [ráðherra]⁴⁾ í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra ...⁵⁾ eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppgreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

¹⁾[L. 6/2013, 14. gr.](#) ²⁾[L. 70/2009, 23. gr.](#) ³⁾[L. 124/1997, 1. gr.](#) ⁴⁾[L. 126/2011, 121. gr.](#) ⁵⁾[L. 51/2002, 2. gr.](#)

■ **3. gr.** [Gjald skv. 2. gr. skiptist þannig:

1. Vegna einstaklings, sem skráður er í þjóðkirkjuna, greiðist til þess safnaðar sem hann tilheyrir og miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.

2. Vegna einstaklings, sem tilheyrir skráðu trúfélagi eða lífsskoðunarfélagi, samkvæmt [lögum nr. 108/1999](#), greiðist gjaldið til hlutaðeigandi trúfélags eða lífsskoðunarfélags.

3. Vegna einstaklinga, sem eru í þjóðkirkjunni og eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist gjaldið til Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. 5. gr.

Skráning í trúfélag eða lífsskoðunarfélag miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.¹⁾

¹⁾ [L. 6/2013, 14. gr.](#)

■ **4. gr.** [Fjárýsla ríkisins]¹⁾ annast skiptingu gjaldsins skv. 3. gr.

¹⁾ [L. 95/2002, 7. gr.](#)

II. kafli. Um Jöfnunarsjóð sókna.

■ **5. gr.** Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

■ **6. gr.** Hlutverk sjóðsins er:

a. Að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur.

b. Að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmæltar tekjur skv. 2. gr. laga þessara nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknamefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.

c. Að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum.

d. Að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Heimilt er að veita héraðssjóðum styrki til verkefna er undir þá falla, sbr. 8. gr.

■ **7. gr.** Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal [ráðuneytinu]¹⁾ fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

¹⁾ [L. 162/2010, 114. gr.](#)

III. kafli. Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

■ **8. gr.** Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum skv. I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Ríkissjóði ber að greiða héraðssjóði þá fjárhæð er héraðsfundur ákveður, skv. 1. mgr., áður en sóknargjaldi er skipt milli sókna í hlutaðeigandi prófastsdæmi.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykktar héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

IV. kafli. Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

■ **9. gr.** [Ráðherra]¹⁾ setur með reglugerð²⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laganna að

fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við [ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins].³⁾

¹⁾[L. 162/2010, 114. gr.](#) ²⁾[Rg. 206/1991, sbr. 81/1999, 1130/2005 og 27/2010. Rg. 865/2001, sbr. 1129/2005 og 150/2010.](#) ³⁾[L. 126/2011, 121. gr.](#)

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

□...

[Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. [1. gr. laga nr. 124/1997](#), skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 566 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 148/2001, 7. gr.](#)

■ **II.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 855 kr. á mánuði árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 173/2008, 1. gr.](#)

■ **III.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 811 kr. á mánuði frá gildistöku laga þessara út árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Fyrir árið 2010 skal gjaldið vera 767 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 70/2009, brbákv. VI.](#)

■ **IV.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 164/2010, 25. gr.](#)

■ **V.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 701 kr. á mánuði árið 2012 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 164/2011, 30. gr.](#)

■ **VI.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 728 kr. á mánuði árið 2013 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 146/2012, 32. gr.](#)

■ **VII.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga vera 750 kr. á mánuði árið 2014 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]¹⁾

¹⁾[L. 140/2013, 32. gr.](#)

Viðauki 4. Lög um sóknargjöld. Samantekt: Gísli Jónasson

(Sjá enn fremur frv. til laga um sóknargjöld o.fl., lagt fram á 110. löggjafarþingi árið 1987: <http://www.althingi.is/altxt/110/s/pdf/0133.pdf>)

Núgildandi lög um sóknargjöld o.fl. tóku gildi 1. janúar 1988 eftir að þau voru samþykkt samhljóða í neðri deild Alþingis 16. desember og síðan afgreidd samhljóða sem lög frá efri deild Alþingis 18. desember.

Það lagafrumvarp sem þá var samþykkt var samið af nefnd sem skipuð var af Jóni Helgasyni, þáverandi kirkjumálaráðherra, 3. júlí 1987. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. eftirfarandi um verkefni nefndarinnar:

„Hlutverk nefndarinnar var m.a. að gera tillögur um breytingar á reglum um álagningu og innheimtu sóknargjalda ef þörf krefur vegna nýrra laga um staðgreiðslu opinberra gjalda sem taka gildi um næstu áramót.

Nefndin hefur leitað upplýsinga hjá Þjóðhagsstofnun um breytingar á reglum um álagningu og innheimtu sóknargjalda ef þörf krefur vegna nýrra laga um staðgreiðslu opinberra gjalda sem taka gildi um næstu áramót.“

Umrædd skattkerfisbreyting felur m.a. það í sér að lagður verður á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds.

Í greinargerð með frumvarpi tillaga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, kemur skýrt fram að miðað er við að hlutdeild sókna- og kirkjugarða verði hin sama og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrsta lagi þarf að ákveða hlut kirkjunnar í tekjuskattinum og í öðru lagi að ákveða hvornig sá hlutur skiptist milli einstakra sókna og trúfélaga og Háskólasjóðs vegna þeirra er standa utan trúfélaga.

Nefndin hefur haft það sem megin sjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem hún hefur nú. Jafnframt er mikilvægt að reglur, sem settar verði, tryggji stöðugleika á tekjustofnum sókna. Einnig er æskilegt að allar reglur verði þannig að framkvæmd verði sem einföldust.“

Ljóst er að nokkrar leiðir koma til greina, t.d. að ákvarða hlut sóknargjaldsins sem ákveðinn hundradshluta af tekjuskattinum í heild eða tekjuskattsstofni. Jafnframt koma nokkrar leiðir til greina varðandi skiptingu sóknargjaldsins.

Í samræmi við þau megin sjónarmið, sem nefnd er hér að framan, er valin eftirfarandi leið:

Ákveðin er hlutdeild kirkjunnar, trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskattinum á grundvelli þess er núgildandi lög um sóknargjald gefa.

Þessari fjárhæð er deilt niður á alla sem hafa náð 16 ára aldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári miðað við 31. desember 1986 og síðan fundin út grunntala sem er mánaðarleg greiðsla sem ríkissjóði ber að skila fyrir hvern mann 16 ára og eldri. Grunntala þessi breytist einu sinni ári er samsvarar þeirri hækkun er verður á tekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Skipting milli þjóðkirkjusafnaða, trúfélaga og þeirra er standa utan trúfélaga er ákvæðuð á grundvelli fjölda þeirra sem eru 16 ára í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Kostir þessarar aðferðar við að reikna út og skipta umræddum gjöldum eru einkum þessir: Hún er mjög einföld í framkvæmd. Hún tryggir til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar og fylgir tekjubreytingum. Jafnframt fylgir hún fólksfjölgun eða fækkun. Hún skapar möguleika á því að skipta gjaldinu jafnt og réttlátlega milli sókna. Þetta auðveldar söfnuðum að áætla tekjur sínar og byggja fjárhagsáætlanir á þeim. Innheimtukostnaður félli niður.“

Þessi lög leystu af hólmi eldri lög um sama efni sem sett höfðu verið tveimur árum áður. Samkvæmt hinum eldri lögum lagði sóknarnefnd gjaldið á og ákvað

fjárhæð þess innan tiltekings ramma. Ríkið tók að sér að annast um innheimtuna, gegn 1% þóknun sem rann í ríkissjóð, og skilaði gjaldinu til viðkomandi aðila. Í greinargerð frumvarpsins, sem varð að lögum nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl., sem hér er til vitnað, er til þess vísað, að í greinargerð frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum komi skýrt fram, að miðað sé við það í frumvarpinu, að hlutdeild sókna og kirkjugarða verði hin sama og verið hafi samkvæmt þágildandi lögum. Nefndin sem samdi frumvarpið hafi haft það sem meginsjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem hún hafi haft. Jafnframt sé mikilvægt að reglur, sem settar verði, tryggji stöðugleika á tekjustofnum sókna. Þá segir í greinargerðinni að kostir þessarar leiðar, sem valin var við að reikna út og skipta umræddum gjöldum séu einkum þeir að hún sé einföld í framkvæmd, hún tryggji til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar og fylgi tekjubreytingum. Þetta auðveldi söfnuðum að áætla tekjur sínar og byggja fjárhagsáætlanir á þeim. Jafnframt falli innheimtukostnaður niður.

Af þessu er augljóst, að markmið löggjafans með setningu þessara laga var það, fyrst og fremst, að tryggja óbreyttar sóknargjaldatekjur trúfélaganna við þær breytingar sem urðu á innheimtu opinberra gjalda með upptöku hins nýja staðgreiðslukerfis. Ríkisvaldið var m.ö.o. að taka að sér þá þjónustu, sem gjaldheimturnar sáu almennt áður um, með því að að sóknargjaldið yrði nú tiltekið hlutfall af innheimtum tekjuskatti svipað og gert yrði með innheimtu útsvars til sveitarfélaganna og sæi síðan um að skila þeim til réttara aðila. Með þessu fyrirkomulagi skyldi það tryggt, að sóknargjaldið héldi sínum eðlilega hlut, sem sjálfstæður tekjustofn eða félagsgjald trúfélaganna, þótt það væri nú að forminu til umreiknað í tiltekið hlutfall tekjuskatts og tekið af hinni sameiginlegu innheimtu.

Telur nefndin mikilvægt að þessu sjónarmiði sé haldið til haga, þar sem því hefur stundum verið haldið fram í umræðunni, að sóknargjaldið sé ekki félagsgjald heldur framlag úr ríkissjóði. Skal í þessu sambandi einnig bent á það, að þáverandi kirkjumálaráðherra, Jón Sigurðsson, vék einmitt sérstaklega að þessu atriði í framsöguræðum sínum í báðum deildum Alþingis. Þann 25/11 1987 sagði hann í framsöguræðu í neðri deild:

“Við umræður um þetta frv., eða drögin að því áður en það var lagt fram á þingi, hefur heyrst að með því sé verið að eyrnamarka kirkjunni hluta af tekjustofni ríkissjóðs sem sé andstætt hinni mörkuðu meginstefnu í fjármálastjórn sem er að hverfa frá fyrri aðferð. Ég vil af þessu tilefni taka skýrt fram að söfnuðirnir hafa reyndar haft sjálfstæðan tekjuskatt og í frv. er eingöngu fundin aðferð til þess að hann haldist áfram hjá þeim, en vegna einföldunar í skattakerfinu vegna staðgreiðslunnar var ekki fundin önnur aðferð betri en sú sem hér er gerð tillaga um og þess vegna verður að taka þetta fé af óskiptum tekjuskattinum.”

Og þann 18/12 sagði hann við sama tilefni í efri deild:

„Þær raddir hafa heyrst að með þessum tillögum sé verið að eyrnamarka kirkjunni hluta af tekjustofnum ríkissjóðs sem sé andstætt markaðri meginstefnu í fjármálastjórn ríkisins. Ég vil af því tilefni taka alveg skýrt fram að söfnuðir þjóðkirkjunnar og önnur trúfélög hafa fram til þessa haft sjálfstæðan tekjuskatt og í frv. er einungis gert ráð fyrir að þau hafi hann áfram en með öðrum hætti en verið hefur vegna þeirrar einföldunar á skattakerfinu sem staðgreiðslan felur í sér. Þess vegna er sú tillaga gerð sem hér er flutt.“

Það skal tekið fram að algjör einhugur var um þennan skilning ráðherrans á Alþingi og var frumvarpið, eins og áður er getið, samþykkt athugasemdalaust og samhljóða í báðum deildum. Telur nefndin það því engum vafa undirorpið, að tilgangurinn með þessari lagasetningu hafi verið sá einn, að tryggja stöðu trúfélaganna fjárhagslega, með því að finna einfalt og skilvirkt innheimtufyrirkomulag á sóknargjaldinu, sem alltaf hafði verið sjálfstæður tekjustofn eða félagsgjald þeirra. Það kemur með m.ð.o. skýrt fram, af umræðunni og öðrum gögnum málsins, að ætlunin var aldrei sú með þessari lagasetningu, að færa ætti umfjöllun um upphæð sóknargjaldsins hverju sinni til fjármálaráðuneytis eða fjálaganefndar, eins og verið hefur síðustu árin. Þvert á móti var það yfirlýst markmið laganna, að trúfélögin skyldu halda tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem þau áður höfðu haft og að tryggja þeim til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum með því að þeir fylgi tekjubreytingum almennings.

Nd. 133. Frumvarp til laga [128. mál]

um sóknargjöld o.fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

I. KAFLI

Um hlutdeild þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskatti.

1. gr.

Þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög, nr. 18/1975, og Háskólasjóður skulu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti á lögðum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, sbr. lög nr. 49/1987, eftir því sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. Á árinu 1988 skal gjaldið vera 141 kr. á einstakling á mánuði að viðbætti fjárhæð er samsvarar þeirri hækkun er verður á meðaltekjuskattstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1986 og 1987. Ríkissjóður skilar þessu gjaldi í fyrsta skipti 15. febrúar 1988.
2. Á árinu 1989 ákvarðast gjaldið á hvern einstakling á mánuði í samræmi við endanlega ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári að viðbætti hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattstofni einstaklinga á öllu landinu milli tekjuáranna 1987 og 1988 þegar tekjuskattstofn tekjuársins 1987 hefur verið reiknaður eftir sömu reglum og munu gilda við útreikning tekjuskattstofns tekjuársins 1988.
3. Á árinu 1990 og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári að viðbætti hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattstofni einstaklinga á öllu landinu eins og hann breytist milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári. Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af kirkjumálaráðherra í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra og Þjóðhagsstofnun eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppigreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

3. gr.

Gjald skv. 2. gr. skiptist þannig:

Vegna einstaklings, sem er skráður í þjóðkirkjuna, greiðist gjaldið til þess safnaðar sem hann tilheyrir.

Vegna einstaklings, sem tilheyrir skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, greiðist gjaldið til hlutaðeigandi trúfélags.

Vegna einstaklings, sem hvorki er í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi samkvæmt lögum nr. 18/1975, greiðist gjaldið til Háskóla Íslands.

Vegna einstaklinga, sem eru í þjóðkirkjunni og eru óstaðsettir á landinu samkvæmt þjóðskrá, greiðist gjaldið til Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. 5. gr.

Búsetu- og trúfélagsskráning miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.

4. gr.

Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins skv. 3. gr.

II. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sókna.

5. gr.

Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til Þjóðkirkjusafnaða skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

6. gr.

Hlutverk sjóðsins er:

- a. Að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur.
- b. Að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmæltar tekjur skv. 2. gr. laga þessara nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.
- c. Að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum.
- d. Að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Heimilt er að veita héraðssjóðum styrki til verkefna er undir þá falla, sbr. 8. gr.

7. gr.

Kirkjuráð hinnar íslensku Þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

III. KAFLI

Um héraðssjóði og framlög til þeirra.

8. gr.

Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að 5% af innheimtum sóknargjöldum skv. I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, héraðssjóð, í vörslu prófasts. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Ríkissjóði ber að greiða héraðssjóði þá fjárhæð er héraðsfundur ákveður, skv. 1. mgr., áður en sóknargjaldi er skipt milli sókna í hlutaðeigandi prófastsdæmi.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykktar héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

IV. KAFLI

Stjórnvaldsreglur, gildistaka og brottfallin lög.

9. gr.

Kirkjumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 80 2. júlí 1985, um sóknargjöld o.fl., svo og lög nr. 104 31. desember 1985, um breyting á þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var samið af nefnd er skipuð var af kirkjumálaráðherra. Frumvarpið var lagt fyrir kirkjuþing 1987 er gerði á því óverulegar breytingar. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð sem lítillaga hefur verið breytt til samræmis við breytingar er kirkjuþingið gerði á frumvarpinu.

Greinargerð.

Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem skipuð var af Jóni Helgasyni, fyrrv. kirkjumálaráðherra, með bréfi dags. 3. júlí 1987. Í nefndina voru skipaðir eftirfarandi: Sr. Jón Einarsson prófastur og Kristján Þorgeirsson, tilnefndir af kirkjuráði, Snorri Olsen, fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, og Þorleifur Pálsson, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, sem er formaður nefndarinnar. Auk þess hefur Ólafur Kr. Ólafsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, starfað með nefndinni.

Hlutverk nefndarinnar var m.a. að gera tillögur um breytingar á reglum um álagningu og innheimtu sóknargjalda ef þörf krefur vegna nýrra laga um staðgreiðslu opinberra gjalda sem taka gildi um næstu áramót.

Nefndin hefur leitað upplýsinga hjá Þjóðhagsstofnun og embætti ríkisskattstjóra varðandi ýmsa þætti er lúta að samningu þessa frumvarps.

Nokkur meginsjónarmið.

Umrædd skattkerfisbreyting felur m.a. það í sér að lagður verður á einn tekjuskattur til ríkisins sem komi í stað núverandi tekjuskatts, sjúkratryggingagjalds, gjalds til Framkvæmdasjóðs aldraðra, sóknargjalds og kirkjugarðsgjalds.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, kemur skýrt fram að miðað er við að hlutdeild sókna- og kirkjugarða verði hin sama og verið hefur samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrsta lagi þarf að ákveða hlut kirkjunnar í tekjuskattinum og í öðru lagi að ákveða hvernig sá hlutur skiptist milli einstakra sókna og trúfélaga og Háskólasjóðs vegna þeirra er standa utan trúfélaga.

Nefndin hefur haft það sem meginsjónarmið að kirkjan haldi tekjustofnum sínum óskertum, miðað við það sem hún hefur nú. Jafnframt er mikilvægt að reglur, sem settar verði, tryggji stöðugleika á tekjustofnum sókna. Einnig er æskilegt að allar reglur verði þannig að framkvæmd verði sem einföldust.

Leið sem valin er.

Ljóst er að nokkrar leiðir koma til greina, t.d. að ákvarða hlut sóknargjaldsins sem ákveðinn hundradshluta af tekjuskattinum í heild eða tekjuskattsstofni. Jafnframt koma nokkrar leiðir til greina varðandi skiptingu sóknargjaldsins.

Í samræmi við þau meginsjónarmið, sem nefnd eru hér að framan, er valin eftirfarandi leið:

Ákveðin er hlutdeild kirkjunnar, trúfélaga og Háskólasjóðs í tekjuskattinum á grundvelli þess er núgildandi lög um sóknargjald gefa.

Þessari fjárhæð er deilt niður á alla sem hafa náð 16 ára aldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári miðað við 31. desember 1986 og síðan fundin út grunntala sem er mánaðarleg greiðsla sem ríkissjóði ber að skila fyrir hvern mann 16 ára og eldri. Grunntala þessi breytist einu sinni ári er samsvarar þeirri hækkun er verður á tekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Skipting milli þjóðkirkjusafnaða, trúfélaga og þeirra er standa utan trúfélaga er ákvörðuð á grundvelli fjölda þeirra sem eru 16 ára í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Kostir þessarar aðferðar við að reikna út og skipta umræddum gjöldum eru einkum þessir: Hún er mjög einföld í framkvæmd. Hún tryggir til frambúðar stöðugleika á umræddum tekjustofnum kirkjunnar og fylgir tekjubreytingum. Jafnframt fylgir hún fólksfjölgun eða fækkun. Hún skapar möguleika á því að skipta gjaldinu jafnt og réttlátlega milli sókna. Þetta auðveldar söfnuðum að áætla tekjur sínar og byggja fjárhagsáætlanir á þeim. Innheimtukostnaður félli niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gengið er út frá því að þjóðkirkjusöfnuðir, trúfélög og Háskóli Íslands, Háskólasjóður, eigi hlutdeild í tekjuskattinum eins og hann verður eftir gildistöku staðgreiðslukerfisins. Styðst þetta m.a. við greinargerð með frumvarpi því til breytinga á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, er lagt var fram á 109. löggjafarþingi og varð síðar að lögum, sbr. lög nr. 49/1987.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein ber ríkissjóði að skila ákveðinni fjárhæð af óskiptum tekjuskatti sem er gjald er rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands. Umrædd fjárhæð er ákvörðuð þannig að ríkissjóður greiðir ákveðna grunntölu fyrir hvern mann sem náð hefur 16 ára aldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.

Langflestar sóknir nýta að fullu heimild skv. 2. gr. laga um sóknargjald og miða gjaldtökuna við 0,40% af útsvarstofni. Aðeins í tveimur prófastsdæmum er þessi heimild ekki að fullu nýtt, þ.e. í Reykjavíkprófastsdæmi þar sem miðað er við 0,39% af útsvarstofni í flestum sóknum og í Kjalarnesprófastsdæmi þar sem í nokkrum sóknum er miðað við 0,35% af útsvarstofni. Heildarfjárhæð sóknargjalda á öllu landinu á árinu 1987 nam 312 292 þús. kr. og þar af 12 561 þús. kr. sem er á lagt samkvæmt sérstakri hækkunarheimild í 3. gr. laga um sóknargjöld. Í 3. gr. eru ákvæði sem heimila sóknum með leyfi kirkjumálaráðherra að hækka gjaldin um allt að helming umfram 0,40% af útsvarstofni. Gjald álagt á grundvelli 2. gr. laga um sóknargjöld er því 299 731 þús. kr. Umrædd fjárhæð er lögð til grundvallar við útreikning á grunntölu skv. 1. tölul. 1. mgr. frumvarpsins.

Heildarútsvarstofn við álagningu á þessu ári, samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra, var 77 431 495 þús. kr. en útsvarstofn sem sóknargjöld eru reiknuð af eru 77 000 686 þús. kr. Ef allar sóknir hefðu miðað gjaldtökuna við 0,40% af útsvarstofni hefði sóknargjaldið samtals því orðið 308 002 þús. kr.

Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands var fjöldi þeirra sem voru 16 ára og eldri 31. desember 1986 á öllu landinu samtals 177 204.

Í samræmi við framangreinda forsendu er grunntalan þannig reiknuð út:

$$\frac{299.731}{177.204 \times 12} = 140.95$$

Grunntalan skv. 1. tölul. 1. mgr. er hér hækkuð í 141 kr.

Við útreikning á hækkun grunngjaldsins ber að taka tillit til þess þegar tekjuskattsstofnar tveggja ára eru bornir saman að ákvæði 1. mgr. felur í sér breytingu á heildarfrjárhæð í hlutfalli við fólksfjölgun eða fækkun er verður milli ára.

Gert er ráð fyrir að taka tillit til breytinga er kunna að verða á útreikningi tekjuskattsstofnsins við ákvörðun gjaldsins.

Síðasta málsgrein gerir ráð fyrir að kirkjumálaráðherra ákveði uppgreiðslu frá janúar til júl á grundvelli spár um tekjuþróun. Er þetta til hagræðis fyrir sóknir og trúfélög.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um hvernig umræddu gjaldi skuli skipt milli sókna, trúfélaga og Háskólasjóðs. Búsetu- og trúfélagaskráning miðast við 1. desember næst á undan gjaldári. Jafnan eru nokkrir einstaklingar óstaðfestir samkvæmt þjóðskrá. Er hér lagt til að gjald vegna þeirra greiðist í Jöfnunarsjóð sókna, sbr. 5. gr.

Um 4. gr.

Ríkisbókhaldið annast skiptingu gjaldsins. Einfaldar þetta alla framkvæmd.

Um 5. gr.

Hér er lagt til að stofnaður verði sjóður er nefnist Jöfnunarsjóður sókna.

Ástæður fyrir stofnun hans eru einkum þessar:

1. Honum er ætlað að mæta fjárbörf þeirra sókna er annars mundu nota núverandi heimildir skv. 3. gr. laga um sóknargjöld um sérstaka hækkun sóknargjaldsins. Samkvæmt nefndri grein er heimilt að hækka sóknargjaldið fyrir hvert ár allt að helmingi og miða það við 0,80% af útsvarsstofni. Nügildandi lög voru sett á árinu 1985. Sóknargjöld fyrir 1986 og 1987 hafa verið á lögð samkvæmt þeim. Á árinu 1986 voru nær engar hækkunarheimildir veittar af sérstökum ástæðum. Á árinu 1987 voru veittar hækkunarheimildir í nokkrum tilfellum. Nokkur dæmi eru um það að sóknir sóttu ekki um hækkun nú í ár þar sem þær reiknuðu ekki með að ekki yrði leyfð hækkun í samræmi við afgreiðslu á árinu 1986. Því gefur sú fjárhæð, sem leyfð var umfram 0,40%, 12 561 þús. kr., ekki rétta mynd af eðlilegri fjárbörf safnaðanna.
2. Höfð er hliðsjón af ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga um sóknargjöld, þar sem segir: „Ríkissjóður leggur fram fé til héraðssjóðs eftir því sem mælt er fyrir um í fjárlögum og úthlutar kirkjuráð því fé til sjóðanna og undirbýr tillögur til ráðuneytisins um fjárframlög.“
Ef frumvarp þetta verður að lögum falla úr gildi nügildandi lög um sóknargjald og þar með ofangreint ákvæði. Því er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður hafi möguleika á að styrkja héraðssjóðina, sbr. 6. gr.
3. Lagt er til að styrkur verði veittur til svokallaðra landskirkna, sbr. 6. gr., bæði til rekstrar þar sem þess er þörf og til viðhalds.
4. Jafnframt er lagt til að bein framlög á fjárlögum úr ríkissjóði til einstakra kirkna falli brott en þess í stað verði veitt framlög úr Jöfnunarsjóðnum. Stærsta fjárhæðin á undanförunum árum hefur verið framlag til Hallgrímskirkju í Reykjavík og Hóladómkirkju.

Til skýringar skal getið nokkurra fjárveitinga skv. fjárlögum 1987 er hér um ræðir (í þús. kr.).

Hallgrímskirkja	8 000
Hóladómkirkja	5 000
Skálholt	800
(Hluti af fjárv. er v/kirkjunnar)	
Hallgrímskirkja í Saurbæ	75
Hvammskirkja í Dölum	60
Reykhólakirkja	60
Stóra-Áskirkja	60
Reykholtskirkja-Snorrastofa	300
Kirkjumiðstöð Austurlands	200
Dómprófastsembættið í Reykjavík	300

Samtals 14 855

Auk framantalinna verkefna má fella hér undir hluta framlaga til kirkjulegra verkefna á fjárlagalið 304. Samkvæmt fjárlögum 1987 námu fjárhæðir þessar um 1,5 millj. kr.

Með þessari tillögugerð er ekki ætlast til þess að niður falli stuðningur ríkissjóðs við sérstaklega fjárfrekar framkvæmdir. Hér er fyrst og fremst átt við framlög til Hallgrímskirkju í Reykjavík og til Hóladómkirkju.

Smíði Hallgrímskirkju er ekki að fullu lokið. Ljúka þarf m.a. skreytingu kirkjunnar. Nefnd er að störfum sem vinnur að tillögugerð hér að lútandi. Hugsanlegt er að hefja þurfi viðgerð á kirkjunni sem gæti orðið dýr.

Gera þarf við Hóladómkirkju. Einnig þarf að gera við altarisbrík kirkjunnar og ýmsa muni hennar. Kostnaður vegna þessa gæti numið milli 40 og 50 millj. kr.

Það er mat nefndarinnar, miðað við þær forsendur sem gefnar eru hér að framan og þau verkefni sem sjóðnum er ætlað að sinna, að eðlileg fjárförf hans sé sem hér segir (í þús. kr.):

1. Það sem á vantar að heimild skv. 2. gr. laga nr. 80/1985, 0,40% af útsvarstofni, sé nýtt	8 050
2. Fjárhæð sem kemur í stað hækkunarheimildar skv. 3. gr. laga 80/1985 og með hliðsjón af ákv. 8. gr. sömu laga um greiðslur úr ríkissjóði til héraðssjóðs	25 600
3. Lauslega áætlaður kostnaður v/landskirkna	15 000
4. Lauslega áætlaður kostnaður v/annarra kirkna og kirkjulegra verkefna	3 100
Samtals	51 750

Fjárhæðir þessar eru eingöngu vegna þjóðkirkjuverkefna. Umrædd tala er nálægt 18,5% af þeirri fjárhæð sem kemur í hlut þjóðkirkjusafnaðar á þessu ári samkvæmt ákvæðum um gjaldtöku í 2. gr. laga nr. 80/1985, en sú fjárhæð er 279 708 þús. kr.

Um 6. gr.

Hér er tilgreint hlutverk sjóðsins.

Samkvæmt a-lið má veita styrki til kirkna sem hafa sérstöðu umfram aðrar sóknarkirkjur og geta talist landskirkjur. Hér er um að ræða Dómkirkjuna í Reykjavík, Hóladómkirkju, Hallgrímskirkju í Reykjavík og Skálholtskirkju. Einnig hefur Hallgrímskirkja í

Saurbæ vissa sérstöðu umfram aðrar kirkjur, enda hefur á undanförunum árum verið veittur styrkur til hennar.

Samkvæmt b-lið er hlutverk sjóðsins að jafna aðstöðu og styrkja fátækar sóknir. Orðalag er hér svipað og er í 3. gr. laga um sóknargjöld þar sem tilgreind er ástæða fyrir sérstakri hækkun sóknargjaldsins. Í reynd yrði styrkur veittur þar sem sóknir standa í fjárfrekum framkvæmdum, t.d. vegna nýbygginga eða fjárfrekra endurbóta.

Samkvæmt c-lið er heimilt að veita styrki vegna stofnunar nýrra sókna í nýjum byggða-hverfum.

Samkvæmt d-lið er sjóðnum ætlað að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi. Í athugasemdum við 8. gr. er vikið nánar að þessum þætti.

Um 7. gr.

Gert er ráð fyrir að kirkjuráð hafi á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðsins. Gert er ráð fyrir að áætlun um úthlutun og fjárhagsáætlun verði kynnt dóms- og kirkjumálaráðuneytinu fyrir lok maímánaðar, þannig að vitneskja um þetta liggi fyrir við fjárlagagerð. Einnig er gert ráð fyrir að úthlutun og fjárhagsáætlun verði kynnt kirkjuþingi.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að mestu samhljóða 8. gr. laga nr. 80/1985, um sóknargjöld. Þó er það nýmæli í 1. mgr. að heimilað er að veita styrki til einstakra sókna og til ákvedinna kirkjulegra verkefna.

Í 2. mgr. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði héraðssjóði beint þá fjárhæð sem þeim ber að fá samkvæmt ákvörðun héraðsfundar.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar er að mestu samhljóða 9. gr. laga nr. 80/1985, um sóknargjöld.

Fylgiskjal I.

Álögð sóknargjöld 1987.

Söfnuður	Útsvarstofn kr.	Sóknargjald kr.	Fjöldi gjaldenda
Þjóðkirkjan	71.830.483.571	292.268.770	142.017
Óháði söfnuðurinn	355.375.251	1.390.180	709
Fríkirkjan í Reykjavík	1.835.258.972	7.163.100	3.631
Hvítasunnusöfnuður	196.283.684	763.710	438
Utan trúfélaga	1.120.487.259	4.359.900	1.904
Aðventistar	167.957.413	653.230	342
Kapólska kirkjan	489.568.716	1.917.360	982
Önnur trúfélög og ótilgreint	147.251.854	582.500	280
Vottar Jehóva	93.584.117	358.710	201
Mormónar	25.614.627	99.570	61
Baháísamfélag	77.149.708	301.040	167
Ásatrúarfélag	38.131.018	150.330	64
Sjónarhæðarsöfnuður	12.795.562	50.560	26
Krossinn	40.207.383	158.870	84
Fríkirkjan í Hafnarfirði	570.537.129	2.075.880	1.156
Samtals	77.000.686.264	312.293.710	152.062

Fylgiskjal II.

Álögð sóknargjöld 1986 og 1987.

Prófastsdæmi:	1986				1987			
	Fjöldi gjaldenda	Fjárhæð í þús.	% af útsvarst.	Gjald pr. gjaldanda	Fjöldi gjaldenda	Fjárhæð í þús.	% af útsvarst.	Gjald pr. gjaldanda
Reykjavíkurborgarprófastsdæmi	68.379	105.090	0.39	1.537	56.740 12.702	113.796 33.939	0.39 0.50	2.006 2.672
					69.442	147.735		2.127
Kjalarnesprófastsdæmi	18.763 7.403	27.351 11.892	0.35 0.40	1.458 1.606	18.184 4.616 3.962	35.184 9.860 10.944	0.35 0.40 0.60	1.935 2.136 2.762
	26.166	39.242		1.500	26.762	55.988		2.092
Borgarfjarðarprófastsdæmi	5.621	8.141	0.40	1.448	5.673	10.950	0.40	1.930
Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi	3.342 144	5.024 184	0.40 0.55	1.503 1.271	2.666 835	5.391 2.681	0.40 0.60	2.022 3.211
	3.486	5.208		1.494	3.501	8.072		2.306
Barðastrandarprófastsdæmi	1.455	2.214	0.40	1.522	1.458	2.949	0.40	2.023
Ísafjarðarprófastsdæmi	4.283	7.153	0.40	1.670	4.174	9.790	0.40	2.345
Húnavatnsprófastsdæmi	3.326	4.452	0.40	1.339	2.141 1.172	3.426 3.567	0.40 0.60	1.600 3.044
					3.313	6.993		2.111
Skagafjarðarprófastsdæmi	2.811	3.606	0.40	1.283	2.729 66	4.549 125	0.40 0.60	1.667 1.894
					2.795	4.674		1.672
Eyjafljóðarprófastsdæmi	12.906	18.603	0.40	1.441	12.993	25.013	0.40	1.925
Pingeyjarprófastsdæmi	4.491	5.921	0.40	1.318	4.407	7.887	0.40	1.790
Múlaþingprófastsdæmi	3.209	4.150	0.40	1.293	3.143	5.468	0.40	1.740
Austfjarðarprófastsdæmi	3.751	5.848	0.40	1.559	3.736	7.525	0.40	2.014
Skaftafellssprófastsdæmi	2.190	3.006	0.40	1.373	2.194	3.968	0.40	1.809
Rangárvallaprófastsdæmi	2.177	2.746	0.40	1.261	2.133	3.629	0.40	1.701
Árnesprófastsdæmi	6.244	8.706	0.40	1.394	6.338	11.651	0.40	1.838
Samtals	150.495	224.085		1.489	152.062	312.292		2.054

Kirkjuráð

Reykjavík, 26. maí 2014

Fjármála- og efnahagsráðherra
Bjarni Benediktsson

Efni: Athugasemdir kirkjuráðs við svari fjármála- og efnahagsráðherra vegna fyrirspurnar Birgittu Jónsdóttur, alþingismanns, um sóknargjöld.

Á fundi kirkjuráðs þann 9. apríl sl. var fjallað um svar fjármála- og efnahagsráðherra vegna fyrirspurnar Birgittu Jónsdóttur, alþingismanns um sóknargjöld. Kirkjuráð telur að í svari ráðherra til alþingismannsins gæti ýmiss misskilnings varðandi sóknargjöld og vill því fá að koma að nokkrum leiðréttingum.

Eðli sóknargjalda.

Í svari ráðherra til alþingismannsins kemur m.a. fram að innheimtufyrirkomulag sóknargjaldsins og lögboðnar forsendur þess eigi „sér ekki hliðstæðu í fjárlögum í framlögum til reksturs annarra aðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði“. Sóknargjaldið er félagsgjald safnaðanna en ekki framlag úr ríkissjóði og upphaflega innheimt beint af sóknarnefndunum, en síðar af gjaldheimtum sveitarfélaganna samkvæmt sérstökum samningi. Þegar staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp er það innheimt með tekjuskatti, eins og á sér stað með útsvar sveitarfélaganna og kom sú tilhögun til að frumkvæði ríkisins. Sóknargjaldið er því sjálfstæður tekjustofn (félagsgjald) trúfélaganna með sama hætti og útsvarið er sjálfstæður tekjustofn sveitarfélaganna.

Lögum um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987 var ætlað að tryggja söfnuðum áfram sömu tekjur og þeir höfðu haft þegar gjaldið var miðað við útsvarsstofninn. Skal það því ítrekað að í raun gildir hliðstætt fyrirkomulag um innheimtu sóknargjalda og útsvarsins, enda var upphæð sóknargjaldsins áður tengd útsvarinu.

Skilgreining á sóknargjaldi.

Í svari ráðherra kemur fram að sóknargjöld séu þrískipt í fjárlögum. Þarna er um misskilning að ræða.

- *Sóknargjald*

Sóknargjald sem byggir á lögum um sóknargjöld o.fl. (fjárlagaliður 06-735) er vissulega óumdeilt.

- *Jöfnunarsjóður sókna*

Framlag í Jöfnunarsjóð sókna (fjárlagaliður 06-736) sem nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða er ekki sóknargjald. Það kemur annars vegar í stað þess ákvæðis í eldri lögum, að hægt var að sækja tímabundið um allt að helmings álag á sóknargjald til þeirra safnaða sem stóðu í fjárfrekum framkvæmdum og kröfðust aukinna tekna. Hins vegar var þessu framlagi svo ætlað að koma í stað ýmissa fastra framlaga til þjóðkirkjunnar á fjárlögum,

eins og landskirkna og vegna ýmissa verkefna sem þjóðkirkjunni eru falin umfram önnur trúfélög. Ekki var um nýtt eða aukið framlag að ræða, heldur nýtt og einfaldað form fyrir framlög, sem áður byggðu ýmist á lögum um sóknargjöld eða á öðrum lögum um þjóðkirkjuna og málefni hennar.

- *Kirkjumálasjóður*

Í svari ráðherra kemur fram að sóknargjald sé greitt til þjóðkirkjusafnaða í gegnum kirkjumálasjóð. Með stofnun sjóðsins árið 1992 var til einföldunar slegið saman framlögum til prestssetrasjóðs og ýmsum öðrum fjárlagaliðum sem byggðust á eldri lagaheimildum eins og t.d. framlag vegna Tónskóla þjóðkirkjunnar, starfsþjálfunar guðfræðikandidata, prestastefnu, kirkjubings, ráðgjafar í fjölskyldumálum o.fl. Þá var enn farin sú leið til einföldunar að miða upphæð framlagsins við ákveðið hlutfall sóknargjaldsins með svipuðum hætti eins og áður hafði verið gert við Jöfnunarsjóð sókna. Þetta framlag hefur því ekkert með sóknargjaldið að gera, enda hefur prestssetrasjóður og önnur þau verkefni sem tilgreind eru í lögnum um kirkjumálasjóð aldrei tengst fjármálum sóknanna.

Það er því ekki rétt að framlög til Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs séu sóknargjöld og að þau séu þar með 30% hærri en til annarra trúfélaga, enda hefur slíkum málflutningi verið hafnað í hæstaréttardómi.

Úrsagnir úr þjóðkirkjunni

Í síðustu málgreininni í svari ráðherra (kafla 5) er sagt að hluti skerðingar á sóknargjöldum sé vegna úrsagna úr þjóðkirkjunni. Þar segir: „Áætlað er að hrein áhrif úrsagna á tímabilinu svari til 251 millj. kr. lækkunar á árlegu framlagi sóknargjalda þannig að það sé orðið um 10% lægra en ella væri.“ Hér er um villandi framsetningu að ræða. Úrsagnir hafa haft áhrif en þó ekkert í líkingu við það sem fullyrt er í svari ráðherra. Greiðendur sóknargjalda eru árið 2014 2,1 % færri en þeir voru flestir og hefur það í för með sér um 37 millj. kr. lækkun sóknargjalda á ári. Þær tölur sem nefndar eru í niðurlagi svars ráðherra eru því ekki réttar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd kirkjuráðs



Ragnhildur Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri kirkjuráðs

Biskupsstofa	
Bl. 01.0	Abm. 1745-02
BS-2014-04-177	
Innk.: 28. APR. 2014	
Fylg.	

Samstarfssamningur

Biskup Íslands annars vegar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands (GTD) hins vegar gera með sér eftirfarandi samstarfssamning. Á fylgiskjali með samningnum eru nánari skýringar.

1. gr.

Markmið samningsins

Markmið samstarfssamningsins er að efla starfsmenntun við GTD svo hún nýtist sem best guðfræðingum, prestum, djáknum og eftir atvikum öðru starfsfólki þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Skyldur Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar Háskóla Íslands

GTD býður upp á nám í eftirfarandi námsgreinum til meistaraþrófs: biblíufræði, kirkjusögu, samstæðilegri guðfræði, trúarbragðafræði, praktískri guðfræði og kennimannlegum fræðum. Til meistaraþrófs skulu kándídatar hafa lokið 300 einingum (e). Af þeim skulu þeir hafa lokið eftirfarandi lágmarki:

- a) biblíufræði 55 e, þar af að lágmarki 20 e í hinum fornu tungumálum, grísku eða hebresku,
- b) kirkjusögu, samstæðilegri guðfræði, trúarbragðafræði og praktískri guðfræði 55 e,
- c) kennimannlegum fræðum 40 e.

Djárnánám skal kennt eftir þeirri námslýsingu sem GTD hefur samþykkt að höfðu samráði við þjóðkirkjuna.

3. gr.

Skyldur biskups Íslands

Biskup Íslands greiðir GTD árlega fjárhæð sem samsvarar 50% starfi lektors við Háskóla Íslands fyrir kennslu GTD í kennimannlegum fræðum og þjálfun prests- og djáknaefna (sjá viðauka). Miðað skal við launaflokk 695-11.3 í samningum Félags háskólakennara og fjármála- og efnahagsráðherra, ásamt launatengdum gjöldum og upphæðin taki breytingum jafnhliða breytingum á launatöxtum. Í apríl 2014 jafngildir þetta 3,3 millj. kr. á ári. Biskup Íslands ber ábyrgð á framkvæmd samfylgdarkerfis þjóðkirkjunnar.

4. gr.

Um starfsmenntun

GTD sér um þann þátt starfsmenntunar í kennimannlegum fræðum sem kveðið er á um í c lið 2. gr. Biskup Íslands ber ábyrgð á og hefur umsjón með öðrum þáttum starfsmenntunarinnar, s.s. stofnanakynningu, þar sem kynntar eru skyldur við opinberar stofnanir og þjálfun djákna- og prestsnema í söfnuði.

5. gr.

Stýrihópur


Stofna skal fjögurra manna stýrihóp til að fylgja þessum samningi eftir og sjá um framkvæmd hans. Biskup Íslands skipar tvo fulltrúa í hópnum og GTD tvo. Stýrihópurinn setur sér vinnureglur, sem biskup og GTD samþykkja.


6. gr.

Gildistími og fyrirvari

Samstarfssamningur þessi gildir í þrjú ár frá 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Samstarfssamningur þessi er gerður með fyrirvara um fjárveitingu frá kirkjuráði þjóðkirkjunnar fyrir hvert ár.

Gjört í Dómkirkjunni, 25. apríl 2014


Agnes M. Sigurdardóttir,
biskup Íslands


Sólveig Anna Bóasdóttir,
forseti Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar HÍ

Fylgiskjal með samstarfssamningi

Samningur þessi byggir á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Samningurinn byggir á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, lögum um kirkjumálasjóð nr. 138/1993 og lögum um Skálholtsskóla nr. 22/1993. Samningurinn byggir á starfsreglum kirkjuþings um þjálfun prestsefna nr. 788/2002, starfsreglum um starfsþjálfun djáknaefna nr. 843/2003, starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011 og starfsreglum um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002.

Skýringar við hverja grein samstarfssamningsins:

1. gr. Um markmið samningsins

Samningurinn er gerður til að styrkja tengslin milli GTD og þjóðkirkjunnar með það að markmiði að efla starfsmenntun verðandi þjóna kirkjunnar.

2. gr. Um skyldur GTD

Með hugtakinu kennimannleg fræði er í samningi þessum átt við eftirfarandi námsgreinar: helgisíðafræði og sálmafræði, sálgaelslufærði, framsetningu kristins boðskapar, (sem felur í sér m.a. predikunarfræði, safnaðarguðfræði, kærleiksþjónustu), trúarlífssuppeldis- og kennslufærði (sem felur í sér m.a. barnafræðslu og fermingarfræðslu).

Kennsla GTD skal, eftir því sem við á, unnin í samstarfi við Tónskóla þjóðkirkjunnar.

3. gr. Um skyldur biskups Íslands

Biskup Íslands skuldbindur þjóðkirkjuna með samningi þessum í krafti embættis síns. Starfsþjálfun þjóðkirkjunnar er unnin eftir samfylgdarkerfi sem biskup Íslands ber ábyrgð á að sé til staðar.

4. gr. Um starfsmenntun

Með starfsmenntun er stefnt að því að við lok náms við GTD og við lok starfsþjálfunar þjóðkirkjunnar teljist kandiðat reiðubúinn að hefja störf hjá kirkjunni.

Í samræmi við lög um Skálholtsskóla skal leitast við að framkvæmd starfsþjálfunar fari fram í Skálholti, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

5. gr. Um stýrihópinn

Stýrihópurinn skal yfirfara fjárhags- og starfsáætlanir GTD og kirkjuráðs fyrir miðjan október ár hvert, skv. samstarfssamningnum, miðað við það nám sem þessi samningur tekur til. Jafnhliða skal farið yfir greiðslur kirkjuráðs til GTD á hverju ári og gengið úr skugga um að þær séu í samræmi við rauntölur og umfang námsins.

Stýrihópurinn skal setja sér vinnureglur sem biskup og GTD samþykkja. Stýrihópurinn ber ábyrgð á því að nemendur fái upplýsingar um þær kröfur sem samfylgdarkerfi kirkjunnar felur í sér, en að jafnaði skal samfylgdin unnin samhliða þremur síðustu árum námsins. Stýrihópurinn skal kalla til áheyrnarfulltrúa úr hópi nemenda, þegar það á við.

6. gr. Um gildistíma samningsins og fyrirvara

Samningur þessi er gerður til þriggja ára með fyrirvara um samþykki kirkjuráðs. Ástæða fyrirvarans er að í lögum um kirkjumálasjóð kemur fram að sjóðurinn skuli standa straum af kostnaði við starfsþjálfun guðfræðikandiðata eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs. Kirkjuráð hefur á hendi umsjá og stjórn kirkjumálasjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur fjárhagsáætlun árlega, sem gerir það að verkum að fyrirvari um þá afgreiðslu verður að koma fram í samningnum.

Reglur um störf nefnda sem kosnar eru eða skipaðar af kirkjuþingi, kirkjuráði, biskupi Íslands eða starfa samkvæmt lögum og starfsreglum

I. Verkefni

Verkefni nefndar eru yfirleitt skilgreind á grundvelli einhverra eftirfarandi heimilda: Lögum, starfsreglum, ályktunum kirkjuþings, ákvörðun kirkjuráðs eða biskups Íslands. Verkefni eru jafnan skilgreind í skipunarbréfi til nefndarmanna og vitnað til þeirrar heimildar sem nefndarskipanin byggist á.

II. Gagnaöflun nefnda

Ef nefnd þarf að afla gagna eða upplýsinga frá Biskupsstofu vegna nefndarstarfa skal formaður beina skriflegu erindi þess efnis til biskups Íslands. Öll gögn sem afhent eru nefndum eru eign Biskupsstofu og skal þeim skilað þangað aftur að nefndarstörfum loknum. Nefndir sem þurfa að fá gögn eða upplýsingar á rafrænu formi geta fengið aðgang að þeim á þjónustuvef kirkjunnar.

III. Trúnaðarskylda

Nefndarmönnum ber að gæta trúnaðar um hvaðeina sem þeir verða áskynja um í störfum sínum. Trúnaðarskylda helst þótt nefndarstarfi sé lokið. Nefndarmenn og starfsmenn nefnda skulu undirrita trúnaðareiða.

IV. Verkaskipti nefndarmanna

Í skipunarbréfi nefndar er jafnan kveðið á um hver sé formaður nefndar. Ef annað er ekki tekið fram boðar formaður fundi nefndar, ákveður lengd þeirra, stýrir þeim og ákvarðar fundarstað svo og hvort um fjarfund verði að ræða ef við á. Formaður nefndar er í fyrirsvari fyrir nefndina og kemur fram út á við fyrir hennar hönd, nema nefndin ákveði annað.

Ef ekki er kveðið á um hver sé formaður nefndar er eðlilegt að nefnd komi sér saman um það hver kalli nefndina saman og leiði nefndarstarfið. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs eða biskupsritari, eftir því sem við á, kallar þá nefnd saman til fyrsta fundar og felur nefndinni að taka ákvörðun um formann eða þann sem leiði nefndarstarfið. Nú forfallast aðalmaður í nefnd og kallar þá formaður eða sá sem leiðir starf nefndar varamann til nefndarstarfa. Víkja má þó frá þessu ef um forföll á einum fundi er að ræða. Skal kalla varamenn inn eftir þeirri röð sem þeir voru kosnir til nema skilgreint sé sérstaklega hvaða varamaður leysi tiltekinn aðalmann af.

V. Fjármál

Nefndir skulu ávallt halda sig innan samþykktra fjárheimilda í fjárhagsáætlun starfsárs. Nefndarlaun eru greidd samkvæmt gjaldskrá þóknaneftar kirkjunnar. Þegar nefnd hefur lokið störfum og skilað af sér sendir formaður Biskupsstofu samþykkt yfirlit yfir fjölda og tímalengd funda og vinnu nefndarmanna utan funda og þá hvort um er að ræða sérhæfða vinnu eða almenna (eins og fram kemur í gjaldskrá þóknaneftar).

Að jafnaði skal taka ákvarðanir um vinnu nefndarmanna milli funda fyrirfram og bóka þær í fundargerð. Sama á við um kaup á ráðgjöf og annarri þjónustu.

Gætt skal fjárhagslegs aðhalds í nefndarstarfi í hvívetna og ber formanni nefndar sérstaklega að fylgjast með áföllnum og áfallandi kostnaði vegna starfa nefndar og að hann sé innan fjárheimilda.

VI. Fundaraðstaða og önnur þjónusta

Nefndir geta fengið fundaraðstöðu og veitingar á Biskupsstofu ef óskað er enda sé slíkt pantað með hæfilegum fyrirvara. Gjaldkeri á Biskupsstofu annast flugpantanir og pantanir bílaleigubíla fyrir nefndarmenn ef við á.

Unnt er að halda fjarfundi (símafundi) á Biskupsstofu og er hvatt til þess að slíkt sé gert ef unnt er, ef það lækkar ferðakostnað og sparar tíma nefndarmanna.

Formaður, eða sá sem leiðir nefndarstarf, ábyrgist að haldin sé skrá yfir fundi, fundartíma og vinnu nefndarmanna milli funda. Enn fremur að ritaðar séu fundargerðir eða minnispunktir um nefndarfundi.

Njóti nefnd ekki þjónustu sérstaklega tilkvadds ritara utan nefndarinnar skal nefndin ákveða hver úr hennar hópi sé nefndarritari.

Nefndir geta ávallt skipt verkum milli nefndarmanna þyki slíkt hagkvæmt.
Nefndir geta óskað eftir að vista skjöl sín í skjalasafni Biskupsstofu á meðan á nefndarstarfi stendur.

VII. Verkefnaskil og lok nefndarstarfa

Nefnd skilar verkefni af sér í samræmi við þær heimildir sem skipun nefndar byggist á svo og skipunarbréfi. Heimilt er að skila minni hluta álitni ef við á.

Formaður nefndar ábyrgist að fundargerðum nefndar og öðrum gögnum sé skilað til varðveislu í skjalasafni Biskupsstofu.

Nefndarmönnum ber að veita formanni nefndar upplýsingar um fjölda vinnustunda milli funda. Þá sér formaður um vinnutímaskráningu nefndarmanna, þ.m.t. sína eigin og kallar eftir upplýsingum um annan útlagðan kostnað nefndarmanna ef við á og skilar Biskupsstofu á því formi og innan þeirra tímamarka sem fjármálastjóri Biskupsstofu kveður á um.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Helstu þættir til umræðu og ályktunar

Heildartekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til fjárlaga árið 2015 eru áætlaðar 4.087,0 m.kr. Áætlaðar greiðslur til þjóðkirkjunnar í heild hækka um 138,3 m.kr. milli ára eða um 3,5% ef miðað er við fjárlög 2014. Hjá Þjóðkirkjunni 06-701 er lögð til 1,5% lækkun vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum sem nemur 21,7 m.kr. Tímabundið framlag til Skálholtsstaðar að fjárhæð 6 m.kr. fellur einnig niður. Í fjárlagafrumvarpinu 2015 eru áætlaðar 3,5% launahækkningar og 2,3% verðlagshækkningar miðað við árið 2014 og reiknast því hækkun milli árána 2014 og 2015 33,2 m.kr. eða um 2,3%. Vegna 06-707 Kristnisjóðs er gerð aðhaldskrafa um 1,5%, en engar launa- og verðlagsbætur eru reiknaðar. Í frumvarpi til fjárlaga 2015 hækka sóknargjöld um 100,7 m.kr. en á móti kemur aðhaldskrafa um 27,5 m.kr., en ekki eru reiknaðar verðlagsbætur á sóknargjöldin. Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður hækka um 5,8% (sjá töflu 1).

Tafla 1- Breytingar milli fjárlagafrumvarps 2015 og fjárlaga 2014

Fjárlagaliðir – í milljónum króna	Fjárlaga- frumvarp 2015	Fjárlög 2014	Mism. %	Mism. kr.
06-701 Þjóðkirkjan	1.507,9	1.474,7	2,3%	33,2
06-705 Kirkjumálasjóður	261,8	247,4	5,8%	14,4
06-707 Kristnisjóður	72,0	73,1	-1,5%	-1,1
06-736 Jöfnunarsjóður sókna	338,7	320,1	5,8%	18,6
Kirkjujarðasamkomulag og sjóðir samtals	2.180,4	2.115,3	3,1%	65,1
06-735 Sóknargjöld	1.906,6	1.733,4	10,0%	173,2
06-735 Sóknargjöld – tímabundin viðbót	0,0	100,0	-100,0%	-100,0
Sóknargjöld samtals	1.906,6	1.833,4	4,0%	73,2
Samtals	4.087,0	3.948,7	3,5%	138,3

Sóknargjöld til þjóðkirkjusafnaða

Í skýrslu nefndar sem fyrrverandi innanríkisráðherra skipaði til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar sem kom út í apríl 2012 er óumdeilt að sóknir þjóðkirkjunnar hafa orðið fyrir mun meiri skerðingu en stofnanir innanríkisráðuneytisins frá efnahagshruninu 2008. Ríkið viðurkendi þetta misræmi og bætti skerðingu sóknargjalda að hluta með tímabundnu viðbótarframlagi. Á árinu 2013 komu 45 m.kr. til viðbótar við sóknargjöldin og árið 2014 komu 100 m.kr. - sem voru greiddar beint til safnaðanna. Á árinu 2015 voru svo áætlaðar 40 m.kr. - samtals var því reiknað með

að viðbótin yrði 185 m.kr. Engu að síður vantaði mikið uppá að sóknargjöldin væru í samræmi við lög nr. 91/1987. Tekið skal fram að grunnur sóknargjaldanna var ekki hækkaður og því nutu Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður ekki viðbótartekna.

Núverandi innanríkisráðherra skipaði starfshóp í desember 2013 með það hlutverk að leggja drög að endurskoðun á fyrirkomulagi á fjárhagslegum samskiptum ríkisins og þjóðkirkjunnar og safnaða hennar hvað sóknargjöld varðar. Megintilgangur með skipan starfshópsins var að finna ásættanlega lausn á fjárhagsvanda kirkjunnar og safnaða hennar, sem rekja má til niðurskurðar á tekjustofnum hennar í kjölfar efnahagskreppunnar.

Starfshópurinn skilaði greinargerð og tillögum í maí 2014 þar sem gerð var grein fyrir skerðingum á sóknargjöldum til þjóðkirkjunnar allt frá fjárlagaárinu 2009 og sýnt var fram á umframskerðingu samanborið við stofnanir innanríkisráðuneytisins. Uppsöfnuð skerðing fjárframlaga sem byggja á innheimtu sóknargjalda til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga árin 2009 – 2014, umfram breytingu fjárveitinga til stofnana sem heyra undir innanríkisráðuneyti, nemur 4.100 m.kr. Hefur það haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir safnaðarstarf.

Starfshópurinn lagði til að gert yrði samkomulag milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um hækkun sóknargjalda til safnaða hennar. Hækkunin væri frá framlagi gildandi fjárlaga 2014 og tæki almennum verðlagsbreytingum fjárlaga hvers árs. Þá var gerð tillaga um að eigi síðar en árið 2016 verði gerður samningur um að draga að fullu til baka skerðingu á sóknargjöldum á tilteknum tíma og ákvæði gildandi laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. komi til framkvæmda á ný.

Innanríkisráðuneytið brást við með tillögugerð við undirbúning fjárlaga 2015 og var þar gert ráð fyrir að farið væri að tillögum starfshópsins á fjórum árum með leiðréttingu á sóknargjöldum til þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga. Miðað við fjárlög 2014 er þörf á hækkun til að jafna út umframskerðinguna samtals að fjárhæð 663 m.kr. Var sú tillaga innanríkisráðherra staðfest á ríkisstjórnarfundum þann 5. september 2014 (sjá töflu 2).

Tafla 2 Jöfnun umframskerðingar sóknargjalda á fjórum árum

Skerðing umfram meðaltalsskerðingu stofnana IRR í m.kr.	Upp-safnað	2015	2016	2017	2018
Sóknargjöld þjóðkirkjunnar	404,7	101,2	101,2	101,2	101,2
Kirkjumálasjóður	72,7	18,2	18,2	18,2	18,2
Jöfnunarsjóður sókna	94,0	23,5	23,5	23,5	23,5
Önnur trúfélög	91,7	22,9	22,9	22,9	22,9
Umframskerðing leiðrétt á fjórum árum	663,1	165,8	165,8	165,8	165,8

Í frumvarpi til fjárlaga hækka sóknargjöld til þjóðkirkjusafnaða um 100,7 m.kr. en á móti kemur aðhaldskrafa um 27,5 m.kr. Ekki eru reiknaðar verðlagsbætur á sóknargjöldin. Miðað við óbreytt frumvarp reiknast sóknargjaldið um 825 kr. á hvern einstakling í þjóðkirkjunni eldri en 16 ára. Það vantar inn fjárheimild sem nemur verðlagsbótum að

fjárhæð 70,1 m.kr. árið 2015 til að tillaga innanríkisráðherra um leiðréttingu og staðfesting ríkisstjórnar nái fram að ganga og að sóknargjaldið verði 850 kr. fyrir hvern einstakling í Þjóðkirkjunni (sjá töflu 3).

Tafla 3 – Forsendur leiðréttingar sóknargjalda 2015

Sóknargjöld 2015 í m.kr.	Staðfest af ríkisstjórn v/2015	Fjárlaga-frumvarp 2015	Mismunur
Sóknargjöld 2014	1.833,4	1.833,4	
Verðlagsbætur 2,3% vegna 2015	42,2	0,0	
Aðhaldskrafa	0,0	-27,5	
Leiðrétting	101,2	100,7	
Samtals	1.976,7	1.906,6	-70,1

Kirkjujarðasamkomulagið

Niðurskurður á kirkjujarðasamkomulaginu er um 22% miðað við forsendur í fjárlaga-frumvarpi 2015 borið saman við óskertar greiðslur samkvæmt reiknilíkani 2015 byggðu á kirkjujarðasamkomulaginu. Miðað við sömu forsendur er niðurskurður í krónum talinn áætlaður 431,5 m.kr. á verðlagi ársins 2015 á ársgrundvelli. Þessi niðurskurður jafngildir því að ríkið greiði laun 107 presta í stað þess að greiða laun 138 presta eins og samningur ríkis og kirkju gerir ráð fyrir. Samningur ríkis og kirkju kveður á um greiða eigi til Kristnisjóðs sem samsvarar 15 árslaunum presta í fámennustu prestaköllum. Greiðslur eru skornar niður til Kristnisjóðs á sama tímabili miðað við samning ríkis og kirkju um að um 36% eða um 40,9 m.kr. á ársgrundvelli (sjá töflu 4).

Tafla 4 – Reiknilíkan 2015 samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu

Reiknilíkan Þjóðkirkjunnar 2015		
Laun skv. úrskurði kjararáðs 30. júní 2014 í m.kr. á verðlagi ársins 2015		
	Kostnaðarliðir	2015
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	1.573,3
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófasta	190,5
4. gr.	Launakostnaður Biskupsstofu	146,9
5. gr.	*Annar rekstrarkostnaður Biskupsstofu	63,8
8. gr.	*Útgjöld fjármögnuð með nýjum sértekjum	50,7
	*Breyting vegna rekstrarumfangs	116,5
	Biskupsstofa samtals	2.141,6
	Styrkjaliðir	
	Skálholtsstaður	4,0
	Hallgrímskirkja	8,0
	Hóladómkirkja	4,3
	Dómkirkjan	4,7

	Styrkjaliðir samtals	21,0
	Gjöld samtals	2.162,6
8. gr.	*Nýjar sértekjur	-50,7
	*Sértekjur v/yfirstjórnar	-56,0
	*Breyting vegna rekstrarumfangs	-116,5
	Sértekjur samtals	-223,2
		2015
	06-701 Þjóðkirkjan skv. samningi	1.939,4
	Fjárlagafrumvarp 2015	1.507,9
	Mismunur reiknilíkans og frumvarps	431,5
6. gr.	Greiðslur til Kristnisjóðs 06-707 skv. samn.	112,9
	Fjárlagafrumvarp 2015	72,0
	Mismunur reiknilíkans og frumvarps	40,9
	***Nettó rekstrarfé vegna reksturs Biskupsstofu	7,8

Hjá Þjóðkirkjunni 06-701 er lögð til 1,5% lækkun í fjárlagafrumvarpi vegna aðhaldsaðgerða í ríkisútgjöldum sem nemur 21,7 m.kr. Þjóðkirkjan hafði væntingar um að árið 2014 yrði síðasta árið sem til kæmi niðurskurðar á fjárlögum vegna hagræðingarkröfu ríkisins í kjölfar efnahagskreppunnar – en þá var niðurskurður 14,1 m.kr. Aðhaldskrafa er gerð um samdrátt í ríkisútgjöldum í samræmi við markmið um hallalausán ríkissjóð árið 2015. Lagt var upp með að ráðuneyti útfærðu aðhaldsráðstafanir en á móti veitt útgjaldasvigrúm í fjárlagagerðinni til nýrra eða aukinna verkefna. Ekki verður séð að verið sé að veita svigrúm til nýrra eða aukinna verkefna Þjóðkirkjunnar.

Út frá forsendum um óskert kirkjujarðasamkomulag árið 2015 er gerð hagræðingar/-aðhaldskrafa á ársgrundvelli að hálfu ríkis til 06-701 Þjóðkirkjunnar sem nemur 349,5 m.kr. á verðlagi hvers árs en 431,5 m.kr. á verðlagi ársins 2015.

Uppsöfnuð hagræðingarkrafa ríkis frá árinu 2010 til ársins 2015 er um 1,7 milljarður á nafnverði en um 2,1 milljarður á verðlagi ársins 2015. (Sjá töflu 5).

Tafla 5 – Uppsöfnuð hagræðingarkrafa vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-701 Þjóðkirkjunnar á verðlagi hvers árs í milljónum króna	Árleg hagræðingarkrafa	Uppsöfnuð hagræðingarkrafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	160,0	160,0
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	100,0	260,0
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	37,2	297,2
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	16,5	313,7
Árið 2014 skv. viðaukasamkomulagi	14,1	327,8
Árið 2015 vegna aðhaldsaðgerða	21,7	349,5
Samtals á verðlagi hvers árs	349,5	1.708,2

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-701 Þjóðkirkjunnar á verðlagi ársins 2015 í milljónum króna	Árleg hagræðingar- krafa	Uppsöfnuð hagræðingar- krafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	200,0	200,0
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	125,0	325,0
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	46,5	371,5
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	20,6	392,1
Árið 2014 skv. viðaukasamkomulagi	17,6	409,8
Árið 2015 vegna aðhaldsaðgerða	21,7	431,5
Samtals á verðlagi hvers árs	431,5	2.129,9

Sömuleiðis er gerð hagræðingar/aðhaldskrafa á ársgrundvelli að hálfu ríkis árið 2015 til 06-707 Kristnisjóðs sem nemur 19,2 m.kr. á nafnverði en 40,9 m.kr. á verðlagi ársins 2015 miðað við forsendur kirkjujarðasamkomulagsins.

Uppsöfnuð hagræðingarkrafa ríkis frá árinu 2010 til ársins 2015 er um 96,5 m.kr. á nafnverði en um 205 m.kr. á verðlagi ársins 2015 miðað við forsendur kirkjujarðasamkomulagsins (sjá töflu 6).

Tafla 6 – Uppsöfnuð hagræðingarkrafa vegna 06-707 Kristnisjóðs

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-707 Kristnisjóðs á verðlagi ársins 2015 í milljónum króna	Árleg hagræðingar- krafa	Uppsöfnuð hagræðingar- krafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	9,0	9,0
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	5,9	14,9
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	2,3	17,2
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	0,9	18,1
Árið 2014 skv. fjárlögum	0,0	18,1
Árið 2015 skv. aðhaldskröfu	1,1	19,2
Samtals á verðlagi hvers árs	19,2	96,5

Hagræðingarkrafa ríkis til 06-707 Kristnisjóðs á verðlagi ársins 2015 í milljónum króna	Árleg hagræðingar- krafa	Uppsöfnuð hagræðingar- krafa
Árið 2010 skv. viðaukasamkomulagi	19,2	19,2
Árið 2011 skv. viðaukasamkomulagi	12,6	31,7
Árið 2012 skv. viðaukasamkomulagi	4,9	36,6
Árið 2013 skv. viðaukasamkomulagi	1,9	38,5
Árið 2014 skv. fjárlögum	0,0	38,5
Árið 2015 vegna aðhaldskröfu	2,3	40,9
Samtals á verðlagi ársins 2015	40,9	205,5

Tekin var sú stefna að vernda grunnþjónustu þjóðkirkjunnar og hagræða með því að komast

hjá uppsögnum starfsfólks. Um 90% af útgjöldunum eru launagjöld. Í fjárhagsáætlun vegna 06-701 Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2015 kemur fram að um 191 m.kr. vantar á árinu 2015 til að endar nái saman. Ráðgert er að selja eignir Kirkjumálasjóðs sem ekki er talin þörf fyrir eða þykja óhagkvæmar í rekstri og leggja áætlað andvirði að fjárhæð 49 m.kr. til Biskupsstofu til þess m.a. að tryggja þjónustu kirkjunnar þrátt fyrir rýrnandi tekjustofna. Jafnframt er gert ráð fyrir að hallinn verði fjármagnaður með framlagi Kirkjumálasjóðs að fjárhæð 71 m.kr., framlagi Jöfnunarsjóðs sókna að fjárhæð 71 m.kr.

Hagræðingaradgerðir vegna niðurskurðar kirkjujarðasamkomulagsins undanfarin ár og fyrirhugaðar adgerðir á næsta ári skila 240,7 m.kr. sparnaði árið 2015 sem skiptist í eftirfarandi liði:

Niðurlögð prestsembætti: Sparnaður 127,2 m.kr.

Frá árinu 2010 hefur prestsembættum hjá þjóðkirkjunni fækkað um 16 talsins - en þá var 141 prestur á launum en á næsta ári er ráðgert að embættin verði 125 talsins - jafnmörg og árið 2014. Árið 2010 bar ríkinu að greiða sem samsvarar launum 139 presta en aflað var sértekna til að greiða 2 presta til viðbótar. Árið 2015 ber ríkinu samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu að greiða sem samsvarar 138 prestsembættum - en aðeins er greitt vegna 107 embætta eins og komið hefur fram. Þessi embætti hafa verið lögð niður:

Bjarnarnesprestakall 50%

Holtsprestakall undir Eyjafjöllum 100%

Mosfellsprestakall, Grímsnesi 100%

Þingvallaprestakall 100%

Héraðsprestsembætti í Kjalarnesprófastsdæmi 50%

Prestsembætti í Laugarnesprestakalli 50%

Héraðsprestsembætti í Reykjavíkurrófastsdæmi vestra 100%

Patreksfjarðarprestakall 50%

Staðarprestakall 100%

Skólaprestsembætti Akureyrarprestakalli 50%

Héraðsprestsembætti Þingeyjarprófastsdæmi 50%

Vallanesprestakall 50%

Sérþjónustuprestar á Biskupsstofu 100%

Sérþjónustuprestur vegna vímuvarna 100%

Sérþjónustuprestur í Kaupmannahöfn 100%

Sérþjónustuprestur í London 100%

Sérþjónustuprestur í Gautaborg 100%

Sérþjónustuprestur á Biskupsstofu 50%

Á árinu 2015 eru eftirfarandi breytingar áætlaðar:

Eyrarbakkaprestakall 50% sparnaður

Reynivallaprestakall 100% sparnaður

Garðaprestakall, Akranesi 100% viðbótarkostnaður

Grafarvogsprestakall 50% sparnaður

Hofsós- og Hólaprestakall 50% sparnaður
Hríseyjarprestakall 100% sparnaður
Möðruvallaprestakall 100% sparnaður
Dalvíkurprestakall 100% viðbótarkostnaður
Prestur í Svíþjóð og Danmörk 50% viðbótarkostnaður
Með þessum ráðstöfunum tekst að hafa jafnmarga presta í þjónustu kirkjunnar árið 2015 eins og árið 2014 eða 125 presta.

Rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma: Sparnaður 42,2 m.kr.

Við niðurlagningu ofangreindra embætta sparast um 1 m.kr. rekstrarkostnaður fyrir hvert þeirra sem er um 17 m.kr. Auk þess hefur rekstrarkostnaður prestsembætta og vegna prófastsdæma verið skorinn niður sem nemur 25,2 m.kr.

Sameining prófastsdæma: Sparnaður 26,4 m.kr.

Prófastsdæmi hafa verið sameinuð og þeim fækkað úr 16 í 9. Sparnaður vegna rekstrarkostnaðar við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um 11,1 m.kr. Sparnaður vegna launa við niðurlagningu 7 prófastsdæma er um 15,3 m.kr.

Fækkun námsleyfa presta: Sparnaður 18,7 m.kr.

Á næsta ári er ráðgert að greiða námsleyfi vegna presta í 14 mánuði. Við það sparast 22 mánuðir í námsleyfi. Þetta er hugsað sem tímabundin ráðstöfun.

Launakostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi: Sparnaður 18,4 m.kr.

Starf söngmálastjóra 50%
Verkefnisstjórar 200%
Fulltrúi á Biskupsstofu 50%
Auk þess hefur störfum verið fækkað hjá Kirkjumálasjóði
Móttökuritari 70%
Fjölskylduráðgjafar 45%
Verkefnisstjóri fasteignamála 100%
Fræðslufulltrúi 100%
Fulltrúi í upplýsingatækni 100%

***Rekstrarkostnaður Biskupsstofu samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi:
Sparnaður 7,8 m.kr.***

Á árinu 2015 er ráðgert að allur skrifstofukostnaður Biskupsstofu verði hjá Kirkjumálasjóði eins og verið hefur árið 2014. Áður var skrifstofan rekin með sértekjum frá sjóðunum sem kostnaðarhlutdeild í skrifstofuþjónustu. Hagræðing felst í þessari ráðstöfun þar sem umsýsla verður einfaldari og tækifæri til frekari aðhaldsaðgerða skapast.

06-701 Þjóðkirkjan/Biskupsstofa 2015

Fjárhagsáætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu 2015 – í milljónum króna	2015
Prestar – launakostnaður - 125 embætti	1.276,2
Biskup Íslands - launakostnaður	16,6
Vígslubiskup í Skálholti - launakostnaður	13,7
Vígslubiskup á Hólum - launakostnaður	12,9
Prófastar - launakostnaður	23,1
Náms- og veikindaleyfi - launakostnaður	40,6
Aukaeyningar í fjölmönnum prestaköllum	10,1
Einingar vegna niðurlagðra prestakalla	19,1
Rekstrarkostnaður presta og prófesta	137,2
Laun starfsfólks skv. kirkjujarðsamkomulagi 13,6 stöðug.	128,4
Samtals áætluð gjöld 2015	1.677,8
Greiðslur samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2015	1.486,9
Fjárvöntun 2015	-190,9

Rekstraráætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar árið 2014 – forsendur

Eins og fram hefur komið hefur 06-701 Þjóðkirkjan sætt hagræðingarkröfu að fjárhæð 431,5 m.kr. frá árinu 2010 og hefur tekist að skera niður sem nemur 240,7 m.kr. Fjárvöntun vegna ársins 2015 er því um 191 m.kr. Til að brúa þetta bil er gert ráð fyrir að framlög komi úr Kirkjumálasjóði að fjárhæð 71 m.kr. og úr Jöfnunarsjóði sókna 71 m.kr. auk þess sem eignir verða seldar og andvirði 49 m.kr. greitt til 06-701 Þjóðkirkjunnar/Biskupsstofu. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður skrifstofu verði hjá Kirkjumálasjóði. Áður var rekstrarkostnaður á Biskupsstofu en þá kom kostnaðarhlutdeild úr sjóðum á móti.

Á Biskupsstofu og Kirkjumálasjóði er áætlaður óbreyttur fjöldi stöðugilda starfsmanna frá fyrra ári. Áætluð stöðugildi á Biskupsstofu árið 2015 eru 13,6 en áætluð stöðugildi Kirkjumálasjóðs eru 12,6. eða samtals um 26 stöðugildi árið 2015. Frá árinu 2010 hefur starfsfólki þá fækkað sem nemur 7 stöðugildum eða um 21%. Eftirfarandi breytingar eru á mannahaldi Biskupsstofu/Kirkjumálasjóðs:

Ráðgert er að fjöldi prestsembættu verði óbreyttur árið 2015. Prestsembætti verða þannig um 125 samkvæmt rekstraráætlun 2015.

Gert er ráð fyrir að embættiskostnaður presta hækki um 2,3% milli ára og að námsleyfi presta verði 14 mánuðir alls. Í áætlun er miðað við að laun hækki um 3,5%.

Sérframlög

Sérframlög til stofnkostnaðar kirkjunnar lækka milli ára 6 m.kr. og eru því samtals 21 m.kr. í fjárlagafrumvarpi 2015.

Stofnkostnaðargreiðsla ríkisins vegna Skálholts er 4 m.kr. Framlag til Skálholts að fjárhæð 6 m.kr. fellur niður. Það var veitt í tilefni af 900 ára afmælis biskupsstóls í Skálholti og ætlað til uppbyggingar í staðnum. Samtals voru greiddar 48 m.kr. á 6 árum.

Sérframlag ríkisins árið 2015 til Hallgrímskirkju vegna viðgerða á turni að fjárhæð 5 m.kr. er þriðja greiðsla af sex ára greiðsluloforði sem var samtals um 30 m.kr. Auk þess eru veittar 3,0 m.kr. vegna annars stofnkostnaðar og er því heildarframlag ríkisins til Hallgrímskirkju 8,0 m.kr. árið 2015.

Framlag til Hóladómkirkju verður 4,3 m.kr. samkvæmt fjárlagafrumvarpi 2015 og framlag til Dómkirkjunnar í Reykjavík verður 4,7 m.kr.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninga og fjárhagsáætlanir þjóðkirkjunnar, stofnana hennar og sjóða. Nefndin fékk glögg yfirlit um fjárhagsstöðu kirkjunnar, kröfur ríkisvaldsins um hagræðingu á kostnaði vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs og tillögur kirkjuráðs um lækkun framlaga á ýmsum sviðum til þess að mæta hagræðingarkröfu ríkisins. Sérstaklega var farið yfir fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar. Nefndin þakkar skýra framsetningu reikninga og áætlana og yfirlit og skýringar á rekstri sem undir þjóðkirkjuna heyra. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar, en í skýrslunni er fjallað um ársreikninga embætta, sjóða, stofnana og fyrirtækja þjóðkirkjunnar. Nefndin hafði einnig til umfjöllunar skýrslur frá Ríkisendurskoðun um yfirlit um ársreikninga sókna fyrir árið 2013 og yfirlit um ársreikninga kirkjugarða vegna ársins 2013.

Sveinn Arason ríkisendurskoðandi kom á fund nefndarinnar ásamt Inga K. Magnússyni og Þorbjörgu Guðnadóttur. Farið var yfir helstu ábendingar og athugasemdir Ríkisendurskoðunar.

Sr. Kristján Valur Ingólfsson vígslubiskup í Skálholti kom á fund nefndarinnar og ræddi málefni Skálholts.

Guðmundur Þór Guðmundsson sviðsstjóri fasteignasviðs Biskupsstofu kom á fund nefndarinnar. Guðmundur Þór fór yfir 27. mál um kaup og sölu fasteigna og reifaði lykilatriði í fasteignamálum kirkjunnar.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri innanríkisráðuneytisins og Pétur Fenger skrifstofustjóri fjármála og rekstrar ráðuneytisins komu á fund nefndarinnar þar sem rædd var staða fyrirhugaðs samnings um leiðréttingu sóknargjalda. Fjárhagsnefnd kirkjuþings þakkar safnaðarfólki um allt land sem lagt hefur á sig mikið sjálfbodastarf á erfiðum tímum niðurskurðar í fjármálum sóknanna. Fjárhagsnefnd beinir því til kirkjuráðs og biskups Íslands að áfram verði unnið að eftirfarandi atriðum:

1. Nefnd sem innanríkisráðherra skipaði hefur skilað tillögum um leiðréttingu sóknargjalda. Fjárhagsnefnd kirkjuþings 2014 treystir því að gengið verði frá samningi við ríkið um leiðréttingu sóknargjalda í samræmi við tillögur nefndarinnar.
2. Að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við kirkjujarðasamkomulagið. Nefndin vekur athygli á því að 90% af útgjöldum vegna kirkjujarðasamkomulagsins er launakostnaður, því er svigrúm til sparnaðar þröngt nema gripið verði til uppsagna.
3. Að haldið verði áfram að einfalda sjóðakerfi kirkjunnar og gera það gegnsærra. Eigi að síður verður að gæta þess að sögulegum grundvelli og hlutverki sjóðanna samkvæmt lögum sé haldið til haga.
4. Að framsetning fjárlaga verði þannig að skýrt sé að greiðslur til þjóðkirkjunnar séu annars vegar á grundvelli kirkjujarðasamkomulags og hins vegar samkvæmt lögum um sóknargjöld.

5. Að áfram verði miðlað ráðgjöf til sókna þjóðkirkjunnar á vegum Biskupsstofu og að leitað verði leiða til að efla fjárhagslegt eftirlit með þeim. Sóknir og prófastsdæmi eru hvött til að sameinast um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi, sameiginlegum útboðum og innkaupum.
6. Að áfram verði leitað leiða til að styrkja fjárhagsgrundvöll Skálholts.
7. Hvatt er til að haldið sé áfram að leita að eða byggja hentugt húsnæði fyrir starfsemi Biskupsstofu.

Nefndin leggur til að kirkjuþing afgreiði málið með ályktun á þingskjali 71.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2014 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2013 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust. Farið hefur verið yfir fyrirbyggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2013 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Undanfarin sex ár hefur þjóðkirkjan og söfnuðir hennar tekið á sig tekjuskurðingu sem í heild nemur um 6,5 milljörðum króna. Annars vegar er þar um að ræða lögbundin sóknargjöld, félagsgjöld, sem ríkið innheimtir og hins vegar samningsbundnar greiðslur vegna kirkjueigna sem ríkinu voru afhentar með sérstöku samkomulagi frá 1997.

Kirkjujarðasamkomulagið fjallar um afhendingu kirkjujarða til ríkisins á móti skuldbindingu um að greiða laun presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Þjóðkirkjan hefur ekki vikist undan ábyrgð og fallist á skerðingu á kirkjujarðasamkomulaginu undanfarin ár. Uppsöfnuð skerðing frá árinu 2010 vegna kirkjujarðasamkomulagsins er um 2,1 milljarður króna. Kirkjuþing væntir þess að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði við samninginn.

Sóknargjöldin eru lögbundin félagsgjöld sem ganga til reksturs safnaða þjóðkirkjunnar, annarra trúfélaga og lífsskoðunarfélaga um land allt. Óumdeilt er að sóknargjöld hafa verið skert mun meira en framlög til stofnana innanríkisráðuneytisins. Frá fjárlögum ársins 2008 til 2014 hafa sóknargjöld lækkað sem nemur um 25% umfram framlög til stofnana innanríkisráðuneytisins, samanber skýrslu nefndar innanríkisráðherra til að meta áhrif niðurskurðar fjárveitinga á starfsemi þjóðkirkjunnar frá apríl 2012 og skýrslu starfshóps um fjárhagsleg málefni þjóðkirkjunnar og safnaða hennar frá maí 2014. Enn meira vantar uppá að sóknargjöldin séu í samræmi við lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987. Uppsöfnuð skerðing til þjóðkirkjusafnaða vegna sóknargjaldanna á árunum 2008 – 2014 er um 4,4 milljarðar króna.

Kirkjuþing 2014 treystir því að stjórnvöld standi við fyrirheit sem gefin hafa verið um leiðréttingu sóknargjalda, þannig að gengið verði frá samningi ríkis og kirkju um gjöldin á næstu mánuðum. Ennfremur treystir kirkjuþing því, að fyrirhugaðar viðræður ríkis og kirkju um endurskoðun 3. greinar kirkjujarðasamkomulagsins leiði til þess að staðið verði að fullu við það.

3. mál kirkjuþings 2014
Flutt af Forsætisnefnd kirkjuþings

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009

1. gr.

1. mgr. 12. gr. orðist svo:

Nýkjörið kirkjuþing kýs fjóra menn í kirkjuráð til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Kosið skal að lokinni síðari umræðu þingmála. Sé þingi frestað skal kjósa kirkjuráð undir lok fyrstu þinglotu. Skal þá lokið síðari umræðu um skýrslu kirkjuráðs og fyrri umræðu um skýrslu um fjármál þjóðkirkjunnar.

2. gr.

2. mgr. 14. gr. fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi nú þegar.

4. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni málið áfram og safni saman þeim ábendingum og tillögum sem fram hafa komið. Löggjafarnefnd leggur til við kirkjuþing 2014 að óskað verði eftir því við kirkjuráð að kalla eftir umsögnum héraðsfunda og héraðsnefnda. Löggjafarnefnd mun leggja fram tillögu um frekari meðferð málsins á kirkjuþingi 2015.

5. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Elínborgu Gísladóttur og Katrínu Ásgrímsdóttur

Tillaga til þingsályktunar um skipan prestsþjónustunnar

Kirkjuþing 2014 samþykkir að fela nefnd kirkjuþings um skipan prestsþjónustunnar, sem skipuð var á kirkjuþingi 2012 að leggja fram á kirkjuþingi 2015 tillögur um skipan prestakalla, fjölda embætta sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta. Nefndin byggi á fyrri vinnu nefndarinnar og afli frekari upplýsinga um stöðu þjónustu kirkjunnar meðal presta og sókna.

Að lokinni umfjöllun í allsherjarnefnd var málið var sameinað 18. máli.

Framkvæmdaáætlun Jafnréttisnefndar

Kirkjubing 2014 samþykkir eftirfarandi breytingar á Jafnréttisáætlun þjóðkirkjunnar:

Framkvæmdaáætlun fyrir árin 2015-2017

1. Jafnréttisfræðsla

Kirkjan mun standa fyrir fræðslu um kynjasambættingu sem felur í sér að skipuleggja, bæta, þróa, og leggja mat á stefnumótun og ákvarðanir þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé fléttað inn í starf kirkjunnar á öllum sviðum hennar. Einnig mun kirkjan stuðla að því að kynjasambætting verði þáttur í endurmenntun þeirra sem fyrir kirkjuna starfa. (Sbr. markmiðsgrein Jafnréttislaga nr. 10/2008 og 6. mgr. 2. gr. og 17. gr.)

Verkefni 1.1: Tekið verður mið af kynjasambættingu í fræðslustarfi kirkjunnar, nám-skeiðum og við útgáfu efnis. Lögð verði áhersla að ná til ákveðinna hópa á tímabilinu með þessa fræðslu.

Ábyrgð: Þjónustusvið biskupsstofu og prófastar. Tengiliður: Jafnréttisfulltrúi

Tímamörk: Árið 2015: Áhersla á fræðslu sóknar- og valnefnda.

Árið 2016: Áhersla verði á fræðslu barna- og unglinga innan kirkjunnar t.d. hvar/hverjar eru konurnar í Biblíunni og konurnar í siðbótinni íslenskar sem erlendar.

Árið 2017: Áhersla á fræðslu starfsfólks kirkjunnar, vígðra sem óvígðra.

Verkefni 1.2: Jafnréttisnefnd haldi úti virkri heimasíðu þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um tölfræði og annað sem tengist jafnréttismálum.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Sístætt verkefni.

2. Málfar

Kirkjan skal í boðun sinni, helgihaldi og fræðslu gæta þess að höfðað sé til beggja kynja.

Verkefni 2.1: Horft verði til þessara sjónarmiða við gerð nýrrar handbókar og sálmabóka.

Ábyrgð: Helgisiðanefnd, Handbókanefnd, Sálmabókanefnd.

Tímamörk: Við útkomu bókanna.

Verkefni 2.2: Í öllu efni sem kirkjan gefur út skal höfðað til beggja kynja.

Ábyrgð: Þjónustusvið biskupsstofu og prófastar. Jafnréttisfulltrúi geri athugasemdir ef að út af ber.

Tímamörk: Haustið 2015

Verkefni 2.3: Prestar og starfsfólk kirkjunnar sem koma að boðun og fræðslu skulu huga að ábyrgð sinni varðandi málfar beggja kynja. Leitast skal við að nota nýjustu þýðingu Biblíunnar í öllu starfi kirkjunnar. Jafnréttisfulltrúi sendi út bréf árlega til að minna á þetta. *Ábyrgð:* Biskup Íslands og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Allt tímabilið

3. Jöfn laun og kjör starfsfólks

Í lögum nr. 10/2008 er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Samkvæmt 19. gr. ber hverjum atvinnurekanda að greiða starfsfólki sínu sömu laun og veita sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Starfsfólki er ávallt heimilt, ef það kys svo, að skýra frá launakjörum sínum.

Verkefni 3.1: Árlega verði framkvæmd einföld könnun á launakjörum starfsfólks kirkjunnar og safnaðanna og starfsaðstæðum sjálfboðaliða. Könnunin skal lögð fyrir í lok janúar ár hvert og kynnt á héraðsfundum á vorin. Ef launamunur kemur í ljós sendir Jafnréttisfulltrúi prófasti bréf, sem fylgir málinu eftir. Þannig næst ákveðin yfirsýn með samanburði á milli ára.

Ábyrgð: Þjónustusvið biskupsstofu, prófastar og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Allt tímabilið eða 2015, 2016, 2017

4. Staða kynjanna innan kirkjunnar

Við skipan í nefndir og ráð skal fara eftir 15. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Einnig skal þess sérstaklega gætt við ráðningar á starfsfólki sókna og stofnana kirkjunnar sbr. 1. mgr. 18. gr og 1. mgr. 20. gr. laganna.

Verkefni 4.1: Samhliða könnun á launum og kjörum starfsfólks verði birtar í Árbók kirkjunnar og á heimasíðu jafnréttisnefndar upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum, ráðum og stjórnnum kirkjunnar.

Ábyrgð: Jafnréttisfulltrúi vinni að greiningu á hlut kvenna og karla innan kirkjunnar.

Tímamörk: Birtist í Árbók kirkjunnar 2015, 2016 og 2017

Verkefni 4.2: Mikilvægt er að upplýsa valnefndir um lagalegar skyldur þeirra gagnvart jafnréttislögum og jafnréttisstefnu kirkjunnar. Mannauðsstjóri kirkjunnar sendi valnefndum bréf í hvert skipti sem kemur að því að velja prest. Þar sé farið yfir skyldur nefndarinnar, auk þess sem gefnar eru upplýsingar um stöðu jafnréttismála t.d. með því að tiltaka fjölda presta af hvoru kyni á samstarfssvæðinu sem og í prófastsdæminu. Mannauðsstjóri skal senda formlega ábendingu til valnefnda ef kynjahlutfall innan nefndarinnar er ekki í samræmi við jafnréttisstefnu kirkjunnar.

Ábyrgð: Mannauðsstjóri og jafnréttisfulltrúi.

Tímamörk: Sístætt verkefni.

Verkefni 4.3: Kirkjuþing setji á fót starfshóp til að leita leiða til að kjósa bæði konur og karla í lýðræðislegum kosningum, eins og t.d. til kirkjuþings. Að finna leiðir að kosningafyrirkomulagi sem tryggji jafnan hlut kvenna og karla á kirkjuþingi og í kirkjuráði.

Ábyrgð: Kirkjuþing

Tímamörk: Í mars 2015 ljúki fyrir haustþing 2016

5. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Starfsfólki kirkjunnar skal auðveldað að samræma fjölskyldu og atvinnulíf.

Verkefni 5.1: Að gera konum og körlum sem starfa hjá kirkjunni kleift að samræma starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð. Mikilvægt er að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er. Þá er mikilvægt að hvetja bæði kynin til að nýta fæðingarorlof og jafnframt að hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

Ábyrgð: Prófastar og vígslubiskupar

Tímamörk: Sístætt verkefni.

Verkefni 5.2: Sóknarnefndir verði reglulega minntar á ofangreint ákvæði. Kirkjuráð og biskupsstofa geri skýrslu um hvernig starfsfólki kirkjunnar hefur tekist að samræma starf sitt og fjölskyldulíf.

Ábyrgð: Kirkjuráð, vígslubiskupar og þjónustusvið biskupsstofu.

Tímamörk: Vor 2016

6. Endurskoðun framkvæmdaáætlunar

Jafnréttisnefnd leggi mat á jafnréttisstefnuna og endurskoði framkvæmdaáætlun hennar.

Verkefni 6.1: Fyrir 1. júní 2017 skili nefndin tillögu að nýrri framkvæmdaráætlun til biskups og kirkjuráðs. Hún verði lögð fyrir kirkjuþing haustið 2017 og taki gildi 1. janúar 2018.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd kirkjunnar

Tímamörk: 1. júní 2017

7. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Þórunni Júlíusdóttur, Stefáni Magnússyni,
Sigurði Árna Þórðarsyni og Leifi R. Jónssyni.

Tillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembættu

Kirkjuþing 2014 samþykkir að vísa breytingartillögu löggjafarnefndar á þingskjali 67 til kirkjuráðs sem sendi hana til kynningar og umsagna héraðsfunda, héraðsnefnda, Prestafélags Íslands og aðildarféлага þess og annarra þeirra kirkjulegra aðila sem málið varðar. Kirkjuráð leggi umsagnir fyrir löggjafarnefnd. Löggjafarnefnd búi málið í hendur kirkjuþingi 2015 og flytji það.

7. mál - þskj. 67

Breytingartillaga að starfsreglum um val og veitingu prestsembættu Frá löggjafarnefnd Frsm. Steindór Haraldsson

1. gr.

Biskup Íslands skipar, samkvæmt 37. gr. laga nr. 78/1997, í embætti sóknarpresta, presta, héraðspresta og sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar. Um málsmeðferð samkvæmt starfsreglum þessum skal fara að stjórnslögum nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Biskup Íslands undirbýr auglýsingu embættis með því að kalla eftir þarfagreiningu prestakalls og/eða héraðsnefndar. Prófastur skal sjá til þess að þarfagreining verði unnin innan þeirra tímamarka sem biskup setur. Hún skal innihalda eftir því sem við á:

- Lýsingu á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests.
- Lýsingu á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
- Kröfur um sérstaka þekkingu, hæfni eða reynslu, sem leitað er eftir hjá nýjum presti, s.s. í stjórnun, safnaðarstarfi og/eða sérhæfðri þjónustu.
- Greiningu á helstu styrkleikum og veikleikum safnaðarstarfsins.
- Helstu áherslur sóknarnefndar eða héraðsnefndar í safnaðarstarfi næstu fimm árin.

3. gr.

Biskup Íslands auglýsir laus prestsembætti í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 78/1997. Við undirbúning auglýsingar skal tekið tillit til þarfagreiningar samkvæmt 2. gr. Í auglýsingu skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

- Lýsing á prestakallinu og sóknum þess, ef um er að ræða embætti sóknarprests eða prests.
- Lýsing á umfangi prestsþjónustunnar, starfsaðstöðu o.fl. er varðar hið kirkjulega starf.
- Hvort lögð sé sérstök áhersla á hæfni umsækjenda til að sinna tilteknum þáttum prestsþjónustunnar.
- Hvort embættið geri kröfu um sérstaka þekkingu eða reynslu af stjórnunarstörfum.
- Frá hvaða tíma og til hve langs tíma skipað er í embættið.
- Að umsækjendur leggi fram prófskírteini, staðfestingu um að viðkomandi hafi lokið starfsþjálfun. Einnig vottorð um aðra menntun og þjálfun sem nýtist í starfi.
- Upplýsingar um starfsferil og annað það sem umsækjendur telja nauðsynlegt að fram komi.
- Umsækjendur skili greinargerð, að hámarki 500 orð, um framtíðarsýn þeirra og væntingar er varða embættið.
- Að umsækjandi skuli veita aðgang að hvers konar upplýsingum úrsakaskrá sinni og heimilar að leitað sé upplýsinga úr kæruskrá lögreglu.
- Hvenær umsóknarfrestur um embættið renni út.
- Hver veiti nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, erindisbréf og helstu lög og reglur sem um starfið gilda.
- Hvort prestssetur fylgi embættinu.
- Að sótt skuli um embættið á þar til gerðu eyðublaði Biskupsstofu.
- Að matsnefnd fjalli um umsóknir, samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.
- Að heimilt sé að óska eftir almennum prestkosningum samkv. lögum nr. 78/1997.
- Að skylt er, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að upplýsingum um nöfn og starfsheiti umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn.

Áður en biskup sendir umsóknir til meðferðar matsnefndar skal hann gæta þess að umsækjandi uppfylli skilyrði til skipunar, samkv. 38. gr. laga nr. 78/1987, þar með talið starfsþjálfun samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum um þjálfun prestsefna nr. 788/2002.

Biskup Íslands skal leita eftir samþykki umsækjenda til þess að fá aðgang að upplýsingum úr sakaskrá. Synji hlutaðeigandi umsækjandi um heimild til þess, er óheimilt að setja, skipa eða ráða hann til starfa.

Óheimilt er að ráða til starfa einstakling til að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri, sem hlotið hefur refsidóm vegna brota á eftirtöldum lagabálkum:

- Barnaverndarlög nr. 80/2002.
- Kynferðisbrot skv. 22. kafla, önnur ofbeldisbrot skv. 23. kafla og brot gegn frjálsræði manna skv. 24. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þó ekki minniháttar líkamsmeiðingar samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga.

- Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sem og 173. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þ.e. refsíðingur síðustu fimm ár.

Biskup Íslands skal auglýsa laust embætti í Lögbirtingablaði og á öðrum opinberum vettvangi og skal umsóknarfrestur ekki vera skemmri en fjórar vikur frá útgáfudegi blaðsins. Sæki enginn um skal embættið auglýst að nýju. Skal að jafnaði auglýsa innan þriggja mánaða frá birtingu fyrri auglýsingar, en ef sérstaklega stendur á, má fresta auglýsingu um allt að ár í senn.

Biskup skal afla og varðveita lista yfir þá sem eru atkvæðisbærir prestakalli þegar auglýsing er birt.

4. gr.

Biskupi er heimilt að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda að setja í embætti án auglýsingar tímabundið, til allt að 6 mánaða, falli sá frá sem skipaður hefur veið eða er fjarverandi um lengri tíma vegna veikinda, fæðingarorlofs eða af öðrum ástæðum.

Óski prestur/prestar heimildar til embættaskipta, getur biskup að fengnu álit/umsögn sóknarnefnda/héraðsnefnda leyft tímabundin embættaskipti presta, að hámarki í eitt ár. Engar bætur verða greiddar ef laun lækka við embættaskiptin.

Biskupi er heimilt að flytja presta úr einu embætti í annað. Flytjist maður í annað embætti sem er lægra launað en fyrra embættið, skal greiða honum launamismuninn þann tíma sem eftir er af skipunartíma hans í fyrra embættinu.

5. gr.

Biskup Íslands skipar þriggja manna matsnefnd til að meta hæfni umsækjenda um laus prestsembætti. Biskup tilnefnir einn fulltrúa, sem skal vera formaður nefndarinnar. Kirkjuþing tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara til eins árs í senn. Biskup og kirkjuþing skulu gæta þess að í matsnefnd veljist fólk með haldgóða þekkingu á starfsemi Þjóðkirkjunnar og mannauðsmálum. Jafnframt að í nefndinni sitji fólk af báðum kynjum í samræmi við jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar.

Prestafélagi Íslands og viðkomandi kjörnefnd eða héraðsnefnd er hvoru um sig heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa til setu á fundum nefndarinnar.

Formaður matsnefndar stýrir störfum nefndarinnar og fundum og gagnaöflun og er í fyrirsvari fyrir nefndina.

Í sérstökum tilvikum er matsnefnd heimilt að kveða til utanaðkomandi sérfræðinga, nefndinni til ráðgjafar.

Um sérstakt hæfi matsnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmönnum og áheyrnarfulltrúum er skylt að gæta þagmælsku um viðkvæmar upplýsingar sem leynt eiga að fara er varða umsækjendur og þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum í nefndinni. Að öðru leyti gilda ákvæði

stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 140/2012 um meðferð umsókna eftir því sem við á.

6. gr.

Meta skal hvernig umsækjendur uppfylla sérstök skilyrði og hæfni samkvæmt þarfagreiningu og áskilin eru í auglýsingu. Að öðru leyti skal við mat á hæfni umsækjenda horfa til eftirfarandi: menntunar, starfsferils og starfsreynslu

Umsækjendur skulu eiga þess kost með umsókn sinni að sýna fram á sérstaka hæfni til helgihalds, til boðunar og til sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni.

Matsnefnd skilgreinir prósentuvægi einstakra viðmiða og greinir viðmiðin í þætti og skilgreinir hvernig stig eru gefin fyrir hvern þátt og hvaða þættir hafa áhrif. Matsnefnd notar 0-10 stigaskala í starfi sínu og gildir 10 hæst.

Matsnefnd fer yfir og metur umsóknir, fylgiskjöl þeirra og aðrar upplýsingar viðkomandi umsækjanda. Taki matsnefnd viðtöl við umsækjendur skal hún styðjast við staðlaðan spurningalista.

Matsnefnd getur, með samþykki umsækjenda, aflað frekari upplýsinga um þá og starfsferil þeirra frá vinnuveitendum og öðrum sem samskipti hafa átt við umsækjendur vegna starfa þeirra. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda.

Komi fram í gögnum, sem matsnefndin aflar, upplýsingar sem hún telur vera umsækjanda í óhag skal kynna honum efni þeirra, frá hverjum þær koma og veita honum tækifæri til þess að tjá sig um þær.

Eftir að nefndin hefur vinnu við mat á umsóknum er nefndinni ekki skylt að taka við frekari umsóknargögnum, nema þau séu til að votta gögn sem fylgdu umsókn.

Matsnefnd skal sjá til þess að mál séu nægilega upplýst.

Matsnefndin skal skila niðurstöðu innan fjögurra vikna frá því að umsóknarfestur rennur út. Ef sérstakar aðstæður valda, svo sem mikill fjöldi umsókna, getur biskup veitt matsnefndinni allt að tveggja vikna viðbótarfrest til að skila niðurstöðu. Sóknarnefnd og umsækjendum skal tilkynnt frestunin.

Í niðurstöðuskýrslu matsnefndar skal vera skrifleg lýsing á matsferlinu og niðurstöðu þess þar sem fram kemur hvern eða hverja umsækjendur nefndin eða meiri hluti hennar telur best fallna til að gegna embættinu.

Matsnefnd skal kynna viðkomandi umsækjanda niðurstöðu sína og gefur sjö daga frest til skriflegra athugasemda. Gefi athugasemdirnar tilefni til svara að mati meirihluta matsnefndar, skulu andmæli og svör nefndarinnar fylgja endanlegri niðurstöðu. Umsækjendur eru bundnir trúnaði.

Dragi umsækjandi umsókn sína til baka áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir á

hann rétt á að ekki verði fjallað frekar um hans umsókn, enda fari hann fram á það með skriflegum hætti.

Matsnefndin sendir biskupi niðurstöðu sína um hvaða umsækjendur hún telur hæfasta til að gegna prestsstarfinu sem og rökstuðning sinn.

Biskup skal hafa aðgang að öllum gögnum sem matsnefndin byggir mat sitt á.

7. gr.

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundum til fjögurra ára í senn. Nefndin er skipuð 11 fulltrúum að lágmarki og jafn mörgum til vara. Forfallist kjörnefndarmaður skal varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörstjórninni. Varafulltrúar taka sæti samkvæmt þeirri röð sem þeir voru kosnir í. Ef fjöldi sóknarbarna 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn í prestakalli er meiri en tvö þúsund skal bæta við tveimur fulltrúum í kjörnefndina fyrir hvert byrjað þúsund umfram tvö þúsund. Hver kjörnefndarmaður fer með eitt atkvæði.

Ef fleiri en ein sókn er í prestakalli skal tryggt að hver sókn eigi að lágmarki einn fulltrúa. Að öðru leyti skal ákvarða fjölda fulltrúa hverrar sóknar í kjörnefnd í hlutfalli við fjölda sóknarbarna í prestakallinu 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn. Sama gildir um varamenn. Í janúarmánuði, ár hvert, birtir Biskupsstofa yfirlit yfir fjölda fulltrúa hverrar sóknar í kjörnefnd prestakalls.

Prófastur er formaður kjörnefndar, stýrir störfum hennar, fundum og er í fyrirsvari fyrir nefndina. Prófastur hefur ekki atkvæðisrétt.

Allir fundir kjörnefndar skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal kjörnefnd gæta þess að varðveita gögn er varða starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Kjörnefnd velur ritara, sem að jafnaði kemur úr hópi kjörnefndarmanna.

Sé presti ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli skulu kjörnefndir í þeim prestaköllum sameinaðar í eina kjörnefnd. Prófastur er formaður hinnar sameinuðu kjörnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um kjörnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameinuðu kjörnefndarinnar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Sé presti ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta, skal kjörnefnd prestakalls og héraðsnefnd sameinaðar í eina kjörnefnd undir formennsku prófasts. Umboð sameinaðrar kjörnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

Um hæfi kjörnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa, skal skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Sé prófastur vanhæfur skipar biskup varamann hans.

8. gr.

Biskup sendir kjörnefnd og/eða héraðsnefnd öll gögn er varða umsækjendur.

Eins fljótt og kostur er, eftir að öll gögn um umsækjendur hafa borist kjörnefnd, boðar formaður skriflega til nefndarfundar með a.m.k. viku fyrirvara.

Kjörnefnd boðar í viðtal þá umsækjendur sem matsnefnd hefur metið hæfasta og aðra þá sem kjörnefnd telur þurfa. Gæta ber jafnræðis milli umsækjenda í viðtölum, s.s. varðandi spurningar. Kjörnefnd getur eftir atvikum boðið umsækjendum að sýna fram á hæfni til helgihalds, boðunar og sálgæslu auk leiðtoga- og samskiptahæfni. Kjörnefnd er heimilt að óska þess að umsækjendur messi, prédiki, kenni eða haldi fyrirlestur.

Þeim prestum sem áfram þjóna í prestakallinu skal boðið að tjá sig við kjörnefndina um umsækjendur, sem valið skal á milli, séu þeir sjálfir ekki meðal umsækjendanna.

Hafi ekki borist ósk um almenna prestskosningu kýs kjörnefnd sóknarprest/prest úr hópi umsækjenda.

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta greiddra atkvæða í leynilegri kosningu á kjörnefndarfundum. Ef enginn fær svo mörg atkvæði skal kosið að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Falli atkvæði jafnt, ræður hlutkesti.

Formaður kjörnefndar tilkynnir biskupi svo fljótt sem verða má niðurstöðu kosningar kjörnefndar.

9. gr.

Biskup skipar þann umsækjanda í embætti sem meirihluti kjörnefndar hefur kosið og kynnir umsækjendum niðurstöðuna samkvæmt 40 gr. laga nr. 78/1997.

10. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar. Biskup skipar héraðsprest og leggur til grundvallar vali sínu umsögn matsnefndar og tillögu héraðsnefndar.

11. gr.

Biskup Íslands skipar í embætti sérþjónustupresta þjóðkirkjunnar að fenginni niðurstöðu matsnefndar.

12. gr.

Telji biskup að verulegur ágalli sé á málsmeðferð matsnefndar og/eða kjörnefndar, getur hann ákveðið að skipa ekki í embættið og skal þá efnt til almennra prestskosninga skv. 13. gr.

Biskup setur leiðbeinandi reglur fyrir matsnefnd, kjörnefndir, héraðsnefndir og umsækjendur.

13. gr.

Óski minnst fimmtungur atkvæðisbærra sóknarmanna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er prestakallið var auglýst laust til umsóknar. Kosið skal leynilega á milli umsækjenda.

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá þann dag sem auglýsing um embættið birtist. Lista yfir atkvæðisbæra skal Biskupsstofa afla þann dag sem auglýsing birtist. Atkvæðisbær eru þau sem eru fullra 16 ára þann dag sem auglýsingin birtist. Ef ágreiningur rís um hvort almenn kosning eigi að fara fram eða um framkvæmd kosningarinnar að öðru leyti, úrskurðar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, um það. Að öðru leyti gilda ákvæði um kjörstjórn í starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013, eins og við getur átt.

14. gr.

Jafnskjótt og biskup hefur fengið í hendur óskir frá lögboðnum fjölda atkvæðisbærra manna í prestakallinu um almenna kosningu skal hann tilkynna kjörstjórn um framkomnar óskir. Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings og þingsköp, er jafnframt kjörstjórn við almennar prestskosningar. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast undirbúning og framkvæmd kosningar á ábyrgð kjörstjórnar. Biskupsstofa lætur kjörstjórn í té nauðsynlega aðstöðu og þjónustu svo kjörstjórn geti rækt starfa sinn.

15. gr.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning skuli fara fram og skal hún auglýst með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Kjörstjórn annast prentun kjörseðla. Kjörseðlar skulu vera úr pappír sem prent eða skrift sést ekki í gegnum. Á þá skal prenta nöfn umsækjenda í stafrófsröð.

Kjörstjórn auglýsir á heimasíðu þjóðkirkjunnar og með öðrum tíðkanlegum hætti, hvernig, hvenær og hvar kosning skuli fara fram og hverjir séu í kjöri. Kjörstjórn er heimilt að ákveða að hafa fleiri en eina kjördeild ef aðstæður í prestakalli þykja gefa tilefni til þess.

Kjörstjórn er heimilt að ákveða að kosning verði rafræn og fer þá um framkvæmd hennar samkvæmt starfsreglum um kosningu kirkjuþings nr. 301/2013.

16. gr.

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn, á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands.

Á kjörskrá skal taka þá sem skráðir eru í íslensku þjóðkirkjunni, eiga lögheimili í prestakallinu og hafa náð 16 ára aldri á þeim sem degi sem kosning fer fram.

Þegar kjörskrá hefur verið samin skal hún staðfest á fundi kjörstjórnar og undirrituð af formanni kjörnefndar. . Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag, þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

17. gr.

Hver sá, sem kæra vill að einhvern vanti á kjörskrá eða sé þar ofaukið, þarf að hafa afhent kjörstjórn kæru sína, ásamt rökum og gögnum máli sínu til stuðnings, eigi síðar en einni viku fyrir kjördag. Sé kæran um það að einhver sé á skrá tekinn sem ekki hafi rétt til að standa þar skal kjörstjórn senda þeim sem yfir er kært eftirrit af kærinni.

Aðfinnslum þeim við kjörskrána, sem fram eru komnar, skal kjörstjórn úrskurða í síðasta lagi þremur dögum fyrir kjördag. Skal gefa þeim, er kærán varðar, kost á að tjá sig og koma að gögnum áður en kærán er úrskurðuð.

18. gr.

Úrskurði kjörstjórnar má kæra til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings. Hún skal hafa úrskurðuð fram komnar kærur degi fyrir kjördag. Eftir þetta verður engin breyting gerð á kjörskránni.

19. gr.

Þeir sem eru fjarstaddir eða gera ráð fyrir að vera það þegar kosning fer fram og geta ekki sótt kjörfund af þeim sökum, hafa heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fer fram hjá kjörstjórn og getur hún hafist þá er tvær vikur eru til kjördags. Kjörstjórn er heimilt að fela prófasti eða öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd kosningar við utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar fari fram.

Heimilt er að binda atkvæðagreiðslu við ákveðna daga og ákveðinn tíma á degi hverjum, þó eigi skemur en eina klukkustund. Tilgreina skal í fundargerðabók hverjir greiði atkvæði utan kjörfundar.

20. gr.

Talning atkvæða fer fram hjá kjörstjórn er hún hefur fengið öll kjörgögn í hendur.

Kjörstjórn tilkynnir biskupi úrslit kosningar og sendir honum afrit úr gerðabók.

21. gr.

Skipa skal þann umsækjanda í embættið sem hlotið hefur flest greidd atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal varpa hlutkesti. Nú er aðeins einn umsækjandi í kjöri og telst hann kjörinn hljóti hann meirihluta greiddra atkvæða.

22. gr.

Með þeim frávikum, sem starfsreglur þessar ákveða og eftir því sem við getur átt, skulu lög um kosningar til sveitarstjórna gilda um framkvæmd prestskosninga.

23. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi?. Við gildistöku þessara starfsreglna falla á brott starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011. Jafnframt falla brott ákvæði 13. gr. til og með 33. gr. starfsreglna um presta 735/1998.

Breytingatillögur við starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011

Til samræmis við framangreindar breytingatillögur nefndarinnar koma hér tillögur um afleiddar breytingar á starfsreglur um sóknarnefndir nr. 1111/2011.

6. grein.

7. töluliður „Val fulltrúa í valnefnd prestakalls“ fellur niður.

15. grein.

6. töluliður „kosning í aðrar nefndir og ráð“ verður 8. töluliður.

7. töluliður „önnur mál“ verður 9. töluliður.

Nýr 6. töluliður nefnist „kosning sóknarnefndar“.

Nýr 7. töluliður nefnist „kosning kjörnefndar“.

Um kosningu sóknarnefndar er mælt fyrir í 16. gr.

Um kosningu kjörnefndar er mælt fyrir í starfsreglum um val og veitingu prestsembætta.

8. mál kirkjubings 2014
Flutt af Kirkjuráði

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kirkjutónlistarmál þjóðkirkjunnar nr. 768/2002

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Kirkjuráð skipar þriggja manna fagráð um kirkjutónlist – kirkjutónlistarráð – sem hafi yfirumsjón með kirkjutónlistinni og sé jafnframt stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar. Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn prestafélagsins einn fulltrúa og einn til vara.

Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

2. gr.

7. gr. orðist svo:

Skólastjóri Tónskólans í samráði við kirkjutónlistarráð gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir Kirkjuráð til samþykktar fyrir lok septembermánaðar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Skólastjóri ber ábyrgð á að ársreikningur sé gerður á hverju reikningsári og að samin skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Kirkjutónlistarráð og skólastjóri skulu undirrita ársreikninginn. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir Kirkjuráð.

3. gr.

9. gr. orðist svo:

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar Kirkjuráði reglulega.

4. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 30. nóvember 2014.

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um Samkirkjunefnd Þjóðkirkjunnar nr. 1006/2005

1. gr.

2. gr. orðist svo: Hlutverk nefndarinnar er hafa yfirsýn og vera ráðgefandi um samskipti og tengsl Þjóðkirkjunnar við aðrar kirkjur, kristin trúfélög bæði á Íslandi og erlendis. Þar með er talin þátttaka Þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum stofnunum og samtökum. Samkirkjunefnd starfar á grundvelli samkirkjustefnu.

2. gr.

5. gr. orðist svo: Framkvæmdanefnd Samkirkjunefndar mynda formaður Samkirkjunefndar og tveir nefndarmenn, sem Samkirkjunefnd velur. Nefndin sér um mál samkirkjunefndar milli funda, gerir fjárhagsáætlun, undirbýr fundi, annast samskipti sem heyra undir málaflokkinn, sinnir skuldbindingum gagnvart samstarfsaðilum og fylgir fram samþykktum gagnvart biskupi og þeim sem mál varða.

3. gr.

7. gr. orðist svo: Samkirkjunefnd gerir tillögur til biskups um fulltrúa íslensku Þjóðkirkjunnar í samkirkjulegum nefndum, ráðum og stofnunum, sem Þjóðkirkjan er aðili að eða ákveðið er að starfa með. Skulu fulltrúar íslensku kirkjunnar skila skýrslum um starf sitt og stofnana til nefndarinnar á ársfundi hennar.

4. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2014.

10. mál kirkjuþings 2014
Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um mótun samkirkjustefnu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2014 samþykkir að biskup Íslands skipi þriggja manna starfshóp til að móta samkirkjustefnu þjóðkirkjunnar, þar með talin endurskoðun á nágildandi starfsreglum um Samkirkjunefnd þjóðkirkjunnar nr.1006/2005. Biskup leggi stefnumótunina fyrir kirkjuþing 2015 til afgreiðslu.

11. mál kirkjubings 2014
Flutt af kirkjuráði

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009

1. gr.

3. mgr. 3. gr. fellur brott.

2. gr.

5. mgr. 4. gr. fellur brott.

Við 8. mgr. 4. gr. bætast við tveir nýir málslíðir svohljóðandi:

Einnig er kirkjuráði heimilt að samþykkja að sviðsstjóri fasteignasviðs eða staðgengill hans geti undirritað skjöl með sama skuldbindandi hætti. Kirkjuráð getur takmarkað undirritunarheimildir samkvæmt framanskráðu við tilteknar tegundir skjala.

3. gr.

5. gr. fellur brott.

4. gr.

6. gr. orðist svo:

Kirkjuráð skal annast um rekstur fasteigna kirkjumálasjóðs. Það felst í því að annast viðhald eignanna í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun, gæta réttinda og varðveita þau sem tengjast eignunum, sjá um tryggingar og halda uppi lögskilum.

Kirkjuráð sér um að deiliskipulag sé fyrir hendi þar sem nauðsyn krefur eða lög bjóða og ákveður útlit fasteigna og umbúnað í meginatriðum.

Kirkjuráð semur tillögur að árlegri fjárhagsáætlun vegna reksturs fasteigna, er skulu lagðar fyrir kirkjuráð, eigi síðar en í júnímánuði árið á undan.

Kirkjuráð semur tillögur að þriggja ára framkvæmdaáætlun vegna viðhalds og nýbygginga fasteigna fyrir kirkjuráð er skulu lagðar fyrir ráðið eigi síðar en í júnímánuði árið á undan.

5. gr.

7. gr. orðist svo:

Kirkjuráð veitir sóknum almenna fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningar um verklegar framkvæmdir á þeirra vegum. Kirkjuráð skal liðsinna og veita þeim sóknum faglega ráðgjöf sem hyggjast ráðast í nýbyggingar kirkna, safnaðarheimila, þjónustuhúsa eða meiri háttar viðhaldsframkvæmdir.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Fasteignasvið þjóðkirkjunnar skal starfrækt af kirkjuráði. Fasteignasviðið sinnir daglegum rekstri þeirra verkefna sem kirkjuráði eru falin í starfsreglum þessum, eftir nánari fyrirætlunum nefndarinnar og ráðsins.

Kirkjuráð skipar sviðsstjóra fasteignasviðs og felur honum að annast daglegan rekstur fasteigna og eignaumsýslu samkvæmt samþykktri fjárhags- og framkvæmdaáætlun. Kirkjuráð skipar staðgengil sviðsstjóra.

7. gr.

12. gr. orðist svo:

Kirkjuráð ásamt viðkomandi presti fer með málefni prestsseturs og almennt fyrirvar þess. Kirkjuráð fer með stjórn prestssetursjarða gagnvart prestum á prestssetursjörðum samkvæmt ábúðalögum eftir því sem við getur átt og gegnir hlutverki leigusala gagnvart prestum í prestsbústað með þeim afbrigðum sem leiðir af sérstöðu prestssetra.

Kirkjuráð setur prestum haldsbréf vegna afnota þeirra af prestssetrum. Skal það liggja fyrir þegar prestsembætti er auglýst.

Kirkjuráð gerir leigusamninga vegna prestssetra, hluta prestssetra eða réttinda, sem þeim tilheyrja, aðra en þá sem prestum er heimilt að gera skv. ákvæðum haldsbréfa.

8. gr.

13. gr. orðist svo:

Prestur hefur varðveisluskyldu gagnvart prestssetri, sem hann situr, enda þótt hann njóti ekki allra hluta þess.

Prestur skal gera kirkjuráði og prófasti viðvart án tafar ef hann telur að hlunnindi, ítök, greiðslumark, gæði eða réttindi prestssetursjarðar séu illa nýtt, vanrækt eða hætta á að þau gangi undan.

Um eftirlitsskyldu prófasta fer eftir ákvæðum gildandi starfsreglna um prófasta hverju sinni.

9. gr.

15. gr. orðist svo:

Prestur hefur öll lögmæt og eðlileg afnot prestsseturs meðan hann gegnir embætti samkvæmt haldsbréfi og gildandi starfsreglum hverju sinni. Prestur hefur umsjón með prestssetri og nýtur arðs og hlunninda samkv. ákvæðum í haldsbréfi.

Prestur getur eigi ráðstafað prestssetri eða réttindum sem því tengjast, þannig að það bindi kirkjumálasjóð og/eða þannig að ráðstöfun gildi lengur en hann gegnir embætti sínu, án samþykkis kirkjuráðs og annarra lögmæltra aðilja hverju sinni.

Prestur getur ekki, án samþykkis kirkjuráðs, ráðstafað prestssetri nema í samræmi við eðlileg og hefðbundin not þess.

Alla samninga, sem fela í sér varanlega skerðingu eða breytingu á prestssetri, ásýnd þess – eða viðbætur við prestssetrið – gerir kirkjuráð, svo og löggæringa vegna réttinda sem undanskilin kunna að vera afnotarétti prests.

10. gr.

16. gr. orðist svo:

Prestur er heimilt, með samþykki kirkjuráðs, að leigja prestssetur að hluta eða í heild, þriðja aðila um skamma hríð, t.d. meðan prestur er í leyfi.

Prestur í leyfi ber hvorki ábyrgð á né ber hann kostnað af prestssetri að hluta eða í heild ef afleysingaprestur fær það til afnota og leigu samkvæmt samningi við kirkjuráð.

11. gr.

20. gr. orðist svo:

Kirkjuráð felur sviðsstjóra eða tilteknum starfsmanni fasteignasviðs að semja skriflega við alla þá sem nýta eignir kirkjumálasjóðs, hlunnindi, ítök og hvers kyns réttindi og stuðla með öllum ráðum að öruggri vörslu þessarar eigna.

12. gr.

Lokamásl. 5. mgr 21. gr. orðist svo:

Kirkjuráð skal semja vinnureglur um úthlutun á greiðslumarki og meðferð þess.

13. gr.

22. gr. orðist svo:

Kirkjuráði er heimilt að lækka eða fella niður tímabundið leigugjald frá því sem ákveðið er skv. 21. gr. vegna lögmætra leyfa prests eða veikinda. Kirkjuráði er einnig heimilt að lækka tímabundið leigugjald vegna kvaða eða sérstakra aðstæðna.

Ákvarðanir um lækkun leigu falla sjálfkrafa úr gildi ef forsendur lækkunar breytast eða þegar viðkomandi prestur lætur af embætti.

14. gr.

2. mgr. 23. gr. orðist svo:

Við leigu annarra jarða en prestssetra er kirkjuráði heimilt að undanskilja tilgreind hlunnindi eða hluta jarðar samkvæmt nánari ákvörðun og leigja sérstaklega.

15. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 30. nóvember 2014.

12. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Gísla Jónassyni og Guðrúnu Karls Helgudóttur

**Þingsályktun um endurskoðun
starfsreglna nr. 301/2013 um kjör til kirkjuþings**

Kirkjuþing 2014 samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp til að endurskoða starfsreglur nr. 301/2014 um kjör til kirkjuþings í ljósi reynslunnar af nýafstöðnum kosningum til kirkjuþings. Skal starfshópurinn vinna úr þeirri gagnrýni sem fram kom við fyrri umræðu málsins á kirkjuþingi 2014 og búa tillögur sínar til úrbóta til 52. kirkjuþings 2015

13. mál kirkjuþings 2014
Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um endurskoðun samskiptastefnu þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2014 framlengir gildandi samskiptastefnu þjóðkirkjunnar til loka ársins 2015 og ályktar að fela kirkjuráði að skipa starfshóp um endurskoðun samskiptastefnu þjóðkirkjunnar. Slík stefna innihaldi framkvæmdaáætlun til fjögurra ára. Ný stefna verði lögð fyrir kirkjuþing 2015.

14. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Sigurði Árna Þórðarsyni, Drífu Hjartardóttur, Birgi Rafni Styrmissyni, Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur, Svönu Helen Björnsdóttur og Þórunni Júlíusdóttur

Tillaga til þingsályktunar um mat á starfi og skipulagi prófastsdæma þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing samþykkir að skipa þrjú manna starfshóp til að meta reynslu af sameiningu prófastsdæma á árunum 2005-2011.

Starfshópurinn skal ljúka starfi fyrir maílok 2015 og leggja skýrslu sína fyrir kirkjuþing 2015.

Efhópurinn telur breytinga þörf skal hann leggja fram tillögur að breytingum á starfsreglum um prófasta fyrir kirkjuþing 2015.

Verkefni hópsins er:

1. Að óska eftir umsögnum, þ.e. mati, núverandi prófasta varðandi gæði og galla á sameiningum prófastsdæma síðasta áratug.
2. Afla viðhorfa presta og forystufólks safnaða og prestakalla um hvað megi bæta varðandi starf og skipulag prófastsdæma.
3. Meta hvort peningalegur ávinningur hafi orðið af breytingum á skipan prófastsdæma það sem af er þessari öld.
4. Meta þörf á breytingum á skipan prófastsdæma á höfuðborgarsvæðinu.
5. Meta þörf á mismunandi gerðum prófastsdæma í þjóðkirkjunni. Skal hópurinn leita upplýsinga um fyrirkomulag prófastsdæma og starf prófasta hjá systurkirkjum á Norðurlöndum og draga heim lærdóm.

Að lokinni umfjöllun í löggjafarnefnd var málið sameinað 18. máli.

15. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um aðgerðir til að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni

Kirkjuþing 2014 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna starfshóp er leggi fram tillögur sem miði að því að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni. Starfshópurinn skili tillögum sínum til kirkjuráðs sem leggi tillögurnar fyrir kirkjuþing 2015.

16. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti

Kirkjuþing hefur kynnt sér meginhugmyndir viljayfirlýsingar um verkefnið SAMFERÐ – Samráðsvettvangur um uppbyggingu ferðaþjónustu í Skálholti.

Kirkjuþing styður áform um uppbyggingu Skálholtsstaðar sem eftt getur kirkjulegt starf á staðnum.

Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir og gæta hagsmuna Skálholtsstaðar í hvívetna. Kirkjuráð hafi sérstaka hliðsjón af lögum frá 1963 um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað .

Þegar áætlanir liggja fyrir verði þær teknar til umfjöllunar á kirkjuþingi áður en til bindandi ákvarðana komi.

17. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Guðbjörgu Arnardóttur, Drífu Hjartardóttur,
Þórunni Júlíusdóttur og Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um stjórn Skálholtsstaðar

Kirkjuþing mælist til þess við kirkjuráð að skoða, hvort málefnum Skálholtsstaðar yrði það til gagns að skipuð yrði þriggja manna stjórn Skálholtsstaðar og jafn margir til vara, er annist í umboði biskups og kirkjuráðs, ásamt vígslubiskupi uppbyggingu og rekstur staðarins í samræmi við lög um afhendingu Skálholts frá 1963, starfsreglur kirkjuþings og samþykktir kirkjuráðs.

18. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Steindóri Haraldssyni og Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur

**Þingsályktun um skipun starfshóps til
að vinna að stefnumótun um stjórnarsýslu þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2014 samþykkir að skipa fimm manna starfshóp til að vinna að stefnumótun þjóðkirkjunnar samkvæmt þeim hugmyndum sem fram koma í málum nr. 5, 14 og 18.

Nefndin leggur til að sá málaflokkur sem fram kemur í lið 1) í máli nr. 18 verði settur í forgang. Nefndin skili áfangaskýrslu á kirkjuþingi 2015.

19. mál kirkjuþings 2014
Flutt af Kirkjuþingi unga fólksins

Þingsályktun um barna- og æskulýðsmál

Kirkjuþing 2014 samþykkir eftirfarandi ályktun frá Kirkjuþingi unga fólksins:

Kirkjuþing unga fólksins harmar niðurskurð í barna- og æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins vill undirstrika mikilvægi þess að kirkjan og stjórnvöld standi vörð um barna- og æskulýðsmál og stuðli að uppbyggingu á þeim vettvangi frekar en niðurskurði. Einnig minnum við á ábyrgð þessara aðila gagnvart börnum og unglingum. Kirkjuþing unga fólksins vill hvetja þá sem stýra í þessum málaflokki að skapa starfsumhverfi sem hlúir að sameignlegum vettvangi barna- og æskulýðsmála.

Tillaga að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni að málunum áfram og skili niðurstöðum sínum fyrir kirkjuþing 2015.

Tillaga að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskups er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kjör til embættis biskups Íslands skal framkvæma í þremur umferðum sem hér segir:

- A. Í fyrstu umferð skal kjósa um lágmark sex kandidata.
- B. Í annarri umferð skal kjósa um á milli fjögurra efstu úr fyrstu umferð
- C. Í þriðju umferð skal kjósa um á milli tveggja efstu úr annarri umferð

Þjóði færri en sex kandidatar sig fram til biskupskjörs skal stjórn prestafélagsins tilnefna þá sem á vantar.

a) Kosningarrétt í fyrstu umferð við biskupskjör eiga vígðir þjónar kirkjunnar og leikmenn sem hér segir.

I. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma.

II. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar. Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar.

III. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði það ár sem kosið er.

b) Kosningarrétt í annarri umferð við biskupskjör eiga vígðir þjónar kirkjunnar og leikmenn sem hér segir:

I. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma.

II. Prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar

III. Starfsfólk biskupsstofu í föstu starfi.

IV. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar

V. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði

VI. Kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands sem eru guðfræðingar og í fullu starfi.

VII. Sónarnefndarfólk sem hér segir:

- Sóknir að 200 sóknarbörnum hafa 1 kjörmann
- Sóknir frá 200 - 500 hafa 2 kjörmenn
- Sóknir frá 500 - 1000 hafa 3 kjörmenn
- Sóknir frá 1000 - 2000 hafa 4 kjörmenn
- Sóknir frá 2000 - 3000 hafa 5 kjörmenn
- Sóknir frá 3000 - 4000 hafa 6 kjörmenn
- Sóknir frá 4000 - 5000 hafa 7 kjörmenn
- Sóknir yfir 5000 hafa 9 kjörmenn

Sónarnefnd velur kjörmann/menn úr hópi aðal- og varamanna í sóknarnefnd.

- c) Kosningarrétt í þriðju umferð við biskupskjör eiga allir sem skráðir í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár og náð hafa 18 ára aldri þegar kosning fer fram.

3. gr.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga vígðir þjónar og leikmenn sem hér segir:

- I. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.
- II. Prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.
- III. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar;
- IV. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði.
- V. Sónarnefndarfólk með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í sem hér segir:
 - Sóknir að 200 sóknarbörnum hafa 1 kjörmann
 - Sóknir frá 200 - 500 hafa 2 kjörmenn
 - Sóknir frá 500 - 1000 hafa 3 kjörmenn
 - Sóknir frá 1000 - 2000 hafa 4 kjörmenn
 - Sóknir frá 2000 - 3000 hafa 5 kjörmenn
 - Sóknir frá 3000 - 4000 hafa 6 kjörmenn
 - Sóknir frá 4000 - 5000 hafa 7 kjörmenn
 - Sóknir yfir 5000 hafa 9 kjörmenn

Sónarnefnd velur kjörmann/menn úr hópi aðal- og varamanna í sóknarnefnd. Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

4. gr.

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

5. gr.

Kirkjuráð ákveður hvenær biskupskjör skal fara fram.

6.gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér í kjöri til biskups eða vígslubiskups skal afla sér tilnefningar sem hér segir:

Heimilt er þeim sem hafa kosningarrétt, sbr. 2. og 3. gr., að tilnefna kjörgengan mann sem biskupsefni eða vígslubiskupsefni. Til að tilnefning sé gild þurfa 5 af hundraði kosningabærra manna að lágmarki að standa að henni. Óheimilt er þó fleirum en 15 af hundraði kosningabærra manna að standa að tilnefningu hlutaðeigandi biskups - eða vígslubiskupsefnis. Enginn má tilnefna nema einn mann.

Tilnefningar ásamt skriflegu samþykki hlutaðeigandi skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að auglýstur kærufrestur sbr. 5. gr., rennur út.

Tilnefningar skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir fyrir kl. 16:00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framkomnar tilnefningar ef einhverjar eru og úrskurðar um gildi þeirra, þ.e. að sá lágmarks- og hámarksfjöldi manna sem áskilið er, standi að tilnefningu, að þeir hafi kosningarrétt samkvæmt endanlegri gerð kjörskrár, að hinn tilnefndi sé kjörgengur og hafi samþykkt tilnefninguna, svo og önnur atriði sem geta haft áhrif.

Telji kjörstjórn að hafna beri tilnefningu skal hún birta hinum tilnefnda þá niðurstöðu án tafar í bréfi eða tölvupósti. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16:00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstagð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem tilnefndu og hinn tilnefnda. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

7. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá er miðist við 1. dag tiltekins mánaðar. Miða skal kosningarrétt og kjörgengi við embætti og störf þann dag. Kjörskrá í rafrænu formi skal vera aðgengileg að lágmarki í eina viku á biskupsstofu og hjá próföstum, frá auglýsingu um framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Heimilt er kjörstjórn að kjörskrá verði aðgengileg á fleiri stöðum.

Kjörstjórn auglýsir framlagningu kjörskrár á vef þjóðkirkjunnar eða á annan sannanlegan hátt sem og kærufrest sem skal vera ein vika frá framlagningu. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi

kærufrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru í þjóðkirkjunni á því tímamarki sem kjörskrá miðast við. Kjörstjórn úrskurðar kærur og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar skulu liggja frammi á Biskupsstofu og skulu kærundur kynna sér þær þar.

8. gr.

Heimilt er að skjóta úrskurði kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar innan þriggja daga frá því að kærufrestur rann út. Slíkar kærur skulu hafa borist yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póststimplaðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn gengur endanlega frá kjörskrá þegar kærufrestir eru liðnir og úrlausn kjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar um kærur liggur fyrir og skal hin endanlega kjörskrá miðast við lok kærufrests.

9. gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem biskups- eða vígslubiskupsefni skal tilkynna það kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis ásamt tilnefningum skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að kjörskrá er lögð fram. Tilkynning með tilnefningum skal hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið póstlögð í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framboð ef einhver eru og úrskurðar um kjörgengi frambjóðanda. Telji kjörstjórn að hafna beri framboði skal hún birta kandiðat þá niðurstöðu án tafar. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstlögð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru á endanlegri kjörskrá. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kærana.

10. gr.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning hefst. Að svo búnu sendir kjörstjórn þeim er kosningar-rétt eiga nauðsynleg kjörgögn:

- a) kjörskrá
- b) ef um rafræna kosningu er að ræða nöfn frambjóðenda ásamt reglum sem kjörstjórn hefur útbúið og tryggja örugga og leynilega kosningu
- c) ef um skriflega kosningu er að ræða auðan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda auk auðrar línu þar sem kjósandi getur ritað nafn annars kjörgengs manns
- d) óáritað umslag
- e) eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um að hann hafi kosið
- f) umslag með utanáskrift kjörstjórnar
- g) leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.

Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli sannanlega póstagður. Ákveður kjörstjórn þann tíma. Að jafnaði skal miða við að kosningu sé lokið innan tveggja vikna frá útsendingu kjörgagna.

Ofangreind ákvæði 10. gr. gilda um fyrstu og aðra umferð.

Í þriðju umferð skal styðjast við lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna nr. 91 frá 2010 eftir því sem við á. Kjörstjórn verður yfirkjörstjórn. Hún skipar undirkjörstjórnina og sér um alla framkvæmd kosninganna.

Kosning skal vera leynileg. Hún skal vera rafræn sé þess kostur enda meti kjörstjórn það öruggt fyrirkomulag annars skrifleg og leynileg. Sé kosning skrifleg merkir kjósandi við eða ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, á kjörseðil. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Hann setur seðilinn síðan í óáritað umslagið og lokar því, fyllir út eyðublaðið og undirritar, lætur gögnin í áritaða umslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst.

Kjörstjórn telur atkvæði eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett og úrskurðar þau.

Rétt kjörinn biskup Íslands er sá sem flest greidd atkvæði fær í þriðju umferð. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

Rétt kjörinn vígslubiskup er sá sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest fengu atkvæði. Ef tveir fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða milli hverra tveggja kosið er. Sá er rétt kjörinn sem fær þá flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Heimilt er að kæra kosningar samkvæmt starfsreglum þessum. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Fer um kærsmål og meðferð þeirra eftir gildandi starfsreglum um yfirkjörstjórn á hverjum tíma eins og við getur átt, nema starfsreglur þessar mæli á annan veg.

Rétt til að kæra kosningu samkvæmt starfsreglum þessum eiga þeir einir sem hafa kosningarétt. Kærun vegna kosningar skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði eru talin liggja fyrir. Beri síðasta dag kærufrests upp á fridag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærun skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póststimplaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2015. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011 falla brott frá sama tíma.

Greinargerð.

Á 49. kirkjuþingi 2012 var kjörin nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Í nefndina voru kjörin sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, og kirkjuþingsmennirnir Margrét Björnsdóttir, Pétur Björgvin Þorsteinsson og Steindór Haraldsson. Pétur Björgvin lét af störfum og flutti utan á tímabilinu, í hans stað var kjörinn Birgir Rafn Styrmisson kirkjuþingsmaður. Margrét Björnsdóttir sagði sig úr nefndinni í októbermánuði 2013 og voru ekki tók á að kjósa annan fulltrúa í hennar stað.

Umrædd nefnd hefur þegar skilað af sér tveim tillögum til kirkjuþingsins. Sú tillaga sem hér er lögð fram gengur mun lengra en tillögur nefndarinnar. Flutningsmanni þykir rétt að gefa kirkjuþingi tækifæri á að fjalla um lýðræði í íslensku þjóðkirkjunni, enda finnst honum nokkur halli í þeim efnum í okkar annars góðu kirkju.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Helstu breytingar frá starfsreglum nr. 1108/2011 eru sem hér segir:

2. gr.

Til að framkvæma hugmyndafræðina sem liggur til grundvallar þessari tillögu þarf þrjár umferðir

- A) Talsverð gagnrýni hefur komið frá vígðum þjónum kirkjunnar hvað varðar aukin hlut leikmanna í biskupskjöri. Rök vígðra eru þau að biskup sé fyrst og fremst hirðir þeirra og að þeir hafi faglega þekkingu á hver henti í embættið. Þessi liður kemur til móts við þessa gagnrýni.
- B) Grunntónninn hjá þjóðkirkjunni á undanförunum áratugum er að virkja leikmenn til starfs og áhrifa í kirkjunni. Má þar nefna t.d. skiptingu vígðra og óvígðra á kirkjuþingi. Þetta skref um kosningarétt sóknarfefndarfólks var tekið með starfsreglum nr. 1108/2011. Rétt þykir að halda þessum kosningarétti. Atkvæðavægi hefur verið lagað og stærð sókna höfð til viðmiðunnar.
- C) Með tilliti til aðgengi að upplýsingum vegna tilkomu internetsins á allur almenningur auðvelt með að mynda sér upplýsta skoðun um menn og málefni. Hér er um byltingu að ræða. Lýðræðisvakning og krafa um beint lýðræði er þess vegna til komin. Biskup Íslands er sannarlega biskup allra sem í þjóðkirkjunni eru. Það er varhugavert fyrir kirkjuna að senda frá sér önnur skilaboð. Þjóðkirkjan á að vera í fararbroddi hvað varðar jafnrétti og lýðræði.

3. gr.

Ekki er talið rétt að kosning vígslubiskups sé með sama hætti og biskups Íslands en leitast er við að koma til móts við þá gagnrýni sem er á atkvæðavægi og að kosningaréttur verði ekki einskorðaður við sóknarnefndarformenn. Fjöldi kjörmanna er áfram tengdur sóknum og fjöldi sóknarbarna látin ráða fjölda kjörmanna. Lagt er til að sóknarnefndir velji kjörmenn. Lagt er til að allt starfsfólk biskupsstofu í föstu starfi fá kosningarétt.

Kosningaréttur er bundinn við það stifti sem um ræðir. Starfsfólk biskupsstofu og kennarar í guðfræði- og trúarbragðadeild hafa ekki kosningarétt í vígslubiskupskjöri.

6.gr.

Lagt er til að tilnefningar verði aftur teknar upp.

7. gr.

Lagt er til að kjörskrá skuli að öllu jöfnu vera í rafrænu formi.

10. gr.

Lagt er til að kosning skuli vera með rafrænum hætti sé þess kostur.

21. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Steindóri Haraldssyni og Birgi Rafni Styrmissyni

Tillaga (A) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni að málunum áfram og skili niðurstöðum sínum fyrir kirkjuþing 2015.

Tillaga (A) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskups er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga vígðir þjónar og leikmenn sem hér segir.

- A. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma
- B. Prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar
- C. Starfsfólk biskupsstofu í föstu starfi
- D. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar
- E. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði
- F. Kennarar við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands, sem eru guðfræðingar
- G. Sóknarnefndarfólk sem hér segir:
 - Sóknir að 200 sóknarbörnum hafi 1 kjörmann
 - Sóknir frá 200 - 500 hafi 2 kjörmenn
 - Sóknir frá 500 - 1000 hafi 3 kjörmenn
 - Sóknir frá 1000 - 2000 hafi 4 kjörmenn
 - Sóknir frá 2000 - 3000 hafi 5 kjörmenn
 - Sóknir frá 3000 - 4000 hafi 6 kjörmenn
 - Sóknir frá 4000 - 5000 hafi 7 kjörmenn
 - Sóknir yfir 5000 hafi 9 kjörmenn

Sóknarnefnd velur kjörmann/menn úr hópi aðal- og varamanna í sóknarnefnd. Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

3. gr.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga vígðir þjónar kirkjunnar og leikmenn sem hér segir:

- A. Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.
- B. Prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.
- C. Þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar.
- D. Kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði.
- E. Sókarnefndarfolk með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í sem hér segir:
 - Sóknir að 200 sóknarbörnum hafi 1 kjörmann
 - Sóknir frá 200 - 500 hafi 2 kjörmenn
 - Sóknir frá 500 - 1000 hafi 3 kjörmenn
 - Sóknir frá 1000 - 2000 hafi 4 kjörmenn
 - Sóknir frá 2000 - 3000 hafi 5 kjörmenn
 - Sóknir frá 3000 - 4000 hafi 6 kjörmenn
 - Sóknir frá 4000 - 5000 hafi 7 kjörmenn
 - Sóknir yfir 5000 hafi 9 kjörmenn

Sókarnefnd velur kjörmann/menn úr hópi aðal- og varamanna í sókarnefnd. Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

4. gr.

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

5. gr.

Kirkjuráð ákveður hvenær biskupskjör skal fara fram.

6. gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér í kjöri til biskups eða vígslubiskups skal afla sér tilnefningar sem hér segir:

Heimilt er þeim sem hafa kosningarrétt, sbr. 2. og 3. gr., að tilnefna kjörgengan mann sem biskupsefni eða vígslubiskupsefni. Til að tilnefning sé gild þurfa 5 af hundraði kosningabærra manna að lágmarki að standa að henni. Jafnt hlutfall skal vera á milli vígðra og óvígðra. Óheimilt er þó fleirum en 15 af hundraði kosningabærra manna að standa að tilnefningu hlutaðeigandi biskups- eða vígslubiskupsefnis. Enginn má tilnefna nema einn mann.

Tilnefningar ásamt skriflegu samþykki hlutaðeigandi skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að auglýstur kærufrestur sbr. 5. gr., rennur út.

Tilnefningar skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16:00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framkomnar tilnefningar ef einhverjar eru og úrskurðar um gildi þeirra, þ.e. að sá lágmarks- og hámarksfjöldi manna sem áskilið er, standi að tilnefningu, að þeir hafi kosningarrétt samkvæmt endanlegri gerð kjörskrár, að hinn tilnefndi sé kjörgengur og hafi samþykkt tilnefninguna, svo og önnur atriði sem geta haft áhrif.

Telji kjörstjórn að hafna beri tilnefningu skal hún birta hinum tilnefnda þá niðurstöðu án tafar í bréfi eða tölvupósti. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16:00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póslögð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem tilnefndu og hinn tilnefnda. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kærana.

7. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá er miðist við 1. dag tiltekins mánaðar. Miða skal kosningarrétt og kjörgengi við embætti og störf þann dag. Kjörskrá í rafrænu formi skal vera aðgengileg að lámarki í eina viku á biskupsstofu og hjá próföstum, frá auglýsingu um framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Heimilt er kjörstjórn að kjörskrá verði aðgengileg á fleiri stöðum.

Kjörstjórn auglýsir framlagningu kjörskrár á vef þjóðkirkjunnar eða á annan sannanlegan hátt sem og kærufrest sem skal vera ein vika frá framlagningu. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kæru skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru í þjóðkirkjunni á því tímamarki sem kjörskrá miðast við. Kjörstjórn úrskurðar kæru og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar skulu liggja frammi á biskupsstofu og skulu kærendur kynna sér þær þar.

8. gr.

Heimilt er að skjóta úrskurði kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar innan þriggja daga frá því að kærufrestur rann út. Slíkar kæru skulu hafa borist yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póststimplaðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn gengur endanlega frá kjörskrá þegar kærufrestir eru liðnir og úrlausn kjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar um kæru liggur fyrir og skal hin endanlega kjörskrá miðast við lok kærufrests.

9. gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem biskups- eða vígslubiskupsefni skal tilkynna það kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis ásamt tilnefningum skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að kjörskrá er lögð fram. Tilkynning ásamt tilnefningum skal hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið pósthögð í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framboð ef einhver eru og úrskurðar um kjörgengi frambjóðanda. Telji kjörstjórn að hafna beri framboði skal hún birta kandiðat þá niðurstöðu án tafar. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið pósthögð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru á endanlegri kjörskrá. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

10. gr.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning hefst. Að svo búnu sendir kjörstjórn þeim er kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn:

- a) kjörskrá
- b) ef um rafræna kosningu er að ræða nöfn frambjóðenda ásamt reglum sem kjörstjórn hefur útbúið og tryggja örugga og leynilega kosningu
- c) ef um skriflega kosningu er að ræða auðan kjörseðil með nöfnum frambjóðenda auk auðrar línu þar sem kjósandi getur ritað nafn annars kjörgengs manns
- d) óáritað umslag
- e) eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um að hann hafi kosið
- f) umslag með utanáskrift kjörstjórnar
- g) leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.

Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli sannanlega pósthögður. Ákveður kjörstjórn þann tíma. Að jafnaði skal miða við að kosningu sé lokið innan tveggja vikna frá útsendingu kjörgagna.

Kosning skal vera rafræn og leynileg sé þess kostur enda meti kjörstjórn það öruggt fyrirkomulag annars skrifleg og leynileg. Sé kosning skrifleg merkir kjósandi við eða ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, á kjörseðil. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Hann setur seðilinn síðan í óáritað umslagið og lokar því, fyllir út eyðublaðið og undirritar, lætur gögnin í áritaða umslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst.

Kjörstjórn telur atkvæði eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett og úrskurðar þau.

Réttkjörinn biskup eða vígslubiskup er sá sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest fengu atkvæði.

Ef tveir fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða milli hverra tveggja kosið er. Sá er réttkjörinn sem fær þá flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Heimilt er að kæra kosningar samkvæmt starfsreglum þessum. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Fer um kærumál og meðferð þeirra eftir gildandi starfsreglum um yfirkjörstjórn á hverjum tíma eins og við getur átt, nema starfsreglur þessar mæli á annan veg.

Rétt til að kæra kosningu samkvæmt starfsreglum þessum eiga þeir einir sem hafa kosningarétt. Kærun vegna kosningar skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði eru talin liggja fyrir. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærun skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póststimplaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2014. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011 falla brott frá sama tíma.

Greinargerð

Á 49. kirkjuþingi 2012 var kjörin nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa.

Í nefndina voru kjörin sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, og kirkjuþingsmennirnir Margrét Björnsdóttir, Pétur Björgvin Þorsteinsson og Steindór Haraldsson. Pétur Björgvin lét af störfum og flutti utan á tímabilinu, í hans stað var kjörinn Birgir Rafn Styrmisson kirkjuþingsmaður. Margrét Björnsdóttir sagði sig úr nefndinni í októbermánuði 2013 og voru ekki tók á að kjósa annan fulltrúa í hennar stað.

Nefndin skilaði tillögu til þingsályktunar sem lögð var fyrir 50. kirkjuþing

Kirkjuþing 2013 ályktar að nefnd sú sem kosin var á kirkjuþingi 2012 til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa starfi áfram og skili tillögum til kirkjuþings að vori 2013. Nefndin skilar af sér til kirkjuþings að vori 2013 sem haldið í mars 2014 meðfylgjandi tillögum.

Athugasemdir með tillögu þessari.

Helstu breytingar frá starfsreglum nr. 1108/2011 eru sem hér segir:

2. gr.

Leitast er við að koma til móts við þá gagnrýni sem er á atkvæðavægi og að kosningaréttur verði ekki einskorðaður við sóknarnefndarformenn. Fjöldi kjörmannanna er áfram tengdur sóknum og fjöldi sóknarbarna látin ráða fjölda kjörmannanna. Lagt er til að sóknarnefndir velji kjörmenn. Lagt er til að allt starfsfólk biskupsstofu í föstu starfi fá kosningarétt.

3. gr.

Sömu breytingar og í 2. gr. en bundið við það stifti sem um ræðir.

6.gr.

Lagt er til að tilnefningar verði aftur teknar upp.

7. gr.

Lagt er til að kjörskrá skuli að öllu jöfnu vera í rafrænu formi.

10. gr.

Lagt er til að kosning skuli vera með rafrænum hætti sé þess kostur.

.

Tillaga (B) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

Kirkjuþing 2014 samþykkir að löggjafarnefnd vinni að málunum áfram og skili niður-
stöðum sínum fyrir kirkjuþing 2015.

Tillaga (B) að starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

1. gr.

Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskups er hver guðfræðikandidat, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður prestur í þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kjörmenn við biskupskjör skulu vera sem næst jafnmargir vígðir þjónar og leikmenn.

Kosningarrétt við biskupskjör eiga vígðir þjónar og leikmenn sem hér segir:

- a) biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma
- b) prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar
- c) þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar
- d) kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði
- e) kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands sem eru guðfræðingar
- f) Kjörnir kjörmenn prófastsdæma

Héraðsfundir prófastsdæma skulu kjósa einu sinni á ári kjörmenn sem kosningarétt hafi í biskupskjöri úr hópi fulltrúa á héraðsfundi. Heildarfjöldi kjörmanna skal vera sá sami og fjöldi vígðra þjóna að frádregnum leikmönnum á kirkjuþingi og í kirkjuráði.

Skipting kjörmanna á milli prófastsdæma skal vera í því hlutfalli sem hér segir:

- | | |
|--|---|
| • Austurlandsprófastsdæmi | 1 |
| • Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi | 3 |
| • Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi | 1 |
| • Kjalarnesprófastsdæmi | 5 |
| • Reykjavíkurprófastsdæmi eystra | 5 |
| • Reykjavíkurprófastsdæmi vestra | 5 |
| • Suðurprófastsdæmi | 3 |
| • Vestfjarðaprófastsdæmi | 1 |
| • Vesturlandsprófastsdæmi | 1 |

Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

3. gr.

Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga vígðir þjónar kirkjunnar og leikmenn sem hér segir: Biskup Íslands, vígslubiskupar og þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Ennfremur þeir prestar þjóðkirkjunnar, sem settir eru til þjónustu til eins árs eða lengri tíma með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í:

- a) prestvígðir menn í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í
- b) þjónandi djáknar í föstu starfi innan þjóðkirkjunnar með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í. Djákni skal vera ráðinn ótímabundið eða til a.m.k. eins árs til að njóta kosningarréttar
- c) sama regla og í 2.gr. f) lið með starfsstöð í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í
- d) kjörnir fulltrúar á kirkjuþingi og í kirkjuráði
- e) kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og eru guðfræðingar

Skilyrði kosningarréttar er að kjósandi sé skráður í þjóðkirkjuna við framlagningu kjörskrár.

4. gr.

Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

5. gr.

Kirkjuráð ákveður hvenær kosning skal fara fram.

6.gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér í kjöri til biskups eða vígslubiskups skal afla sér tilnefningar sem hér segir:

Heimilt er þeim sem hafa kosningarrétt, sbr. 2. og 3. gr., að tilnefna kjörgengan mann sem biskupsefni eða vígslubiskupsefni. Til að tilnefning sé gild þurfa 5 af hundraði kosningabærra manna að lágmarki að standa að henni. Jafnt hlutfall skal vera á milli vígðra og óvígðra. Óheimilt er þó fleirum en 15 af hundraði kosningabærra manna að standa að tilnefningu hlutaðeigandi biskups - eða vígslubiskupsefnis. Enginn má tilnefna nema einn mann.

Tilnefningar ásamt skriflegu samþykki hlutaðeigandi skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að auglýstur kærufrestur sbr. 5. gr., rennur út.

Tilnefningar skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16:00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framkomnar tilnefningar ef einhverjar eru og úrskurðar um gildi þeirra, þ.e. að sá lágmarks- og hámarksfjöldi manna sem áskilið er, standi að tilnefningu, að þeir hafi kosningarrétt samkvæmt endanlegri gerð kjörskrár, að hinn tilnefndi sé kjörgengur og hafi samþykkt tilnefninguna, svo og önnur atriði sem geta haft áhrif.

Telji kjörstjórn að hafna beri tilnefningu skal hún birta hinum tilnefnda þá niðurstöðu án tafar í bréfi eða tölvupósti. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16:00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstlögð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem tilnefndu og hinn tilnefnda. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kærana.

7. gr.

Kjörstjórn semur kjörskrá er miðist við 1. dag tiltekins mánaðar. Miða skal kosningarrétt og kjörgengi við embætti og störf þann dag. Kjörskrá í rafrænu formi skal vera aðgengileg að lámarki í eina viku á biskupsstofu og hjá próföstum, frá auglýsingu um framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Heimilt er kjörstjórn að kjörskrá verði aðgengileg á fleiri stöðum.

Kjörstjórn auglýsir framlagningu kjörskrár á vef þjóðkirkjunnar eða á annan sannanlegan hátt sem og kærufrest sem skal vera ein vika frá framlagningu. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstagðar í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru í þjóðkirkjunni á því tímamarki sem kjörskrá miðast við. Kjörstjórn úrskurðar kærur og gengur endanlega frá kjörskrá innan viku frá lokum kærufrests. Niðurstöður kjörstjórnar skulu liggja frammi á biskupsstofu og skulu kærændur kynna sér þær þar.

8. gr.

Heimilt er að skjóta úrskurði kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar innan þriggja daga frá því að kærufrestur rann út. Slíkar kærur skulu hafa borist yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póststimplaðar í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn gengur endanlega frá kjörskrá þegar kærufrestir eru liðnir og úrlausn kjörstjórnar eða yfirkjörstjórnar um kærur liggur fyrir og skal hin endanlega kjörskrá miðast við lok kærufrests.

9. gr.

Sá sem hyggst gefa kost á sér sem biskups- eða vígslubiskupsefni skal tilkynna það

kjörstjórn. Tilkynningu þess efnis ásamt tilnefningum skal afhenda kjörstjórn eigi síðar en fjórum vikum eftir að kjörskrá er lögð fram. Tilkynning ásamt tilnefningum skal hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi skilafrests, eða hafa verið pósthöfð í síðasta lagi þann dag.

Kjörstjórn fer yfir framboð ef einhver eru og úrskurðar um kjörgengi framboðanda. Telji kjörstjórn að hafna beri framboði skal hún birta kandiðat þá niðurstöðu án tafar. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið pósthöfð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru á endanlegri kjörskrá. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

10. gr.

Kjörstjórn ákveður hvenær kosning hefst. Að svo búnu sendir kjörstjórn þeim er kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn:

- a) kjörskrá
- b) ef um rafræna kosningu er að ræða nöfn framboðenda ásamt reglum sem kjörstjórn hefur útbúið og tryggja örugga og leynilega kosningu
- c) ef um skriflega kosningu er að ræða auðan kjörseðil með nöfnum framboðenda auk auðrar línu þar sem kjósandi getur ritað nafn annars kjörgengs manns
- d) óáritað umslag
- e) eyðublað fyrir yfirlýsingu kjósanda um að hann hafi kosið
- f) umslag með utanáskrift kjörstjórnar
- g) leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.

Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma kjörseðill skuli sannanlega pósthöfður. Ákveður kjörstjórn þann tíma. Að jafnaði skal miða við að kosningu sé lokið innan tveggja vikna frá útsendingu kjörgagna.

Kosning skal vera rafræn og leynileg meti kjörstjórn það öruggt fyrirkomulag annars skrifleg og leynileg. Sé kosning skrifleg merkir kjósandi við eða ritar nafn þess, sem hann vill kjósa, á kjörseðil. Eigi skal hann undirrita kjörseðil eða auðkenna hann með öðrum hætti. Hann setur seðilinn síðan í óáritað umslagið og lokar því, fyllir út eyðublaðið og undirritar, lætur gögnin í áritaða umslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst.

Kjörstjórn telur atkvæði eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett og úrskurðar þau.

Réttkjörinn biskup eða vígslubiskup er sá sem fær meirihluta greiddra atkvæða. Ef enginn fær þann atkvæðafjölda skal kosið að nýju milli þeirra tveggja sem flest fengu atkvæði. Ef tveir fá jafnmörg atkvæði skal kosið milli þeirra. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða milli hverra tveggja kosið er. Sá er réttkjörinn sem fær þá flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

11. gr.

Heimilt er að kæra kosningar samkvæmt starfsreglum þessum. Yfirkjörstjórn Þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Fer um kærumál og meðferð þeirra eftir gildandi starfsreglum um yfirkjörstjórn á hverjum tíma eins og við getur átt, nema starfsreglur þessar mæli á annan veg.

Rétt til að kæra kosningu samkvæmt starfsreglum þessum eiga þeir einir sem hafa kosningarrétt. Kærur vegna kosningar skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði eru talin liggja fyrir. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið pósthimplaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn Þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

12. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2015. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011 falla brott frá sama tíma.

Greinargerð

Við gerð þessarar tillögu var gengið út frá evangelísk lúterskum skilningi á prestsembættinu og biskupsembættinu og það skoðað með hinn almenna prestsdóm í huga.

Þá var einnig litið sérstaklega til þeirra kirkna sem eru líkastar Þjóðkirkjunni að kirkjuskipan og skoðað á hvern hátt þær háttu vali á biskupum.

Ljóst er að í þeim kirkjum sem mest líkjast okkur að kirkjuskipan er biskupskosning byggð á fulltrúalýðræði þess fólks sem virkt er í kirkjulegu starfi og þar er gætt jafnræðis milli leikmanna og vígðra, þjónandi starfsmanna.

Með þessum tillögum er einnig leitast við að gæta jafnræðis milli þéttbýlis og dreifbýlis. Ef litið er til fjölda vígðra kjörmanna þá eru þeir um 150, samkvæmt upplýsingum frá Biskupsstofu. Hér er gengið út frá því að fjöldi leikmanna verði svipaður og notuð hlutfallsskipting. Samkvæmt því myndi Austurlandsprófastsdæmi fá sex leikmannakjörmenn, Eyjarfjarðar- og Þingeyjar-prófastsdæmi 18, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sex, Kjalarnesprófastsdæmi 30, Reykjavíkur prófastsdæmin 30 hvort, Suðurprófastsdæmi 18, Vestfjarðaprófastsdæmi sex og Vesturlandsprófastsdæmi sex.

Hið heilaga prests- og predikunarembætti.

Við ákvörðun um val biskupa er mikilvægt að huga að þeim kirkjuskilningi sem liggur að baki biskupsembættinu. Sá skilningur byggir á prestsembættinu og því er nauðsynlegt að hefja leikinn þar til að skilja á hverju okkar lútherski skilningur byggir.

Samkvæmt evangelísk-lútherskum skilningi er prestsembættið stofnað af Kristi til að þjóna söfnuði, en þá ætíð sem hluti safnaðarins.

Í evangelísk-lútherskri guðfræði er gerður greinarmunur á embætti prests og almenns prestsdóms. Presturinn hefur sérstöku hlutverki og skyldum að gegna innan safnaðarins. Í vígslunni er embættið veitt vissum aðila sem uppfyllir þau skilyrði og þær hæfniskröfur sem embættið krefst. Vígslan er hvorki skilin sem sakramenti né fylgir henni nokkur eðlisbreyting vígsluþegans. Embættið sem presturinn gegnir er ekki eðlisólíkt almennum prestsdómi og er fyrst og fremst skilið út frá því hlutverki sem í því felst. Í vígslunni er vígsluþega falið ákveðið embætti eða tiltekið hlutverk sem er sérstök útfærsla á almennum prestsdómi innan safnaðarins. Marteinn Lúther hafnar því að greina beri á milli tvenns konar prestsdóms að ytra formi og innra, þ.e. almenns annars vegar og andlegs hins vegar. Prestsembættið er að mati hans mun fremur rökleg afleiðing almenns prestsdóms.

Í Rómversk-kaþólskum skilningi er prestsembættið hins vegar hafið yfir söfnuðinn, presturinn er fulltrúi Krists gagnvart söfnuðinum.

Innan kalvínskra kirkjudeilda eða refomertra eins og þær eru stundum nefndar er algengt að embætti prestsins sé sett undir vald safnaðar eða safnaðarráðs. Dæmi um þær kirkjudeildir á Íslandi er Hvítasunnuhreyfingin og endurskírendur. Þessi hreyfingar er mjög mótandi meðal mótmælendakirkna í Bandaríkjunum, en þar eru lúterskar kirkjur í miklum minnihluta. Presturinn er skilgreindur sem sérstakur starfsmaður þess og ráðinn til að sinna verkefnum er snúa að boðun, kennslu, sakramenti og sálgæslu.

Lútherskur embættisskilningur er mitt á milli þess rómversk-kaþólska þar sem presturinn er settur yfir söfnuðinn og kalvínska þar sem söfnuðurinn er settur yfir prestinn. Út frá lútherskum sjónarhóli er hættan sú að menn hallist annars vegar að rómversk-kaþólskum embættisskilningi með því að hefja prestinn yfir söfnuðinn eða kalvínska módelinu þar sem presturinn er gerður að starfsmanni. Þannig má segja að það sé einmitt einkenni evangelísku-lúthersks embættisskilnings að viðhalda þeirri spennu milli prests og safnaðar sem innbyggð er í lútherskan kirkjuskilning.

Presturinn er kallaður til þjónustu við orð fagnaðarerindisins og veitingu sakramentisins sem hann og söfnuðurinn lúta. Hlutverk prestsins er útlagning orðsins inn í viðkomandi söfnuð og samtíma.

Biskupsembættið.

Á dögum fornkirkjunnar þróaðist skipulag kirkjunnar og fékk smám saman á sig ákveðið útlit. Í hirðisbréfum Biblíunnar (Tímóteusarbréfum og Títusar) kemur fram að þeir hafa umsjón með kirkjunni á ákveðnu svæði. Þeir eiga að sjá til þess að þeir sem kenna boði fagnaðarerindið, fari með rétta kenningu og að líferni þeirra samræmist henni. Í Tt 1.5. segir að Títus hafi átt að skipa öldunga (presbyteroi sem orðið prestur er dregið af) í hverri borg og gera má ráð fyrir að hið sama hafi gilt um Timoteus.

Í bréfunum eru öldungar og biskupar nefndir í sömu andrá og með sömu eiginleika (I Tm 3:2-7 og Tt 1:6-9). Því er líklegt að þjónustan hafi verið sú sama.

Seint á annarri öld var kirkjuleg þjónusta víða talin greinast í þjónustu biskups (episkopos)

öldungs (prests) og djákna (diakonos). Þjónusta biskups var að vera hirðir og leiðtogi kirkjunnar á ákveðu landssvæði, eins og prestur gegndi hirðis- og kennimannsþjónustu í söfnuði.

Miðaldir

Þróunin innan kirkjunnar var í þá átt að ítreka mun vígðra og óvígðra. Í Vesturkirkjunni var hugsað um kirkjuna annars vegar sem stjórnarfarslega einingu, sem biskupar stjórnðu undir forystu páfa og hins vegar guðsþjónustueiningu þar sem presturinn gegndi meginhlutverki. Vígslurnar voru sjö, þrjár efstu voru undirdjákni, djákni og prestur. Biskupar og prestar voru yfirleitt taldir jafnir að prestsdómi en ójafnir að stjórnunarhlutverki. Völd biskupa í kaþólsku kirkjunni á miðöldum voru að miklu leyti veraldleg völd og ágreiningurinn um biskupsembættið var ágreiningur um veraldleg völd kirkjulegra embættismanna.

Það var sameiginleg áhersla allra siðbótarmanna að með íhlutun sinni í veraldleg völd væri kirkjan komin út fyrir valdsvið sitt. Lúterskir siðbótarmenn vildu fara millileið milli þess að kirkjan sé á kafi í veraldlegum málum eða haldi sig algjörlega frá þeim. Í Ágsborgarjátningunni er tekið á þessu í 16. og 28. grein þar sem rætt er um kirkjuvaldið. Í 28. grein segir að vald kirkjunnar ákvarðist eingöngu af skipun Krists um að predika fagnaðarerindið og úthluta sakramentum.

„En þeir líta svo á, að lykvaldið eða biskupsvaldið sé samkvæmt fagnaðarerindinu vald eða boð frá Guði um að prédika fagnaðarerindið, leysa og binda syndina og þjóna að sakramentunum. [...] Þessa valds verður aðeins neytt með því að kenna eða prédika fagnaðarerindið og með því að útdeila sakramentunum, ýmist mörgum eða einstökum samkvæmt kölluninni, því að hér eru ekki veitt líkamleg gæði, heldur andleg: Eilíft réttlæti, heilagur andi, eilíft líf. Þessa fá menn ekki notið nema fyrir embætti orðsins og sakramentanna eins og Páll segir: „Fagnaðarerindið er kraftur Guðs til hjálpræðis hverjum þeim sem trúir,“ (Rm 1.16)“

Hér er augljóst að biskupsþjónusta er í raun þjónusta kennimannsins, prestsins. Lúther og Melankton vildu báðir viðhalda óbreyttu skipulagi kirkjunnar og þar með biskups-embættinu. Veraldleg völd biskupa voru sett í hendur veraldlegra yfirvalda. Andlegum skyldum þeirra, þe. eftirlitsskyldu með menntun og þjónustu presta og með lífi safnaðanna var hagað með mismunandi móti innan kirknanna.

Á Norðurlöndum hélst hin ytri skipan kirkjunnar í biskupsdæmum og þeim sem var falin stjórn biskupsdæmanna voru vígðir, í Danmörku af Bugenhagen en í Svíþjóð af kaþólskum biskupi.

Evangelískir biskupar voru nefndir superintendentar (tilsjónarmenn) í upphafi. Þó var gengið út frá því að þeir væru biskupar, en ekki annars konar embættismenn.

Ísland

Í erindisbréfi handa biskupum frá 1746 kemur fram að hlutverk biskupa er eftirlit með helgihaldi, prestum og próföstum, eignum kirkjunnar og færslum vegna helgihalds. Einnig vígsla presta, sem hafi til hennar réttan undirbúning.

Biskupsembættið er þó ekki aðgreind vígsla eða sérstök, heldur er þetta framhald af prestsþjónustunni.

Mikilvægt að gæta jafnræðis

Af ofangreindu er ljóst að hér er um kirkjulegt embætti þar sem biskup er valinn úr hópi presta til þess að vera tilsjónarmaður og/eða hirðir þeirra og safnaða. Nauðsynlegt er að jafnvægis sé gætt milli þessara hlutverka, þ.e.a.s. gagnvart söfnuði og prestum sem réttlætir að fulltrúar beggja eigi hlutdeild í vali á biskupi, sem má auk þess undirbyggja með kenningunni um almennan prestdóm og að prestsembættið sé rökleg afleiðing þess. Við teljum því réttast að val á biskupi miðist við að jafnvægi ríki þar á milli. Með það í huga og reynslu og reglur annarra lútherskra kirkna er lagt til að jafnræði sé gætt milli lærðra og leikra.

Um val á biskupum í systurkirkjum Þjóðkirkjunnar

Þegar reglur um biskupskjör eru endurskoðaðar er gott að líta einnig til nágrannalanda og skoða hvernig staðið er að biskupskjöri þar. Ljóst er að hvergi í Lúterskum kirkjum er um að ræða almenna kosningu, en hugmyndir um slíkt hafa komið fram á kirkjuþingi þjóðkirkjunnar. Alls staðar er fulltrúalýðræði en útfærsla á því mismunandi. Hér er gerð grein fyrir þeim reglum er gilda í Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

Noregur

Í Noregi eru nú ný lög um biskupskjör. Í stuttu máli má segja að það fari þannig fram: Biskupsdæmaráð í því stifti sem kosning fer fram tilnefnir kandidata og velur fimm kandidata úr þeim hópi sem tilnefndur var með kosningu, þar sem hver kjörmaður velur þrjá, í mikilvægisröð. Þessir fimm kandidatar verða að telja bæði karla og konur. Kandidatar eru kynntir kirkjuráði og kjörmönnum kjördæmisins gefið færi á að tilnefna fleiri. 100 kjörmenn minnst þarf fyrir hverja tilnefningu.

Við kosningu velja kjörmenn aftur þrjá, í mikilvægisröð. Kjörmenn eru: Safnaðarnefndir biskupsdæmisins, prestar í föstu embætti í biskupsdæminu, fræðarar (kateketer), djáknar og organistar í fastri stöðu hjá söfnuði í biskupsdæminu, prófastar í öðrum biskupsdæmum, kennarar í guðfræði og þeir sem annast starfsþjálfun presta. Kjörmenn verða að tilheyra norsku kirkjunni.

Kjörmenn velja á kjörfundum, safnaðarráð saman, prestar og aðrir starfsmenn saman og svo eru kosningar á landsvísu (prófastar og guðfræðikennarar) taldar saman. Niðurstöður úr hverjum hópi eru sendar kirkjuráði og er vægi hvers hóps þriðjungur af heildarvægi atkvæða. Kirkjuráð velur úr hópi þeirra þriggja kandidata sem fá flestar tilnefningar.

Það sem vekur athygli við valið í Noregi er m.a. að í hópnum tilnefndra þarf að innihalda bæði karla og konur. Í öðru lagi að menn velja jafnan þrjá kandidata og raða í 1., 2., og 3. sæti. Í þriðja lagi að í raun er um þrjár kjördeildir að ræða og hefur niðurstaða hvorrar fyrir sig jafnt vægi (1/3). Loks að Kirkjuráð velur milli þriggja efstu.

Danmörk

Í dönsku kirkjunni er enginn forsætisbiskup eða höfuðbiskup. Biskupar eru valdir í hverju biskupsdæmi fyrir sig. Kosningabærir eru allir prestar stiftisins og allt sóknarnefndarfólk, sem er 5-15, eftir stærð sóknar. Tilnefningar til biskups koma frá kjörmönnum og þarf hver tilnefning að hafa minnst 75 og mest 150 undirskriftir. Skipar ráðherra kirkjumála þann kandidat biskup sem fær flest atkvæði í biskupskjöri.

Ef ekki fæst meirihluti í fyrstu umferð er kosið milli tveggja efstu.

Það sem vekur athygli hér er að í Danmörku eru leikmenn í miklum meirihluta kjörmanna en biskupsdæmið er ein kjördeild. Þarna hafa allir aðalmenn í sóknarnefnd kosningarrétt.

Svíþjóð

Kjörmenn koma jafnan úr því biskupsdæmi sem valið er til en af landinu öllu þegar um er að ræða erkibiskup.

Framkvæmd kosninga fylgir eftirfarandi ferli: Þegar sett hefur verið dagsetning fyrir biskupskjör eru einnig tilgreindar nokkrar aðrar dagsetningar, þar á meðal fyrir tilnefningu. Áður en að því kemur er settur saman kjörmannalisti þar sem m.a. eru allir prestar og djáknar stiftisins og jafnmargir leikmenn úr sóknarnefndum, sem eru kjörmenn. Kjörmenn meðal leikmanna eru kosnir í öllum prestaköllum. Auk framangreindra koma kjörmenn úr stjórn biskupsdæmisins og dómkirkjunnar.

Haldnir eru tilnefningarfundir þar sem allir sem hafa rétt til að kjósa geta tilnefnt þá sem þeir vilja sjá sem biskupskandidat. Allir sem fá 5% eða meira teljast tilnefndir.

Eftir kynningu á biskupsefnum er aftur safnast til kjörfunda og hittast menn á kjörfundum í prófastsdæmum. Kosning er leynileg.

Hér vekur athygli að ekki hafa allir sóknarnefndarmenn kosningarrétt heldur kjörmenn, valdir úr prestaköllunum og skulu þeir jafnmargir og vígðir menn sem starfa í prestaköllum. Einnig að kosið er á sérstökum kjörfundum.

Finnland

Biskupskandidatar þurfa að vera prestar, en ekki er sérstakt „biskupspróf“. Kjörmenn dæma um hæfni kandidata til að gegna embættinu.

Kjörmenn eru

- Prestar og „lektorar“ stiftisins (kristinfræðikennarar?)
- Kjörmenn úr hópi leikmanna, jafnmargir prestum og lektorum samanlagt. Þeir eru valdir af sóknarnefndum og fulltrúum safnaða. Hver sókn fær amk einn kjörmann úr hópi leikmanna og svo fjölgar þeim hlutfallslega eftir stærð sókna.
- Leikmenn á kirkjuþingi
- Lögfræðingur stiftisins og fulltrúi leikmanna

Fái enginn meirihluta í fyrstu umferð er önnur umferð kosninga og þá valið milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu. Hlutkesti ræður ef atkvæði eru jöfn.

Varðandi val á leikmönnum og hlutföll leikmanna og vígðra (guðfræðimenntaðra) er hér um sams konar hlutfall að ræða og í sænsku kirkjunni, þ.e. jafnmargir lærðir og leikir.

Niðurstaða

Ljóst er að í þeim kirkjum sem mest líkjast okkur að kirkjuskipan er biskupskosning byggð á fulltrúalýðræði þess fólks sem virkt er í kirkjulegu starfi og þar er gætt jafnræðis milli leikmanna og vígðra, þjónandi starfsmanna sem aðstandendur starfsreglnanna telja í anda lútherskrar kirkjuskipunar. Við teljum því réttast að val á biskupi miðist við að jafnvægi ríki þar á milli. Með það í huga og reynslu og reglur annarra lútherskra kirkna er lagt til í þessum reglum að jafnræði sé gætt milli lærðra og leikra.

Með þessum tillögum er einnig leitast við að gæta jafnræðis milli þéttbýlis og dreifbýlis. Þar er möguleiki á fleiri útfærslum en hér er stuðst við útfærslu í anda sænsku og finnsku kirkjunnar þar sem kjörmenn leikmanna eru jafnmargir og kjörmenn vígðra í biskupsdæminu.

23. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Starfsreglur um breyting á ýmsum starfsreglum

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011

1. gr.

3. ml. 1. mgr. 6. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

2. mgr. 6. gr fellur brott.

Starfsreglur um breyting á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/20132011

1. gr.

2. mgr. 7. gr. orðist svo:

Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s. s. Íslykill Þjóðskrár Íslands.

Starfsreglur um val og veitingu prestsembætta nr. 1109/2011

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 15. gr. orðist svo:

Fjöldi atkvæðisbærra manna miðast við þá sem eru skráðir í þjóðkirkjuna í prestakallinu samkvæmt þjóðskrá á kjördag.

18. gr. orðist svo:

Kjörstjórn annast gerð kjörskrár í hverri sókn. Kjörskrá skal liggja frami á aðgangsstýrðum vef eigi síðar en þremur vikum fyrir kjördag, þar sem kjósandi getur flett upp hvort hann sé á kjörskrá. Við aðgangsstýringuna er notuð almenn innskráningarþjónusta s.s. Íslykill Þjóðskrár Íslands. Kjörskrá skal vera á vefnum hið minnsta í tvær vikur og skal kjörstjórn auglýsa framlagninguna á vef kirkjunnar og í prentuðum fjölmiðli.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 30. nóvember 2014.

24. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Hreini S. Hákonarsyni og Birni Jónssyni

Tillaga til þingsályktunar um úttalari á Esjubergi

Kirkjuþing 2014 samþykkir að fela kirkjuráði að skipa þriggja manna nefnd til að gera tillögur um uppsetningu á úttalari á Esjubergi á Kjalarnesi (Reykjavík) í Kjalarnessprófastsdæmi og minnismarki um fyrstu kirkju á Íslandi og fyrir kristnitöku. Nefndinni væri jafnframt gert að meta hver kostnaður yrði af tiltæki þessu. Leitað verði tilnefningar prófests Kjalarnessprófastsdæmis, Sögufélagsins Steina á Kjalarnesi og biskups Íslands og verði fulltrúi biskupsformaður nefndarinnar. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum til kirkjuþings 2015.

Greinargerð.

Sagnir eru um kirkju á Esjubergi á Kjalarnesi fyrir kristnitöku, um árið 900. Í Landnámu (Sturlubók) segir að Örlygur Hrappson hafi fengið frá Patreki Suðureyjarbiskupi „kirkjuvið ok járnklukku ok plenarium ok mold vígða“ til að nota í kirkju sem reisa skyldi þar hann næmi land og eigna hinum helga Kolumba. Örlygur reisti kirkju á Esjubergi á Kjalarnesi. („Hann lét þar gera kirkju, sem mælt var.“) (Íslensk fornrit, Íslendingabók Landnámabók, R. 1986, bls. 52 og 54).

Þá er og getið um kirkju á Esjubergi í Kjalnesingasögu frá 13. öld. „Þá stóð enn kirkja sú að Esjubergi er Örlygur hafði látið gera. Gaf þá engi maður gaum að henni.“ (Íslensk fornrit XIV, Kjalnesingasaga, R. 1959, bls. 43).

Í kirknaskrá Páls Jónssonar, biskups, frá 1200, er getið kirkju á Esjubergi: „Kirkja at Esjubergi.“ (Diplomatarium Islandicum: Íslenskt fornbréfasafn, XII., 1200-1554, R. 1923-1932, bls. 9)

Sigurður Vigfússon, fornfræðingur, (1828-1892) segir frá því 1880 að fyrir austan bæinn Esjuberg hafi sést móta fyrir girðingu í kringum garð sem kallaður var kirkjugarður og þar á kirkjan að hafa staðið fyrrum. Segir hann lítið sem ekkert sjást fyrir kirkjunni inni í garðinum. (Árbók hins íslenska fornleifafélags, 1880-1881: Rannsókn á blóthúsinu að Þyrli og fleira í Hvalfirði og um Kjalarnes, bls. 66.)

Árið 1976 var flutt tillaga til þingsályktunar á kirkjuþingi um að rannsókn færi fram á kirkjugarðinum á Esjubergi á Kjalarnesi til þess að grafast fyrir um dvöl papa á Íslandi fyrir norrænt landnám. Flutningsmaður var sr. Jónas Gíslason.

Ekki er vitað hvar í landi Esjubergs kirkjan stóð og næsta líklegt að skriðuföll hafi spiltt vegsummerkjum eftir hana. Sagnir eru um skriðuföll í Esju 1662, 1668 og 1886 sem breyttu ásýnd jarðarinnar. Fornleifarannsókn fór fram á Esjubergi 1981 (Rannsókn á „Kirkju Örlygs“ á Esjubergi, Guðmundur Ólafsson, sjá: <http://www.thjodminjasafn.is/media/utgafa/1981-1-Kirkja-Orlygs-a-Esjubergi.pdf>), og mátu rannsakendur svo að skriður hefðu lagst yfir flestar minjar á Esjubergi sem þar hefðu staðið fyrr á öldum og var svonefnd kirkjurúst þar meðtalin. Í rannsókninni fundust engar menjar um kirkju eða kirkjugarð á Esjubergi.

Undanfarin ár hefur helgihald verið á Esjubergi og oft í tengslum við Kjalarnesdaga í júnímánuði ár hvert. Hefur það verið í umsjón sóknarprestsins í Reynivallaprestakalli og þar iðulega komið að sérþjónustuprestur helgihalds og þjóðmenningar.

Uppsetning úttalraris og minnismerkis um fyrstu kirkjuna á Íslandi þyrfti að vera gerð í samvinnu við landeigendur á Esjubergi, við sóknarprest Reynivallaprestakalls, Brautarholtssókn á Kjalarnesi, Kjalarnessprófastsdæmi, sérþjónustuprest helgihalds og þjóðmenningar, vegagerð ríkisins, skipulagsyfirköld í Reykjavík og Sögufélagið Steina á Kjalarnesi.

Tilgangurinn með uppsetningu úttalraris og minnismerkis í landi Esjubergs væri sá að vekja verðskuldaða athygli á merkum kristnum sögustað þar sem líkur benda til að fyrsta kirkja á Íslandi hafi verið reist enda þótt engar menjar hafi um hana fundist. Þá er Esjuberg í næsta nágrenni við einn fjölmennasta útvistarstað Reykvíkinga, Esjuna, og hefur því verið fleygt að þar sé náttúran við borgarhliðið. Mætti hugsa sér að tengja þessa tvo staði saman, og samtvinna kirkjusögu og útvist með lifandi hætti. Bæði væri þar möguleiki á kristinni trúariðkun úti í náttúrunni en líka sennilegt að fólk kysi að ganga í hjónaband eða bera börn sín til skírnar undir berum himni á elsta kirkjustað landsins.

Kostnaður við tillögu þessa væri nefndarþóknun til nefndarmanna

Málið fékk ekki framgang á kirkjuþingi.

25. mál kirkjuþings 2014
Flutt af Hreini S. Hákonarsyni

Þingsályktun um frágang Gerða kirkjuþings

Kirkjuþing 2014 beinir þeim tilmælum til kirkjuráðs að séð verði til þess að gerðir kirkjuþings frá upphafi, 1958 til og með 1997, verði innskannaðar og settar á vef kirkjunnar, kirkjan.is, og eftir atvikum á vefinn timarit.is.

26. mál kirkjuþings 2014

Flutt af Sjöfn Jóhannesdóttur, Drífu Hjartardóttur og Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur

Þingsályktun um endurgreiðslu á virðisaukaskatti

Kirkjuþing 2014 ályktar að skora á Alþingi að samþykkja framkomið frumvarp til laga um að endurgreiða trúfélögum og lífskoðunarfélögum 100% þess virðisaukaskatts sem greiddur er af vinnu við endurbyggingu og viðhald kirkna, safnaðarheimila og hljóðfæra. Kirkjuþing felur kirkjuráði að fylgja málinu eftir með öllum tiltækum ráðum.

27. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Suðurprófastsdæmi

Hrunaheiðar ásamt tilheyrandi veiðiréttindum
Brattahlíð 5, Hveragerði, Hveragerðisbæ
Túngata 20, Eyrarbakka, Árborg
Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

Kjalarnesprófastsdæmi

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði
Mosfell I, (íbúðarhús ásamt leigulóð) Mosfellsbæ
Tvær lóðir úr Mosfelli II, (Dalsgarður og Viðigerði) Mosfellsbæ

Vesturlandsprófastsdæmi

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað
Staðarhóll, Hvanneyri, Borgarbyggð

Vestfjarðprófastsdæmi

Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Barmahlíð 7, Sauðárkróki
Eldri prestsbústaður í Glaumbæ í Skagafirði

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Austurvegur 9, Hrísey, Akureyri

Austurlandsprófastsdæmi

Hraungarður 8, Eiðum,
Kolfreyjustaður, Fjarðabyggð

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2015.

28. mál kirkjuþings 2014
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um frumvarp til breytinga á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með síðari breytingum

Kirkjuþing 2014 beinir þeim tilmælum til innanríkisráðherra hann flytji eftirfarandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sbr. 3. mgr. 23. gr. sömu laga.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Nú er sóknarpresti eða prestri veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum og getur þá biskup Íslands falið öðrum presti að gegna embættinu til allt að eins árs í senn.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2018.

2. gr.

Lög þessi öðlist þegar gildi.

29. mál kirkjuþings 2014
Flutt af Biskupafundi

**Starfsreglur um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007**

Við 12. gr. starfsreglna bætist:

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Hvammstangasókn og Vesturhópshólasókn í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi
sameinist. Nafn sóknarinnar verður Hvammstangasókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti
þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og öðlast gildi 30. nóvember 2014.

30. mál kirkjuþings 2014
Flutt af innanríkisráðherra

Þingsályktun um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing 2014 samþykkir að málinu verði frestað og vísað til kirkjuþings 2015 til afgreiðslu.

Tillaga til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing samþykkir viðaukasamning frá 1. janúar 2015 við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Jafnframt samþykkir kirkjuþing 2014 nauðsynlegar breytingar á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 til að viðaukasamningurinn nái fram að ganga. Þær breytingar gildi sama tíma og viðaukasamningurinn.

Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2015 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands á árinu 2015 er 1,5% miðað við fjárlög 2014 eða 21,7 milljónir króna. Niðurskurður 2014 var 14,1 milljónir króna. Niðurskurður 2015 verður því samtals 349 milljónir króna miðað við fjárlög 2009.

2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna

launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarðasamkomulagsins.

3. gr.

Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði. Á árinu 2013 var hún 0,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2012 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2012 var 2,3 milljónir kr. Ekki var gerð hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði í fjárlögum 2014. Að þessu sinni er hagræðingarkrafa gagnvart Kristnisjóði 1,1 m.kr. og uppsafnaður niðurskurður 2015 verður því samtals 19,2 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.

4. gr.

Samkomulag þetta sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2015.

XX. október 2014.

Biskup Íslands

innanríkisráðherra

fjármálaráðherra

31. mál kirkjuþings 2014

Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um breyting á tilskipun um vald biskups til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum 1827

Kirkjuþing 2014 samþykkir að 3. gr. tilskipunar um vald biskups til að veita undanþágu frá fermingartilskipunum 1827 23. mars falli brott.

32. mál kirkjuþings 2014
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun um um breytingu á
125. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940**

Kirkjuþing 2014 styður framkomið frumvarp á Alþingi um afnám fangelsisrefsinga í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 fyrir tjáningu skoðana.

.

Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2014

Varaformaður fjárhagsnefndar

BirgirRafn Styrmisson

Þóknananefnd

Aðalmenn

Inga Rún Ólafsdóttir, formaður

Óskar Magnússon

Ragnhildur Benediktsdóttir

Varamenn

Jóhann E. Björnsson

Sigrún Jónsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir

Jafnréttisnefnd

Aðalmenn

Sr. Sigríður Munda Jónsdóttir, formaður

Erlingur Sigtryggsson

Sr. Guðmundur Guðmundsson

Björn Þorláksson

Seselía Gunnarsdóttir

Varamenn

Sólrún Dögg Árnadóttir

Sr. Oddur Bjarni Þorkelsson

Ásta Júlía Aðalsteinsdóttir

Sr. Hildur Eir Bolladóttir

Sr. Sunna Dóra Möller

Þjóðmálanefnd

Aðalmenn

Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir, formaður

Sr. Gunnlaugur Stefánsson

Sr. Guðný Hallgrímsdóttir

Ásbjörn Jónsson

Óskar Magnússon

Varamenn

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

Sr. Magnús Erlingsson

Sr. Davíð Þór Jónsson

Sigríður Guðmundsdóttir

Sr. Magnús Björn Björnsson

Kenningarnefnd

Aðalmaður

Arnfríður Einarsdóttir

Varamaður

Halla Bachmann Ólafsdóttir

Kirkjugarðaráð

Aðalmaður

Smári Sigurðsson

Varamaður

Indriði Valdimarsson

Samkirkjunefnd

Aðalmenn

Sr. María Ágústsdóttir

Sr. Sjöfn Jóhannesdóttir

Varamenn

Sr. Bernharður Guðmundsson

Magnea Sverrisdóttir, djákni

Úrskurðarnefnd

Aðalmaður

Elsa Þorkelsdóttir, lögfræðingur

Varamaður:

Sigrún Benediktsdóttir, lögfræðingur

Yfirkjörstjórn

Aðalmenn

Ásbjörn Jónsson, formaður

Ragnhildur Benediktsdóttir

Þórir Stephensen

Varamenn

Jónína Jónasdóttir

Hjalti Zophoníasson

Sr. Magnús B. Björnsson

12. mál kirkjuþings 2014.

Starfshópur um endurskoðun á starfsreglum um kjör til kirkjuþings nr. 301/2014

Hjördís Stefánsdóttir, formaður

Ragnhildur Benediktsdóttir

Sr. Gísli Gunnarsson

Fastanefndir, formenn, varaformenn

Fjárhagsnefnd

Sr. Gísli Jónasson, aðalmaður

Birgir Rafn Styrmisson, varamaður,

Löggjafarnefnd

Steindór Haraldsson, aðalmaður

Jónína Bjartmars, varamaður

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir, formaður

Vigfús Bjarni Albertsson, varamaður

18. mál kirkjuþings 2014.

Starfshópur um stefnumótun þjóðkirkjunnar

Guðrún Karls Helgudóttir formaður

Steindór Haraldsson

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Þorgrímur G. Daníelsson

Þórunn Júlíusdóttir